


Gunnar M. Magnúss

# BLIKKSMIÐASAGA ÍSLANDS



I. BINDI



**BLIKKSMÍÐASAGA  
ÍSLANDS**



# **BLIKKSMIÐASAGA ÍSLANDS**

Gunnar M. Magnúss  
tók saman

**I. BINDI**



Útgefandi: Félag blikksmiða og  
Félag blikksmiðjueigenda  
Reykjavík 1980

Setning, filmvinnna, prentun: Prentúrú  
Bókband: Arnar-berg h.f.  
Kápa: Vilhjálmur G. Vilhjálmsón

*Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun  
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta  
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.*

# *Efnisyfirlit*

Formáli .....	9
Nokkur orð um Blikksmiðasögu Íslands .....	11

## *I. KAFLI FRÁ FYRRI DÖGUM*

Arðurinn og rekan .....	13
Innlent járn .....	14
Ög svo var íslenska járníð búið til .....	15
Fyrsti blikksmiðurinn .....	16
Smiðir og hagleiksmenn. Nítjándu aldar mennirnir ..	17
Haflíði Guðmundsson .....	19
Fyrsta blikksmiðja í Reykjavík .....	19
Guðmundur Breiðfjörð .....	20
Fleiri nítjándu aldar menn .....	26
Ingvar Vigfússon, Ísafirði .....	27
Sófus Trampe, Akureyri .....	27
Tryggvi Jónsson .....	27
Smiðisgripir .....	27
Helstu hlutir, sem blikksmiðir hafa smíðað fyrir og nú	29
Siggi blikk .....	30
Hálfrar aldar minningar .....	36

## *II. KAFLI FÉLAG BLIKKSMIÐA*

Fyrstu árin .....	39
Félag blikksmiða. Stofnfundur .....	40
Mörg stéttarfélög stofnuð .....	41
Launamál félagsins .....	42
Athafnir fyrsta árið .....	46
Hagsmunabaráttan — Launamál .....	48
Nemendamálið .....	49
Um blikkkassa .....	51
Deilur um Alþýðusambandið og Alþýðuflokkinn .....	51
Um sveinspróf og iðnréttindi .....	53
Félagið komið á laggirnar .....	54
Upphaf styrjaldarinnar .....	55
Enn um hjálparmenn .....	56

Kjaramálin á styrjaldarárunum. Verkfall .....	56
Um vinnulöggjöfina .....	58
Kjaramálin enn .....	58
Kaupgjaldsmálin 1944 .....	60
Tilraun til verkfallsbrots .....	61
Viðgerðir skulu fara fram innanlands .....	61
Félagsmál ýmis konar .....	61
Tíu ára afmæli .....	62
Gegn stofnun Atlantshafsbandalagsins .....	62
Samvinna við járníðnaðarmenn .....	63
Félag blikksmiðanema í Reykjavík .....	65
Launamál 1958 .....	72
Um landsmál .....	73
Landhelgismálið .....	73
Samningstímabilið 1960—1965 .....	74
Um iðnréttindi þjátrara — blikksmiðir .....	77
Erlendir blikksmiðir .....	77
Um réttindamál .....	78
Heiðmörk .....	79
Skemmtanir og gleðskapur félagsmanna .....	81
Fjörutíu ára afmæli Félags blikksmiða .....	83
Ýmis viðfangsefni .....	89
Um eldvarnir .....	92
Viðurkenning .....	94
Réttindamál .....	98
Ný byggingareglugerð .....	100
Viðvörðunarkerfi .....	105
Sigöldumálið .....	106
Trúnaðarmannaráð .....	124
Stjórn og forystumenn .....	124
Lög Félags blikksmiða .....	136
Fundarsköp Félags blikksmiða .....	141
Reglugerð Sjúkra- og styrktarsjóðs Félags blikksmiða .....	143
Reglugerð fyrir Vinnudeildusjóð Félags blikksmiða .....	146
Reglugerð Orlofssjóðs Félags blikksmiða .....	148
Niðurröðun starfsmanna í blikksmiðjum .....	149

### III. KAFLI

#### FÉLAG BLIKKSMIÐJUEIGENDA

Stofnfundur .....	150
Um verðlagsskrá .....	156
Blikkassmiði Kassagerðar Reykjavíkur .....	165
Um efniskaup .....	166
Samstaða og samheldni .....	171
Frá Málm- og skipasmíðjum .....	172
Nefndir og fulltrúastörf .....	172

Samband málm- og skipasmiðja	173
Atvinnumál	174
Erlendir iðnaðarmenn o.fl.	176
Um námskeið og fleira	176
Um EFTA aðild	177
Vinnuveitendasamband Íslands	179
Blikksmiðasamband Norðurlanda	182
Blikksmiðadeild	183
Styrktarsjóður	183
Ný lög fyrir félagið	184
Nýjustu félagslögin	186
Stjórnir og endurskoðendur	189





# Formáli

„Hvað á króinn að heita?“

Undirrituðum varð þessi setning minnisstæð, en hún var sögð af Gunnari M. Magnúss rithöfundinum er hann stóð upp frá fyrsta fundi með útgáfunefndinni. Sem sagt meðgöngutíminn varð langur og fæðingin erfið en allir ánægðir er upp var staðið með „Blikksmiðasögu Íslands“.

Hugmyndinni var fyrst hreyft á miðju ári 1972 og á félagsfundi í Félagi blikksmiða milli jóla og nýárs sama ár var tillaga frá undirrituðum um að unnið skyldi að blikksmiðatali samþykkt og tillögumanni falinn frekari framgangur þess máls.

Það er mikil vinna og tímafrek að safna upplýsingum í slíkt rit, en nú er séð fyrir endann á því striti og því er að þakka þeim mörgu er réttu okkur í útgáfunefndinni hjálparhönd.

Strax í upphafi náðist gott samstarf við Félag blikksmiðjueigenda og sýndi það málefnum góðan skilning.

Blikksmiðasaga Íslands nær yfir tímabilið frá miðri 19. öld til ársins 1980 eða frá fyrsta blikksmiðnum á Íslandi sem fundist hafa heimildir um, Andrés Andrésson Fjeldsted, frá Hvítárvöllum í Borgarfirði. Eftir því mun Andrés hafa verið fyrstur íslenskra manna til að læra blikksmiði erlendis en hann lærði blikksmiði í Skotlandi.

Blikksmiðasaga Íslands er í 6 köflum:

1. kafli er nokkurs konar inngangur og því elsti kafli sögunnar.
2. kafli segir frá stofnun og starfsemi Félags blikksmiða til ársins 1980, tekinn upp úr fundargerðum og skýrslum félagsins.
3. kafli er um sögu Félags blikksmiðjueigenda frá stofnun þess og til 1980, einnig byggður á fundargerðum og skýrslum þess félags.
4. kafli segir frá öllum þeim blikksmiðjum er stofnaðar hafa verið og þeim sem eru starfræktar 1980. Heimildarmenn eru núlifandi stofnendur og/eða ættingjar.
5. kafli er blikksmiðatalið sjálf. Heimildir eru skýrslur viðkomanda og/eða ættingja þeirra. Mismunandi greiðlega gekk að fá tæmandi upplýsingar og er ekkert sett á prent nema sem öruggt er talið og því kann að vanta ártöl sums staðar. Tekið skal fram að í sviga undir hverju tali er það ártal er viðkomandi heimildasöfnun fór fram.

Við sem að söfnuninni stóðum teljum hana tæmandi, en hafi einhver lent utangarðs biðjumst við velvirðingar á því.

Í 6. kafla er reynt að gera grein fyrir blikksmiðanáminu innan veggja iðnskólans fyrr og nú, og birt námskrá og reglugerð. Það eru í bókinni um 300 myndir er gefa henni meira gildi.

Undirritaður vill leggja áherslu á hve ánægjulegt hefur verið að starfa að útgáfu þessa rits, einkum vegna þess góða samstarfs sem tókst í blikksmiðastéttinni um framgang verksins, jafnt sveina sem meistara. Í umræðum hefur einhugur ríkt og allir verið jafnir. Það er ósk mín að slíkt samstarf megi haldast þótt þessu verki sé lokið.

*Reykjavík í nóvember 1980*

*Fyrir hönd útgáfunefndar*

*Kristján Ottósson*

*blikksmiður*

## *Nokkur orð um Blikksmiðasögu Íslands*

Það er minnisvert kvöld, þegar Félag blikksmiða hélt 40 ára afmælisfagnað sinn 1975.

Þar voru menn glaðir og reifir, nokkrir félagar sæmdir gullmerki félagsins, og forustumenn verkalyðs- og iðnfélaga mættir til þess að skála fyrir afmælistróanum.

Ég var mættur í þessum fagnaði, sökum þess að ég hafði tekið að mér að setja saman sögu félagsins til útgáfu. Síðan eru liðin 5 ár og nú heldur félagið 45 ára afmæli sitt.

Þeir voru átta, sem stofnuðu félagið 25. maí 1935. Og á fundi 12. júní var kosin fyrsta stjórn félagsins. Og til þess að lögmálinu væri hlýtt voru allir félagsmenn kosnir í embætti sem aðalmenn eða varamenn. Þessir átta menn stóðu sem sagt saman á félagslegum og stéttarlegum grundvelli og hófu störf á sama hátt og hundruð manna félög fyrir réttindum og hagsmunum félagsmanna, en tóku jafnframt á sig skyldur gagnvart atvinnugreininni og þjóðfélaginu.

Eftir starf hins fámenna liðs, þegar litið er yfir farinn veg, má með sanni segja: geri aðrir betur.

Kreppuáratugurinn milli 1930—1940, þegar félagið var stofnað, má kallast félagsmálaáratugur aldarinnar. Á þeim tug voru stofnuð meira en 30 stéttarfélög og iðnaðarmannafélög.

Félag blikksmiða hefur staðið sig með sóma við sambærileg félög og oftar en í eitt skipti verið í forustu, eins og sjá má af sögunni.

Það varð hlutskipti mitt að lesa nokkur hundruð fundagerðir og finna gang málanna áratug eftir áratug. Auk þess var nemendafélag blikksmiða um skeið. Og loks gerðist sá atburður, að meistarafélag blikksmiða bættist í félagsskapinn. Og það mun vera í fyrsta sinn, sem sveinar og meistarar leggja saman um sögu beggja félaga. Ég hef áður sett saman sögu járníðnaðarmanna, Járnsíðu, og sögu skipasmiða, Byrðing, en í þeim sögum réru sveinar einir á báti. En hér hefur samvinna verið góð og í flestu til fyrirmyndar. Félögin kusu sameiginlega útgáfunefnd ritsins og hefur allt verið í sómanum í þeirri samvinnu.

Útgáfunefndina skipa: Frá sveinum Guðjón Brynjólfsson, Kristján Ottósson og Magnús Magnússon. Frá meisturum: Finnbogi Júlíusson, Sigurður Hólmsteinn Jónsson og Sveinn A. Sæmundsson.

Ég þakka nefndinni ágætt samstarf, góðar bendingar og liðvikni. En ég held ég gangi ekki á hlut neins, þó að ég nefni nafn eins manns í þessu sambandi. Það er Kristján Ottósson, sem hefur verið formaður sveinafélagsins þessi ár. Hann hefur af einstakri atorku fylgt málum fram í sambandi við efnið, blikksmiðatalið, og auk þess er eitt stórmál tengt starfi hans. Það er Sigöldumálið, sem er minnisvert í allri íslenskri stétta- og réttindabaráttu.

Þið voruð átta sem hófuð starfið og merkið, — nú eruð þið á þriðja hundrað, sem standið að þessu riti.

Ég árna yður heilla.

Gunnar M. Magnúss.

## I. KAFLI

# Frá fyrri dögum

### *Arðurinn og rekan.*

Bækur herma, að land okkar hafi á seinni hluta níundu aldar fundist af norrænum mönnum og þar með segir frá siglingum til landsins. Á þremur eða fjórum áratugum varð landið alnumið, það er að segja að einstakir menn höfðu kastað eign sinni á land frá fjöru til fjalla og sumir áttu víðáttur. Þegar menn höfðu þannig skipað málum, að landeign eins manns náði að mörkum annars, var landið kallað alnumið.

Hins vegar héldu fólksflutningar til landsins áfram næstu áratugi. Þeir, er síðar komu, þáðu land af hinum, er fyrir voru. Þeir fengu víða land til sjávar og sveita, en voru ekki taldir landnámsmenn.

Það má teljast undravert hversu ört þetta eyland byggðist. Stórhugur var það að stefna knörrum og byrðingum yfir Atlantsála til landsins. Forustumenn stýrðu eftir sól, tungli og stjörnum til hins ókunna lands, en stefna þeirra og för var oft skrykkjótt, sökum storma og strauuma. Það sakaði ekki, þó að stefna væri ekki bein, því að eylandið var svo mikið í hafinu, að menn fundu það, veður og tíðir réðu, hvort skip komu til Austurlands eða annars staðar að ströndinni. Og þess er getið að margir sigldu með ströndum fram til þess að leita staða sér til bólfestu.

En því er á þetta minnst hér í upphafi bókar, að upp úr skipunum gekk á land fjöldi manns, er hafði með sér tæki, áhöld og margskonar hluti, sem notaðir voru í gamla heiminum. Eitt þessara tækja var arðurinn. Hans er minnst í Landnámaabók. Menn höfðu með sér rekuna, sem nauðsynleg var á öllum árstímum, í moldina og í fönninni. Þessi verkfæri voru nauðsynleg á sinn hátt, eins og matarilátin. Og loks skal minnst á vopnin.

Þessi áhöld öll og verkfæri voru innflutt og dugðu um skeið. En brátt kom að því að endurnýjun þurfti á þessum sviðum sem öðrum. Þá komu til sögu hagleiksmenn á ýmsum sviðum. Þeir smíðuðu verkfæri og ílát, einnig vopn. En lengi var flutningur á þessum hlutum jafnan til landsins og er stundir liðu var járn flutt til landsins.

## *Innlent járn.*

Sagnir herma frá smíðum fornanna, einkum til almennrar notkunar við byggingar, innanhússmíðar, verkfæri og loks við skipasmíðar. En snemma unnu hagleiksmenn muni til skrauts. Menn skáru út bita og stoðir í húsum, dyraumbúning og hurðir, einnig vindskeiðar á húsgöflum.

Margir oddhagir menn skáru út hirslur, lok á kistur og kassa, rúm-fjalir, kefli, þrjónastokka og síðar gleraugnahús. Þannig mætti telja margt um trésmíðar og útskurð, sem sýnir listfengi og fegurðarskyn.

Þá léku hagleiksmenn sér að hornum, einkum nautshornum. Þeir bjuggu til úr þeim drykkjarhorn, tóbaksílát eða bauka, einnig matar-áhöld, svo sem spæni, flúraða með rósum og rúnalettri. Þar við er kenndur spónamatur.

Járnsmíðar urðu snemma á öldum talsvert miklar meðal landsmanna. Margir þeirra þekktu til járngerðar, það er að segja rauðablásturs. Rauðablástur hafði þá um langt skeið tíðkast á Norðurlöndum.

Hér á landi eru frásagnir um innlent járn á fyrstu tugum Íslandsbyggðar.

Svo segir í Landnámabók: — „Rauða-Björn nam Bjarnardal og þá dali, er þar ganga af. (Hann bjó að Dalsmynni, hann blés fyrstur manna rauða á Íslandi, og var hann af því kallaður Rauða-Björn).“

Þá er alkunn hin ævintýralega frásögn í Egilssögu Skallagrímssonar um járngerð Skallagríms.

Rauðablástur tíðkaðist víða á landinu til forna.

Danskur vísindamaður, dr. Niels Nielsen, var hér á landi sumurin 1923 og 1924 og rannsakaði fornar minjar járngerðarinnar. Hann ritaði um járngerð á Íslandi í *Årbøger for nordisk Oldkyndighed* 1926. Nefndi hann 46 staði á Íslandi, þar sem minjar járngerðar hafa fundist. Síðar hafa rannsóknir leitt í ljós járnvinnslu á mörgum öðrum stöðum á landinu. Má vafalaust telja, að minjar um járnvinnslu hafi fundist á 58 stöðum.

„Rauði (eða mýrajárn) er algengur í mýrum á Íslandi,“ segir Þorvaldur Thoroddsen. — „Það er járnryð, mógult eða mórautt, gjallkennt, gljúpt og holótt. Rauði er oftast mjög óhrein, blandaður leir, jurtaefnum, fosfórsöltum og fleiru. Hann myndast þar sem járnblendid vatn (með mýralá) verður fyrir áhrifum lofts og jurtagróðurs.“

Dr. Þorkell Jóhannesson bætir við þessa lýsingu Þorvalds Thoroddsen á rauðanum: — „Hér á landi er talsvert af járn í blágrýtinu og öllu gosgrjóti yfirleitt. Eitthvað af þessu járn leysist upp og berst upp á yfirborðið með uppsprettuvatni, til dæmis neðan til í dalahlíðum og víðar. Járnsambönd þessi, sem þannig koma úr berginu, renna síðan saman og setjast að, og eru þetta kögglar, mjög mismunandi stórir, eða hellur,

mismunandi djúpt undir yfirborði jarðar, og mynda oft höllkn eða hrúgöld, sem berlega koma í ljós þar sem land blæs upp, sem stundum má sjá.“

### *Og svo var íslenska járníð búið til.*

Kolagerð var aðalundirstaða rauðablásturs. Skógviður var kurlaður í 3 — 4 þumlunga langa búta. Til kola var aðallega notað birki.

Gryfjur voru gerðar í námunda við þann stað, sem skógurinn var felldur. Kurlinu var síðan raðað í kolagröfina og hafður kúfur á, allt að rúmlega hálfur metri. Þá var eldi slegið í botninn og látið brenna, þar til góður eldur var kominn í alla hrúguna. Þegar eldur var orðinn glaður um alla gröfina, var tyrft yfir og síðan mokað mold á, svo að hvergi kæmist loft að. Gröfin var svo ekki opnuð fyrir en eftir þrjá eða fjóra daga. Kolin voru þá tekin upp og fengust úr venjulegri gröf, sem hér hefur verið lýst, 4 — 5 tunnur.

Dr. Nielsen telur, að járnvinnsla á Jótlandi hafi verið með þeim hætti, að gerðar voru gryfjur miklar í jörðina, pottlaga. Innan í þessar gryfjur var smurt leir, svo að þær urðu þéttar. Málmurinn var svo bræddur í þessum leirpottum eða leirofnum við viðarkolaeld, eða ef til vill mókól. Dr. Nielsen telur sig hafa fundið á einum stað hér á landi leifar þessarar aðferðar. Það var í Gamla-Ossabæ.

Járngerðarmenn hér á landi munu hafa grafið gryfju í jörðina og hlaðið innan í hana grjóti og þétt síðan með leir. Ekki mun þó fullsannað að um þessa aðferð hafi verið að ræða.

Rauðablástur mun hafa verið á þann veg, að ofnarnir voru hitaðir þannig í gegn, að fisisbelgir, einn eða fleiri voru notaðir til þess að glæða eldinn. En rauðablásturinn fór fram með þeim hætti að ofninn var fylltur með viðarkolum, síðan borinn eldur að.

Mikilsvert var fyrir járnvinnsluna, að rauðinn væri vel undirbúinn áður en bræðslan fór fram. Var hann svo oftast borinn á bál áður en hann var settur í ofninn, til þess að hann þornaði og úr honum brynni ýmis óhreinindi. Ekki mátti hann þó hitna um of eða renna saman, því þá bráðnaði hann verr í ofninum á eftir.

Þessi aðferð við hreinsun málmisins var höfð í Noregi fram á seinni hluta 18. aldar. Undir aldamótin 1800 var einnig tíðkað í Noregi að blása lofti inn í ofninn gegnum op neðst í einhverjum ofnveggnum.

Hér á landi mun hafa tíðkast að blása glóðinni ofan frá.

Í Iðnsögu Íslands segir dr. Þorkell Jóhannesson meðal annars um járnvinnsluna í fornöld:

„Er eins og maður sjái fyrir sér járnngerðarmanninn með húskörlum sínum, sumir knýja blásturinn við járnofninn, aðrir hita járníð fyrir aflinum og láta sleggjurnar ganga á því, lýja það allt hvað af tekur. Sjálfur



er Skallagrímur hinn ákafasti, gnýrinn af járnrekstrinum, hvinur belgjarins og súgur eldsins verður að ljóði á vörum hans. En húskarlarnir eru dimmir á svip og knurra undir um vinnuhörku og nauman hvíldartíma. Svipaða mynd gefur frásögn Grettissögu um þá Þorstein Kuggason í Ljárskógum og Gretti: — „Þorsteinn var iðjumaður mikill og smiður, og hélt mönnum mjög til starfa. Grettir var lítill verklundarmaður og fór lítt skap þeirra saman ... Þorsteinn var járngerðarmaður mikill. Grettir var atgangsmikill að drepa járníð, en nennti misjafnt, og þó var hann spakur um veturinn svo að ekki bar til frásagnar.“

Frá þessu er greint hér að nokkru, þar eð hagleiksmenn þeir og smiðir, sem rit þetta greinir frá, eru hlutdeild járníðnaðarins frá fornu fari, en innlend járnframleiðsla var að miklu leyti undirstaða járnsmíða yfirleitt.

Í forn-norrænu og íslensku var járníð nefnt ísarn. „Virðist ekki fjarri að ætla, að nafn þess hafi í öndverðu verið dregið af nafni eirsins, þess málm, er menn höfðu þekkt og notað. Hin ný-íslenska mynd nafnsins járn er orðin til af hinni eldri mynd, jarn, áður iarn.“

Blendingur af eiri og zinki er nú venjulega nefndur látún og messing, einkum mun deigur og fremur ljós blendingur af þessum málmum nefndur svo, en hinn harði kopar.“ (Iðnsaga Íslands.)

Orðið messing og látún koma fyrir í fornu máli.

## ***Smiðir og hagleiksmenn.***

### ***Nítjándu aldar mennirnir.***

Ótal dæmi er til um hagleiksmenn, sem unnu úr þeim málmum, sem síðar urðu aðalefni blikksmiða við smiðar. Verkfæri voru að vísu af skornum skammti, en ef þau vantaði tilfinnanlega, gerðu smiðirnir þau sjálfir. Frá því segir í mörgum tilvikum. Og frá því segir aldamótamaðurinn Guðmundur Breiðfjörð, svo sem annars staðar er greint frá.

Slíkir menn voru á sinn hátt dýrmætir fyrir þjóðfélagið. Þegar þeir höfðu aukið þannig við nauðsynleg verkfæri og bætt aðstöðu sína til vinnu, inntu þeir af höndum verk, sem geymast, þó að nöfn þeirra séu gleymd.

Nítjándu aldar mennirnir í iðninni voru allmargir hér á landi. Þeir voru dreifðir, en lærðu þó meira og minna hver af öðrum. Má þar til nefna Andrés Andrésón Fjeldsteð á Ferjubakka í Borgarfirði, Hafliða Guðmundsson á Siglufirði, Pétur Jónsson frá Skógarkoti í Þingvallasveit, og Guðmund Breiðfjörð úr Breiðafirði.

Á seinasta þriðjungi 19. aldar voru gjörtlarar eða drifsmiðir starfandi í Reykjavík. Það var sérstök iðn, þó undanfari blikksmiða.

Jón Helgason biskup segir svo frá þessu í riti sínu: Þeir sem settu svip á bæinn:





*Þannig var kúpað hér áður og til skamms tíma.*

„Drifsmiðaiðn hafði áður verið rekin hér sem sérstök atvinnugrein af Hinriki S. Handsen (af Bátsendaættinni). En eftir dauða hans hvarf sú atvinnugrein með öllu hér í bæ. Aftur var aldrei rekin hér blikksmiðaiðn fyrr en Pétur Jónsson settist hér að sem blikksmiður.“

### ***Fyrsti blikksmiðurinn.***

Andrés Andrússon Fjeldsted var fæddur 30. október 1835 að Fróðá á Snæfellsnesi. Foreldrar hans voru Andrés Fjeldsted Vigfússon, bónda á Narfeyri og Hvítárvöllum í Borgarfirði 1846 til dauðadags 1862. Kona hans (fyrri) var Þorbjörg Þorlákisdóttir frá Hvallátrum á Breiðafirði.

Andrés var á Hvítárvöllum, einnig Ferjukoti og loks á Ferjubakka.



*Smíðisgripir í blikksmíði fyrr og nú*

Hann var hreppstjóri og hreppsnefndaroddviti. Framfaramaður var hann á mörgum sviðum, til þess má nefna að hann stofnaði búnaðarsjóð Andakilsinga.

Andrés var þjóðhagasmíður. Er hann var á yngri árum fór hann tvisvar til Skotlands til náms. Þar lærði hann skipasmíði, blikksmíði og niðursuðu. Eftir því sem næst verður komist mun Andrés hafa verið fyrstur íslenskra manna til að læra blikksmíðaiðn erlendis. Hann var

kvæntur Sesselju Kristjánsdóttur frá Vallakoti. Andrés lést 22. apríl 1917.

### *Hafliði Guðmundsson.*

Hafliði Guðmundsson, er fæddur var 2. desember 1852 í Stuðlakoti í Reykjavík, varð einn af fyrstu þekktu mönnum iðnarinnar. Hann var frá fimmtán ára aldri til tvítugs á Hvítárvöllum hjá Andrésí Fjeldsted. Þar lærði hann blikksmiði. Hann var karlmenni mikið og dugnaðarmaður.



*Smíðisgripir, eldhúskatlar úr eir, sem mikið voru smíðaðir af blikksmiðum áður fyrr. Katlarnir eru varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands.*

Þá vann hann við húsbyggingar. Hann var við nám í stundakennslu, en fluttist þá til Norðurlands og settist að á Siglufirði, en vann oft fyrstu árin að Hraunum í Fljótum. Á Siglufirði gerðist Hafliði mikill athafnamaður. Hann fékkst við smíðar úr tré og járni. Einnig vann hann við múrsmíði. Hafliði lést 12. apríl 1917.

### *Fyrsta blikksmiðja í Reykjavík.*

Pétur Jónsson var fæddur 2. ágúst 1856 að Skógarkoti í Þingvallasveit.

Foreldrar hans voru hjónin Kristín Eyvindsdóttir frá Syðri-Brú í Grímsnesi og Jón Kristjánsson bóndi og hreppstjóri að Skógarkoti.

Pétur lærði blikksmiði hjá Hafliða Guðmundssyni á Siglufirði og árið 1883 stofnaði hann smiðju í Reykjavík, var það fyrsta blikksmiðjan þar



*Blikksmiðavinnustofa J.B.Péturssonar að Ægisgötu 4, byggð árið 1909, núverandi verslunarhús J.B.Pétursson.*

og lengi vel sú eina. Guðmundur Breiðfjörð var einn af fyrstu nemendum sem Pétur útskrifaði, síðar lærðu synir Péturs þeir Jón Bjarni og Kristinn hjá honum.

Blikksmiðja J.B. Péturssonar eins og fyrirtækið heitir nú hefur alla tíð verið í fremstu röð.

Pétur andaðist árið 1908 og tóku synir hans Jón Bjarni og Kristinn þá við rekstrinum.

### ***Guðmundur Breiðfjörð.***

Guðmundur Breiðfjörð er einn hinn kunnasti maður blikksmiðastéttarinnar, enda starfað allra manna lengst í iðninni.

Guðmundur fæddist árið 1879 í Hrafnsey á Breiðafirði. Foreldrar hans voru hjónin Jóhanna Guðmundsdóttir, er var fædd 1855 að Ósi á Skógarströnd, og Jóhannes Sigurðsson, fæddur 1854 að Höfða í Eyrarsveit. Frá níu ára aldri ólst Guðmundur upp hjá móðurbróður sínum í Gvendareyjum á Breiðafirði.

Guðmundur fluttist til Reykjavíkur haustið 1896 og fór að vinna í smiðju hjá Gísla Finnssyni járnsmið.

„En þegar komið var fram í marsmánuð 1897,“ segir Guðmundur frá í viðtali, — „frétti ég, að Pétur Jónsson blikksmiður væri búinn að útskrifa systurson sinn, Ingvar Gunnlaugsson. Mér datt þá í hug að komast að sem lærlingur hjá honum, því að mér þótti efnið, sem hann smíðar úr, svo fallegt.

44.



Ávalt fyrirbyggjandi nægar birgðir af efni í:

Niðursuðudósir, olíubúsa, þakrennur, katla, könnur, potta smáa og stóra, einkanlega ágæta fyrir þilskip. Sömu leiðis þvotta- og sláturpotta.

# Reikningur

Ljósker, bæði til að lýsa götur, og handljósker. Sömu leiðis hliðar- og ankerljósker til skipa, brennara, ljós-dreifara, glös í hliðar- og ankerljósker m. m.

frá

PJETRI JÓNSSYNI blikksmið. Ryík.

til Herra síra Lárusar Halldórs

1903. Október 26. en aðgerð á 2 Löngum Kr. Aur. 20.

*Reikn. í Des. 1903*  
*frá Pjetri Jónssyni*  
*Pjetri Jónssyni*  
*Reikningur*  
*frá Pjetri*

Galvaniserað bandajárn, plötubly, einkar hentugt til húsbýgginga og skipavíðgerða, lóðningatin, látúna-þynna o. m. fl., er að iðn minni lýtur. Aðgerðir skjótt og vel af hendi leystar.

Pjetur Jónsson, blikksmiður.

Ég tók mig því til og fór á fund Péturs og mæltist til þess að hann tæki mig sem nemanda í blikksmíði. Hann var lengi tregur til, því að atvinna var þá svo stopul hjá honum. Eftir langa bið tók hann mig tali og spurði mig, hvort ég vildi ganga að þeim kjörum, sem hann byði. En þau voru, að námstíminn yrði fjögur ár upp á fæði og húsnæði. Ég átti að vinna alla venjulega daglaunavinnu, þegar lítið væri að gera í smíðjunni — og var það eins konar liður í náminu. Vinnutíminn var mjög langur. Atvinnuhorfur hjá handverksmönnum voru mjög slæmar, nema hjá skósmíðum, enda voru þeir langfjölmennastir á þessum tíma.“

Guðmundur keypti dálitla skrifbók, sem hann skrifaði í eitt og annað sér til minnis. Í þessari bók er margs konar fróðleikur, bæði um starf hans og umhverfi.

Árið 1901 var kaupíð ein króna á dag fyrir 10 tíma, engin eftirvinna reiknuð. Í bókinni segir frá verðlagi á ýmsum hlutum: Blikkplatan kostaði 50 auro, vinnuklossar kr. 1.90, nankinsföt kr. 4.40, og stígvélaskór, „danskir skór,“ kr. 11.50.

Í viðtali við Guðmund Breiðfjörð, sem haft var vegna þessa rits, segir hann svo frá:


„Ég fór snemma í uppskipunavinnu, þegar lítið var að gera hjá Pétri. Hann fékk það kaup, eins og um var samið okkar á milli, en um eiginlegan námssamning var ekki að ræða, þetta var munnlegur samningur.“

Ég lærði lestur, skrift, reikning, biblíusögur og kverið á því heimili, sem ég ólst upp á.

Kennslan á verkstæðinu fór þannig fram að nemandi var sýnd aðferðin við smíðina og mikil áhersla lögð á vandvirkni. Við áttum að gæta þess sérstaklega að ofhita ekki lóðbolta og hafa þá vel hreina. Lóðboltarnir voru hitaðir í kolaeldi í smíðju, þar sem blásið var á glæðurnar með skinnbelg. Áhöldin hjá Pétri á þessum tíma voru meðal annars 12 tommu langur dósavals, lítill botnvél og lítill steðji með löngum örmum. Tréhamrar voru notaðir til að berja saman á steðjanum rör og fleira. Skrufstykki átti hann nokkuð stór. Allt efni var klippt með handklippum. Meitlar og mismunandi sverir rekkborar voru mest notaðir, því að þá þekktust ekki járnsgagir eða spiralsbogar.

Þegar ég kom til Péturs, var mest unnið úr mismunandi þykku blikki með látúni og eir. Seinustu árin, sem ég vann hjá honum, var farið að vinna úr því, t.d. þakrennur á mjög ófullkominn hátt, þar sem þá voru ekki til neinir valsar. Rennurnar voru slegnar til á röri og réttar með tréhnöllum. Einnig voru þakgluggar smíðaðir úr galvaniseruðu járni, olíubrúsar og fleira.

Smíði á þessum árum var töluvert fjölbreytileg, einkum smíði í sambandi við skútuútgærðina. Í skúturnar smíðuðum við kompáshús og




*Fyrsti valsinn, beygjuvélin og rennuúlster er flutt var til landsins sem vitað er um.*

luktur, ýmiskonar eldhúsáhöld og vatnsílát, blikkbrúsa og oliubrúsa. Þá smíðuðum við mikið af mjólkurbrúsum og niðursuðudósum.“

Guðmundur byrjaði sjálfstæðan atvinnurekstur árið 1902. Hann segir svo frá:

„Mig langaði fljótlega að verða sjálfstæður og árið 1902 tók ég á leigu





*Fyrsti hnifurinn sem fluttur var til landsins sem vitað er um.*

húsnæði í kjallara í Lækjargötu 10, þar sem ég bjó og hafði þar verkstæðið. Ég byrjaði með svipuð áhöld og voru hjá Pétri. Flest þeirra voru heimatilbúin.

Ég byrjaði með 150 krónur, sem kunningjar mínir lánuðu mér, því að engin lán var að fá hjá bönkunum, sem voru þá að heita má peningalausir, það litla sem fékkst fór til útgerðarinnar, en hún hafði geysimikla þýðingu fyrir Reykvíkinga og var undirstaða nær alls framkvæmdalífs í bænum. Ég borgaði ellefu krónur í húsaleigu á mánuði þetta ár.

Ég pantaði fljótlega meterslangan vals frá Kaupmannahöfn, hníf, rúnnskerara og beygingarvél. Fljótlega hafði ég nóg að starfa, enda skútuútgerðin í blóma og fjórkippur í byggingaiðnaðinum hér í bænum.

Ég var brátt það fjárhagslega stöndugur, að ég gat keypt mér hús, sem stóð við Lækjargötuna, þar sem Iðnaðarbankinn er núna. Ég keypti þetta hús á 8 þúsund krónur, en seldi það svo tveimur árum síðar á 10 þúsund krónur og keypti Laufásveg 4, þar sem ég hef búið síðan.“

Um aldamótin voru sveinasamtök í iðnaði því nær engin til. Benedikt Gröndal skáld var um þetta leytí að ræða um félögin í Reykjavík og hneykslaðist yfir því, hve mörg þau væru, og sagði:

„Svo er það blikksmiðafélagið, en í því er einn meðlimur.“

Iðnsýning var haldin í Reykjavík 1911, á eitt hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Á þessari sýningu fékk Guðmundur verðlaun fyrir könnu (tekönnu og tilheyrandi hluti). Þetta var allt handunnið og notað við te- og vındrykkju. Undir var olúgeymir og kveikur með sama lagi




*Tekanna, sem Guðmundur Breiðfjörð fékk verðlaun fyrir á Iðnsýningu, sem haldin var í Reykjavík árið 1911. — Neðst er olíubiðan, þá kemur eld-hólfíð með tvöföldum kveik og þar ofan á er sjálf tekannan með krana.*

og lamparnir voru í þá daga. Allt var þetta smíðað úr látúni, hann bjó sjálfur til skrúfuganginn.

Á fyrstu tugum 20. aldar var töluvert í móð að búa til turnspírur á hús. Blikksmiðir smíðuðu margar af þessum spírur. Guðmundur smíðaði kúpulinn á Fríkirkjuna og hamraði hann út. Einn kúpull var við Suðurgötuna, annar á húsi trésmiðjunnar Völundar. Bjarni Pétursson blikksmiður smíðaði kúpulinn á Völund. Sumir kúplar eru nú horfnir af gömlu húsunum.

Þess má geta hér, að sveinsbréf Guðmundar Breiðfjörð er nú glatað.



*Gamlar blikksmiðavélar.*

### ***Fleiri nítjándu aldar menn.***

Vitað er að fleiri nítjándu aldar menn störfuðu sem blikksmiðir og munu hér verða taldir nokkrir þeirra, en vegna skorts á heimildum er þessi upptalning ekki tæmandi. Það er til dæmis ekki vitað hvort þeir höfðu nemendur nema hvað fram kemur að Albert Tryggvi Jónasson mun hafa fengið tilsögn hjá Sófusi Trampe.

Ingvar Gunnlaugsson, systursonur Péturs Jónssonar, er nefndur sem nýútskrifaður blikksmiður í marsmánuði árið 1897, segir í viðtali við Guðmund Breiðfjörð annars staðar í riti þessu.

Ekki hefur tekist að fá staðfestinguna á þessu, þrátt fyrir eftirgrennslan.

### *Ingvar Vigfússon, Ísafirði.*

Ingvar Vigfússon fæddist að Litla-Nýjabæ í Krísuvík 6. janúar 1856, hann lést 2. júlí 1941.

Ingvar mun hafa lært af að horfa á aðra vinna,. Hann fluttist til Ísa-fjarðar árið 1897 og setti upp blikksmiðaverkstæði í eigin húsi við Tangagötu.

Hann vann einnig að pípulögnum.

Ingvar tók þátt í bæjarmálum Ísafjarðar og fleiri málum, sjá nánar blikksmiðatal.

### *Sófus Trampe, Akureyri.*

Sófus Franz Trampe fæddist í Reykjavík 30. júlí 1858. Árið 1881 fluttist hann til Akureyrar og gerðist niðursuðusveinn í verksmiðju á vegum Þorsteins Einarssonar, niðursuðumanns.




Sófus lést 1891 og eignaðist Tryggvi Jónsson þá blikksmiðjuna.

### *Tryggvi Jónsson.*

Albert Tryggvi Jónsson fæddist 25. júlí 1869. Hann lést 8. nóvember 1963. Tryggvi lærði undirstöðuatriði blikksmiðinnar hjá Sófusi Trampe á Akureyri, en þar hóf hann starf um vorið 1890. Við lát Sófusar 1891 eignaðist Tryggvi blikksmiðjuna og starfrækti hana til ársins 1946.

### *Smiðisgripir.*

Aldeiri verður allt talið eða tínt til af hlutum, verkfærum, áhöldum og skrautgripum, sem komið hafa úr höndum þeirra hagleiksmanna og smiða, sem óneitanlega tilheyra stéttinni, sem upphaflega hafði nafnið pjátrarar, en síðar blikksmiðir. Stéttarheitið segir heldur lítið um starfið, sem smiðirnir eða verkstæðin skila frá sér. Um sumar iðngreinar má segja, að í nafni þeirra felist frásögn um efni og starf. Nefna má múrara í því sambandi. Þar er augljóst efni, sandur, sement, steinsteypan er samsetning. Sama er að segja um trésmiði. Um málmsmiði er þess að geta að málarnir, sem unnið er úr, eru af ýmsum tegundum og blöndun margskonar. Gull- og silfursmiðir eru með ákveðna málma í höndum, enginn villist á hlutum frá þeim. Hvorki trúlofunarhringar eða



### *Blikksmiðasteðjar.*

stokkabelti koma frá Héðni eða Hamri. Ýmsar járnsmiðjur kenna sig líka við efni og verkfæri: Steðji, Hamar, Vélsmiðjan Járn, Vélsmiðjan Ketill.

En ein er sú stétt, sem auðkennir sig við eina málmtegund, en fer höndum um fleiri málmtegundir en nokkur önnur stétt í landinu. Það er blikksmiðastéttin. Hún kennir sig við málmtegund er gefur til kynna að

hún hafi með höndum eingöngu finlega hluti. Og það er að mörgu leyti rétt. En verksvið þeirra er svo vítt, að engin önnur stétt spannar víðara.

### *Helstu hlutir, sem blikksmiðir hafa smíðað fyrr og nú.*

Samkvæmt upplýsingum frá útgáfunefnd þessa rits, er birt hér skrá yfir hluti, sem blikksmiðir hafa unnið fyrr og nú. Þó er þetta alls ekki tæmandi, þar sem margskonar afbrigði um smíðar getur alltaf komið til greina:



*Smíðsgripir, blómakönnur úr eir, nú í einkaeign.*

Siglingaljós, hengilampar, vegglampar, kompáshús, fuglabúr, náðhús, póstkassar, kaffikönnur, kaffikatlar, pönnur, pottar, mjólkurbrúsar, mjólkurfötur, blómakönnur, blómaker, límpottar, lakkdósir, málningardósir, niðursuðudósir, þakgluggar, þakrennur, þakventlar, rennubönd, kjöljárn, veðurhlífar, reyrör, loftstokkar, lofttræstikerfi, málmklæðningar á þök og húshluta, bensíntanka, vatnskassa, miðstöðvarofna, arin eldstæði, hitaraskápa, fataskápa, skjalaskápa, höfuðvarkassa, strengjarennur.

Og málmtegundir, sem smíðað er úr eru þessar:

Zinkhúðað járn, tinhúðað járn, blýhúðað járn, óhúðað járn, zink, blý, messing, eir, ál, stál, tin, silfur.

Í orðabók Sigfúsar Blöndal eru mörg nöfn, sem snerta þjátur. Þjátur var blick tinað. Þjátrari var blikksmiður. Talað er um þjátur öskju — dós — disk. Þá er talað um þjátursplötu.

Á seinustu tímum bætist við efni, sem blikksmiðir vinna úr. Það er plastið. Eru úr plasti unnir ýmsir hlutir, sem áður voru gerðir úr blikktegundum.



*Vesturgata 7. Reykjavík. (Sjóbúð) hús Geirs Zoega. Fyrsta húsið sem þakið var með bárujárni (þakjárn) 1884 segir, í Iðnsögu Íslands. — „járníð var nr. 20 og sá lítt á því eftir 50 ár.“*

### ***Þakjárn.***

Þakjárn fór að flytjast hingað nokkru fyrir síðustu aldamót (1900). „Fyrsta húsið, sem þakið var með því, var hús Geirs Zoëga við Vesturgötu 1884,“ segir í Iðnsögu Íslands. — „Járníð var nr. 20 og sá lítt á því eftir 50 ár.“

### ***Siggi blikk.***

Sigurþór Þórðarson rifjar upp ýmislegt um iðnina og einstaka menn fyrr og síðar.

— Ég held að almennt hafi verið litið upp til iðnaðarmanna á fyrri tíð. Ég var þekktur undir nafninu Siggi blikkari og það var hlýleiki í þessu nafni, segir Siggi blikkari. — Og Bjarni P. var alltaf kallaður Bjarni blikk. Sömuleiðis var járnsmiðaheitið vel virkt. Sumar aðrar stéttir settu svip á bæinn og kannski má þar til nefna skósmiði.

„Að sama skapi sem bærinn óx að íbúatölu og sauðskinnsskórnir fóru smám saman að leggjast niður, fjölgaði skósmiðum hér í bæ svo,



Starfsmenn Blikksmiðju J. B. Pétursson 1934. Talið frá vinstri, Snæbjörn, bjó á Snælandi v/Elliðaár Pétur Kristinsson, blikksmiður, Sigurbór Þórðarson, blikksmiður, Kristinn Pétursson blikksmiður, Jón Bjarni Pétursson, forstjóri, Th. Tómasson einn af eigendum tunnugerðarinnar, Lúðvík Árni Knúttson, Vilhelm Davíðsson, blikksmiður, og Helgi Hannesson, blikksmiður.



að um 1890 voru skósmiðir orðnir einhver langfjölmennasta iðnaðar-mannastétt bæjar vors,“ segir Jón biskup Helgason í ritinu: Þeir, sem settu svip á bæinn.

Ég man eftir skósmið á Vesturgötu 2, sem hafði 8 — 9 manns starf-andi á verkstæði sínu.

Og Siggí blikkari er settur á stól og beðinn að rekja að nokkru minn-ingar sínar í iðninni til birtingar í þessu riti. Hann segir svo frá:

— Ég er fæddur 1904.

Ég lærði í Blikksmiðavinnustofu J.B. Péturssonar og kom í smiðjuna 1919.

Ég hafði verið í sveit í Kalmannstungu, en var óánægður með veru mína þar hvað kaup snerti. Um vorið, þegar ég var 15 ára, fékk ég feiknagóða vinnu hér í bænum. Ég var með tvo hesta, sem Sigvaldi Jónasson frá Björk í Grímsnesi og síðar í Bræðraborg hér í Reykjavík, átti. Hann stundaði akstur og átti síðar meir bíla. Það var mitt hlutverk að fara á fætur klukkan fimm á morgnana og sækja hestana í Vatns-mýrina, þar sem flugvöllurinn er núna, og vera tilbúinn með þá klukkan sex til að aka með byggingarefni, sem tekið var í fjörunni við Ástar-brautina eða Grandavegin. Þetta sumar var Jón Þorláksson að láta byggja svonefnda bæi við Óðinsgötu, en þau hús standa enn.

Það var ákveðið að keyra 6 ferðir á dag. Þá var nýbúið að leggja brú yfir tjörnina, en undirlag brúarinnar var að mestu öskuhaugakeysla. Fyrir þetta var greitt þrjár krónur fyrir vagninn eða sex krónur fyrir ferðina og það voru þrjár tunnur í hvorum vagni. Efninu varð að moka í og úr vögnunum. Þessa vinnu hafði ég fram í september. Þá var Sam-bandið að hefja undirbúning byggingar Sambandshússins. Svo þraut vinnuna.

Ég hafði frá því að ég fór að ganga komið við í smiðjunni hjá Bjarna og Kristni. Og einu sinni vantaði þar hjálparkokk til að halda við og sjá um snúninga. Ég fékk starfið og ágæta borgun.

Þegar leið að nýári var lokið við að útbúa bátana undir vertíðina og atvinna gekk heldur saman. Þá lögðu bræðurnir að mér að fara að læra.

Ég gerði svo námssamning við þá bræður um áramótin 1920. Og ég hef starfað í smiðjunni allt fram á þennan dag. (Árið 1979)

Í seytján ár var ég til heimilis og í fæði hjá Kristni, bróður Bjarna, á Vesturgötu 46. Ég réði mig eins og margir aðrir upp á fæði og húsnæði á námstímanum. Og ég fékk engin laun utan einu sinni, er við Einar Páls-son, núverandi eigandi Nýju Blikksmiðjunnar, fórum ofan klukkan þrjú um nótt og smíðuðum 20 lýsistunnur, sem mikið lá á að afgreiða. Við gengum svo kröftuglega að verki að um morguninn vorum við búnir með verkið og vildi enginn trúa að við hefðum lokið því á svo skömm-um tíma. Þá vorum við verðlaunaðir með stórru tertu og fengum hvor um sig 20 krónur danskar í premíu.

Mig minnir, að þetta væru fyrstu peningarnir, sem ég fékk greidda í smíðjunni.

Það var svolítið misjafnt, hvernig lærlingar sömdu. Sumir fengu eitt-hvert kaup, en flestir réðu sig upp á húsnæði, fæði og klæði. Ég man eftir, að allir lærlingar hjá Þorsteini Jónssyni voru hjá honum í fæði og húsnæði en fengu ekki kaup. Ég fékk ekki föt, en það kom ekki að sök, þar sem ég hafði sjálfur unnið mér fyrir fermingarfötunum. Ég seldi fermingarfötin skömmu eftir ferminguna fyrir sömu upphæð og þau kostuðu. Ég skrapaði saman meiri peninga og lét Guðmund Bjarnason klæðskera sauma á mig föt, sem kostuðu 120 krónur. Þau dugðu mér að mestu allan námstímann, eða alveg fram á síðasta árið, en þá gaf pabbi sálugi mér föt.

Svo fór ég aftur að vinna fyrir kaup og ég man alltaf, þegar ég fór aftur til Guðmundar klæðskera og pantaði hjá honum föt og frakka. Og þetta kostaði 500 krónur, sem var svakalegur peningur þá. Nú, — síðan hef ég alltaf haft það prýðilegt og unnið jöfnum höndum í smíðjunni og hjá slökkviliðinu.

Starf mitt hjá slökkviliðinu á þann aðdraganda, að þegar ég vann hjá Kristni og Bjarna, þá voru þeir og margir aðrir iðnaðarmenn tilkvaddir í slökkviliðið, ef eldur kom upp. Það voru bjöllur heima hjá þessum iðnaðarmönnum og ein var hjá Kristni. Þeim hjónum var hálfilla við bjölluna og um það var samið við mig, að bjallan skyldi flutt upp í herbergi til mín. Ég hafði hreint ekkert á móti því, þar sem greiddar voru 6 krónur fyrir útkall á nóttunni og 3 krónur um tímann, ef unnið var lengur en einn tími.

Nú, — svo leið tíminn og ég vann mjög mikið við logsuðu. Ég var orðinn hálfleiður á þessu og mér datt í hug að sækja um brunavarðarstöðu, sem ég fékk þó að umsækjendur væru mjög margir.

Ég sinnti þessu starfi allt fram til ársins 1969, er ég hætti vegna aldurs, þá orðinn 65 ára. Ég hóf þá aftur störf í smíðjunni, en í september 1974 varð ég fyrir því óláni að fá hjartaklikk og var þá sagt að hætta allri vinnu, en í apríl 1975 byrjaði ég aftur, því að ég gat ekki hugsað mér að sitja auðum höndum. Ég vinn yfirleitt frá hálf sjö á morgnana fram til hádegis og legg mig svo eftir hádegis.

— Ef við snúum nú aftur til þess tíma, sem þú varst að læra, hvað var þá aðallega smíðað?

— Þetta byggðist ákaflega mikið á sjávarútvegi. Fyrstu árin mín í smíðjunni smíðuðum við óhemju mikið af karbítlsjós-um eða blússljós-um, sem notuð voru um borð í skútunum, er karlarnir voru að gera að fiskinum. Um borð í mörgum skútum voru karbítstæki í vélarrúminu og svo voru gasleiðslur um allt skipið og dekkið og þar voru luktir með kúplum.

— Við smíðuðum mikið af lömpum og allt þeim tilheyrandi, einnig



*Sveinsstykki Sigurbórs sem er landterna smíðuð úr eir. Varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands.*

potta, vatnsmál, alls konar form, síldarnetanálar, smökköngla og hvaðeina. Óskar Halldórsson, útgerðarmaður, lét okkur smíða mikið af pottum, sem hann bræddi í lifur. Þetta voru tvöfaldir pottar, vatn á milli, og lifrin gufubrædd. Undirstykkinn voru með eldföstum leir eða steinum. Við smíðuðum reykháfa. Fyrir togarana smíðuðum við tarínur, vatnsmál, fiskbakka, kökuform, og steikarpönnur. Ennfremur smíðuðum við þakrennur, þakglugga og annað slíkt. Svo smíðuðum við síldar- og frystipönnur í þúsundatali fyrir frystihúsin.

— Lentuð þið ekki stundum í efnisskortri?

— Fyrstu árin gekk þetta þannig fyrir sig, að umboðssalar komu og buðu efni. Það var mikið keypt af fyrirtækinu Brödrene Dahl. Á stríðsárunum fyrri lentu bræðurnir í því hanni að festa kaup á járn, sem átti að fara til Færeyja, en komst aldrei á leiðarenda.

Það var árviss vinna í tugi ára að sjóða niður fyrir fólk. Við smíðuðum dósir fyrir heimili víðsvegar um bæinn og gerðum upp gamlar dósir, sem fólkíð hafði hirt. Það voru fjallháir bunkar af dósunum, sem komu til viðgerða á haustin. Þetta gekk þannig, þar til byltingin varð í frystihúsunum. Þó var fólk lengi vanafast og lét sjóða niður svið, kæfu, steikt kjöt og fleira. Við þetta vorum við bundnir frá því að sláturtíðin hófst í september og fram í nóvember. Í sjö ár gerði ég ekkert annað á haustin en fara á milli á reiðhjóli með lóðbolta og gekk frá 10 og upp í 100 dósunum, eftir því hvað heimilin voru stór. Ég varð að fara tvisvar á hvern stað, því að fyrst var dósinni lokað og innihaldið soðið í ákveðinn tíma.

Síðan var stungið á dósinni til að hleypa úr henni lofti, en svo var hún soðin áfram. Ef dósinn sogaði ekki að sér báða botna, þegar hún var orðin köld, þá var eitthvað athugavert við hana, en gerði hún það var hún örugg. Síðasta árið, sem ég var í þessu, voru greiddir 30 aurar fyrir hverja dós.

Við vorum framan af ekki nema 4 — 6, sem unnum þarna, en eftir 1934, þegar tunnugerðin hófst, unnu þarna 25 — 30 manns.

Fram undir 1926 voru tvær blikksmiðjur í starfi hér í Reykjavík. Það var blikksmiðja bræðranna Kristins og J.B. Péturssona, og svo Blikksmiðja Breiðfjörðs.

Þá byggði Einar Einarsson hús við Laugaveg 51 og kallaði Blikksmiðju Reykjavíkur. Svo kom Sigurður Hólmsteinn inn í fyrirtækið, keypti það og flutti niður á Lindargötu, þar sem hann hefur rekið það síðan.

Talsvert smíðuðum við fyrir kirkjur og opinberar byggingar. Þeir voru ágætis smíðir báðir bræðurnir. Kristinn smíðaði allan ljósaútbúnað í Akureyrarkirkju, sem var útbúinn úr sinki. Kristinn smíðaði einnig mikla kúlu á Landakotsskólann. Bjarni Pétursson smíðaði fallegan hengilampa fyrir Iðnsýninguna 1911. Lampinn hékk lengi heima hjá Bjarna og á sínum tíma setti hann í hann rafmagn. Guðmundur Waage smíðaði fyrir sýninguna 1911 fuglabúr og hlaut 1. verðlaun fyrir það. Guðmundur lést ungur að aldri.

Guðmundur Breiðfjörð var stærstur í mjólkurbrúsasmíði. Hann smíaði úr svörtu og fortinaði á eftir. Fortining var kallað, þegar málmurinn var lagður í síru og nær því að verða það hreinn að tinið festist á honum og verður þá örugglega heilbrigt fyrir allan mat. Það var töluvert gert að því við smíði stærri húsa að smíða rennuböndin úr svörtu jární, úr skeifnateini. Þau voru beygð og gengið frá þeim, en síðan voru þau lögð í síru. Þar lágu þau ákveðinn tíma, síðan hreinsuð, þar til þau voru orðin spegilfögur. Við höfðum deiglu, sem við bræddum sink í. Járníð var þvegið upp úr salmiaki, til þess að þ það væri vel hreint, síðan var því difið ofan í (galvanisering og fortining). Nú smíða sumar vinnustofur eingöngu úr aluminium, en þeirri vinnu hef ég ekki komið nálægt. Ég hef aftur á móti unnið talsvert að nýsilfursmíði, silfurkveikungum og þess háttar. Í logsuðu stóð ég aftur á móti í fimm ár samfleytt og gerði ekkert annað.

— Hefur þú ekki haft hug á að stofna eigið fyrirtæki?

— Æ nei, — þeir vildu endilega fá mig með, þegar Nýja blikksmiðjan var stofnuð, en hugur minn stóð ekki til þess. Ég hef alltaf verið ósköp nægjusamur, en haft vel fyrir mig. Ég var í 25 ár með hesta mér til yndis. Ég missti konuna fyrir 11 árum. Við áttum eina dóttur, svo að heimilið var aldrei þungt.

Frá smíðjuárunum er vitanlega margt fleira að segja. Áður var mikið

gert af því að smíða líkkistur úr sinki. Þá smíðuðum við vatnstanka fyrir íbúa í Kleppsholti og á Seltjarnarnesi, sem bjuggu við vatnsskort. Íbúar söfnuðu vatni í þessa tanka yfir nóttina og miðluðu úr þeim á daginn.

Við í smiðjunni áttum að byrja kl. 8 á morgnana, en bræðurnir komu alltaf heldur seint til vinnu en unnu oft fram á kvöld. Þá var oft unnið til miðnættis. Við strákarnir stungum af til að spila fótbolta. Þegar mest var að gera í tunnunum, fór maður stundum á fætur kl. 3 á nóttunni og vann fram á kvöld. Þá þekktist ekki yfirvinna, en strákarnir tóku þetta í akkorði og fengu visst á tunnu, en þá var ég í logsuðunni. Ég varð að djöflast eins og þeir, svo að ég stöðvaði þá ekki í akkorðinu. Það var kannski heimskulegt af mér að vera að djöflast þetta fyrir lítið, en svona vann maður.

Ég er búinn að vinna þarna í smiðjunni í 56 ár, — allar mínar frístundir frá slökkvistarfinu vann ég í smiðjunni. Ég fönðraði einnig við að smíða berjatínur, tóbaksdósir og fleira, þegar ég stóð vakt á gömlu stöðinni, en slíkt lagðist niður, þegar við fluttum í nýju stöðina.

### *Hálfrar aldar minningar.*

Ásgeir Matthíasson hefur rifjað upp minningar frá fyrri dögum iðnarinnar hér á landi. Hann hafði lokið námi í járnsmíði, þegar hann byrjaði að vinna í blikksmiði 1927. Það var í nýstofnaðri blikksmiðju, Nýju blikksmiðjunni, sem Einar Pálsson blikksmiðameistari og Haraldur Andrésson vélstjóri stofnuðu 1. júní 1926.

Einn nemi var á verkstæðinu, þegar ég kom þangað. Það var Jón Rögnvaldsson. Á næstu árum komu Guðmundur Jóhannsson og Kristinn Vilhjálmsson í nám.


Sá háttur var áður hafður á um vinnu í smiðjum, að þegar nemi hafði lokið prófi, var hann látinn fara, en nyr nemi tekinn í staðinn.

En þegar mikið var að gera í smiðjunum, voru menn teknir til aðstoðar um tíma.


Þá voru hér nokkrar aðrar blikksmiðjur en Nýja blikksmiðjan: Blikksmiðja J.B. Péturssonar, Blikksmiðja Guðmundar Breiðfjörðs, Blikksmiðja Reykjavíkur var þá einnig tekin til starfa og nokkru síðar Blikksmiðjan Grettir.

Dagvinnutími var þá 10 tímar alla virka daga vikunnar og ekkert fast sveinakaup. Varð því hver og einn að semja um kjör sín. Þá var kaup járnsmíða kr. 1.60 um tímann, en blikksmiðum var hæst borgað kr. 1.50 um tímann.


Svo riðu kreppuárin yfir og upp úr 1930 dróst allt atvinnulíf saman, mönnum var sagt upp vinnu í blikksmiðjunum sem annars staðar.



*Turn Landakotsskóla í Reykjavík, Kristinn Pétursson smíðaði ofan á turninn kúpul og hettu.*



*Turninn á Frikirkjunni í Reykjavík, sem unnin var af Guðmundi Breiðfjörð.*



*Turnspíran á Trésmiðjunni Völundi v/Klapparstíg, sem Bjarni Pétursson klæddi.*

Hvergi var hægt að fá vinnu mánuðum saman. Lítilsháttar atvinnubótavinnu fengu þeir, sem höfðu fyrir heimili að sjá, en almennt var erfitt að framfleyta lífinu og þá svarf fátækt að mörgum.

Þegar líða tók á fjórða áratuginn varð blikksmiðasveinum orðin ljós nauðsyn þess að mynda samtök í iðninni. Þá undanfarið höfðu mörg verkafélög og stéttasamtök verið mynduð.

Um þetta leyti voru nokkrir nemendur í iðninni búnir að ljúka náms-tímanum, en misjafnlega gekk hjá þeim að komast upp úr hinu lága læringskaupi. Dæmi voru þess, að þeir yrðu að sætta sig við eina krónu um tímann eða 1/3 lægra kaup en það, sem lágmark mátti teljast. Í besta lagi fengu sumir loforð um leiðréttingu á næstunni, en það lenti oft í undandrætti, sem kom sér vitanlega mjög illa.

Þar sem menn voru algjörlega févana eftir námið, varð okkur ljóst og jafnvel að segja mætti að lífsnauðsyn væri að blikksmiðir stofnuðu félag með sér, til þess að fá kjaramálin í viðunandi horf.

Nefnd blikksmiða var kosin til að undirbúa stofnfund að félaginu. Fundurinn var svo haldinn 25. maí 1935 og samþykkt lög fyrir félagið. Var þar að miklu leyti stuðst við lög Félags járnsmiða. Stuðning veitti okkur einkum Loftur Þorsteinsson, formaður Félags járníðnaðarmanna. Við áttum síðan vísan stuðning járníðnaðarmanna í mörgum greinum, en þeir voru larget á undan okkur félagslega.

Það varð svo hlutskipti þessa fámenna félags okkar að ryðja brautir fyrir félagsmenn í samningamálum um kaup og kjör og þar með að skapa félagslegt öryggi meðlima sinna. Og andrúmsloft breyttist til hins betra á allan hátt fyrir vinnandi sveina og lærlinga.

Ég tel ekki þörf að segja nánar frá félagsstofnuninni, þar sem frá henni verður greint í sögu félagsins.

## II. KAFLI

# Félag blikksmiða

### *Fyrstu árin.*

Í riti þessu er reynt að rekja sögu Félags blikksmiða sem greinilegast frá fyrsta fundi þess 25. maí 1935 til 230. fundar félagsins, sem haldinn var 28. júní 1977, eða í rúm 42 ár.

Raunar er ritið tekið saman í tilefni 40 ára afmælis félagsins, en ákvörðun um félagsritið var tekin of nærri því afmæli, svo að ekki var talið fært að vinna það á svo skömmum tíma. Síðar var ákveðið að auk sögu félagsins skyldi einnig vera í ritinu þættir um verksmiðjur í iðninni, eigendur þeirra, framleiðslu þeirra og störf.

Þessi samvinna milli sveina og meistara, þ.e. milli Félags blikksmiða og Félags blikksmiðjueigenda er mikils virði, þar eð iðnin samanstendur af framlagi beggja aðila til starfa.

Samkvæmt bókum Félags blikksmiða er á aðalfundum félagsins venjulega gert nokkurt yfirlit yfir störf félagsins árið fyrir. Þessar frásagnir eru að vísu í stórum dráttum, en samt eru þær bending um gang mála og þróun stéttarinnar.

Blikksmiðirnir voru átta, sem stofnuðu félagið. Og svo sem augljóst er, þurfti hver og einn þeirra að sinna margskonar félagslegum störfum, bæði inn á við og út á við, meðan félagið var að komast á laggirnar og var að fá viðurkenndan tilverurétt sinn. Þetta tókst á næstu mánuðum og sá ekki á störfum félagsins, hvort þarna voru við vinnu átta eða áttatíu manns.

Annar aðalfundur félagsins var haldinn 31. janúar 1937. Þá var gert yfirlit yfir fyrsta heila starfsár félagsins. Sjö félagsfundir höfðu verið haldnir á árinu og að auki fundur með meisturum. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir. Virkir félagar voru átta.

Fyrir atbeina laganna um iðju og iðnað frá síðasta sumri varð aðstaða félagsins stórbætt til allra starfa út á við. Formaður félagsins, Kristinn Vilhjálmsson, hafði dvalist í Danmörku meiri hluta ársins.

Hinn 31. desember voru eignir félagsins:

Eignir í sjóði	kr. 393.48
Ýmis útgjöld	kr. 132.18
Útistandandi skuldir (félagsgjöld)	kr. 66.00



Eignir félagsins 31. desember 1937 voru:

Eignir í sjóði	kr. 409.30
Félagsgjöld	kr. 238.00
Inneign í sparisjóði	kr. 589.89

## *Félag Blikksmiða.*

### *Stofnfundur.*

Fyrsta fundargerð félagsins hljóðar svo:

„Þriðjudaginn 25. maí 1935 héldu starfandi blikksmiðir í Reykjavík fund í Iðnskólanum í Reykjavík, til þess að athuga möguleika til að stofna stéttarfélag í þeirri iðngrein. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Jóhannsson og ritari fyrir fundinn Bjarni Ólafsson.

Fyrst tók til máls Kristinn Vilhjálmsson. Minntist hann á nauðsyn stofnunar félags fyrir blikksmiði og að rétt væri að taka í félagið menn úr smiðjunum Gretti og Blikksmiðju Reykjavíkur, og sömuleiðis að taka til athugunar tunnugerðina hjá Bjarna Péturssyni.

Tillaga frá Kristni var borin upp svohljóðandi:

„Legg til, að teknir verði í félagið Sigurður Hólmsteinn, Helgi Vigfússon, Vilhjálmur Húnfjörð og Jón Stefánsson, ef þeir óska þess.“



*Stofnendur Félags blikksmiða, fremri röð frá vinstri: Bjarni Ólafsson, Ásgeir Matthíasson, Helgi Hannesson. Aftari röð: Vilhjálmur Húnfjörð, Jón Rögnvaldsson, Vilhelm Davíðsson og Kristinn Vilhjálmsson. Á myndinni til hliðar er Guðmundur Jóhannsson en hann vantaði er hópmyndin var tekin í júní 1945.*



Tillagan var felld gegn einu.

Næst var borin upp tillaga frá Guðmundi Jóhannssyni:

„Nefnd falið að tala við Vilhjálmm Húnfjörð, á þeim grundvelli að hann yrði tekinn í félagið.“

Tillagan var samþykkt með 6:1.

Borin upp tillaga frá Kristni:

„Legg til að kosin verði þriggja manna stjórnlaganefnd á þessum fundi, sem undirbýr og boðar til næsta fundar, þar sem tekin verði til meðferðar endanleg stofnun félagsins.“

Samþykkt.

Mættir á fundinum: Kristinn, Guðmundur, Vilhelm, Jón, Helgi, Bjarni, Ingibergur.

Kristinn Vilhjálmsson,  
formaður

Ásgeir Matthíasson,  
ritari.“

Annar fundur í félaginu, sem var hinn raunverulegi stofnfundur, var haldinn 12. júní 1935 í Iðnskólanum.

Lesin voru lög fyrir félagið, er að mestu voru samin eftir lögum Félags járníðnaðarmanna.

Nefnd hafði verið kosin til að undirbúa lögin. Voru lögin samþykkt einróma og breytingalaust. Ákveðið var nafn félagsins: —Félag Blikksmiða í Reykjavík.

Skráðir stofnendur Félags blikksmiða voru:

Kristinn Vilhjálmsson, Guðmundur Jóhannsson, Ásgeir Matthíasson, Jón Rögnvaldsson, Helgi S. Hannesson, Vilhelm Davíðsson, Ingibergur Stefánsson, Bjarni Ólafsson, Vilhjálmm Húnfjörð.

En Ingibergur tók ekki frekari þátt í störfum félagsins þar sem hann var talinn eigandi Blikksmiðjunnar Grettis.

## **Mörg stéttarfélag stofnuð.**

Um þessar mundir var mikil gróska í félagslífi meðal verkamanna og iðnstétta. Heimskreppan hafði riðið yfir upp úr áramótum 1930, komin frá Ameríku. Þar lagði kreppan í rústir heil héruð og fólkið flúði úr einum stað í annan í leit að atvinnu og lifibrauði, en fátt var til bjargar til nokkurs langframa. Þessu tímabili lýsir rithöfundurinn John Steinbeck á stórfenglegan og ljósan hátt í skáldsögu sinni: Þrúgur reiðinnar.

Þessi kreppualda breiddist út og náði brátt til Vesturlanda. Henni fylgdi viðskiptaörðugleikar, atvinnuleysi, efnahagsvandræði allskonar, úrræðaleysi til athafna, fátækt, upplausn og svartsýni.

Á þessum árum gerast þau undur, að víða þar sem uppskera var góð og framleiðsla í lagi, þá var vörum brennt eða kastað í sjóinn, til þess að

halda uppi verði, þrátt fyrir fregnir um að á næsta leiti væru sveltandi héruð og þjóðfélög og hungur og hallæri legðu undir sig hverja lífsvon.

Andsvar kreppunnar hér á landi var að miklu leyti samvinna og samhugur einstaklinga og starfshópa. Hin félagslega hreyfing upp úr styrjöldinni 1914 til 1918, skipti mönnum í hópa og stéttir til starfs, til réttinda, hagsbóta, jafnréttis og menningar.

Félagslegar hreyfingar höfðu að vísu risið áður í þjóðfélaginu, svo sem Ungmennafélagshreyfingin. Hún hafði geysi víðtæk áhrif í þjóðlífinu. Ungmennafélög efldu hugsjónir til ræktunar, íþróttar, heilsuverndar, hreinleika og bindindis gegn skaðlegum nautnum og beinnar þátttöku í stjórnmalabaráttu þjóðarinnar gegn erlendu valdi.

Sem dæmi um hin félagslegu samtök má nefna, að á áratugnum 1925 til 1935, til þess tíma er Félag blikksmiða var stofnað, voru á landinu stofnuð 46 félög, bæði verkalýðsfélög og félög iðnaðarmanna. Þar áður voru mörg slík félög mynduð. Það var því á eðlilegan hátt komið að blikksmiðum að hefja samtök.

### *Launamál félagsins.*

Fyrsta aðalmál félagsins var tekið fyrir 18. júní 1935. Það var um hagsmunamál félagsmanna og um „Samningstilboð, sem stjórninni var falið að semja.“

Samningstilboðið var lesið upp á fundinum og greinargerðin, sem því fylgdi. Var verksmiðjueigendum gefinn frestur til 6. júlí til að svara bréfinu.

Ekkert svar frá verksmiðjunum hafði félaginu borist fyrir 6. júlí, svo að félagsfundur var haldinn 10. júlí til þess að ræða málið. Þar var ákveðið að veita verkstæðiseigendum frest til 11. júlí.

Eftir þann frest svöruðu tvö verkstæði og kváðust vera fús að semja við félagið, en þrjú verkstæði svöruðu loðið eða óákveðið.

Þótti þá mega ætla, að sumir verkstæðiseigendur hefðu „fullan hug á því að draga málið til þess að veikja afstöðu félagsins og jafnvel sundra því og hér yrði að bregða til skjótra ráða til þess að verja heiður félagsins og styrkja það,“ segir í fundargerð.

Þá var samþykkt að ganga í Alþýðusamband Íslands.

Þetta gerðist á fjórða fundi félagsins. Var þá samþykkt fyrsta verkfallsboðun félagsins, er var svohljóðandi:

„Stjórnin leggur til, að Félag Blikksmiða leggi niður vinnu á fimmtudagskvöld 11. júlí. Stjórninni verði falið að tilkynna verkstæðiseigendum það og verkfallinu verði ekki aflétt fyrir en samningar eru undirskrifaðir. Jafnframt sé stjórninni heimilt að semja við hvert einstakt verkstæði fyrir sig.“

Frh. á 4. síðu. | góðar.

að farið, að  
kkru nemi,  
þetta ritar,  
að athugi  
leyti. Enda  
a um ágæti  
mi, jafnvel  
eigi í hlut.  
sín á milli;  
ött og ödr-  
eru dómur  
Laxfoss á  
þeirra ekki  
fyrir smíð

má heldur  
eynslan ein  
sögn þeirra,  
ferðast, er  
í það, hvort  
ekki.

ta í byrjun  
lar á skipi  
m, og svo  
í þetta nýja

zel um skip  
t samkvæmt  
ntar eitt og  
krefst, sem  
svort nauð-  
rra skipi er  
mats nefna  
sem öðrum  
farþega skipi.  
1.  
er krattist á

## Verkfall hjá blikksmiðum hófst í morgun hér í bænum.

### Viðtal við formann Blikksmiðafélagsins.

**B**LIKKSMIÐIR hér í bænum  
stofnuðu með sér félag 12.  
júní síðastliðinn, en áður hafa  
blikksmiðir engin samtök haft.

Kaup þeirra hefir verið 80—  
150 aurar á klst. og engin  
hlunnindi. Þeir óskuðu eftir  
samningum við atvinnurekend-  
ur og sendu þeim samning-  
tilboð, sem atvinnurekendur  
svöruðu ekki. Hófst því verk-  
fall í morgun hjá öllum blikk-  
smiðum hér í bænum.

Alþýðublaðið hitti Kristinn Vil-  
hjálmsson, formann hins nýstofn-  
aða blikksmiðafélags að máli í  
morgun og skýrði hann svo frá:

„Stjórn félags blikksmiða skipa  
Kristinn Vilhjálmsson, Asgeir  
Matthíasson og Helgi Hannesson

Kjör blikksmiða hafa verið  
mjög slæm, enda hafa þeir engin  
samtök haft. Kaup þeirra hefir  
verið frá 80—140 auru á klukk-  
stund og engin hlunnindi. Sumir  
hafa halt þrjú daga sumarfrí,  
en aðrir ekkert.

A næsta fundi eftir stofnfund-  
inn var gert uppkast að samnings-

tilboði til atvinnurekenda. Sam-  
kvæmt því átti kaup að vera frá  
140—150 aurar á klst., 6 daga  
sumarfrí og 10 klst. vinna nema  
á laugardögum 6 klst. Einnig var  
það gert að skýrði, að félagar úr  
Félagi blikksmiða yrðu látnir  
sitja fyrir vinnu.

Frh. á 4. síðu.

## Egilegt vopn til funduð upp á

Mínstu herskip í Laðmi, með  
áhöfn, sem geta eyðilag-  
bygðastu bry

LINKASKEYTI

TIL ALÞYÐUBLAÐSINS.

KAUPMANNAHÖFN í morgun.

**E**NSKA BLAÐIÐ „News  
Chronicle“ skrifar, að Þjóð-  
berjar séu í þann veginn að  
koma fram á sjónarsviðið með  
nýju uppfinningu á sviði sjó-  
hernáðans, sem muni verða til

*Fyrsta verkfall félagsins vakti athygli, úrklippa úr Alþýðublaðinu frá 12. júlí 1935.*

Félagið var samþykkt í Alþýðusambandið, 74. félag í sambandið.

Þá var samþykkt á fundinum að koma því inn í væntanlegan samn-  
ing, að félagið hefði „ákvörðunarrétt til að takmarka lærlinga.“

Fundir voru nú haldnir þétt. Næsti fundur var 15. júlí. Á þeim fundi  
var lesin upp tilkynning frá Alþýðusambandi Íslands, að Félag blikk-  
smiða „sé boðið velkomið í heildarsamtök verkalýðsins.“

Verkstæðiseigendur höfðu gert gagntilboð. Var það rætt, en þótti

ekki líklegt til samkomulags. Voru þrjár greinar í tilboði verkstæða sérstaklega óaðgengilegar.

Voru félagar áminntir um að standa sem einn maður saman um kröfur Félags blikksmiða.

Samningafundur milli aðila voru nokkrir næstu daga. Félagsfundur var haldinn í Iðnskólanum 25. júlí. Þar var skýrt frá samningum, sem stjórn félagsins hafði gert við verkstæðin og var undirritaður 22. júlí 1935.

Þetta var merkur áfangi hjá hinu unga félagi. Í fyrsta lagi var félagið með samningi þessum viðurkennt sem samningsaðili fyrir stéttina. Í öðru lagi tókst svo vel til að ekki þurfti að koma til vinnustöðvunar. Og í þriðja lagi opnuðust félagsmönnum margir möguleikar til starfa, þar eð þeir höfðu nú fengið viðurkenndan tilverurétt sinn.

Og þess má minnst, að ekki voru nema tveir mánuðir liðnir frá stofnun félagsins.

Seinni hluta ársins voru til viðbótar haldnir þrír fundir eða alls níu fundir á þessu sjö mánaða starfsári.

Félagsgjald var í upphafi ákveðið ein króna á viku af félagsmanni, en átti að falla niður, ef félagi gengi atvinnulaus. Var síðar á árinu hækkað í fjórar krónur á viku.

Þá var á árinu í fyrsta sinn kosinn fulltrúi félagsins til starfa í Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna, samkvæmt lögum Alþýðusambands Íslands. Fyrir valinu varð Guðmundur Jóhannsson.

Ýmis stéttarmál voru til umræðu síðar á árinu. Meðal annars var rætt um lærlingamálið. Talið var nauðsynlegt að koma í veg fyrir að verkstæðin fjölguðu um of lærlingum, „þar eð það gæti dregið úr atvinnu sveina.“

Samningsbrot eitt hafði gerst á þessu tímabili. Það var í Nýju blikksmiðjunni, þar sem tveir hjálparmenn höfðu starfað, en ekki var leyfilegt, samkvæmt samningi að hafa nema einn. Var þetta lagað með samkomulagi.

Hinn 14. september skýrði Guðmundur Jóhannsson frá því að til stæði að stofnað yrði Iðnráð Íslands, þar sem iðnfélög sameinuðust í málum til stuðnings hvert öðru. Breyta þurfti því að meistarar og sveinar væru í sama félagi. Reynt yrði að fá fagfélög, sem starfa utan Alþýðusambands Íslands, til samvinnu við iðnráð.

Til umræðu á fundi 13. nóvember var frumvarp, sem þingmenn Alþýðuflokksins höfðu lagt fram á Alþingi um alþýðutryggingar. Kom í ljós í umræðum, að félagsmenn töldu frumvarpið ekki ná nógu langt, en studdu það, sem þarna var komið fram.

Það var líf og fjör í hinu unga og fámenna félagi strax í upphafi. Hinn 14. september var rætt um að halda skemmtun til ágóða fyrir félagið og skemmtinefnd var kjörin. Í hana voru kosnir: Guðmundur Jóhannsson,

Kristinn Vilhelmsson, Helgi Hannesson, Vilhelm Davíðsson og Ásgeir Matthíasson.

Síðar var rætt um að efna til skemmtunar félagsins í K.R.-húsinu fyrsta laugardag í desember.

Að loknu þessu fyrsta starfsári var lagður grundvöllur að heilbrigðu stéttarfélagi og stéttarvitund félagsmanna var opin og vaxandi á flestum sviðum.

Eftir að fyrstu samningar félagsins höfðu verið samþykktir var félagsmönnum mikið í mun að þeir yrðu kynntir á réttan hátt opinberlega. En það kom í ljós, að út af þessu máli reis mikil óánægja, þegar Morgunblaðið birti mjög villandi frásögn, sem dró úr sigri stéttarinnar í fyrstu baráttu hennar fyrir launum og réttindum.

Guðmundur Jóhannsson, sem var fyrsti fulltrúi Félags blikksmiða á þingi Alþýðusambandsins og síðar formaður félagsins, ritaði þá grein í Alþýðublaðið til andsvara og til þess að skýra afstöðu félagsins. Guðmundur nefndi greinina: Lausn blikksmiðadeilunnar og rangfærslur Morgunblaðsins, og segir þar:

„Á miðvikudaginn er skýrt frá því í Morgunblaðinu, að samkomulag hafi náðst í blikksmiðadeilunni og samið hafi verið upp á sömu kjör og áður.

Í greininni, er um þetta fjallar, stendur eftirfarandi klausa:

„Í gær komust á samningar í deilunni á þeim grundvelli, að *greitt verður sama kaup og áður.*“

Blaðið gerir auðsjáanlega lítið úr þeirri fyrirhöfn, sem hið unga og fámenna félag blikksmiða hefur haft fyrir því að bæta kjör meðlima sinna. Ég get ekki látið hjá líða að gefa þeim lesendum Morgunblaðsins, er kynnu að taka þessi skrif alvarlega, skýringu á því, hvernig kjör og kaup blikksmiða voru áður en deilan hófst.

Það er að vísu rétt, að útkoma á vikukaupi 3. — 4. manna verður sú sama, en þeir höfðu um kr. 1.40 um tímann með 10 tíma vinnu á dag alla virka daga vikunnar. En kaup hinna var mjög mismunandi, frá kr. 0.80 upp í kr. 1.20 um tímann. Viku sumarfrí með *hálfum* launum var áður gefið á *sumum* verkstæðum, þó ekki öllum. Strax eftir að félagið var stofnað var gert uppkast að samningstilboði til verkstæðiseigenda. Þar fórum við fram á, að kjör okkar og kaup yrðu bætt þannig að fullgildir verkmennt (en það teljast allir núverandi félagsmenn) fengju kr. 1.50 um tímann og að vinnutími yrði 10 tímar 5 daga vikunnar, en 6 tímar á laugardögum, eða unnið til kl. 1. Eftir þann tíma yrði greitt eftirvinnukaup, sem farið var fram á að yrði kr. 2.00 um tímann. Einnig var farið fram á 6 daga sumarfrí með fullu kaupum.

Þetta voru aðalkröfur félagsins, og eins og samningurinn, sem undirskrifaður var á mánudaginn, ber með sér, hafa verkstæðiseigendur gengið að þeim breytingarlaust.

Það má heita mikil bót fyrir okkur að hafa fengið hið fámenna félag viðurkennt og að allir félagsmenn skuli nú hafa sömu kjör og áður.

Eftir þessar ofangreindar upplýsingar trúi ég ekki öðru en að almenningi komi það einkennilega fyrir sjónir, hvernig Morgunblaðið hefur skýrt frá lausn deilunnar.

Ég hef þá skoðun, að það sé mjög óviðeigandi að ræða mikið um deilur eftir að sættir eru komnar á, en þegar farið er jafn langt með málið eins og Morgunblaðið gerir á miðvikudaginn, þá álit ég ekki nema rétt að leiðrétta það.“

En tilefni greinar Guðmundar er þessi frásögn Morgunblaðsins:

„Í gær komust á samningar í deilunni á þeim grundvelli

*að greitt verður sama kaup og áður,*

En sérstakir samningar hafa ekki gilt áður við þessa iðn.

Blikksmiðaiðnrekendum þótti smiðirnir koma fremur illa fram, er þeir hófu verkfall, enda þótt boðið væri upp á að ná samkomulagi á friðsamán hátt. Þeir líta svo á, að hingað til hafi unnið í smiðjum þeirra fleiri menn en nauðsynlegt var og muni þess vegna ekki eins margir fá þar vinnu framvegis.“

### *Athafnir fyrsta árið.*


Á fyrsta aðalfundi félagsins, sem haldinn var að Hótel Borg 18. janúar 1936, kom það fram að félagið hefði gengið rösklega til starfa þetta fyrsta missiri. Auk félagsmálanna hafði félagið haldið fyrirhugaða skemmtun. Ágóði af henni var kr. 95.81, en árstekjur félagsins voru kr. 247.81.

Á aðalfundinum var lærlingamálið til umræðu. Skýrt var frá því að í aðsigi væri að Nýja blikksmiðjan bætti við sig öðrum lærling. Umræður urðu töluverðar. Var stjórninni falið að vinna að málinu. Málið var síðan enn til umræðu á næsta fundi.

Á aðalfundi var rætt um, hvort félagið skyldi ganga í Samband iðnverkamanna, en nær öll iðnfélög væru þegar orðin félagar í því. Var samþykkt að Félag blikksmiða skyldi ganga í Samband iðnverkamanna og var Guðmundur Jóhannsson kosinn fulltrúi félagsins í Sambandið.

Hinn 27. mars 1936 var á 12. fundi félagsins rætt um kaupsamning félagsins við verksmiðjueigendur. Í þeim umræðum kom fram að samningar félagsins væru í ýmsum greinum langt frá því að vera sambærilegir við annarra félaga samninga. Rætt var þá um uppsögn kjarasamninga, en ákvörðun frestað að sinni.

Athuga þurfti, hvort verkstæði eitt léti hjálparmann vinna fagvinnu, á sama tíma sem einn félagsmaður gekk atvinnulaus, en það var formaður félagsins, Kristinn Vilhjálmsson.



Formenn Félags blikksmiða frá upphafi, myndin er tekin á Hótel Borg 1979.  
Talið frá vinstri, sitjandi, Kristinn Vilhjálmsson, Guðmundur Jóhannsson, Ásgeir Matthíasson, Standandi, Sveinn A. Sæmundsson, Magnús Thorvaldsson, Þórður Sveinbjörnsson, Finnþogi Júlíusson, Kjartan Guðmundsson, Magnús Magnússon, Hannes Alfónsson, og Kristján Ottóson.



Á fundi 27. mars var rætt um 1. maí hátíðahöld og samþykkt að félagið tæki þátt í þeim strax á fyrsta ári félagsins. Eftirtaldir félagar voru kosnir í undirbúningsnefnd hátíðahaldanna: Kristinn Vilhjálmsson, Guðmundur Jóhannsson og Ásgeir Matthíasson.

Þá voru á döfnni mótmæli gegn vinnulöggjöfnni, sem komin var fram.

Fleira gerðist á fyrsta starfsári félagsins, sem vert er að minnast.

Það kom í ljós, að víða í smiðjum og verkstæðum var reynt að láta ófaglærða menn vinna ýmis verk, sem heimfæra mátti undir blikksmiðaiðninna. Svo var til dæmis að taka um dósaframleiðslu. Þetta olli óánægju og deilum.

Á fundi félagsins 12. maí 1936 var rætt um þetta mál og frá því sagt, að rætt hafði verið við eigendur Nýju blikksmiðjunnar „um að þeir gengjust fyrir því að eitt eða fleiri verkstæði tækju að sér að taka við dósasmíðinni í málningaverksmiðjunni Hörpu, sem hafði verið framkvæmd um skeið með ófaglærðu fólki. Buðu þeir aðstoð félagsins eftir þörfum til að koma málinu í rétt horf. Engin ákveðin svör virtust fást um þetta og kom þar berlega fram ábyrgðar- og samtakaleysi meistara í þessu máli.“

Talað hafði verið um málið við formann Iðnráðs, Helga H. Eiríksson. Sagði hann það ótvíræða skoðun sína að hvers konar dósavinnsla teldist til blikksmiði.

Fundurinn ræddi þá hugmynd að sveinar í blikksmiði fengi einn mann í prófnefnd í iðnni.

Komið var á samvinnu milli Félags blikksmiða og meistara, til þess að ræða sameiginlega ýmis stéttamál. Voru í nefndinni tveir frá félaginu og þrír frá meistarum.

Hér hefur verið nefnt það, sem skiptir máli í störfum félagsins á fyrsta ári þess. Verður ekki annað sagt, en að vel hafi tekist með upphafið að starfi þessara samtaka. En þess má geta að á þessum árum höfðu risið mörg stéttarfélög, sem höfðu sama markmið. Þau studdu hvert annað á margan hátt og hin yngri félög lærðu af þeim, sem eldri voru og höfðu rutt brautina í sókn til réttar og hagsbóta.

### *Hagsmunabarátta. — Launamál.*

Félagið var vitanlega stofnað sem hagsmunasamtök þeirra, sem í blikksmiðinni voru. Þessi hagsmunasamtök voru fyrst og fremst um kaup og kjör, en jafnframt voru þau réttindi félagsmanna, einnig um öryggi þeirra og vernd á mörgum sviðum.

Þeir urðu á ýmsan hátt tengdir verksmiðjueigendum og vildu á allan hátt að rekstur þeirra gengi vel. Í því var atvinnuöryggi. En jafnframt

var nauðsynlegt að reyna að hljóta sem réttlátastan hlut fyrir vinnu sína hverju sinni.

Um þetta hefur starfsemi félagsins verið mest á liðnum árum þess. En vitanlega hefur félagið látið mörg mál til sín taka, bæði eitt sér og einnig í félagi við aðra.

Í hagsmunabaráttunni um kaup hefur jafnan verið nokkur hreyfing, en þó sjaldan stórfelld átök.

Fyrr á árum voru flestir þeir, sem verksmiðjum réðu, runnir upp úr stéttinni og voru jafnan til viðtals um málin.

Umræður um þessi mál hófust strax á stofnfundi félagsins. Og á fyrsta ári var lagður grundvöllur að því, að félagið ætti tilveruett, samningar voru gerðir við atvinnurekendur og hafið samstarf við önnur félög.

Blikksmiðastéttin hafði upphaflega myndast upp úr járnsmiðaiðnaðinum og stétt þeirra varð að mestu til hliðar við almennar járnsmiðar. Þó mátti tíðum ekki á milli skilja, þar sem eirsmiðir unnu að almennum hlutum, svo sem kötlum, skálum og ýmsum venjulegum málmhlutum.

Á aðalfundi félagsins 1937, sem haldinn var 31. janúar, var birt yfirlit yfir starf fyrsta heila starfsárs félagsins.

Félagsfundir höfðu verið haldnir sjö á árinu og að auki fundur með meisturum. Nokkrir stjórnarfundir höfðu verið haldnir. Virkir meðlimir í félaginu voru 7 talsins.

Stórbætt var aðstaða félagsins til allra starfa út á við var fyrir atbeina laganna um iðju og iðnað frá sumrinu áður. Formaður félagsins, Kristinn Vilhjálmsson, dvaldi í Danmörku meiri hluta ársins.

Snemma árs 1937 hófu mörg iðnfélög í Reykjavík samninga við verkstæði og vinnustofur og endurnýjuðu flest samninga. Félag blikksmiða taldi nauðsynlegt að fara að dæmi þeirra. Og á fundi 25. apríl 1937 var rætt um að segja samningunum upp. Þá var einnig rætt um ýmis önnur mál, um slysatilfelli, um nýsveina í félagið, um að stefna að því að koma tímakaupi upp í kr. 1.70. Var samþykkt að segja upp samningum þá þegar.

Stjórnin var síðan í samningaviðræðum við verkstæðaeigendur. Og á fundi 20. júlí var tilkynnt að gerðir hefðu verið kjarasamningar með nokkrum árangri, er félagsmenn töldu sig getað unað við.

### *Nemendamálið.*

Komið hafði upp misklið um það, hvað verkstæðin mættu taka marga nemendur. Verkstæðunum hætti til að taka nemendur, jafnvel þó að félagsmenn hefðu ekki örugga atvinnu.

Í umræðum um nemendamálið 12. mars 1938, var talið æskilegt að verkstæðiseigendur mættu bæta við 2 — 3 nemum í iðnina á fjórum árum.

Þá var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Fundur í Félagi blikksmiða 12. mars 1938 samþykkir eftirfarandi álit: — Þar eð Félag blikksmiðjueigenda hefur samkvæmt bréfi dags. 20 febrúar 1937 lýst sig samþykkt þeirri ráðstöfun að stytur vinnutími tveggja félagsmanna á Blikksmiðaverkstæði J.B. Péturssonar um tvær klukkustundir á dag og viðkomandi verkstæðiseigendur talið sig tilneydda, vegna þess hve lítil atvinna væri fyrir höndum, og ennfremur vegna þess, hversu hlutfallið verður eins og nú standa sakir að teljast mjög óeðlilegt milli sveina og nemenda í iðninni eða 8 sveinar og 5 nemendur, þá samþykkir fundurinn að fela fulltrúa félagsins í Iðnráði Reykjavíkur að hvorki samþykkja né undirskrifa nokkurn nemendasamning að svo stöddu máli, en telur hinsvegar rétt að taka þetta mál til athugunar strax og einhverjir af núverandi nemendum hafa lokið prófi.“

Skömmu síðar, eða 27. apríl 1938, var nemendamálið aftur til umræðu. Þá var eftirfarandi tillaga samþykkt: — „Fundurinn samþykkir að fela stjórn félagsins að hafa tal af stjórn Félags blikksmiðjueigenda í þeim tilgangi að samið verði um töku og tölu nemenda í iðninni.“

Á fundi hinn 10. október 1938, var þannig bókun gerð um nemendamálið: — „Álit verksmiðjueigenda lágu nú fyrir fundinum. Höfðu þeir algjörlega hafnað samkomulagi við Félag blikksmiða um þessi mál, en samþykktu hinsvegar sín á milli, að þeir sem hyggðust taka nemanda, fengju samþykki fundar í félagi þeirra. Þá nýlega höfðu verið samþykktir tveir nemar. Kom í ljós, þegar nemandi Agnars Breiðfjörðs var samþykktur, þá var strax stytur vinnutími hjá sveinum á vinnustofu hans“.

Töldu félagsmenn að þessu yrði að svara á viðeigandi hátt.

Um iðnnema var rætt á fundi félagsins 31. mars 1939. Þá mætti á fundinum fulltrúi frá Málfundafélagi Iðnskólans. Áður hafði borist bréf frá Málfundafélaginu, þar sem farið var fram á við Félag blikksmiða að það veitti stuðning, ásamt öðrum iðnfélögum, til að vinna að bættri aðbúð nemenda við skólanámið. Var þessu vel tekið og formaður tók að sér að vera fulltrúi blikksmiða í málinu.

Iðnráð Reykjavíkur skrifaði Félagi blikksmiða vorið 1940 um athöfn við afhendingu nýsveina í iðninni. Í nágrannalöndunum voru einskonar hátíðarhöld við afhendingu bréfanna. Var rætt um á fundi 28. júní 1940 að taka þennan sið upp hér á landi. Fundurinn samþykkti að styðja þessa tilraun.

Löngu seinna var mál þessu viðkomandi rætt á fundi félagsins 19.

september 1946. Þá var rætt um „drátt þann, er oft ætti sér stað að nemar lykju prófi, þó að þeir hefðu endað sinn námstíma.“

Samþykkt var að fela stjórninni að láta þessa menn greiða félagsgjöld, „strax að loknu námi, þó að þeir hefðu ekki lokið prófi.“

### *Um blikkkassa.*

Árið 1937 reis upp deila um smíði ískassa undir fisk til útflutnings. Kassagerð Reykavíkur hafði hafið smíði á slíkum kössum. Hafði Kassagerð Reykjavíkur fengið lögregluúrskurð fyrir því, að ekki þyrfti fagmenn til að smíða fiskkassa.

Átaldi fundurinn 20. júlí iðnráðið fyrir að hafa gengið alveg á snið við blikksmiði, „sem í rauninni væri annar aðili að máli þessu og þar sem úrskurðurinn væri að orðalagi mjög vítaverður og gæti gefið öðrum fordæmi að draga undan iðninni nýja vinnu. Þá urðu menn sammála um að leita samvinnu við Félag blikksmiðjueigenda og fá þetta mál tekið upp að nýju og að láta það ganga til stjórnarráðsins, ef með þyrfti.“

Hinn 12. mars 1938 kom kassagerðarmálið til umræðu. Svar frá ráðuneytinu hafði borist viðvíkjandi kæru og fyrirspurn „út af smíði á blikkdósum undir fisk, þar sem leitað var álots um það mál erlendis.

Svarið var á þá leið, að blikkumbúðir um fisk væru jöfnum höndum smíðaðar af blikksmiðum og umbúðaversmiðjum í Noregi, eftir því hverjir byðu lægra verð á hverjum tíma.“

Ekki var fundurinn ánægður með þennan úrskurð og vildu sumir menn halda málinu áfram gegnum Iðnráðið.

### *Deilur um Alþýðusambandið og Alþýðuflokkinn.*

Ein af fyrstu ákvörðunum Félags blikksmiða var að ganga í Alþýðusamband Íslands til þess að styrkja félagslega aðstöðu sína. Fyrsti fulltrúi félagsins á Alþýðusambandsþing var kjörinn Guðmundur Jóhannsson. Á fundi 2. júní 1938 var Kristinn Vilhjálmsson kjörinn fulltrúi á Alþýðusambandsþing, varafulltrúi Bjarni Ólafsson.

Á þeim fundi var rætt um átökin, sem stóðu yfir í Alþýðuflokknum, en þar hafði sundrung átt sér stað undanfarin ár, sem reis aðallega út af því að þeir einir fulltrúar, sem fengju setu á Alþýðuflokksþingum yrðu að vera í Alþýðuflokknum.

Haustið 1938, hinn 1. október, var málið til umræðu á félagsfundum blikksmiða. Var talið nauðsynlegt að félagið tæki afstöðu til þessara mála, þar eð tímamót voru í vændum í sambandi við Alþýðuflokkinn

og verkalýðshreyfinguna. Var talið sjálfsagt, að Alþýðusambandið starfaði utan við pólitík ákveðinna flokka.

Samþykkt var tillaga, þar sem segir að „þar sem ætlunin er að gera breytingar á skipulagi sambandsins, þannig að það verði óháð öllum stjórn mála flokkum, en ekki eins og nú, þar sem í rauninni sé einn pólitískur flokkur, sem að mestu fari með mál félaganna í sambandinu og sé orðið mjög óvinsælt, þar sem í félögunum eru vitanlega menn af öllum stjórn mála flokkum og sum fagfélög hafa ekki enn fengist til að ganga í sambandið.“

Sama haustið, á fundi 22. nóvember, var rætt um afstöðu verkalýðsfélaganna til Alþýðuflokksins. Talað var um að Alþýðusambandsstjórn (þ.e. Alþýðuflokkurinn) hefði sýnt þessu máli fullan fjandskap og útilokað marga fulltrúa frá helstu félögum að sitja Alþýðusambandsþing, en samþykkt aðra með vafasömum réttindum.

Á fundinum var lesið bréf frá Dagsbrún um málið. Þar er gert ráð fyrir að Dagsbrún taki forystu í þessu máli „og væri nú verkamanna- og fagfélögum sent bréf til umsagnar, ásamt samningi, þar sem félögin gera með sér skuldbindingu um að aðstoða hvert annað á gagnkvæman hátt í vinnudeilum og öðrum málum og væri það nauðsynlegt, þar sem stjórn Alþýðusambandsins sýndi þessu máli mótspyrnu, en þar sem Dagsbrún hafði forystu í málinu mátti reikna með því að sigur væri vís, þar sem Dagsbrún mætti teljast aðalkraftur Alþýðusambandsins og mætti félag okkar minnast þess, er við áttum í verkfalli um árið, að okkur kom virkasta hjálpin frá Dagsbrún.“

Var samþykkt að hafa samvinnu við Dagsbrún og fara að tillögum hennar í málinu.

Alþýðuflokkurinn slepti síðan yfirráðum í Alþýðusambandinu á þann hátt, að eingöngu skyldu ekki fulltrúar úr Alþýðuflokknum fá setu á þingum sambandsins. Alþýðusambandið varð síðan sjálfstæður aðili sameinaðra verkalýðs- og iðnfélga.

Um það bil er þessi breyting varð á skipan mála var talið að eignir verkalýðshreyfingarinnar gengju til hins nýja Alþýðusambands. En svo varð ekki, heldur seldi Alþýðuflokkurinn húseignirnar og afsalaði þeim á annan hátt.

Hinn 18. apríl 1944 var kynnt á fundi bréf frá stjórn verkalýðsfélaganna „um að sölur og afsöl Alþýðubrauðgerðarinnar, Iðnó og Ingólfs Café.“

Í greinargerð var „áskorun til félagsmanna að fara í mál við núverandi eigendur eignanna.“

Eftirfarandi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum: „Félagsfundur í Félagi blikksmiða, haldinn 18. apríl 1944, felur stjórn félagsins að óska eftir því við fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, að það höfði mál til riftingar sölu á eignarhluta félagsins í eigninni

afhenti til Alþýðubrauðgerðarinnar h.f., samkvæmt afsalsbréfi dagsettu 29. október 1940, undirrituðu af þáverandi stjórn Fulltrúaráðsins, og til riftingar á sölu eignarhluta félagsins í eignum (Alþýðuhúsið, Iðnó og Ingólfs Café) afhentum Alþýðuhúsi Reykjavíkur h.f., samkvæmt afsalsbréfi dagsettu 12. ágúst 1940, undirrituðu af þáverandi stjórn Fulltrúaráðsins.“

Þegar átökin voru um Alþýðusambandið fyrir 1940, var stofnað Landssamband íslenskra stéttarféлага. En með tilkomu hins nýja Alþýðusambands breyttust aðstæður félaganna. Þetta kom fram á fundi í félaginu 20. október 1940, „að Alþýðusambandið væri komið á heilbrigðan grundvöll með aðskilnaði frá pólitískum félögum Alþýðuflokksins.“

Var samþykkt á fundinum að greiða „verði áfallinn tveggja ára skatt til Alþýðusambandsins. Einnig samþykkir fundurinn að kjósa nú þegar fulltrúa á hið væntanlega þing samtakanna.“

Fulltrúi á Alþýðusambandsþing var kosinn Guðmundur Jóhannsson, til vara Ásgeir Matthíasson.

### *Um sveinsbréf og iðnréttindi.*

Rætt var um það, hvort menn, sem unnið hefðu í stéttinni, en ekki haft próf í iðninni gætu fengið réttindi eftir ákveðinn vinnutíma í iðninni.

Þetta varð töluvert sóknarmál hjá nokkrum mönnum, sem höfðu unnið allengi við blikksmíðar.

Árið 1938 hafði Vilhjálmur J. Húnfjörð sótt um að fá meistararéttindi í iðninni.

Á fundi 10. október 1938 lagði Vilhjálmur fram eftirfarandi tillögu: —, „Fundurinn samþykkir að fela iðnaðarfulltrúa félags okkar að mæla ákveðið með því við Iðnaðarráðsstjórn Reykjavíkur, að Vilhjálmur J. Húnfjörð fái að leysa meistarabréf í blikksmíði hjá lögreglustjóra.

Vilhjálmur J. Húnfjörð

Félagsmenn lögðust gegn tillögu þessari og skráð var eftirfarandi í fundarbók: Fundurinn getur „undir engum kringumstæðum samþykkt tillöguna sóma síns vegna, þar sem viðkomandi hefði ekki þau skilyrði í höndum, sem réttlæti það að hann fái meistarapróf og þar sem iðnaðarfulltrúi félagsins hafi mælt eindregið á móti því að Sigurður Hólmsteinn fengi meistararéttindi, þegar hann sótti um það til Iðnráðs, en hann væri eigandi að verkstæðinu, sem Vilhjálmur ynni í, og væri það meistaralaust, eins og mönnum væri kunnugt um, síðan Einar heitinn Einarsson féll frá. Ennfremur er talið, að ekki geti önnur skoðun komið til

greina en að þeir einir, sem hafa lagt á sig fjögurra ára nám og iðnskóla, fengju meistaráréttindi, enda það skýrt tekið fram í lögnum.“

Tillaga Vilhjálms var felld með skriflegri atkvæðagreiðslu.

Þá var samþykkt tillaga um að „ef einhver af þeim félögum, sem ekki hafa sveinsbréf í iðninni, en kynnu að vilja ganga undir sveinspróf, þá feli félagið fulltrúa sínum í Iðnráði að stuðla að því eftir því sem ástæða hans leyfir að fá undanþágu um skólanám og fleira, sem er krafist undir sveinspróf.“

Nokkrum mánuðum síðar á aðalfundi félagsins, 29. janúar 1939, var rætt um meistaráréttindi Vilhjálms Húnfjörðs og Sigurðar Hólmsteins.

Í bréfi frá lögreglustjóra sagði, að þeir yrðu að ganga undir próf og taka sveinsstykki. Mátti það teljast viðunandi lausn á málinu og gat félagið fallist á þetta.

Blikksmiðja Reykjavíkur var meistaralaus og kom fram í umræðum að engin iðngrein myndi láta slíkt viðgangast.

Um þetta leyti hafði verið stytur vinnutími í sumum blikksmiðjum.

### *Félagið komið á laggirnar.*

Segja má, að hið unga Félag blikksmiða hefði í mörg horn að líta fyrstu starfsárin, þar eð það þurfti að hefja starf í ýmsum málum, sem eldri iðnfélög og verkalýðsfélög höfðu unnið að.

Fyrsta sjóðsmyndun innan félagsins var rædd 10. október 1937 og talað um að sú sjóðsstofnun „yrði styrktarsjóður fyrir félagana í einhverri mynd.“ Gæti komið til mála „að taka sem stofnfé nokkurn hluta úr félagssjóði, og síðan rynni ákveðinn hluti af félagsgjöldum í sjóðinn.“

Lög félagsins voru endurskoðuð og gera þurfti á þeim ýmsar breytingar, þar sem þau voru í mótsógn við kaupsamninga, sem þá giltu.

Að beiðni Iðnráðs skyldi félagið tilnefna 3 menn í prófsmiðanefnd. Sveinarnir öðluðust þar með rétt til að hafa hönd í bagga með nemendum, er þeir útskrifuðust.

Í nefndina voru skipaðir: Guðmundur Jóhannsson, Bjarni Ólafsson og Vilhelm Davíðsson.

Hinn 2. júní 1938 var samþykkt inntökubeiðni í félagið frá Björgvin Ingibergssyni. Var hann fyrsti sveinninn, sem gekk í félagið frá stofnun þess.

Árið 1937 voru haldnir 6 félagsfundir og 15 stjórnarfundir. Eignir félagsins í árslok 1937 voru:

Eignir í sjóði	kr. 409.30
Félagsgjöld	kr. 238.00

Árið 1938 voru haldnir 8 félagsfundir og 16 stjórnarfundir. Þrír nýir félagar gengu inn á árinu.

Nýtt iðnráð tók til starfa á því ári. Félag blikksmiða átti fulltrúa í því.

Skemmtiferð hafði félagið farið á árinu. Tókst hún vel. Eign í sjóði í árslok 1938 var kr. 1.011.93.

Deila hófst 1938 um styttingu vinnutíma á verkstæðum. Verkstæði Bjarna Péturssonar hafði stytta um tvær klukkustundir vinnutíma á dag. Félagsmenn töldu, að ekki væri hægt að stytta vinnutímamann, nema með því að brjóta samninga. En Félag verksmiðjueigenda samþykkti ályktun, þar sem þeir álitu að ekki hafi verið gengið á samninga að þessu leyti.

Var rætt um að fá lögfræðilegan úrskurð í málinu. Var þetta talið hreint brot á samningum, þar sem samið hafði verið um ákveðinn vinnutímafjölda.

Lá málið þannig fyrir um sinn.

## *Upphaf styrjaldarinnar.*

Haustið 1939 var fullvíst að til styrjaldar myndi draga í Evrópu. Undanfarið missiri hafði vígbúnaður margra stórvelda aukist mjög og átök höfðu orðið á nokkrum stöðum. Nasisminn hafði magnast í Þýskalandi og þegar komið var fram í september þótti augljóst að allsherjar styrjöld í Evrópu myndi brjótast út. Sú varð einnig raunin.

Augljóst var, að hér á landi myndi brátt verða efnisskortur á ýmsum sviðum, ef styrjöld brytist út.

Þetta mál var rætt á fundi Félags blikksmiða 5. september 1939.

Fundurinn gerði eftirfarandi ályktanir og sendi Félagi blikksmiðjueigenda:

„Í tilefni af því ástandi, sem skapast hefur vegna styrjaldarinnar, var tekið til umræðu í félagi okkar atvinnuhorfur og annað, sem iðnina varðar í því sambandi. Voru félagsmenn á einu máli um eftirfarandi:

1. Að óviðráðanlegir erfiðleikar hljóti að vera á því að nægjanlegt efni fái til að vinna úr, — og þar sem frekar lítið óunnið efni mun vera á verkstæðum nú fyrirbyggjandi, mun þá draga til þess að atvinna félagsmanna rýrnar að meira eða minna leyti í náinni framtíð, ef sama ástand helst og nú er í alþjóðamálum.

2. Að beina því til hlutaðeigandi verkstæðiseigenda, að þeir noti alls ekki hjálparmenn til aðstoðar eða við smíðar á verkstæðunum eða utan þeirra, eins og nú standa sakir.

3. Ennfremur vill fundurinn beina því til verkstæðiseigenda, að ef grípa þarf til þess að segja mönnum upp vinnu eða stytta vinnutímamann



vegna efnisskorts, eða af öðrum ástæðum, þá verði það gert í samráði við stjórn félags okkar.“

Frá því var skýrt á fundi í desember, að erindi félagsins til verkstæðis-eigenda hefði mætt skilningi — þó ekki einróma.

Á þeim fundi var einnig rætt um hina gífurlegu dýrtíð, sem hafði aukist mjög síðan styrjöldin braust út.

Ennfremur var rætt um áskorun til Alþingis um breytingar á vinnulöggjöfinni, einkum þeim stóra galla, „sem komið hefur í ljós, þegar hægt er að hafa fleiri en eitt félag í sömu starfsgrein á sama stað.“

### *Enn um hjálparmenn.*

Oft hafði verið rætt um það á fundum, hvort verkstæðum væri heimilt að nota hjálparmenn utan verkstæða. Verkstæði notuðu þetta í ýmsu í óþökk félagsins.

Nú var það, að Blikksmiðjan Grettir fór fram á það, hinn 9. apríl 1940, að Félag blikksmiða léti afskiptalaust að smíðaðir væru blikkassar á verkstæðinu af hjálparmönnum. „Færð voru þau rök að því, að það gæti vart talist fagvinna og framleiðslan ekki samkeppnisfær sem fagvinna.“

Félagið svaraði með bréfi, þar sem málaleitan Grettis var algjörlega hafnað.

### *Kjaramálin á styrjaldarárunum. — Verkfall.*

Haustið 1940 var ástandið í fjármálum og samningaumleitani til umræðu. Samþykkt var svohljóðandi tillaga:

„Félagsfundur blikksmiða haldinn sunnudaginn 20. október 1940 samþykkir að nota heimild þá er innifelst í gengisbreytingarlögunum með því að segja upp samningi félagsmanna við Félag blikksmiðjueigenda frá áramótum 1940—41.“

Þá var einnig samþykkt:

„Fundurinn samþykkir að fela stjórn félagsins að undirbúa uppkast að nýjum samningi, sem síðan verði lagður fyrir félagsfund.“

Var strax unnið að málinu og á fundi 10. desember 1940 var útbýtt samningsuppkasti. Var það nokkuð í sambandi við kröfur annarra félaga og til samræmingar við þau, þar sem flest félög fóru fram á styttnan vinnudag með óskertu dagkaupi, ásamt mánaðarlegri uppbót í fullu samræmi við dýrtíðina. Einnig var farið fram á hækkan kaupis í eftir- og næturvinnu.

Í þessu uppkasti samninga var bent á skyldleika blikksmiðastéttarinnar við járníðnaðinn.

Skrifleg atkvæðagreiðsla fór fram um samningsuppkastið og var það samþykkt. Stjórn félagsins var því næst falið að bera fram samninga við Félag blikksmiðjueigenda.

Tæpum hálfum mánuði síðar, hinn 22. desember, var kynnt bréf frá Félagi blikksmiðjueigenda, þar sem því er haldið fram, „að ekki væri hægt að segja upp öðrum atriðum samninga en þeim, er fjalla um kaupgjald.“

Þá samþykkti félagið eftirfarandi tillögu:

„Fundurinn samþykkir að fela stjórn félagsins að sjá um allsherjaratkvæðagreiðslu þá, er samþykkt hefur verið að láta fram fara í félaginu og tilkynna atvinnurekendum úrslit hennar.“

Eftir skamman tíma var málum þannig háttað að auðséð var, að til verkfalls myndi koma út af kaupgjaldi. Og á fundi 9. janúar 1941 var skýrt frá því að verkfallið væri hafið og fór formaður „nokkrum orðum um gang verkfallsins.“

Jafnframt verkfallstilkynningunni var rætt um úthlutun styrkja úr sjóði félagsins, vegna verkfallsins, sem hér segir:

Hjón barnlaus fá 30 kr. á viku og fyrir hvert barn, sem hjón hafa á framfæri sínu verði greiddar 6 kr. á viku. Þetta var samþykkt.

Þá var á fundi 16. janúar rætt tilboð, sem meistara höfðu gert. Þar var boðið 2 1/2 tíma styttingu á viku og kr. 1.73 um tímann.

Tilboð þetta þótti fundarmönnum ekki aðgengilegt, en samþykktu jafnframt til samninganefndar fullt umboð til áframhaldandi samninga-umleitana. Raddir komu fram um að samninganefnd „gengi ekki inn á lægri launataxta en kr. 1.80 á klst., að viðbætti dýrtíðaruppbot.“

Sumir félagar höfðu unnið annars staðar en á vinnustofum sínum. Urðu alvarlegar umræður um hvort félagsmönnum væri leyfilegt að vinna t.d. við stáltunnugerð J.B. Péturssonar. Sögðust sumir menn fara úr félaginu, ef ekki væri slík vinna leyfð. —

Horfði þá til klofnings í félaginu.

Til sátta í málinu var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Fundurinn samþykkir að leyfa þeim tveim félögum að vinna, sem óska að fá að starfa við stáltunnugerð J.B. Péturssonar, verði væntanlegur kauptaxti félagsins haldinn. Ennfremur áskilur félagið sér rétt til að rifta þessari samþykkt, ef viðhorf breytast þannig, að það verður nauðsynlegt.“

Hinn 18. janúar 1941 var á fundi lagt fram samningstilboð frá meistarum, er var kr. 1.78 á klukkustund og 44% hærra í nætur- og helgidagavinnu. Þá var tiltekið í boðinu að vinnutími væri frá kl. 7 að morgni og hætt kl. 5 1/2. Var þetta samþykkt á fundinum.

Samningar höfðu þar með tekist eftir þriggja vikna verkfall.

Jafnframt samþykkt samninganna var ákveðið að hækka félagsgjald í 6 kr. á mánuði. Gjaldkera skyldi heimilt að innheimta félagsgjald hjá verkstæðiseigendum.

### *Um vinnulöggjöfina.*

Frumvarp hafði þá komið fram á Alþingi um vinnulöggjöfina. Verkalýðsfélög almennt tóku hart á móti því. Hinn 1. nóvember 1941 samþykkti Félag blikksmiða í einu hljóði eftirfarandi:

„Fundurinn mótmælir mjög ákveðið frumvarpi því, er komið er fram á Alþingi og gengur í þá átt að koma lögfestingu á kaup launþega í landinu. Ennfremur mótmælir fundurinn hvers konar tilraun, sem miðar að því að skerða núverandi athafna- og ákvörðunarfrelsi stéttarfélaganna.“

Og á aðalfundi 5. febrúar 1942 var samþykkt eftirfarandi ályktun í málinu:

„Aðalfundur Félags blikksmiða, haldinn 5. febrúar 1942, mótmælir eindregið bráðabirgðalögum frá 8. janúar s.l. um gerðardóm í kaupgjaldsmálum, sem hefur þær afleiðingar í för með sér að svifta launþega í landinu þeim skýlausu mannréttindum að ráða kjörum sínum og kaupi. Fundurinn skorar því á Alþingi að nema tafarlaust þessi lög úr gildi.“

### *Kjaramálin enn.*

Á aðalfundi félagsins 6. febrúar 1942 var rætt um félagsmálin og einkum um ósamræmi á kjörum blikksmiða og járníðnaðarmanna. Óánægja var einnig með dóm gerðardóms í kaupgjaldsmálum, sem „bannað hefði allar grunnkaupshækkanir og verkföll.“

Skömmu síðar, 8. maí, var lögð fram tillaga á fundi um að sagt yrði upp „gildandi launasamningum við verksmiðjueigendur.“

Einnig var rætt um bættan aðbúnað á vinnustöðum.

Þá var þessi tillaga samþykkt:

„Fundur í Félagi blikksmiða, haldinn föstudaginn 8. maí 1942, samþykkir að fela stjórn félagsins að segja upp samningi félagsins við Félag blikksmiðjueigenda. Einnig sé stjórninni falið að ræða við Félag blikksmiðjueigenda um væntanlegt samkomulag.“

Launamálin voru síðan til umræðu á öllum fundum félagsins 1942.

Hinn 6. ágúst var skýrt frá því, að járníðnaðarmenn hefðu fengið 25% launahækkun við það miðað að verkstæðiseigendur féllust á að félagsmenn „skyldu njóta sömu kjara og járníðnaðarmenn hefðu nú,



*Frá félagsfundi 1971 haldinn að Freyjugötu 27.*

það er 25% á vikukaupið, sem er 100 kr. grunnkaup, og breyting í eftirvinnu og helgidagavinnu í sama horf og járníðnaðarmenn hafa, ennfremur skal vinnuvika teljast 48 stundir dagvinna.“

Þá var samþykkt þessi tillaga:

„Fundur í Félagi blikksmiða 6. ágúst 1942 samþykkir að fyrst um sinn verði engir bindandi samningar gerðir við Félag blikksmiðjueigenda.“

Leið svo fram til 7. september.

Félagið hafði verið samningalaust frá síðustu áramótum og rætt var um samningana. Járníðnaðarmenn voru búnir að semja, einnig verkamenn.

Var nú lögð mikil áhersla á nauðsyn þess að semja „um stórauknar kjarabætur,“ „hækkun grunnkaups,“ stytting vinnutímans,“ „aukið sumarfrí,“ „vikukaup í stað tímakaups,“ „tveggja vikna sumarfrí í stað einnar viku,“ „aukin hlunnindi í slysatilfellum,“ og fleira.

Viku seinna var sagt frá því, að meistarar teldu sig fúsa til samninga. Rætt var um verkstjóra og gagnkvæmar skyldur gagnvart samningunum.

Þegar samningar voru gerðir nokkru síðar, var grunnkaup kr. 145.00 á viku „og þá borgaðir helgi- og frídagar, 48 stunda vinnuvika, 1/2 mánaðar sumarfrí, mikið hækkað grunnkaup í eftirvinnu og lengri kaupgreiðsla í slysatryggingum.“

Á næsta aðalfundi 20. janúar 1943 voru menn glaðir, þegar rætt var um hinar „geysilegu kjarabætur, sem náðst hefðu, og væri það sam-

heldni félagsmanna að þakka og hinu óvenjulega ástandi, sem skapast hefði vegna styrjaldarinnar.“

Það var þá, sem allir félagsmenn voru skuldlausir við félagið.

Eignir félagsins voru nú sem hér segir:

Hinn 1. janúar 1942 var sjóðseign kr. 1.804.00

Hinn 1. janúar 1943 var sjóðseign kr. 3.317.00

Á árinu 1943 var rætt um atvinnuhorfur í stéttinni. Við athugun kom í ljós að ekki færri en 24 hjálparmenn unnu við iðnina og skráðir lærlingar voru 8. Þóttu það nokkur vandræði, að svo margir verkamenn ynnu á verkstæðunum.

### ***Kaupgjaldsmálin 1944.***

Snemma árs 1944 var kosið í trúnaðarmannaráð. „Það tók til starfa í sambandi við kaupdeilur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.“ Þá var ekki komið til vinnustöðvunar.

Hinn 9. ágúst 1944 var rætt um kaupgjaldsmálin og sagt frá fulltrúaráðsfundi fagfélaga. Ólag, að járniðnaðarmenn hefðu „lægra kaup í katlavinnu en verkamenn, og gerfismiðir bæru næstum eins mikið kaup úr bítum og sveinar.“

Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum:

„Fundur í Félagi blikksmiða, haldinn 9. ágúst 1944, samþykkir að segja upp nágildandi samningum við Félag verksmiðjueigenda. Einnig er stjórninni falið að ræða við Félag blikksmiðjueigenda um væntanlegt samkomulag.“

Breytingar á samningnum voru svo ræddar á fundi 30. ágúst, að grunnkaupshækkun færi úr „kr. 145.00 í kr. 163.00 á viku, uppsagnarfrestur var 7 dagar, nú einn mánuður og miðað við mánaðarmót, og að síðustu um bættan aðbúnað félagsmanna á vinnustöðum.“

Þetta var samþykkt í einu hljóði.

Þá var haldinn trúnaðarmannaráðsfundur og samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Fundur í trúnaðarmannaráði Félags blikksmiða í Reykjavík, haldinn 30. ágúst 1944, samþykkir að stöðva alla vinnu meðlima félagsins hjá meðlimum Félags blikksmiðjueigenda í Reykjavík, frá og með 11. september n.k., ef samningar um kaup og kjör meðlima Félags blikksmiða hafa ekki tekist fyrir þann tíma.“

Á fundi 6. október 1944 var rætt tilboð verkstæðiseigenda. Þeir vildu greiða „kr. 3.20 fyrir hverja klukkustund, vildu afnema vikukaup og þar með raska grundvelli gamla samningsins og þess samningsuppkast“, sem þeim hafði verið sent frá félaginu.

Þá var samþykkt að veita félögum styrk úr félagssjóði, vegna verkfallsins.

### *Tilraun til verkfallsbrots.*

Tilraun hafði verið gerð í blikksmiðjunni Gretti til að brjóta verkfallið. Hjálparmaður hafði unnið, ásamt tveimur kvenmönnum í Iðju.

Formaður Félags blikksmiða hafði krafist þess af eigendum blikksmiðjunnar að þessari vinnu yrði hætt samstundis, en fengið þau svör, að „þetta væri ekki blikksmiði, þetta væri Iðjurekstur.“

Kæra um þetta var send til sakadómara.

Skömmu síðar dró að leikslokum að þessu sinni og samningar tókust í nóvember 1944.

Hafði verkfallið þá staðið í nær tvo mánuði.

Eftir að samningar tókust, var samþykkt á fundi í félaginu í nóvember 1944:

„Ekki skal verkfall það, sem staðið hefur undanfarið koma til frádráttar á sumarleyfum og greiðist því sem unninn tími.“

### *Viðgerðir skulu fara fram innanlands.*

Í árslok 1944 var skorað á ríkisstjórnina „að hlutast til um að allar viðgerðir og nýbyggingar skipa yrðu framvegis sem mest í landinu sjálfu.“

Einnig var rætt um endurskoðun laga um iðju og iðnað.

Þá var rætt um ákvæðisvinnu og skýrt frá því, að samkvæmt lögum unum mættu félagar taka ákvæðisvinnu með samþykki félagsins hverju sinni.

### *Félagsmál ýmiskonar.*

Samþykkt var 24. maí 1945, að tveir félagar, sem væru gengnir í önnur félög, gætu fengið að vera í Félagi blikksmiða fyrir hálfu félagsgjald.

Á aðalfundi 1946 var samþykkt að rita Félagi blikksmiðjueigenda bréf um aukið sumarfrí „hjá þeim, er starfað hafa hjá sama fyrirtæki tíu ár eða meira, — úr tólf virkum dögum í fimmtán.“

Þá var einnig rætt um samskipti Íslands og hinna Norðurlandanna.

Nokkur misklið kom upp 1946 í sambandi við fundi einstakra félagsmanna við verksmiðjueigendur. Um þetta var á fundi 27. apríl 1946 samþykkt:

„Að gefnu tilefni ályktar fundurinn að varhugavert geti verið að meðlimir Félags blikksmiða taki þátt í fundum með verksmiðjueigendum og taki þar ákvarðanir um iðnaða- og hagsmunamál félagsins eða einstakra meðlima þess.

Slíkir fundir, án þátttöku stjórnar félagsins, hljóta að velja milli félagsmanna og geta jafnvel verið stórskaðlegir í kaupdeilum.

Ber því félagsmönnum að neita afdráttarlaust öllum slíkum fundaðum eða hafa samstarf við blikksmiðjueigendur um nokkur þau mál, sem varða félagsmenn eða félagið í heild.

Sameiginlegir fundir meistara og sveina eru því aðeins mögulegir, að til þeirra sé boðað af stjórnnum viðkomandi félaga.“

### *Tíu ára afmæli.*

Á aðalfundi félagsins 14. febrúar 1946, var minnst 10 ára afmælis félagsins og rætt um grein, sem formaður félagsins hafði samið „við það tækifæri, sem birtist í Vinnunni, ásamt mynd af stofnendum félagsins.“

### *Gegn stofnun Atlantshafsbandalags.*

Árið 1949 lá í loftinu að unnið yrði að því að Ísland gengi í hernaðarbandalag með vestrænum þjóðum. Andstaða gegn slíku var mikil, einkum í verkalyðshreyfingunni.


Á aðalfundi félagsins 4. mars 1949, var lesið upp bréf frá fulltrúaráði verkalyðsfélaganna í Reykjavík varðandi þátttöku Íslands í væntanlegu Atlantshafsbandalagi.

Eftirfarandi tillaga var með samhljóða atkvæðum samþykkt á fundinum: — „Aðalfundur Félags blikksmiða, haldinn 4. mars 1949, mót-mælir eindregið allri þátttöku Íslands í hernaðarbandalagi, nema þjóð-aratkvæði fari fram um það mál.“

### *Um sumarfrí.*

Ein af kröfum félagsins frá öndverðu var um sumarfrí félagsmanna. Þetta gekk treglega í fyrstu og raunar alla tíð. En þar sem Félag blikksmiða miðaði aðgerðir sínar í þessu sem mörgu öðru við önnur hliðstæð félög, var þetta atriði um sumarfríin til umræðu við allar samningsaðgerðir félagsins við atvinnurekendur.

Við samninga voru venjulega að bætast einn og einn dagur við sumarfríin. Og tíu árum eftir að tilvera félagsins var viðurkennd höfðu félagsmenn hálfsmánaðar sumarfrí.



*Stjórn Félags blikksmiða á 25 ára afmælisári félagsins 1955.*

*Aftari röð: Ólafur Á. Jóhannesson, Hörður Helgason 1. varamaður, Magnús Magnússon, gjaldkeri. Fremri röð: Jón Rögnvaldsson, 2 varamaður, og Kjartan Guðmundsson, formaður.*

Á aðalfundi félagsins 13. febrúar 1947, er rætt um félagsmál, var skýrt frá ýmsum samningum, sem járnsmiðir hefðu gert. Þá var samþykkt eftirfarandi tillaga, er einkum snerti sumarfríin:

„Stjórninni sé falið að koma á framfæri við Félag blikksmiðjueigenda viðauka við samningana, sem fjallar um sumarfrí, þannig, að félagar, sem unnið hafa í 12 ár í iðninni hjá meðlimum Félags blikksmiðjueigenda, fái 15 daga sumarfrí.“

Á fundi 22. mars 1947 var skýrt frá því að samþykkt hefði verið aukið sumarfrí og sett inn í samninga félagsins.

### ***Samvinnan við járníðnaðarmenn.***

Blikksmiðir og hinir almennu járnsmiðir voru mjög tengdir í félagsstörfum og skemmtunum, þegar svo bar undir. Þeir réttu líka hvorir öðrum hjálparhönd, bæði í kjarabaráttunni og við ýmis önnur tækifæri.

Að vísu voru hinir almennu járnsmiðir í ýmsum deildum, en félagskapur þeirra var einn: Félag járníðnaðarmanna.



Skal að nokkru sagt frá samvinnu þessara félaga, sem oft var talsvert mikilsverð.

Haustið 1947 áttu járníðnaðarmenn í kjarabaráttu og fóru í verkfall. Félag blikksmiða ákvað þá að styrkja járníðnaðarmenn og á fundi félagsins 20. nóvember 1947 var samþykkt að veita járníðnaðarmönnum kr. 1.400.00. Einnig var samþykkt að hefja fjársöfnun til styrktar verkfallsmönnum. Kosnir til að taka á móti framlögum voru: Ásgeir Matthíasson, Bjarni Ólafsson og Sveinn A. Sæmundsson.

Járníðnaðarmenn náðu samningum með nokkrum kjarabótum.

Haustið 1952 kom upp harkalegt mál milli járníðnaðarmanna og Vélsmiðjunnar Héðins í Reykjavík. Málið verður ekki rakið hér, en frá því greint, er þremur forustumönnum Félags járníðnaðarmanna var sagt upp störfum í Vélsmiðjunni Héðni fyrirvaralaust, þeim: Snorra Jónssyni, formanni Félags járníðnaðarmanna, Kristni Ág. Eiríkssyni, varaformanni og Jónasi Hallgrímssyni, trúnaðarmanni félagsins. Þeir voru allir starfsmenn í Héðni, hafði Snorri unnið þar í 17 ár, Kristinn um 14 ár og Jónas í 19 ár.

Varð út af þessu máli allmikill þytur og verkalýðsfélög í Reykjavík og víða um land sömdu hörð mótmæli gegn þessari valdbeitingu og til stuðnings Félagi járníðnaðarmanna. Meðal þeirra félaga var Félag blikksmiða, sem 25. september 1952 samþykkti eftirfarandi mótmæli:

„Stjórn Félags blikksmiða í Reykjavík mótmælir harðlega hinum til-efnislausa brottrekstri þriggja starfsmanna Vélsmiðjunnar Héðins og þeim samningsrofum og lögleysum, sem þar hafa átt sér stað. Stjórnin telur að aðgerðir sem þessar séu beinar árásir á verkalýðshreyfinguna í heild og heitir öllum þeim stuðningi, sem hún getur í té látið.“

Mál þetta fór til dóms. Í janúar 1953 féll dómur á þá lund, að Héðinn skyldi greiða kr. 1.200.00 til ríkissjóðs og kr. 6.000.00 í skaðabætur til hvors þeirra, Snorra og Kristins, Jónas hafði verið tekinn aftur í vinnu í Héðni.

Meðan á þessum málaferlum stóð, haustið 1952, samþykkti Félag blikksmiða að veita Félagi járníðnaðarmanna lán úr félagssjóði kr. 1.200.00.

Hinn 14. febrúar 1955 hóf Félag blikksmiða samvinnu við Félag járníðnaðarmanna og Félag bifvélavirkja „við í höndfarandi samningagerð félaganna.“

Hinn 22. júní 1962 var samþykkt að greiða í verkfallssjóð Félags járníðnaðarmanna kr. 7.500.00 sem þakklætisvott fyrir forustustarf þess í yfirstandandi kjaradeilum.

Nokkru síðar barst félaginu þakkarbréf frá Félagi járníðnaðarmanna fyrir stuðninginn.

Félag blikksmiða studdi Félag járníðnaðarmanna árið 1964 „með kr. 10.000.00 framlagi vegna nýafstaðins verkfalls.“

Þakkarbréf frá járniðnaðarmönnum barst skömmu síðar.

Þegar Félag járniðnaðarmanna var 50 ára, árið 1970, gaf Félag blikksmiða því fánastöng með fána félagsins.

Var jafnan náin og góð samvinna milli félaganna um mál, er snertu hag beggja eða annars, eins og víða kemur fram.

Vegna gossins í Vestmannaeyjum 1973, afhenti Félag blikksmiða orlofssjóði Félags Málmíðnaðarmanna fjárgjöf að upphæð kr. 40.000.00. Þakkarbréf barst frá járniðnaðarmönnum í Vestmannaeyjum fyrir mikilsverðan stuðning.

### *Félag blikksmiðanema í Reykjavík.*

Svo segir í fundargerðarbók Félags blikksmiðanema í Reykjavík:

„Sunnudaginn 3. nóvember 1946 var haldinn fundur með blikksmiðanemum í Reykjavík. Fundinn höfðu boðað nokkrir blikksmiðanemar að tilhlutan stjórnar Iðnnemasambands Íslands. Formaður L.N.S.Í, Sigurður Guðgeirsson, setti fundinn og stjórnaði honum. Tilgangur fundarins var að stofna félag með blikksmiðanemum í Reykjavík. Um leið og formaður sambandsins setti fundinn, flutti hann stutt ávarp og gat meðal annars um hver tilgangur slíks félagsskapar sem þessa væri, — þetta styrkti samtök iðnnema í heild og eflði samheldni og félagsþroska meðal þessara nema.

Formanni Sveinafélags blikksmiða, Ásgeiri Matthíassyni, hafði verið boðið að sitja fundinn. Kvaddi hann sér hljóðs og gat þess að sér væri ánægja að því að blikksmiðanemar ætluðu nú að stofna með sér félag, vegna þess að það væri ekki einungis þarflegt, heldur einnig nauðsynlegt til þess að auka kynningu og efla samheldni manna. Hann kvaðst einnig vona að góð samvinna tækist með þessu félagi, sem hér ætti að stofna og Sveinafélagi blikksmiða.

Þá var lögð fram svohljóðandi tillaga:

—Leggjum til að stofnað verði á þessum fundi félag meðal blikksmiðanema í Reykjavík.

Undir tillöguna höfðu skrifað: Magnús Magnússon, Sigurður R. Guðbrandsson og Þórður Sveinsbjörnsson.

Tillagan var samþykkt einróma. Síðan gerðust eftirtaldir nemar stofnendur félagsins: Kjartan H. Guðmundsson, Georg Jónsson, Magnús Thorvaldsson, Magnús Magnússon, Sigurður R. Guðbrandsson, Þórður Sveinsbjörnsson, Tryggvi Sveinsbjörnsson, Þórarinn Fjeldsted og Finnþogi Júlíusson.“

Félagið hlaut nafnið: Félag blikksmiðanema í Reykjavík. Samin höfðu verið frumdrög að lögum fyrir félagið. Voru þau síðan lesin upp og borin undir atkvæði lið fyrir lið. Þau voru síðan samþykkt í heild.

Þá fóru fram stjórnarkosning. Formaður var kosinn Finnþogi Júlíusson, ritari Þórarinn Fjeldsted og gjaldkeri Kjartan H. Guðmundsson. Í varastjórn voru kosnir: Tryggvi Sveinbjörnsson og Georg Jónsson, Endurskoðendur voru kjörnir: Tryggvi Sveinbjörnsson og Sigurður R. Guðbrandsson.

Þá var samþykkt að félagið sækti um inngöngu í Iðnnemasamband Íslands.

## *Lög Félags blikksmiðanema í Reykjavík.*

### *1. kafli.*

Nafn og tilgangur.

1. gr.

Félagið heitir Félag blikksmiðanema í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

- a) að efla samheldni og félagslyndi blikksmiðanema.
- b) að leitast við að tryggja blikksmiðanemum sambærileg kjör og sama rétt og öðrum þjóðfélagsþegnum.
- c) að stuðla að aukinni menntun þeirra.
- d) að gæta þess, að iðnkennsla hvers nema sé fullkomin.
- e) að hafa eftirlit með því að námssamningar séu í öllu haldnir.

### *2. kafli.*

3. gr.

Félagið er aðili að Iðnnemasambandi Íslands.

### *3. kafli.*

Inntökuskilyrði, réttindi og skyldur og missi félagsréttinda.

4. gr.

Rétt til inngöngu í félagið hefur hver sá, er fengið hefur staðfestan námssamning í blikksmiðaiðn.

## 5. gr.

Réttindi félagsmanna eru: Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur á félagsfundum.

## 6. gr.

Skyldur félagsmanna eru:

- a) að hlíta lögum félagsins, fyrirskipunum og samningum í öllum greinum.
- b) að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið endurgjaldslaust.
- c) að greiða áskilin gjöld til félagsins á tilsettum tíma.

## 7. gr.

Félagsmaður hefur fyrirgert félagsréttindum sínum, ef hann:

- a) brýtur lög félagsins eða samþykktir.
- b) vanræki hann að greiða áskilin gjöld á réttum gjalddaga.

## 8. gr.

Þegar námstíma nemanda er lokið og hann hefur leyst af hendi sveinspróf eða fengið samsvarandi skírteini, gengur hann úr félaginu. Þó hafa þeir, er gegna trúnaðarstörfum, félagsréttindi til næsta aðalfundar, að undanteknum atkvæðis- og tillögurétti á félagsfundum.

#### 4. kafli.

Um stjórn félagsins og störf hennar.

## 9. gr.

Aðalstjórn skipa þrír menn: Formaður, ritari og gjaldkeri. Varastjórn skipa tveir menn. Forfallist einhver stjórnarmeðlima, skulu varamenn koma inn í stjórnina í þeirri röð, sem þeir eru kosnir.

## 10. gr.

Formaður boðar til stjórnar- og félagsfunda og stjórnar þeim. Þó er heimilt að tilnefna sérstakan fundarstjóra á félagsfundum, öðrum en aðalfundum. Formaður skal og hafa eftirlit með því að stjórnarmeðlimir og aðrir trúnaðarmenn ræki skyldur sínar við félagið.

## 11. gr.

Ritari heldur gjörðabók, bæði á stjórnar- og félagsfundum. Einnig heldur ritari félagaskrá og annast bréfaskriftir félagsins ásamt formanni.

## 12. gr.

Gjaldkeri innheimtir árgjöld félagsmanna, greiðir og færir reikninga félagsins, er formaður hefur ávísað þeim. Ef stjórnarmeðlimur eða meðlimir óska upplýsinga um fjárhag félagsins, þá skal gjaldkera skylt að leggja fram á næsta stjórnarfundi allar gjaldkerabækur og reikninga félagsins.

*5. kafli.*

## 13. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn í janúarmánuði ár hvert. Þar gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.

## 14. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins. Þar skulu og kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara. Allar kosningar skulu fara fram leynilega.

## 15. gr.

Á aðalfundi ár hvert skal ákveða félgsgjöld fyrir yfirstandandi ár, svo og gjalddaga þeirra.

## 16. gr.

Þá er aðalfundur lögmetur, ef mættir eru 1/3 hluti félagsmanna og fundur hefur verið löglega boðaður, sama gildir um aðra félagsfundi. Afl atkvæða viðstaddra fundarmanna ræður úrslitum mála. Þó skal stjórn skylt að kalla saman fund, ef 1/3 hluti félagsmanna æskir þess.

## 17. gr.

Aðalfundir skulu boðaðir með minnst 48 klst. fyrirvara, en aðrir fundir með 24 klst. fyrirvara og skal getið í fundarboði þeirra mála, er fyrir fundinum liggur.

## 18. gr.

Ef félagið skyldi leysast upp eða hætta að starfa, skulu eignir þess felast Iðnnemasambandi Íslands til varðveislu. Ber því stjórn þeirri, sem síðast er löglega kosin að afhenda stjórn Iðnnemasambands Íslands allar eignir félagsins. Verði félagið hins vegar ekki endurstofnað innan fimm ára, renna eignir þess óskertar til Iðnnemasambands Íslands.

## 19. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Lagabreyting öðlast

gildi, ef 2/3 viðstaddra fundarmanna greiðir henni atkvæði og hún verið staðfest af stjórn Iðnnemasambands Íslands.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi, er þau hafa verið samþykkt á stofnfundi og af stjórn Iðnnemasambands Íslands.

Lög þessi þannig samþykkt á stofnfundi félagsins, þann 3. nóvember 1946.

Fyrsti aðalfundur félagsins var haldinn 26. janúar 1947.

Stjórnin var endurkosin: Formaður Finnbogi Júlíusson, ritari Þórarinn Fjeldsted, gjaldkeri Kjartan R. Guðmundsson. Og í varastjórn: Tryggvi Sveinbjörnsson og Georg Jónsson. Endurskoðendur hinir sömu og áður: Tryggvi Sveinbjörnsson og Sigurður R. Guðbrandsson.

Félagsgjald var ákveðið 20 kr. á ári.

Rætt var um möguleika til fjáröflunar fyrir félagið og Georg Jónssyni og Benedikt Ólafssyni falið að athuga möguleika til gróðaskemmtunar fyrir félagið. Einnig var rætt um happdrætti Iðnnemasambandsins. Tveir nýir félagar voru innritaðir á aðalfundinn: Benedikt Ólafsson úr Nýju blikksmiðjunni og Ágúst Guðjónsson úr Litlu blikksmiðjunni.

Félagið hafði í ýmsu samband við Iðnnemasamband Íslands, kaus fulltrúa á þing I.N.S.Í. og undirstrikaði baráttumál Iðnnemasambandsins, m.a. samþykkti fundur 23. október 1947 að lýsa „vanþóknun sinni á þeirri ráðstöfun hæstvirts fjárhagsráðs að hafa látið byggingu nýja iðnskólans stöðvast. Jafnframt skorar fundurinn á ráðið að það endurskoði afstöðu sína og veiti umbeðið fjárfestingarleyfi til skólans nú þegar.“

Félagið starfaði til ársins 1949. Finnbogi Júlíusson var formaður þess, endurkosinn á þremur aðalfundum. Hélt félagið alls 8 fundi, hinn síðasti var haldinn 12. september 1949. Félagsmenn urðu flestir 12. Fundasókn var dauf og félagið virðist hafa vantað einbeitingu að verk-efnum, til þess að halda uppi líflegu félagsstarfi.

### *Sjúkrasjóður Félags blikksmiðanema*

Á 76. fundi félagsins, 24. apríl 1949, var samþykkt eftirfarandi reglugerð fyrir sjúkrasjóð félagsins svohljóðandi:

Reglugerð fyrir sjúkra- og styrktarstjóð Félags blikksmiðanema í Reykjavík.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkra- og styrktarsjóður blikksmiðanema.

## 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja meðlimi hans í slysa- og sjúkdómstíffellum.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

A. 50.00 kr. inntökugjald frá hverjum nýjum meðlim.

B. 15.00 kr. mánaðartillag frá hverjum sjóðsfélaga. Sjóðsfélagi skal vera undanþeginn gjaldi til sjóðsins, er hann sökum veikinda eða slysa verður að vera frá verki, enda fái hann þá ekki kaup frá atvinnurekanda sínum.

## 4. gr.

Allir meðlimir Félags blikksmiðanema, sem starfandi eru í faginu sem aðalatvinnugrein, skulu skyldir til að gerast meðlimir sjóðsins.

## 5. gr.

Greiðslum úr sjóðnum skal hagað þannig: — Fyrstu viku eftir missi kaups í slysa- eða sjúkdómstíffellum greiðist enginn styrkur, en síðan eins og hér segir:

A. Einhleypur maður kr. 35.00 á viku í 10 vikur.

B. Barnlaus hjón kr. 50.00 á vikur í 10 vikur, auk þess greiðist kr. 10.00 á viku fyrir hvern skylduómaga, sem hinn slasaði eða veiki hefur á framfæri sínu.

Allar greiðslur eru grunngreiðslur, sem greiðast með lögboðinni vísitölu kauplagnefndar.

Njótí hinn slasaði eða veiki dagpeninga frá almannatryggingum eða öðrum aðila, lækkar styrkurinn úr sjóðnum þannig, að samanlagður styrkur fari ekki fram úr 2/3 samningsbundins kaups hjá fjölskyldumönnum, en 2/5 hjá einhleypum.

## 6. gr.

Nú deyr félagsmaður áður en lokið er styrktímabilinu, 10 vikum, er stjórn sjóðsins heimilt að halda áfram greiðslum til aðstandenda hins látna, þar til styrktartímabilið er útrunnið.

## 7. gr.

Rétt til styrktar skal sanna með læknisvottorði.

8. gr.

Umsóknir um styrk skulu áritaðar af formanni félagsins.

9. gr.

Styrkurinn greiðist í byrjun gjaldskyldrar vikur, gegn þeim ákvæðum, sem sett eru í reglugerð þessari. Vikuleg endurnýjun er skilyrði framhaldsgreiðslu.

10. gr.

Rétt til styrks hefur hver sá, sem hefur greitt fullt gjald til sjóðsins og félagsins í 12 mánuði eða meir.

11. gr.

Styrkur greiðist ekki til félagsmanna:

- A. Sem sökum vanrækslu hafa ekki greitt gjöld til félagsins í 3 mánuði eða meir.
- B. Ef þeir halda óskertu kaupum.
- C. Ef farsótt gengur, sem vörn er sett við, heimilast stjórn sjóðsins að láta alla sjúkrastyrki falla niður.

12. gr.

Aldrei má ganga nær sjóðnum en svo, að alltaf séu eftir í honum í handbæru fé kr. 5.000.00 — fimm þúsund krónur, — miðað við síðasta ársuppgjör.

13. gr.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á sjóðnum og annast stjórn hans. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins og lagðir fram á aðalfundi félagsins, ár hvert.

14. gr.

Reglugerð þessari má breyta á lögmætum fundi, enda sé auglýst í fundarboði, að hún sé til umræðu.

---

Athugasemd við 11. gr.

Styrkur greiðist ekki til félagsmanna:

- I. a. sem sökum vanrækslu hafi ekki greitt gjöld til félagsins í 3 mánuði eða meir. Félagismaður öðlast þó full réttindi á ný 3 mánuðum eftir að hann hefur greitt áfallin gjöld.
- II. Var reglugerð þessi borin undir atkvæði og samþykkt.



## *Launamál 1958.*

Hér skal að nokkru rakin saga launamála félagsins 1958, sökum þess, að það ár segir nokkuð um hliðstæð vinnubrögð í kjarabaráttunni almennt, en sker sig þó úr að nokkru.

Það byrjaði snemma árs 1958, að auðsætt var, þegar rætt var um launamálin, að félagið hefði dregist aftur úr í þeim efnum og væru laun blikksmiða nú „nokkru lægri en margra annarra fagfélaga.“

Og loks var samþykkt að segja upp gildandi kjarasamningi frá 28. apríl 1958.

Málið var rætt á fundum félagsins 20. maí og 16. júní. Reynt hafði verið að fá samkomulag við Félag blikksmiðjueigenda, en án árangurs. Rætt var um að leita samstöðu við félög annarra járníðnaðarmanna. En þegar ekkert gekk með samninga, var ákveðið að hefja vinnustöðvun á blikksmiðaverkstæðum 26. júní 1958, hefðu samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

Á fundi félagsins hinn 25. júní 1958 var skýrt frá samningafundum með atvinnurekendum. Einnig höfðu verið haldnir fundir með fagfélögum járníðnaðarmanna.

Eitt tilboð um kjör hafði borist frá atvinnurekendum, en „því var umsvifalaust hafnað.“

Þá var verkfallsnefnd kosin í félaginu: Jón Rögnvaldsson, Kjartan Guðmundsson og Oddur Guðmundsson.

Á næstu dögum skipaðist þó svo í samningaviðræðunum, að náðst hafði samkomulag eftir nokkrar fundarnætur. Aðalatriði voru þessi:

Samningarnir frá 28. apríl 1955 framlengdust með nokkrum breytingum.

Í stað kr. 600.27 í 1. mgr. kr. 665.00.

Á tímabilinu frá 1. júlí til 31. ágúst skal vinnuvika vera 43 1/2 klst. og skal sú vinna framkvæmd á öðrum virkum dögum en laugardögum.

Fleiri breytingar voru samþykktar.

Samkomulagið milli Félags blikksmiða og Félags blikksmiðjueigenda var svo:

### 1. gr.

Félag blikksmiðjueigenda lýsir yfir því, að samkvæmt 15. grein iðnlaga, að það semji við Félag blikksmiða, þegar um verður að ræða ráðningar á ófaglærðum mönnum til blikksmiðastarfa.

### 2. gr.

Félag blikksmiða samþykkir hér með að Félag blikksmiðjueigenda hafi áfram í starfi þá aðstoðarmenn, sem unnu í blikksmiðjum áður en vinnudeilan 1955 hófst.

## 3. gr.

Félag blikksmiða veitir ekki leyfi fyrir ófaglærðum mönnum til blikksmiðastarfa, ef

- A) engir nemar eru á viðkomandi verkstæði,
- B) ófaglærðir menn eru 50% eða meira miðað við fagmenn.

## 4. gr.

Samkomulag þetta gildir til 1. júní 1959 og er uppsegjanlegt með eins mánaðar fyrirvara. Sé því ekki sagt upp, framlengist það um sex mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Þá voru einnig gerð fleiri samkomulagsatriði, svo sem mörk bæjarlandsins og annarra sveita- og kaupstaða í sambandi við vinnu utan bæjarmarka.

*Um landsmál.*

Félag blikksmiða ræddi landsmál af og til á fundum, einkum í sambandi við efnahagsmál og atvinnumál, en auk þess um sjálfstæðismál þjóðarinnar og pólitísk málefni innanlands. Upp úr styrjöldinni 1939—1945 var öðru hverju umtal um að hér myndi verða stofnaður innlendur her, til aðstoðar stórveldum þeim, sem hér höfðu aðsetur með herbækistöðvar. Orðrómur þessi varð svo hávær, að bæði einstaklingar og félagasamtök tóku að mótmæla slíkum tiltektum.

Hinn 23. mars 1953 sendi Félag blikksmiða frá sér samþykkt, þar sem „félagið mótmælir harðlega stofnun íslensks hers.“ Og félagið „vill láta þá skoðun í ljós, að hinn erlendi her verði tafarlaust látinn víkja úr landi.“

Stjórn málaátök í landinu voru allhörð milli 1950 og 1960. Það var svo sem engin nýjung að stjórn málaátök næðu inn í félagshreyfingar. Árið 1956 létu ýmis verkalyðs- og iðnaðarmannafélög til sín heyra í pólitíkinni.

Hinn 18. febrúar 1956 voru þjóðmálin tekin til umræðu á fundi. Fundurinn samþykkti samhljóða að „skora á Alþýðuflokk, Þjóðvarnarflokk, Sósíalistaflokk og Framsóknarflokk að stefna tafarlaust til samstarfs í kosningabandalagi á breiðum grundvelli til vinstri stjórnarmyndunar og binda þar með enda á núverandi stjórnarsamstarf og skoraði fundurinn á alla meðlimi alþýðusamtakanna að styðja slíkt samstarf.“

*Landhelgismálið.*

Blikksmiðir tóku þátt í umræðum, þegar deilan um landhelgina stóð sem hæst við Breta og þorskastríðið var í algleymingi. Þeir tóku einarðlega til máls og samþykktu í einu hljóði á fundi eftirfarandi ályktun:

„Fundur í Félagi blikksmiða, haldinn 27. september 1958, fagnar útfærslu fiskveiðilandhelginnar og skorar á alla Íslendinga að standa sem einn maður, þar til fullur sigur er unninn.

Þá mótmælir fundurinn harðlega hinni ögrandi framkomu Breta hér við land með tilraunum þeirra að sigla skip okkar niður og ógnunum herskipa með mönnum fallbyssum, og telur slíkt til hneisu fyrir þjóð, er álitur sig vörð mannréttinda og siðmenntunar að ota fallbyssum að vopnlausum smáþjóðum, en öfugt, ef um vel vopnaðar stórþjóðir er að ræða.

Fundurinn þakkar landhelgisgæslunni, sem með festu og rósemi vinnur sín verk við erfiðustu aðstæður.

Jafnframt mótmælir fundurinn sjúkraflutningum breskra togaramanna með herskipum í íslenskar hafnir og telur sjálfsagt að togararnir flytji sína menn sjálfir til hafna, eins og áður hefur verið.

Að öðru leyti mótmælir félagið allri annarri fyrirgreiðslu breskra skipa hér.“

### *Samningstímabilið 1960 til 1965.*

Segja má, að sjöundi áratugurinn hefjist með samningum og málaleitunum við blikksmiðjueigendur um hagræðingu í ýmsum greinum og standi því nær óslitið hálfan áratuginn til 1965.

Það var 30. september 1960 að stjórn Félags blikksmiða var falið að undirbúa kaupkröfur í samstarfi við félög skipasmiða, bifvélavirkja og járníðnaðarmanna.


Á þessum sama fundi var „mótmælt harðlega settum bráðabirgðalögum um sviftingu verkfallsréttar flugmanna. Fundurinn varar stjórnvöld landsins við slíkar aðfarir á verkfallsrétt stéttarfélag.“

Leið svo veturinn, að lítið gerðist. En 23. maí 1961 var skýrt frá því á fundi, að samningafundur með atvinnurekendum hefðu verið haldnir, en ekkert hafði gengið. Verkstæðiseigendur sögðust þurfa að fá leyfi stjórnvalda til að hækka álagningu, til þess að geta greitt hærra kaup. Viðurkenndu þeir, að verkamenn á verkstæðunum væru illa launaðir og væri það orsök þess að iðnaðarmenn færu í önnur störf.

Samþykkt var á síðasta samninganefndarfundi að vísa deilunni til sáttasemjara. En samþykkt var að lýsa yfir vinnustöðvun, er kæmi til „framkvæmda kl. 24 laugardaginn 3. júní n.k. hafi ekki fyrir þann tíma tekist samningar.“

Lögð var áhersla á að fá í samningana „nokkur vinnuföt á ári í óþrifalegustu verkin.“ Hjá járnsmiðum hafði verið „samkomulag um vinnuföt, eins er með skipasmiði og bifvélavirkja.“

Sáttatillaga, sem lögð var fram, þótti ekki aðgengileg og var felld með



*Stjórn félagsins 1960 — 1962. Frá vinstri Guðjón Brynjólfsson, ritari, Magnús Magnússon, formaður, Ólafur Á. Jóhannesson, gjaldkeri.*

19 atkvæðum gegn 2. Hinn 1. júlí var verkfallsnefnd, einnig með tillögu um styrkveitingu til verkfallsmanna úr félagssjóði. Nokkru síðar var samþykkt eftirfarandi samningsuppkast:

1. Vikukaup verði kr. 1.310.00.
2. Yfirvinna verði greidd með 60% álagi á dagvinnukaup.
3. Orlof verði óbreytt, 18 virkir dagar, auk þess 6% orlof á kaup, sem unnið er fyrir utan dagvinnu.
4. Yfirvinna verði tvær klukkustundir og kvöldmatartími ein klukkustund, sem greiðist með næturvinnukaupi.
5. Laugardagsfrí verði einnig í september.
6. Þá greiðist 10% álag á málmhúsum, alla skipavinnu og vinnu á pöllum yfir 6 m. hæð.
7. Samningur þessi gildir frá 1. júní 1961 og er uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Verði samningnum þá eigi sagt upp, framlangist hann um 6 mánuði í senn með sama uppsagnarfresti, en jafnframt hækkar allt kaupgjald, samkvæmt ákvæðum samningsins um 4% frá og með 1. júní 1962.

Verði breyting á gengi íslensku krónunnar, skal aðilum heimilt að segja upp samningum með eins mánaðar fyrirvara.

Þegar þetta var samþykkt var vinnustöðvun aflýst.

En áður en árið var liðið samþykkti félagsfundur „sökum gengis-

breytingar, sem orðið hafði, „að heimila stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins að segja upp kaupgjaldssamningum við Félag blikksmiðjueigenda í Reykjavík.“

Önnur félög höfðu þá verið að segja upp samningum af sömu ástæðum.

Þá var 3. mars 1962 samþykkt í félaginu að stofna verkfallssjóð. „Stofnfé hans skal vera sjóður Félagsins (félagssjóður), eins og hann var í lok síðasta árs, ásamt vöxtum.“

Haldið var áfram að ræða við Félag blikksmiðjueigenda og farið fram á sömu kjör og Félag járníðnaðarmanna hafði, en þau voru betri en kjör blikksmiða.

Snemma árs var enn rætt við verkstæðiseigendur um kaup og kjör félagsmanna, en þegar ekkert hafði gengið, er komið var fram á vor 1963, var talið að „eina ráðið til úrbóta væri að lýsa yfir vinnustöðvun.“

Verksmiðjueigendur báðu um frest á samningsviðræðum, en samþykkt var að lýsa yfir vinnustöðvun 25. júlí 1963.

En áður en til vinnustöðvunar kom, tókust samningar og á fundi 23. júlí 1963 var lýst samningum og undirskrift þeirra:

„Vikukaup skal vera kr. 1.625.00.

Eftir þriggja ára starfstíma hjá sama fyrirtæki, skal vikukaup sveina vera kr. 1.750.00.

Verði breyting á gengi krónunnar, skal aðilum heimilt að segja samningum upp með eins mánaðar fyrirvara.

19. júlí 1963.

F.h. Félags blikksmiða á Reykjavík

Magnús Magnússon  
Hörður Jóhannesson  
Hannes Alfonsson

F.h. Félags blikksmiðjueigenda

Sig. Hólmsteinn Jónsson  
Agnar Breiðfjörð  
Benedikt Ólafsson“.

Árið 1964 var enn rætt um kaupgjaldsmálin, en þá var gerður samningur við verkstæðiseigendur og undirritaður 30. september 1964. Skyldi hann gilda til 5. júní 1965.

Loks kom til kaupgjaldsdeilna 1965. Þá var samþykkt eins dags verkfall til þess að herða á samningum. Þá var lögð áhersla á að hjálparmenn í smiðjunum fylgdu fagmönnum í vinnudeilum.

Samningar voru þá gerðir og undirritaðir 27. ágúst 1965.

Þetta tímabil er tekið sem dæmi um ævarandi verkefni félagsins. Síndi það snemma tilverurétt félagsins og nauðsyn til hagsbóta fyrir félagsmenn. En ekki er unnt að greina nákvæmlega frá öllum niðurstöðum í umræðum um hagsmunamálin.

## *Um iðnréttindi.*

### *Pjátrarar — blikksmiðir.*

Þess er getið annars staðar í ritinu, að stéttir voru kenndar við það efni, sem þær fóru helst með, svo sem gullsmiðir, járnsmiðir, trésmiðir (ósundurgreint), múr- og steinsmiðir. Þjátur var þýðing á danska orðinu blikk, og þeir sem unnu úr þessu efni voru kallaðir pjátrarar. Þannig var það í almennu tali og einnig opinberum skjölum, t.d. Guðmundur Breiðfjörð pjátrari, o.s.frv. Tinað pjátur var tinblikk. Og hlutir, sem pjátrarar unnu, voru almennt kenndir við málminn. Þeir smíðuðu pjáturdiska, pjáturdósir, pjáturöskjur, en voru sjálfir kallaðir pjátrarar eða pjátursmiðir (Blikkenslager). Þegar þeir unnu að stórum verkefnum, svo sem að klæða húspök með bárujárni, voru þeir með pjátursplötur í höndum.

Hinn 16. september 1893 voru sett lög um iðnaðarnám. En ákveðin reglugerð um iðnnám er frá 28. desember 1903. Þær eru um próf iðnaðarnemenda og umsjón með framkvæmd prófanna.

Í febrúarmánuði 1904 skipaði lögreglustjóri í Reykjavík í fyrsta sinn iðnaðarprófsnefndir í þrettán iðngreinum. Iðnirnar voru þessar: 1. Þjátursmiði. — 2. Rennismiði. — 3. Málaraiðn. — 4. Gullsmiði. — 5. Múr- og steinsmiði. — 6. Snikkaraiðn. — 7. Húsa- og timbursmiði. — 8. Úrsmiði. — 9. Bókbandsíðn. — 10. Járnsmiði. — 11. Söðlasmíði. — 12. Skósmíði. — 13. Skraddaraiðn.

Í fyrstu iðnaðarprófsnefnd í þjátursmiði voru skipaðir: Pétur Jónsson (formaður), Guðmundur Breiðfjörð pjátrari, og Stefán Eiríksson tréskeri.

Hélt nafnið pjátrari við einstaklinga og stéttina næstu áratugi. Talað var þó almennt jafnframt um blikk og blikksmiði. En eftir að stéttarfélag var myndað í iðninni, var ákveðið að stéttin kenndi sig við blikkið og sveinar í iðninni nefndu félag sitt Félag blikksmiða og síðar mynduðu verksmiðjueigendur í iðninni félag, er þeir nefndu Félag blikksmiðju-eigenda.

### *Erlendir blikksmiðir.*

Félag blikksmiða lagði mikla áherslu á að erlendir menn fengu ekki réttindi til atvinnu í iðninni hér á landi. Hingað höfðu þó komið erlendir menn, sem voru við uppsetningu síldarverksmiðja eða annarra véla-fyrirtækja og unnið ýmist sem vélamenn eða járníðnaðarmenn og orðið hér innlyksa, fengið íslenskan ríkisborgararétt. Einn eða fleiri slíkra manna höfðu sinnt blikksmiði á sínum vettvangi og jafnvel stofnað blikksmiðjur.

Það kom fyrir, að erlendir blikksmiðir, sem komu til skyndivinnu við fyrirtæki hér, sóttu um vinnuleyfi í iðninni.

Á árinu 1954 kom eitt slíkt mál til félagslegrar umræðu. Danskur blikksmiður hafði komið til Reykjavíkur og sótti fyrirtæki hér um atvinnuleyfi fyrir hann. Félag blikksmiða ræddi málið 16. desember 1954. Var á fundinum „heitið á stjórnina að vinna gegn því.“

Eftir áramótin, þ.e. 25. janúar 1955 var skýrt frá því á félagsfundi, að leitað hefði verið til félagsmálaráðherra og ráðuneytinu verið skrifað bréf, vegna þess að Nýja blikksmiðjan hafði sótt um atvinnuleyfi fyrir hinn danska blikksmið.

Fundurinn samþykkti: — „Félag okkar mun láta hlutlaust að umbeðið leyfi (þ.e. fyrir þann danska) verði veitt í 3 mánuði. Um hlutleysi eða meðmæli félagsins til endurnýjunar á leyfinu getur ekki verið að ræða, nema því aðeins að Félag blikksmiðjueigenda hafi þá samið um þessi mál við félag vort.“

En nokkrum dögum síðar, hinn 29. janúar, var frá því skýrt, að danski blikksmiðurinn væri búinn að fá atvinnuleyfi og farinn að vinna.

### *Um réttindamál.*

Félag blikksmiða var snemma á starfsárum sínum vakandi fyrir réttindum sínum og félagsmanna á ýmsum sviðum, enda var það eitt af grundvallaratriðum félagsstarfsins að gæta hagsmuna einstaklinga og þar með samtakanna í heild. Þannig var til dæmis að taka eitt af höfuðmálum félagsins að hindra að ólærðir menn ynnu í verksmiðjunum við hliðina á sveinum í iðninni. Hinn 5. desember 1937 var um þessi mál rætt á félagsfundi, að gefnu tilefni, þar sem um tíma höfðu unnið ólærðir hjálparmenn í Nýju blikksmiðjunni.

Mótmælti félagið slíkum vinnubrögðum, en sagan endurtók sig og árið 1939 var rætt um nýja hlið á málinu. Þá höfðu blikksmiðjur notað hjálparmenn til þess að sinna ýmsum verkefnum utan verkstæðanna. Og enn var það 1941, að rætt var um óréttmætt ástand í Blikksmiðju Hafnarfjarðar, þar sem ynnu „algjörlega réttindalausir menn.“

Á áratugnum 1950 til 1960 voru þessi mál títt til umræðu og gerðar voru mótmælasmáttir og sendar blikksmiðjueigendum.

Töldu félagsmenn í Félagi blikksmiða, að á árinu 1954 væru ólærðir hjálparmenn á verkstæðunum álíka margir og faglærðir menn í iðninni.

Hinn 1. apríl 1954 var samþykkt á félagsfundi að fela stjórninni að „gera nú þegar samkomulag við Félag blikksmiðjueigenda um fjölda hjálparmanna í iðninni, svo sem lög standa til.“

Þá var talið óheimilt að reka blikksmiðaverkstæði án þess að „fyrir því væri maður með meistaráréttindi, en þannig taldi formaður að væri ástatt með eitt af stærri verkstæðunum.“

Ennfremur var þess getið á þessum fundi, að „ein stærsta smiðjan væri verkstjóralaus.“

Tæpu ári síðar var hjálparmannamálið enn til umræðu, þar eð félagsmenn báru fram, að loforði verksmiðjueigenda um að sveinar hefðu forgangsrétt til vinnu á verkstæðunum hafði ekki verið fylgt. Á fundi 30. mars 1955 var rætt um það, að „það næði ekki nokkurri átt að líða það að aðstoðarmenn tækju að sér eða stæðu fyrir vinnu fyrirtækisins.“

Samningar höfðu tekist um aðstoðarmenn, en ákvörðun „yrði að taka um það að aðstoðarmenn ynnu ekki án þess að sveinn í iðninni hefði umsjón með verkinu.“

Til áréttingar var lesin upp auglýsing frá Atvinnurekendasambandinu. Þar segir: — „Enginn félagsmaður má ráða til sín verkamenn, sem er í verksviftingu eða verkfalli hjá öðrum félagsmönnum sambandsins.“

Á félagsfundi hinn 29. mars 1957 var sagt frá nýju máli, sem væri í uppsiglingu í sambandi við hjálparmenn í smiðjum. Formaður skýrði frá því, að „hjálparmaður hefði verið settur yfir verk, sem sveinar ynnu við. Stjórnin boðaði alla sveina í viðkomandi smiðju, sem í þessu tilfelli var Nýja blikksmiðjan, á sinn fund til þess að glöggva sig á málinu. Síðan fór stjórnin á fund forstjóra og fulltrúa Nýju blikksmiðjunnar, þann 16. apríl, og náðist fullt samkomulag í þeim viðræðum um að sveinar stæðu fyrir eða hefðu eftirlit með verkum.“

Þetta samkomulag stóð þó ekki lengi. Og á aðalfundi Félags blikksmiða, hinn 19. febrúar 1960, var rætt um réttindalausán mann í Nýju blikksmiðjunni, og hafði hann verkstjórn á hendi. Félagið skrifaði Nýju blikksmiðjunni, vegna þess lagabrots að réttindalaus maður hefði verkstjórn á hendi, og var vitnað í iðngreinalög. Fóru nokkur bréf á milli aðila um málið, en deilan leystist ekki fyrir en síðla árs.

## *Heiðmörk.*

Fjöldamörg verkalýðsfélög, iðnfélög, íþróttafélög og áttthagafélög fengu lönd í skemmtigarði Reykvíkinga, Heiðmörk, til umsjónar og til þess að setja í þau trjáplöntur.

Það er upphaf þessara starfa í Félagi blikksmiða, að hinn 25. apríl 1950 tilkynnti formaður félagsins á fundi, að Félag blikksmiða fengi landsvæði í Heiðmörk til skógræðslu og ræktunar.

Allmikill áhugi var meðal félagsmanna um þetta mál. Fundurinn samþykkti að fela þriggja manna nefnd að sækja til réttara aðila fyrir hönd Félags blikksmiða um útmælingu á landsvæði í Heiðmörk. Í nefndina voru kjörnir: Magnús Thorvaldsson, Magnús Magnússon og Kristinn Rögnvaldsson.



Á aðalfundi 14. febrúar 1951 var lagður fram uppdráttur af landsvæði því, er félaginu hafði verið úthlutað til skógræktar í Heiðmörk. Reglugerð fylgdi um rekstur og umgengni.

Á næsta ári var þegar hafinn undirbúningur að ræktun á svæðinu. Og á árinu 1953 voru þrjár niðursetningarferðir plantna. Það ár var þá alls búið að setja niður 5000 trjáplöntur.

Árið 1955 voru gróðursettar 1500 trjáplöntur á árinu, alls voru þá komnar 6500 plöntur í reitinn.

Heiðmerkurnefnd var kjörin á aðalfundi hvert ár.

Plantaðar voru í reitinn 1500 trjáplöntur árið 1956.

Árið 1958 var farin almenn gróðursetningarferð í Heiðmörk. Þátttaka var mjög góð og gróðursettar trjáplöntur. „Framfarir eldri plantna virtist áberandi góð“, segir í fundargerð.

Gróðursetningarferð var farin í Heiðmörk 1959. Var þátttaka sæmlega, þó að enginn kæmi frá sumum smiðjum. Á einu kvöldi voru þá gróðursettar 1500 trjáplöntur.

Tuttugu og fjórir félagar fóru kvöld eitt sumarið 1960 og gróðursettu 1500 plöntur. Árangur virtist góður, elstu trjáplönturnar voru orðnar 80 sm. háar.

Í júnímánuði 1961 var farin ein Heiðmerkurferð.

Þá var vel mætt til gróðursetningar sumarið 1962. Þá fóru 49 manns í Heiðmerkurför. Í þeirri ferð var Magnús Thorvaldsson kjörinn heiðursmeðlimur Heiðmerkurnefndarinnar fyrir „forystustarf hans að því máli.“

Árið 1963 var farin Heiðmerkurferð, en illa mætt, úr sumum smiðjum mætti enginn maður. Hæstu tré félagsins voru þá orðin 1.32 m.

Árið 1965 var farin Heiðmerkurferð. Engu var þá plantað. Hæsta furan í reitnum var orðin 143 sm. og greni 132 sm.

Næst var farin Heiðmerkurferð 7. júní 1967. Í þeirri ferð mættu 12 fullorðnir og 12 börn og unglingar. Þá voru gróðursettar 1500 trjáplöntur, þ.e. 500 birki, 500 lerki, 500 sitkagreni.

Ein Heiðmerkurferð var farin á árinu 1971.

Árið 1973 voru hæstu tré félagsins í Heiðmörk orðin 210 sm., þó nokkur orðin 170 — 180 sm.

Skýrsla um framkvæmdir félagsins í Heiðmörk var lögð fram á aðalfundi 1975. Fund hafði nefndin haft með Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Árið 1977 var Heiðmerkurnefnd lögð niður, þar eð fáir höfðu fengist til starfa undanfarin ár, en þörf var á vinnu félagsmanna til þess að koma upp girðingu um land, sem félagið var búið að festa kaup á austur í Árnessýslu, er ætlað var sem sumarbústaðaland félagsmanna.

Heiðmerkurnefnd hafði þá starfað í 26 ár. Hafði Magnús Magnússon

verið í nefndinni frá stofnun hennar til 1975, er hann baðst undan kosningu, alls 23 ár. Kristinn Rögnvaldsson var í nefndinni í 22 ár, Bjarni Ólafsson 13, Magnús Thorvaldsson 8 ár, fjórir aðrir eitt og tvö ár hver.

### *Skemmtanir og gleðskapur félagsmanna.*

Eftir fyrsta ár félagsins töldu menn nauðsynlegt að létta sér upp og skemmta sér sameiginlega á félagslegum grundvelli. Skemmtanir hafa farið fram á vegum félagsins í 40 ár, þegar þetta er ritað (1978). Venjulega hafa skemmtanir verið með skemmtiatriðum og dansi í lokin. Voru slíkar skemmtanir um leið kynningarsamkomur, þar sem konur félagsmanna voru boðnar og þá einnig einhverjir fleiri úr fjölskyldum félagsmanna.

Stundum voru árhátíðir og skemmtanir í sambandi við Félag járníðnaðarmanna, en milli þessara félaga var náin og vinsamleg samvinna. Þessir aðilar studdu hvorn annan, bæði í orði og verki, eftir því sem efni stóðu til. Þá fóru félagsmenn stundum í sameiginlegar skemmtiferðir að sumrinu.

Á sérstökum tyllidögum og afmælum félagsins var vandað meira til en venjulega. Var þá tíðum boðið forustumönnum meistara og verkstæðiseigenda í iðninni, einnig framámönnum í Alpýðusambandi Íslands og þá annarra skyldra iðnfélaga.



*Frá árhátíð félagsins 18. nóv. 1972 er haldin var í Glæsibæ við Álþeima. Séð yfir hluta veislugesta.*



*Árshátíðin 1972, Kalda borðið.*

Heiðmerkurferðir félagsmanna til ræktunar á landsvæði sínu, voru jafnframt til upplýftingar og skemmtunar. Oftast var farið í ræktunarferðir um helgar, en einnig að kvöldi að vinnu lokinni. Sagt er nokkuð frá þessu starfi annars staðar í ritinu.

Í bókum félagsins er að finna nöfn flestra þeirra, sem hafa unnið að aðalframkvæmdum að þessum ágæta lið félagsstarfsins.

Í fyrstu skemmtinefnd félagsins voru Guðmundur Jóhannsson, Helgi Hannesson og Jón Rögnvaldsson.

Árið 1938 var efnt til ferðalags. Í skemmtinefnd voru Kristinn Vilhjálmsson, Jón Rögnvaldsson og Bjarni Ólafsson. Þá um haustið barst félaginu boð frá Félagi járníðnaðarmanna um að Félag blikksmiða tæki þátt í árshátíð járníðnaðarmanna. Félag blikksmiða var ungt, rétt komið úr egginu og búið að brjóta af sér skurnið, en Félag járníðnaðarmanna var komið vel á legg, stofnað 1920, og þá þegar orðið eitt af aðalforustufélögum verkalyðshreyfingarinnar. Fór strax vel á með þessum félögum í sambandi við atvinnuna fyrir hinu daglega brauði, eins og yfir glæstum borðum og í danssölum.

Í upphafi var ákveðið að efla félagsjóð með ágóða af skemmtunum, en ágóði var yfirleitt heldur rýr og fyrir kom, að halli varð á skemmtanahaldi.

Hinn 5. maí 1940 var rætt um skemmtiferð í sambandi við fimm ára afmæli félagsins á næsta sumri. Skemmtiferðin var farin 30. júní. Gjald fyrir ferðina var 10 kr. fyrir mann, fargjald og veitingar.

Á 10 ára afmælinu ritað formaður félagsins grein um félagið í tímaritið Vinnuna. Greininni fylgdi mynd af stofnendum félagsins.

Um 20 ára afmæli félagsins, árið 1955, er greint hinn 13. maí 1955. Þá stóð svo á að félagið hafði átt í vinnudeilu. Var á fundinum samþykkt að „fresta 20 ára afmæli til haustsins, vegna nýlokinnar vinnudeilu.“

Um haustið, er félagið hafði fagnað, var samþykkt „í tilefni 20 ára afmælis félagsins að veita Ásgeiri Matthíassyni kr. 2.000.00 styrk sem þakklætis- og virðingarvott fyrir drjúgt og gæfuríkt starf í þágu félagsins.“

Þá var samþykkt að „heiðra fyrstu stjórn félagsins með skrautrituðu viðurkenningarskjali sem þökk fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.“

Hinn 12. júní 1960 var 25 ára afmæli félagsins. Var afmælishóf haldið í Silfurtunglinu 21. október 1960. Þangað var nokkrum gestum boðið: Formanni Alþýðusambands Íslands, Hannibal Valdimarssyni, og formanni Félags blikksmiðjueigenda, Sigurði Hólmsteini Jónssyni. Heiðursgestir voru Guðmundur Jóhannsson, Ásgeir Matthíasson og Kristinn Vilhjálmsson.

30 ára afmælishóf félagsins var haldið með veislu í Félagsheimili Kópavogs, hinn 23. október 1965. Þrír menn, er voru meðal stofnenda félagsins, voru tilnefndir heiðursfélagar, þeir Ásgeir Matthíasson, Bjarni Ólafsson og Jón Rögnvaldsson. Voru þeim afhent heiðurskjöli.

Á 40 ára afmæli félagsins, sem haldið var að Hótel Loftleiðum, var meðal annarra boðið forustumönnum Málmíðnaðarfélaganna í Reykjavík, formanni Félags blikksmiðjueigenda, Sigurði Hólmsteini Jónssyni o.fl. Þar voru ýmis skemmtiatriði. Þá voru ellefu menn sæmdir gullmerki félagsins fyrir störf að hag félagsins.

Á þessum árum eru tilnefndir alls 40 félagsmenn, sem höfðu umsjón með skemmtanastarfi. Eftirtaldir menn höfðu verið 5 ár eða meira í nefndinni, þó ekki samfelld: Vilhelm Guðmundsson 9 ár, Lárus Lárusson 7, Einar Finnbogason 6, Knud Pedersen 6, Jón Rögnvaldsson 5, Georg Jónsson 5, Kjartan H. Guðmundsson 5, og Sigurður H. Guðbrandsson 5 ár.

Einn maður hafði verið fjórum sinnum í nefndinni, tveir þrisvar, sextán tvisvar sinnum og þrettán einu sinni.

### *Fjörutíu ára afmæli Félags blikksmiða.*

Í 40 ára afmælishófi Félags blikksmiða, sem haldið var að Hótel Loftleiðum 15. nóvember 1975, flutti Kristján Ottósson yfirlitsræðu um tilveru og störf félagsins. Þó að margt af því, sem kemur fram í ræðunni, sé að finna á víð og dreif í sögu félagsins, þykir rétt að birta ræðuna í heild.

Formaður mælti:

„Góðir stéttarbræður og gestir.

Það er mér mikil ánægja að eiga þess kost að ávarpa ykkur hér í kvöld.

Við erum hér samankomin til að halda upp á 40 ára afmæli Félags blikksmiða.

En félagið var stofnað 12. júní 1935. Stofnfundurinn var haldinn í gamla Iðnskólanum við Tjörnina. Stofnendur voru 8. Þeir voru: Kristinn Vilhjálmsson, Guðmundur Jóhannsson, Ásgeir Matthíasson, Bjarni Ólafsson, Helgi Hannesson, Vilhjálmur Húnfjörð, Vilhelm Davíðsson og Jón Rögnvaldsson.

Fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð:

Formaður, Kristinn Vilhjálmsson.

Ritari, Ásgeir Matthíasson.

Gjaldkeri, Helgi Hannesson.

Fyrsta verkefni hins nýstofnaða félags var að ná samningum við blikksmiðjueigendur og með því að fá þá til að viðurkenna hið nýstofnaða Félag blikksmiða.

Tímakaupið í blikksmiði á þessum tíma var 1 króna og hæst var borgað 1.50 á tímann.

Þá var ákveðið að gera samningstilboð og var það sent blikksmiðjueigendum, en þeir fengust ekki til viðræðna um málið.

Þá þegar var boðað verkfall í öllum blikksmiðjum, ef ekki næðust samningar.

Þá upplýstist að flestir blikksmiðjueigendur voru í félagi atvinnurekenda.

Engin tilraun var gerð til samninga og hófst verkfall 12. júlí sama ár.

Premur dögum síðar var Vinnuveitendafélagið búið að taka málið í sínar hendur. Fyrsta verk þess var að setja verkþann á meðlimi Félags blikksmiða og var það víst í fyrsta skipti að verkþanni var beitt.

Félag vinnuveitenda skrifaði öllum atvinnurekendum, sem voru meðlimir félagsins bréf um deiluna.

Því næst voru birt nöfn þeirra fyrirtækja, sem verkfallið náði til og nöfn allra meðlima Félags blikksmiða, og atvinnurekendur áminntir um að haga sér í einu og öllu eftir 22. og 23. gr. félagslaga Vinnuveitendafélagsins.

Á sama tíma sótti Félag blikksmiða um upptöku í Alþýðusamband Íslands. Var upptakan veitt 15. júlí.

Meðlimir Félags blikksmiða létu engan bilbug á sér finna, þótt beitt væri við þá ýmsum ráðum. Verkfallið stóð í 10 daga.

Samningar voru undirritaðir 22. júlí 1935 og náði félagið fram öllum kröfum sínum.

Svohljóðandi fyrirsögn birtist í Alþýðublaðinu þann 23. júlí 1935.

— Blikksmiðadeilan leyst, sveinar fá kauphækkun og kjarabætur.

Á sama degi birtist í Morgunblaðinu eftirfarandi fyrirsögn:



„Desert“ borin fram í 40 ára afmælishófi félagsins, skreyttur blysum í myrkvudum salnum. Afmælishófið þótti takast með miklum ágætum og skemmtu menn sér hið besta.

— Blikksmiðadeilan leyst, samið upp á sömu kjör og áður...

Í Alþýðublaðinu þann 26. júlí 1935 svarar Guðmundur Jóhannsson, blikksmiður Morgunblaðinu, þar bendir hann mönnum á staðreyndir, sem ekki verða raktar hér.

Í júlí 1937 eru samningar endurnýjaðir og fengust þá nokkrar kjara-bætur.

Nú líður fram að ársbyrjun 1941. Þegar gengislögin voru í gildi, sögðu þá nokkur félög upp samningum við atvinnurekendur og þar á meðal Félag blikksmiða.

Atvinnurekendur héldu því fram að ákvæði í gengislögunum bæri að skilja þannig, að engin kauphækkun mætti fara fram í samningum félaga, aðeins kæmu til greina orðalagsbreytingar á samningunum.

Félag blikksmiða fór þá í verkfall 1. janúar 1941 og stóð það í þrjár vikur. Og þrátt fyrir öll bönn á kauphækkunum, hækkaði kaupíð verulega og vinnuvikan styttist.

Félag blikksmiða stóð í tveggja mánaða verkfalli ásamt fleiri stéttar-félögum í september og október árið 1944 og bætti þá kjör félagsmanna sinna allverulega.

Síðan hefur félagið haft samstarf við önnur stéttarfélög í málmiðnaði og bætt kjör félagsmanna sinna í samvinnu við þau.

Geta má vinnudeilna, t.d. í desember 1952, mars og apríl 1955 og í júní 1958. Yngri verkföll eru mönnum enn í fersku minni.

Félag blikksmiða var aðili að stofnun Málm- og skipasmiðasambandi Íslands fyrir 11 árum og hafa félögin innan þess haft samvinnu um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Sjúkra- og styrktarsjóður Félags blikksmiða var stofnaður 29. janúar 1943.

Sjóðurinn óx fljótt miðað við hvað félagið var fámennt. Í samningnum 28. apríl 1955 varð samkomulag um að vinnuveitendur greiddu 1% af útborguðu kaupi blikksmiða í Sjúkra- og styrktarsjóð félagsins.

Hefur hann því eflst mjög síðan og greiðir nú styrki í allt að 6 mánuði á ári hverju, samkvæmt reglugerð sjóðsins.

Einnig er greitt úr sjóðnum til félagsmanns, sé félagi orðinn 65 ára og hættur vinnu.

Samið var um lífeyrissjóð 1969, en hann tók ekki gildi fyrr en 1. janúar 1970. Félagið er aðili að Lífeyrissjóði Málm- og skipasmiða og er hann þegar farinn að koma félagsmönnum til góða.

Vinnudeilusjóður var stofnaður 30. maí 1962 og hefur sjóðurinn komið í góðar þarfir, þegar félagið hefur staðið í vinnudeilum. En fyrsti verkfallsstyrkurinn var veittur úr félagssjóði 7. janúar 1941.

Orlofssjóður félagsins var stofnaður eftir samninga við atvinnurekendur 20. maí 1969. Var samið um að atvinnurekendur greiddu 1/4% af útborguðu kaupi blikksmiða í orlofssjóð.

Orlofssjóður Félags blikksmiða á nú 1/4 hluta í orlofshúsi á Illuga-stöðum í Fnjóskadal og 6 manna hjólhýsi, sem félagið hefur rekið í tvö ár og gefist mjög vel. Það var staðsett að Svignaskarði í Borgarfirði síð-

astliðið sumar, en sumarið 1974 var það staðsett að Laugarvatni. Einnig á félagið 3 hektara lands austur í Grímsnesi.

Þá má geta þess, að félagið hefur látið til sín taka um skógrækt. Fyrsta skógræktarnefndin var kosin 25. apríl 1950 og er félagið búið að gróðursetja í Heiðmörk um 15.800 plöntur.

Skrifstofa félagsins er á Skólavörðustíg 16, í húsnæði sem félagið á ásamt fleiri verkalýðsfélögum. En félagið hefur ekki bolmagn til að reka skrifstofu eins og mörg verkalýðsfélög gera og er því að mestu um sjálf-boðavinnum að ræða hjá félagsmönnum.

Núverandi heiðursfélagar Félags blikksmiða eru: Ásgeir Matthíasson, Jón Rögnvaldsson og Bjarni Ólafsson. Þeir voru og stofnendur félagsins.

Formenn Félags blikksmiða hafa verið:

Kristinn Vilhjálmsson	2 ár,	1. formaður félagsins og stofnandi.
Guðmundur Jóhannsson	7 ár,	og stofnandi.
Ásgeir Matthíasson	4 ár,	stofnandi og heiðursfélagi.
Sveinn A. Sæmundsson	2 ár.	
Magnús Thorvaldsson	2 ár.	
Þórður Sveinbjörnsson	2 ár.	
Finnbogi Júlíusson	1 ár.	
Kjartan Guðmundsson	2 ár.	
Magnús Magnússon	7 ár.	
Hannes Alfónsson	8 ár.	
Kristján Ottósson	3 ár.	

Aðrir í stjórn nú eru Ástráður Magnússon, varaformaður, Auðunn Snorrason, ritari, Reynir Olgeirsson, gjaldkeri, Jónas Bergmann, meðstjórnandi.

Í Félagi blikksmiða hefur fjölgað og starfsemi þess að sama skapi vaxið og áreiðanlega mun áfram fjölga í félaginu og starfsemi þess vaxa í samræmi við breyttar aðstæður.

Áfram mun þurfa að flétta saman sjónarmið ungra félaga við reynslu þeirra eldri.

Áfram mun Félag blikksmiða og félagsmenn stefna að upphaflegu marki, batnandi lífskjörum.

Saga Félags blikksmiða segir okkur að styrkur í átökum felist í einhug og samheldni.

Ekki síður nú en áður fyrr mun árangur kjarabaráttunnar byggjast á fórnfýsi, stéttvísi og félagshyggu.





*Þessir blikksmiðir voru heiðraðir með gullmerki félagsins í fjörutu ára afmælishófi þess 1975. Talið frá vinstri: Kristinn Vilhjálmsson, Guðmundur Jóhannsson, Ásgeir Matthíasson, Jón Ottó Rögnvaldsson, Bjarni Ólafsson, Guðjón Brynjólfsson, Bjarni Helgason, Ólafur Á. Jóhannesson, Magnús Magnússon, Hörður Jóhannsson og Hannes Alfonsson.*

### *Í sama tilefni.*

Enginn mun véfengja í dag að verkalýðshreyfingin hefur verið áhrifa-mikið og virkt afl í framþróun íslensks þjóðlífs.

Nýir og ungir menn bætast í félagsmannahópinn, aðrir hverfa að öðrum störfum eða falla frá, en félagið sjálft, sem myndað er vegna sameiginlegra hagsmuna og markmiða heldur áfram starfi sínu og bar-áttu.

Margir þessara manna hafa staðnæmst aðeins eitt eða tvö ár í félaginu, aðrir í nokkur ár, en flestir meginhluta starfsævi sinnar.

Margir úr þessum hópi eru nú látnir og minning þeirra að fyrnast. En frá stofnun Félags blikksmiða hafa ýmsir félaganna skorið sig úr vegna starfa í þágu félagsins og forystuhæfileika.

Eðlilegt er, að félagið sýni ýmsum þeim, er til næst, nokkra viðurkenningu og þakklæti, nú í tilefni 40 ára afmælisins.

Þeir núlifandi félagsmenn, er langmest hafa unnið að framgangi Félags blikksmiða, eru þessir:

Kristinn Vilhjálmsson  
Guðmundur Jóhannsson  
Ásgeir Matthíasson

Jón Rögnvaldsson  
 Bjarni Ólafsson  
 Guðjón Brynjólfsson  
 Bjarni Helgason  
 Ólafur Jóhannesson  
 Magnús Magnússon  
 Hörður Jóhannsson  
 Hannes Alfonsson

Félagsmenn þessir hafa unnið ágæt störf fyrir félagið sem stjórnarmenn, trúnaðarmenn á vinnustöðum og í nefndum.

Menn þessir hlutu sjaldnast þökk eða viðurkenningu fyrir verk sín, er þau voru unnin, jafnvel frekar ádeilu í hita atburða og baráttu.

Stjórn félagsins var ekki í vanda stödd, þegar hún skipaði þessa menn á heiðursbekkinn og ákvað að heiðra þá á þessum tímamótum.

Fyrir hönd Félags blikksmiða sæmi ég þá gullmerki félagsins, með þakklæti fyrir störf þeirra á þágu Félags blikksmiða.

## Ýmis viðfangsefni

### *Samræming um smíðisgripi.*

Blikksmiðjur höfðu komið sér saman um almennar smíðar. Var það einkum í sambandi við verðlagningu á einstaka hluti eða smíðisgripi. Ekki mun þó almennt hafa verið fullt samræmi í vinnubrögðum verkstæðanna.

Það var til dæmis að taka á fundi í Félagi blikksmiða 20. september 1950, að þetta mál var rætt. Finnbogi Júlíusson benti á hið mikla ósamræmi, er væri í smíðjunum á stærðum ýmissa hluta, svo sem þakrennum og tilheyrandi. „Beindi hann því til stjórnar félagsins að fara þess á leit við blikksmiðjueigendur að þetta yrði samræmt.“

### *Fundarstaðir Félags blikksmiða.*

Þegar Félag blikksmiða hafði starfað í 40 ár, hafði félagið haldið rúmlega 200 félagsfundir. Þessar fundir voru haldnir víðsvegar um bæinn á alls 36 stöðum, en ekki er getið fjögurra fundarstaða í bókum félagsins.

Fundarstaðir voru þessir:

Í Prentarafélagshúsinu, Hverfisgötu 21, voru haldnir 50 fundir. Í Freyjugötu 27, 31 fundur, Þórsögötu 1, 26 fundir, Iðnskólanum 24 fundir, Skólavörðustígur 16, 21 fundur, Hringbraut 158, 8 fundir, Bergstaðastræti 28B, 5 fundir, Hótel Loftleiðir, 4 fundir, Útgarður, Glæsi-

bæ, 4 fundir, Óðinsgata 7, 4 fundir, Spítalastígur 3, 1 fundur, Alþýðuhúsið, 3 fundir, Laufásveg 20, 2 fundir, Ingólfsstræti 21, 2 fundir, Kirkjuhvoli, 2 fundir, Skipholti 19, 2 fundir, Laufásvegi 8, 2 fundir, Tjarnarbúð, 2 fundir, Hótel Borg, 1 fundur, Hótel Vík, 1 fundur, Njálsgötu 23, 1 fundur, Ægisgötu 4, 1 fundur, Templarahúsinu, 1 fundur, Ingólfsstræti 21, 1 fundur, Félagsheimili verslunarmanna, 1 fundur, Skrifstofu Trésmiðafélags Reykjavíkur, 1 fundur, Skrifstofu Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, 1 fundur, Skrifstofa Félags járniðnaðarmanna, 1 fundur, Hverfisgötu 8, 1 fundur, Þingholti við Bergstaðastræti, 1 fundur, Neðribæ við Síðumúla, 1 fundur, Lindabæ, Lindargötu, 1 fundur, Skákheimilinu við Grensásveg, 1 fundur, Álfheimum 74, 1 fundur, Félagsheimili Kópavogs, 1 fundur.

### *Fræðsla og námskeið.*

Hinn 21. febrúar 1952 var samþykkt á fundi að félagið gengist fyrir námskeiði, „þar sem kennd yrðu einföldustu atriði um byggingu og verkanir loftræstingakerfa, áhrif sjávarlofts á hina einstöku málma, svo sem bárujárn, eir og aluminium, og hver munur væri á hinum einstöku blöndum þeirra.“

Á næsta ári hafði félagið fræðslukvöld 13. og 14. mars 1953. Á báðum kvöldunum „talaði Jóhannes Zoëga um gerð og verkanir lofthitunar og loftræstingarkerfa.“

Þáttakendur voru 20 hvort kvöld. „Og höfðu mikinn fróðleik og skemmtan af.“ Fræðslukvöldin voru í Iðnskólanum.

Snemma árs 1954 barst félaginu bréf og „tilboð um að félaginu væri boðið að taka þátt í kynningarráðstefnu málmiðnaðarmanna á Norðurlöndum, sem halda átti sumarið 1954. Félagið tók þessu tilboði vel og var stjórninni falið að tilnefna menn til afgreiðslu málsins.“

### *Húsakaup.*

Félag blikksmiða hafði lengi verið á hrakhólum til fundarhalda, svo sem sést á yfirliti um fundarstaði. Svo var einnig um fleiri verkalýðs- og iðnaðarmannafélög. Nokkur félög höfðu rætt um að koma sér saman um kaup á húsi eða hluta úr húsnæði til starfsemi og fundarhalda.

Málinu þokaði áfram. Og á árinu 1966 var gengið frá kaupum á 1. 2. 3 og 4. hæðar húseignarinnar Skólavörðustígur 16 í Reykjavík.

Eignahlutföll í húseigninni voru þessi:

Iðja, félag verksmiðjufólks	43%
Félag járniðnaðarmanna	30%

Félag bifvélavirkja	9%
Verkakvinnafélagið Framsókn	5%
Sókn	5%
Félag blikksmiða	2%
Félag kjötiðnaðarmanna	2%
Félag skipasmiða	2%
Málm- og skipasmiðafélagið	2%

Félag blikksmiða samþykkti að sjúkrasjóður félagsins yrði eigandi að þeim 2%, sem er hluti félagsins í húseigninni.

### *Þátttaka í bankastarfsemi.*

Á aðalfundi Félags blikksmiða hafði stjórn félagsins borist bréf frá Alþýðusambandi Íslands, þar sem farið er fram á það, að félagið gerist aðili að stofnun sparisjóðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Hafnarfirði.

Einnig hafði þá borist bréf frá Landssambandi iðnaðarmanna. Þar „er félaginu boðið að gerast hluthafi í Iðnaðarbanka Íslands h/f með allt að kr. 10.000.00 framlagi.“

Samþykkt var að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbankanum fyrir kr. 10.000.00.

Einnig var samþykkt að gerast aðili að stofnun sparisjóðs verkalýðsfélaganna.

Ábyrgðarmaður fyrir hönd félagsins var kosinn Guðjón J. Brynjólfsson.

Sjúkra- og styrktarsjóður Félags blikksmiða á nú hlutabréf í Iðnaðarbankanum kr. 120.000,— og í Alþýðubankanum kr. 81.000,—.

### *Félagsfáni.*

Af og til ræddu félagsmenn um nauðsyn þess að félagið eignaðist merki og félagsfána, en framkvæmdir drógust ár eftir ár. Á félagsfundum 30. maí 1962 var málið rætt og samþykkt að kjósa nefnd til þess að „undirbúa málið og að félagsfáni verði til fyrir 30 ára afmæli félagsins, hinn 12. júní 1965.“ Í fánanefnd voru kosnir: Ólafur Á. Jóhannesson, Þórir Ólafsson og Eiður Breiðfjörð.

Önnur fánanefnd var kjörin 1964: Magnús Magnússon, Eiður Breiðfjörð og Þórir Ólafsson.

Fánanefndin bauð nemendum í Myndlista- og handíðaskólanum að taka þátt í tillögum um gerð væntanlegs merkis fyrir félagið. Nefndar

voru kr. 1.500.00 fyrir bestu tillögun, en „yrði hún notuð“ færi upp-hæðin að kr. 5.000.00.

Samþykkti fundurinn að veita allt að kr. 5.000.00 kr. verðlaun.

Á aðalfundi 1965 var skýrt frá því, að tillögur um fána væru komnar frá Myndlista- og handíðaskólanum. Fánanefnd var falið að dæma um framkomnar tillögur og bjóða Handíðaskólanum að tilnefna mann í dómnefnd.

Niðurstaðan varð sú að tillagan var samþykkt sem merki á bréfsfni Félags blikksmiða en ekki sem fáni og hefur félagið því ekki eignast fána.

## Um eldvarnir.

Hinn 9. október 1977 sendu í sameiningu Félag blikksmiða og Félag blikksmiðjueigenda, undirskrifað af Krístjáni Ottóssyni og Sveini A. Sæmundssyni, formönnum félaganna, eftirgreint bréf til 18 blikksmiðja á Reykjavíkursvæðinu:

# Starfsfólk blikksmiðja æfir brunavarnir

**STJÓRN** Félags blikksmiða samþykkti á stjórnarfundum 8. október sl. að vinna að og koma á verklegum kennsluæfingum í brunavörnum fyrir starfsfólk í blikksmiðja-áion. Að þessu tilefni boðaði félagið til blaðamannafundar.

Það lýstu forráðamenn félagsins því yfir, að þeir teldu ýmsu

áfátt í brunavarnarmálum á vinnustöðum almennt og hefðu þeir áhuga á að reyna að bæta þar úr.

I fyrsta lagi með slökkviefingum, sem allir starfsmenn fyrir-tækjanna tækju þátt í og kæmi þá í ljós hvort slökkvitæki væru í lagi og hvar úrbóta væri þörf.

I öðru lagi vildu þeir vekja eftirtekt á nauðsyn þess að félög-

in vinni meira saman að öryggismálum og þar með sameiginlegum hagsmunamálum beggja aðila.

Þá er það talið verkefni fjölmiðla að geta þess sem til heilla horfir í samskiptum manna á vinnumarkaðnum ekki síður en þess, sem miður fer.



Fyrsta æfingin í meðferð slökkvitækja er hófst við Blikksmiðjuna Vog 2. nóv. 1977. Með slökkvitækið er Sveinn A. Sæmundsson forstjóri og formaður Félags blikksmiðjueigenda.

# Ætla ekki að gera smiðjuna að slökkvíaæfingarstað...

— segir einn blikksmiðjueigandinn hér í borg er honum var boðið að mennta menn sína í notkun slökkvitækja

kk, ég ætla ekki að gera smiðjueigandinn slökkvíaæfingarstað,“ eigandi einnar blikksmiðju í ík er til stóð að halda þar sfiingu, námskeið í meðferð ektja á stöðnum. Þess háttar hafa verið haldnar víða um

borgina að undanförunu fyrir forðöngu Félags blikksmiða og blikksmiðjueigenda í samráði við Slökkvíað Reykjavíkur.

I víðtali við DB skildu forráðamenn námskeiðsins ekki þann huganagang að banna mönnum sínum að taka þátt í svo



ma á að bera sig að,” segir einn blikksmiðjueigandinn og sýnir hvernig fara á að við að slökkva elda.

DB-myndir Bj.Bj.

þvágum æfingum.

Ö sögn nemenda var þetta mjöglegt og nauðsynlegt og sagði einn þar að fólk nánnast kláraði úr tækjun-áður en því gefist tækifæri á að kva eldinn og er þar eingöngu van-náttu um að kenna. Í kjölfar þessa skeiðs tóku fleiri félag að halda skeið, t.d. Verkalyðsfélagið í Kerla-og J.C. hér í Reykjavík. Viltu þau a sluga fólk á þessu því mikið er í og getur það afskýrt milljónatjóni ef in kunna meðferð slökkvitækja. sig víðu þeir vekja tryggingafélögin umhugunar um að leggja meiri zlu á aðgerðir til eldvarna. Fram-í verður á æfingum þessum mennta ár r vonast til að þær verði fjölmennari á.

G.H.P.



Nemendur úr blikksmiðjunum ásamt Kristjáni Ottóssyni, formanni Félags blikksmiða (með gleraugun), og Brynjólfi Karlssyni slökkviliðsmanni sem kenndi meðferð slökkvitækjanna.

*Blaða úrklippa úr Dagblaðinu 25. október 1978, frá síðustu æfingunni í notkun slökkvitækja.*

„Kæri félagi.

Stjórn Félags blikksmiða samþykkti á stjórnarfundi þann 8. október 1979 að vinna að og koma á verklegum kennsluæfingum í brunavörnum fyrir starfsfólk í blikksmiðaiðninni.

Markmiðið er verkleg æfing við hverja blikksmiðju.

Það er ósk okkar, að ráðamenn blikksmiðjanna greiði götu starfsmanna eldvarnareftirlitsins og sjái um að allir sem starfa hjá viðkomandi smiðju verði viðstaddir áður nefnda æfingu.

Eldvarnareftirlitið leggur til eftirfarandi: vinnukraft, akstur, bensín til brennslu við æfingar og hleðslu á vatns-handslökkvitæki.

Brynjólfur Karlsson, starfsmaður eldvarnareftirlitsins í Reykjavík, sér um og kennir við eldvarnaæfingarnar.“

Það má segja að blikksmiðir hafi orðið brautryðjendur á ýmsum sviðum.

Tilgangurinn með brunavarnaæfingunum var ekki síður hugsaður til að vekja ráðamenn brunavarna af værum svefni til framtaks um aukna fræðslu fyrir almenning.

Fljótlega komu fleiri í kjölfarið til dæmis Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og J. C. í Reykjavík.

## *Viðurkenning*

Þann 6. janúar 1977 veitti Félag blikksmiða Blikksmiðjunni Blikk og Stál h.f. viðurkenningu fyrir góðan aðbúnað starfsfólks. Rétt þykir að birta í heild ræðuna sem Kristján Ottósson formaður Félags blikksmiða flutti við þetta tækifæri.

### **Góðir félagar**

Við erum hér samankomnir af nokkuð sérstöku tilefni, sem á sér rætur að rekja til síðasta verkfalls í blikksmiðaiðninni.

En þá eins og endranær við slíkar aðstæður voru blikksmiðir á verkfallsvöktum og ferðuðust á milli blikksmiðjanna til að sjá um að ekki væru framin verkfallsbrot.

Það var á þessum eftirlitsferðum sem blikksmiðirnir tóku fyrst eftir því, að ein blikksmiðjan var miklu framar öðrum blikksmiðjum hvað varðar aðbúnað og hollustuhætti til handa starfsmönnum í blikksmiðaiðninni.

Á síðasta aðalfundi Félags blikksmiða í mars á s.l. ári kom fram tillaga þess efnis að félagið veitti viðurkenningu þeirri blikksmiðju er skapaði starfsmönnum besta aðstöðu er varðar aðbúnað og hollustuhætti, og með því sýna það í verki að tekið sé eftir því sem vel er gert, en ekki halda á lofti einvörðungu dökku hlið málanna.

Og var þessi tillaga einróma samþykkt og stjórn og trúnaðarmannaráði falið að sjá um áframhaldandi framkvæmd.

Í þrem blikksmiðjum voru á síðasta ári teknir í notkun nýir kaffi og matsalir, þeir eru í blikksm. Gylfa, blikksm. Glófaxes og blikksm. Gretti.

Þá hefur í blikksm. Gretti á síðasta ári verið komið fyrir hljóðgildrum í lofti vinnusalarins til að koma í veg fyrir hávaða, og að sögn starfsmanna tekist vel. Það ber að þakka.

BLIKK OG STÁL H.F.:

# Fengu viðurkenningu fyrir góðan aðbúnað

Félag blikksmiða hefur í fyrsta sinn veitt viðurkenningu þeirri blikksmiðu sem skapar að mati félagsins starfsmönnum besta aðstöðu er varðar aðbúnað og hollustuhætti, og hlaut Blikk & Stál h.f. viðurkenninguna.

Í ávarpi, sem Kristján Ottósson, formaður félagsins, flutti við þetta tækifæri, sagði hann, að enginn ágreiningur hefði verið um þessa veitingu, enda væri ljóst, að við uppbyggingu umrædds fyrirtækis hefði aðbúnaður, hollusta og góð vinnuskilyrði starfsfólks ekki gleymst. —ESJ



Frá vinstri Garðar Erlendsson, framkvæmdastjóri Blikk & Stál, en við hlið hans stendur Kristján Ottósson, formaður Félags blikksmiða, með viðurkenningarskjalið.



Vinnuskilyrði þykja mjög góð hjá blikksmiðjunni.

*Blaðárklippa úr Dagblaðinu Vísi 8. janúar 1977.*

En það er einmitt hávaði sem er mjög heilsuspillandi í blikksmiðaiðnaðinum.

Á trúnaðarmannaráðsfundi í Félagi blikksmiða höldnum 28. des. s.l., var enginn ágreiningur um hvaða blikksmiða ætti að fá viðurkenningu samkvæmt áður nefndu samþykki síðasta aðalfundar.

Það er Blikk og Stál sem við erum nú, staddir í. Að mati trúnaðarmannaráðs virðist sem aðbúnaður, hollusta og góð vinnuskilyrði starfsfólks hafi ekki gleymst við uppbyggingu þessa fyrirtækis, sem að sjálfsögðu á að leiða til aukinnar framleiðni fyrirtækinu í hag.



Hér skal nefnt það helsta til stuðnings þessari viðurkenningu:

1. Góð lýsing.
2. Góð loftræsting, hér eru í húsinu 5 sjálfstæðar loftræsti- og hitunarsamstæður með uppblöndun á fersku lofti.
3. Útsog frá suðuherbergi, renniverkstæði, sprautuherbergi sem hefur sérstakan vatnsúðara (eða vaskara) og einnig útsog frá snyrtingum og er mér tjáð af starfsmönnum að hér sé alltaf gott loft í vinnusal og nógur hiti.
4. Hreinlætisaðstaða er hér og nokkuð góð, hver maður hefur sér fataskáp, hér eru rúmgóð sturtuböð ásamt annari snyrtiaðstöðu.
5. Matsalur er hér mjög aðlaðandi með tilheyrandi hreinlætisaðstöðu og salerni.
6. Mér er kunnugt um að fjórar blikksmiðjur gefa starfsfólki kaffi tvisvar á dag, auk Blikk og Stáls eru það blikksm. Grettir, blikksm. Gylfa og blikksm. J. B. Péturssonar.
7. Ég tel að óhætt sé að segja að vinnuaðstaða hér í Blikk og Stál sé mjög góð og öðrum til eftirbreytni. Hér hefur hver starfsmaður sinn verkfæraskáp að sjálfsögðu með verkfærum og vinnuborð.
8. Hér er og vinnuvélum haganlega fyrirkomid í þeirri vinnsluröð eins og verkefnin segja til um.
9. Þá eru öll húsakynni hér máluð í hólfi og gólf og að sjá þokkalega við haldið.
10. Hér í Blikk og Stál hefur verið sett upp gluggaskreyting og skreytt jólatré í vinnusal.

Af þessu mætti draga þá ályktun að hugarfarsbreyting hafi orðið hjá stjórnendum til betri vegar og er það gott.

Framhjá þeirri staðreynd verður ekki komist að vinnustaðurinn er mannsins annað heimili, eins og tímarnir eru í dag kemur starfsmaðurinn heim til sinnar fjölskyldu, til að sofa, því vöku tímanum verður hann að eyða á vinnustað til að þræla fyrir því litla kaupi sem honum er skammtað, sá skammtur á svo að duga til að framfleyta hans fjölskyldu. En kaupid verður rætt á öðrum vettvangi.

Á þessu sést að vinnustaðurinn verður að uppfylla þær kröfur sem þurfa að vera til að starfsmaðurinn haldi óskertri heilsu.

Lámarkið það er að mínu mati, góð lýsing, hreint loft, rétt hitastig miðað við verkefni, góð hreinlætisaðstaða, fyrirbyggjandi aðgerðir við hávaða og síðast en ekki síst að allir taki þátt í félagsstörfum bæði innan og utan vinnustaðarinnar.

**Góðir félagar áfram munum við vinna sameinaðir að betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað og munum ekki gleyma því sem þar á vantar, af hálfu atvinnurekandans.**

**En er eitthvað sem við sveinarnir höfum gleymt? Já að mínum dómi**



## Blikk & Stál<sup>h/f</sup>

*hefur hlótið viðurkenningu  
Félags Blikksmiða  
fyrir góðan aðbúnað  
starfsfólks í blikksmiðaiðninni  
árið 1976*

**Reykjavík í janúar 1977  
f.h. Félags blikksmiða**

*Kristján Ottósson.*  
formaður

*Viðurkenningarskjal það sem Félag blikksmiða veitti Blikk og Stál h/f árið 1976 fyrir góðan aðbúnað á vinnustað.*

höfum við gleymt. Við gerum kröfur til okkar atvinnurekanda og fáum sumar af þeim uppfylltar og af því tilefni er stjórn Félags blikksmiða stödd í þessu fyrirtæki í dag.

Hjá okkur sveinum í blikksmiðaiðnaðinum verður að eiga sér stað hugarfarsbreyting í mannlegum samskiptum og umgengnisvenjum ekki síður en hjá atvinnurekendum, þó að sagt sé „að eftir höfðinu dansi limirnir.“

Það er ófögur sjón að sjá eyrnarhlífar, öryggishjálma og aðrar öryggishlífar liggja undir vinnuborðum eða veltast á gólfum vinnusala af óhírðu starfsmanna, en þessi orð mæli ég til allra blikksmiða í blikksmíðaiðnaðinum.

Vægast sagt er það óviðeigandi þar sem þokkalegir kaffi og matsalir eru fyrir hendi í blikksmiðjum að sjá starfsmenn matast í óhreinum vinnuskóm og óhreinum vinnusloppum. Þarna þarf að verða breyting á, fyrst og fremst hugarfarsbreyting.

Í því sambandi skulum við hafa í huga, að allir höfum við ánægju af að gefa og rétta þeim hjálparhönd sem kunna að þakka, meta eða varðveita það.

En við erum tregir til að gefa og hjálpa þeim sem ekki kunna að þakka, meta og/eða varðveita það.

Stjórnendum, verkstjórum, flokkstjórum og trúnaðarmönnum ber skylda til að vera fyrirmynd í allri umgengni og öryggismálum.

Ög höfum það hugfast, í þessum málum getum við ekki krafist þess af öðrum sem við gerum ekki sjálfir.

**Góðir félagar** með mér hingað bauð ég manni sem dyggilega hefur unnið að bættum aðbúnaði og hollustuháttum í málmiðnaðinum, hann er formaður Málm- og Skipasmiðasambands Íslands, Guðjón Jónsson og þakka ég honum gott samstarf á því sviði.

Einnig bauð ég hingað formanni Félags blikksmiðjueigenda Sveini A. Sæmundssyni, og vil ég sérstaklega þakka honum fyrir ánægjulegt samstarf í þágu félagsmála.

**Góðir stéttarbræður** um leið og ég afhendi þessa viðurkenningu á yfirstandandi iðnkynningarári, óska ég ykkur og fyrirtækinu til hamingju með áunninn áfanga og að áfram megi það dafna öllum til góðs.

## *Réttindamál*

Starfsárið 1979 hjá Félagi blikksmiða var að mörgu leyti giftusamlegt, eins og fram kemur í skýrslu stjórnar, er lögð var fram á aðalfundi í apríl 1980, og þykir rétt að birta orðrétt þá kafla úr skýrslunni er hér koma á eftir.

Það var á nýliðnu starfsári 1979, að við í blikksmiðastéttinni og þó sérstaklega í Félagi blikksmiða, gerðum okkur grein fyrir þeim óheilla farvegi er við vorum að grafa stéttinni með framtaksleysi okkar.

En þó má ekki gleyma því stóra átaki er fræðslunefndin í faginu náði er hún kom því í gegn að ráðinn væri fagmenntaður blikksmiður til teiknikennslu við Iðnskólann í Reykjavík.

En störfum fræðslunefndar er gerð skil annars staðar í þessu riti.

Vegna undanfarandi lélegrar kennslu við Iðnskólann og lélegrar

kennslu hjá meisturum hefur faglegu handverki farið í alltof mörgum tilfellum hrakandi.

Því var það að Félag blikksmiða gerði samþykkt að stofnuð yrði gæðamatsnefnd í faginu og samskonar samþykkt var gerð í Félagi blikksmiðjueigenda.

Í framhaldi af þessum samþykktum var eftirfarandi bréf sent byggingarfulltrúa embætti Reykjavíkurborgar.

Reykjavík 22.5.1979

Bygginganefnd  
Reykjavíkurborgar,  
c/o hr. byggingarfulltrúi,  
Gunnar Sigurðsson.

Félag blikksmiða og Félag blikksmiðjueigenda hafa samþykkt að komið verði á gæðamatsnefnd í blikksmiði, er yrði þannig uppbyggð, einn frá sveinum, einn frá meisturum og einn tæknimenntaður blikksmiður, skipaður af byggingarfulltrúa, sem hefur ekki hagsmuna að gæta í blikksmiði.

Frá Félagi blikksmiða er samþykktur Guðjón Brynjólfsson, blikksm. Nýbýlavegi 50, Kóp., og frá Félagi blikksmiðjueigenda er samþykktur Ólafur Jóhannesson, blikksmiðameistari Heiðargerði 82, Rvk. Þá var og samþykkt í báðum félögum að úrskurður nefndarinnar verði bindandi fyrir báða aðila. „Gerðardómur í blikksmiði.“

Það er vinsamleg ósk félagsmanna að byggingarfulltrúi sjái sér fært að hraða afgreiðslu þessa málefnis og svari því fyrir 10. júní 1979.

Virðingarfyllst,  
F.H.Félags blikksmiða  
Kristján Ottósson, formaður.

F.H. Félags blikksmiðjueiganda,  
Sveinn A. Sæmundsson, formaður.

En það er með þetta mál, eins og sjálfsagt mörg önnur, að það eru mörg ljón á veginum og því fer það ekki fram hjá þeim sem vilja fylgjast með, að þeir stjórna sem valdið hafa.

Vegna þess að svar barst ekki frá byggingarfulltrúa embættinu, var ákveðið að skrifa háttvirtu borgarráði eftirfarandi bréf.

Reykjavík 30.11.1979

Háttvirt borgarráð.

Félag blikksmiða og Félag blikksmiðjueigenda skrifuðu byggingar-nefnd Reykjavíkurborgar, bréf dags. 22. maí 1979, sjá hjálagt ljósrít.

Það undrar okkur að bygginganefnd hefur ekki svarað bréfi okkar. Það er trú okkar að gæðamatsnefnd eigi að vera til í sem flestum starfsgreinum.

Í okkar starfsgrein er um nauðsyn að ræða og hafa blikksmiðir gert sameiginlegt átak til að bæta úr brýnni þörf á þessu sviði.

Virðingarfyllst,  
F.H. Félags blikksmiða,  
Kristján Ottósson, formaður.

F.H. Félags blikksmiðjueigenda,  
Sveinn Á Sæmundsson, formaður.

Nú skyldi einhver ætla að skriður hefði komið á málið, og ráðamenn komið auga á að gæðamatsnefnd er til þess að vernda skattborgarana.

En leggi hver og einn dóm á málið frá sínu brjóstviti, því í dag þegar þetta er skrifað, í apríl 1980, hefur ekkert svar borist frá háttvirtu borgarráði.

### *Ný byggingareglugerð*

Unnið var að einu stærsta baráttumáli blikksmiðastéttarinnar, og náðist fullur sigur í því máli á síðasta starfsári 1979 til 1980.

Í byrjun árs var gefin út og send til umsagnar örfáum mönnum, ný byggingareglugerð er samin var af nefnd er skipuð var 14. ágúst 1978 af þáverandi félagsmálaráðherra Gunnari Thoroddsen. Þessi nefnd taldi það ekki eftir sér að gjörsamlega sniðganga blikksmiðastéttina við gerð þessarar reglugerðar, með störfum nefndarinnar mátti helst ætla að nefndin vildi þurrka út blikksmiðastéttina.

Þegar málum var þannig komið reyndi formaður Félags blikksmiða að hafa áhrif á málin og fá ýmsum greinum hennar breytt, og ábyrgðina færða á hendur blikksmiðameistarans, þar sem hans fag kom inn í byggingabáttinn.

En róðurinn var þungur og þar stóð fyrir uppmælingaaðallinn með Gunnar Björnsson í stafni, en hann átti sæti í nefndinni.

Því var það að Félag blikksmiða og Félag blikksmiðjueigenda settu eftirfarandi auglýsingar í ríkisútvarpið.

Blikksmiðir — Blikksmiðameistarar, sameiginlegur fundur verður haldinn í Fáksheimilinu miðvikudaginn 2. maí kl. 20.00 Fundarefni: Ný byggingarreglugerð, framsögumenn: Kristján Ottósson formaður Félags blikksmiða, Sveinn A. Sæmundsson formaður Félags blikksmiðjueigenda.

Félagar fjölmennið.

Þessi fundur var vel sóttur og ríkti einhugur meðal fundarmanna um að ná fram rétti sínum.

Formaður Félags blikksmiða skýrði ýtarlega frá þeim greinum í reglugerðinni er hann hefur reynt að fá breytt og hvernig breytingin var hugsuð, honum til aðstoðar og innan handar var Einar Þorsteinsson blikksmiður og tæknifræðingur, og voru fundarmenn sammála um að styðja af einhug það sem þeir höfðu til málanna lagt.

Í lok fundarins var eftirfarandi tillaga borin upp og einróma samþykkt.

„Sameiginlegur fundur haldinn af Félagi blikksmiða, og Félagi blikksmiðjueigenda, í félagsheimili Fáks, þann 2. maí 1979.

Samþykkir að fela eftirtöldum mönnum: Kristjáni Ottóssyni, Ingimar Sigurtryggvasyni og Ólafi Jóhannessyni, að fylgja eftir samþykkt fundarins er varðar hina nýju byggingareglugerð.

Ennfremur harmar fundurinn þau vinnubrögð, er nefndin sem samdi byggingareglugerðina hefur tamið sér, í framkvæmd að sniðganga blikksmiðastéttina, með því að virða hana ekki viðtals á meðan á samningi reglugerðarinnar stóð, og áður en byggingareglugerðin var send út til umsagnar, hinna ýmsu aðila. En þó hefur hún ekki enn verið send blikksmiðastéttinni til umsagnar“.

Kristjáni Ottóssyni falið að kalla nefndina saman.

Það skal tekið fram að með aðstoð góðra manna er unnu að reglugerðinni, tókst okkur að ná fram viðurkenningu á að blikksmiðastéttin væri til, og hún fengi að halda fullri reisn í hinni nýju byggingarreglugerð.

Og þykir rétt að birta hér nokkrar greinar úr byggingareglugerðinni er skifta mestu máli fyrir blikksmiðaiðnaðinn.

- 3.3.5. Sérupprætti í mkv. 1:50 skal gera að vatnslögn, hitalögn, loft-ræsilögn, holræsalögn, þ.m.t. frárennslislagnir frá baði og eldhúsi, rafmagnslögn, símalögn og lögn fyrir útvarp, sjónvarp og dyrasíma og fer um samþykkt á þeim eftir reglugerðum, sem um þessi efni fjalla, og skulu þessir upprættir, svo og aðrir sérupprættir, liggja fyrir samþykktir og samræmdir, áður en úttekt er gerð á undirstöðum, sbr. einnig ÍST 61,64,67, og 68.
- 3.5.2. Réttur til að gera upprætti er háður löggildingu, sem félagsmálaráðherra veitir, að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og Skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir, sem gert hafa

uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku laga nr. 54/1978 halda þeim staðbundnu réttindum.

- 3.5.7. Séruppdrættir skulu vera í samræmi við íslenska staðla eftir því sem við á, en séu íslenskir staðlar ekki enn fyrir hendi um ákveðið byggingarsvið, er heimilt að nota erlenda staðla sem Iðntæknistofnun Íslands viðurkennir, sbr. kafla 1.9.
- 4.4. Ábyrgð iðnmeistarara.
- 4.4.1. Húsasmíðameistari, sem áritað hefur uppdrátt, ber m.a. ábyrgð á allri trésmíðavinnu við bygginguna, á steypumótum, svo og á öllum stökkum og götum, sem í þau koma, á lögnum er varða sjálfdragandi loftræstingu, eða stökkum fyrir slíkar lagnir, sem sett eru í steypumót, svo og að gengið sé frá þakrennum og niðurföllum á viðurkenndan hátt, sbr. 4.4.5.
- 4.4.5. Aðrir meistarar bera ábyrgð hver á sínu sviði eftir því sem við á, t.d. járnsmíðameistarar á málmgrindarhúsi að því leyti sem að hans verksviði lýtur, blikksmíðameistari m.a. á þakrennum og niðurföllum, loftræsi- og lofthitakerfi, bæði vélrænu og sjálfdragandi og læstum eða lóðuðum þunnplötuklæðningum. Byggingarfulltrúi getur krafist, að þessir meistarar sækji um viðurkenningu byggingarnefndar samkvæmt 4.1.
- 4.11. Hlutaðeigandi byggingarmeistarar eða byggingarstjórar skulu með minnst sólarhrings fyrirvara tilkynna byggingarfulltrúa um úttektir á eftirfarandi byggingarstigum:
1. Jarðvegsgrunni, áður en byrjað er á mótauppslætti, eða fyllingu á slíkan grunn.
  2. Undirstöðuveggjum.
  3. Lögnum í grunn, þ.m.t. rör fyrir rafmagnsheimtaug áður en hulið er yfir.
  4. Raka- og vindvarnalögum.
  5. Grunni, áður en botnplata er steyp.
  6. Járnalögnum.
  7. Grind, bitum og þaki, áður en klætt er.
  8. Frágangi á ystu klæðningu þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum.
  9. Frágangi á ystu klæðningu veggja.
  10. Hita- og hljóðeinangrun.
  11. Vatns-, frárennslis-, hitalögnum og einangrun þeirra.
  12. Tækjum og búnaði loftræsi- og lofthitunarkerfa og stökk-lögnum fyrir slíkan búnað.
  13. Frágang allan þ.á.m. varðandi brunavarnir, sbr. 1.1.7. í brunamálareglugerð, þegar hús er fullbúið.
- 4.12. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum eða hylja lagnir án

samþykkis byggingarfulltrúa. Hlutaðeigandi meistara eða byggingarstjóra er skylt að vera á staðnum, þegar úttekt á ofangreindum framkvæmdum fer fram. Í þessu sambandi skal byggingarfulltrúi hafa hliðsjón af ákvæðum þeirra samþykktu og reglugerða, sem til greina koma við hvern hluta verksins.

Í framhaldi af fengnum sigri tók nefndin sem kosin var þá ákvörðun að koma á ráðstefnu um blikksmiði í byggingariðnaði. Og verður birt hér grein sem birtist í Morgunblaðinu í nóvember 1979, rituð af formanni Félags blikksmiða, og fjallar um niðurstöður ráðstefnunnar.

Hinn 17. okt. s.l. var haldin á Hótel Esju ráðstefna um stöðu blikksmiðagreinarinnar í byggingariðnaðinum. Ráðstefnan var á vegum Félags blikksmiða og Félags blikksmiðjueigenda.

Ráðstefnan var fjölsótt. Þarna voru samankomnir m.a. verkfræðingar og tæknifræðingar er vinna í byggingariðnaði, ásamt nokkrum starfsmönnum frá byggingardeild borgarverkfræðings og frá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, auk manna í blikksmiðaiðninni.

Gunnar Sigurðsson byggingarfulltrúi rakti sögu byggingarlaga, er tóku gildi um síðustu áramót og í framhaldi af því fjallaði hann ítarlega um þá þætti nýútkominnar byggingarreglugerðar, er sérstaklega varða blikksmiði.

Mikla athygli vöktu umræður um þau atriði er fjölluðu um ábyrgð iðnmeistara og samskipti þeirra í millum.

Þá má geta þess að Gunnar kom sérstaklega inná að krafist yrði af hönnuðum, *sérteikninga*, er varða verkframkvæmd og frágang verka. En hingað til hefur engin kvöð verið um slíkt, hvað varðar blikksmiðina. Rétt er að geta þess að byggingardeild borgarverkfræðings hefur sett fram ákveðnar kvaðir um bættan frágang verka er varða loftræsti- og hitakerfi. Þar þarf að verða mikil breyting á, ef við eigum að verða sjálfum okkur samkvæmir.

Þá sagði Gunnar að hann vonaðist eftir góðri samvinnu við blikksmiðameistara, sem myndi leiða til góðs og tryggja húsbyggjendum betri verkframkvæmd.

Síðan kynnti Ásmundur Jóhannsson tæknifræðingur reglugerð um brunavarnir og brunamál, sem tók gildi 16. ágúst 1978. Reglugerðin er sniðin eftir danskri reglugerð frá jan.1977. Einnig fjallaði Ásmundur um skiptingu húsa í brunahólf og brunasamstæðu og flokkun efna eftir brunapoli, þá gat hann þess, að hér á landi væri ekki til neinn aðili er hefði með höndum brunapólsprófanir fyrir húshluta t.d. brunavarnahurðir og brunalokur. Þar af leiðandi verður þessi þáttur handahófskenndur í byggingum.

Rafn Jensson verkfræðingur fjallaði um brunalokur og samanburð á ákvæðum brunamálareglugerða ýmissa landa, t.d. sænskra og þýskra,





en í þeim eru mismunandi kröfur eftir gerð húsa og hlutverki þeirra. Þá skýrði Rafn muninn á ákvæðum varðandi reyklokur og brunalokur samkvæmt þýsku reglugerðinni.

Ráðstefnan var hin fróðlegasta og lofar góðu um samstarf þeirra aðila er hlut eiga að máli. Hún sannaði gildi sitt ef miðað er við þær umræður, sem fram fóru og kallar á áframhaldandi þekkingarmiðlun á milli aðila er vinna við sömu verkframkvæmdir.

Áberandi er hve mikið sambandsleysi virðist vera milli hönnuða þ.e. arkitekta og verkfræðinga í byggingariðnaðinum, í alltof mörgum tilfellum er yfirborðskennt útlit látið sitja í fyrirrúmi, í stað hagkvæmni og notagildi húsa og tilheyrandi tækjabúnaðar, sem leiðir af sér óhagkvæmari rekstur bygginga.

Ef íslenskur iðnaður á að geta keppt við erlendan iðnað á þessu sviði, verður að eiga sér stað hugarfarsbreyting til að auka samvinnu manna í millum.

Til gamans má geta þess að fyrsta blikksmíðateikningin var stimpluð hjá byggingarfulltrúa embættinu í Reykjavík, þann 9. apríl 1980. Það var teikning af loftræstingu í lakk klefa og kennaraherbergi í smíðastofu Laugarnesskóla, teiknað af Einari Þorsteinssyni blikksmið og byggingatæknifræðing, en meistari á teikningunni til uppáskriftar var Ingiberg Guðbjartsson blikksmíðameistari.

## *Viðvörunarkerfi*

Uppbyggingu á frágangi og rekstri loftræsi- og hitakerfa hefur verið á liðnum árum mjög ábótavant.


En nú hefur byggingadeild borgarverkfræðings, gengið á undan og gert jákvætt átak til batnaðar í þeim málum, þar sem stefnt verður að því að sett verði upp viðvörunarkerfi í þau hús þar sem loftræsting-hitakerfi og önnur tæki eru þeim viðkomandi og þurfa reglubundið eftirlit og trufla rekstur húsanna ef bilun verður.

Viðvörunarkerfi er í viðkomandi loftræsti- og hitaklefum en þjónustufafla er hjá húsverði eða á skrifstofu þar sem oftast er einhver viðstaddur.

Í viðvörunarkerfi koma viðvaranir fram í formi hljóð- og ljósmerkja. Hægt er að stöðva hljóðmerki þar til búið er að þjóna kerfinu, en þá slökknar bæði á hljóð- og ljósmerkjum. Hægt er að framkvæma prófun á ljósum og hljóðgjafa.

Aukakostnaður við framkvæmd þessa í nýbyggingum er hverfandi lítill, þó ekki sé miðað við hina miklu hagkvæmni við úttekt á verkum frá verksala og í rekstri húsanna.

Viðvörunarkerfið er smíðað hjá íslenska fyrirtækinu Sameind h.f.



*Viðvörunartafla ásamt þjónustutöflu fyrir loftæsti og hitakerfi.*

Á þjónustutöflu koma fram viðvaranir með mismunandi móti eftir því hve fljótt þarf að bregðast við til viðgerða.

Hljóðmerki má stöðva með hnapp sem er hliðtengdur hljóðmerkjarás í viðvörunarkerfi.

Hljóðmerki kemur síðan inn aftur eftir 2. klst. ef viðgerð hefur ekki farið fram.

Ljós og hljóðmerki má prófa með þar til gerðum hnappi á töflunum.

### ***Sigöldumálið.***

Stærsta mál, sem Félag blikksmiða hefur haft með höndum, er Sigöldumálið svonefnda árið 1976. Í aðalfundargerð félagsins í febrúar 1977 segir, „að yfirgripsmesta málið, sem afgreitt var á fundum félagsins, var Sigöldumálið.“ Þetta mál var sérstætt fyrir iðnfélög og nokkurskonar prófmál í veigamiklum atriðum sem snerta réttindi og samninga. Þar eð þetta mál er einstætt í sinni röð og felur í sér vinnubrögð til sigurs, þykir rétt að birta frásögn stjórnar félagsins í heild að málinu loknu með sigri félagsins.

Þetta mál getur orðið öðrum stéttafélögum og iðnfélögum til athugunar og fyrirmyndar, ef hliðstæðir atburðir kunna að gerast.

Skýrslan um málið er alllöng, en ekki þykir rétt að sleppa neinu úr henni. Það byrjar fyrir mitt ár 1976. Og skýrslan er svohljóðandi:

„Upphaf þessa máls er á þá leið, að varaformaður Félags blikksmiða, Ástráður Magnússon, réði sig til starfa í sumarleyfi til rafverktakafyrirtækisins Samvirkjans h/f í Reykjavík. Nú þegar ég (formaður félagsins, Kristján Ottósson) frétti, að hann væri kominn til starfa við Sigöldu, þá hafði ég samband við hann og bað hann að vera vel á verði og láta okkur vita, þegar hann vissi af blikksmiðsstörfum, sem hefjast áttu við Sigöldu.

Ástráður hringdi í mig og tjáði mér, að það væri væntanlegt kerfið í stöðvarhúsið frá Þýskalandi, og hann frétti að það ættu að koma Þjóðverjar til að setja það upp.

Þar næst hringdi Ástráður í mig í vikunni 3. eða 4. ágúst og tjáði mér að kerfið væri komið að Sigöldu í 27 kössum og hver kassi væri 15 til 20 rúmmetrar, og hann sagði mér að Þjóðverjarnir væru væntanlegir helgina þar á eftir.

Á mánudagskvöldið 9. ágúst hringir hann í mig og segir mér, að Þjóðverjarnir séu mættir á svæðið, hafi komið í einkabil og hafi komið með bílinn með sér á Smyrli.

Strax morguninn eftir, 10. ágúst á þriðjudegi, hef ég samband við Félagsmálaráðuneytið og spyr þá, hvort sótt hafi verið um atvinnuleyfi fyrir þessa Þjóðverja, og er mér tjáð, að svo hafi ekki verið gert. Ráðuneytið kannar þetta í Árnessýslu og það hefur ekki verið sótt um atvinnuleyfi fyrir Þjóðverjana þar, svo að ég fer þá þess á leit við ráðuneytið að þeir segi mér hvaða leið ég eigi að fara í því að stoppa Þjóðverjana af. Þeir segjast ekki vita neinar leiðir, en ég gekk á þá og sagðist ekki líða það að þeir ynnu þarna, án þess að hafa atvinnuleyfi og heimtæði aðgerðir af ráðuneytisins hálfu. Þeir sögðu mér, að best væri að snúa sér til útlendingaeftirlitsins, sem ég og gerði.

Þar var mér sagt að snúa mér að ákveðnum manni, Jóhanni Jóhannssyni, í sambandi við þetta mál.

En maður sá, er ég ræddi við í félagsmálaráðuneytinu, heitir Jón Ólafsson fulltrúi.

Jóhann Jóhannsson hjá útlendingaeftirlitinu tjáði mér að ég skyldi hafa samband við lögregluna í Sigöldu og hún mætti í nafni útlendingaeftirlitsins taka þá fasta.

Ég náði í Ástráð Magnússon í hádeginu og tjáði honum þetta að biðja lögregluna í Sigöldu að taka Þjóðverjana fasta.

Um kvöldið hringdi Ástráður í mig og segir mér að lögreglan neiti að taka mennina fasta, nema að það komi bein skipun frá þeirra yfirboðurum í útlendingaeftirlitinu eða bækistöðvum lögreglunnar hér í Reykjavík.

Ég bað hann að fara til lögreglunnar á staðnum og hringja í mig þaðan sem hann og gerði, en það var ekki hægt að breyta þessu.

Ég sagðist hafa samband við hann strax daginn eftir eða ég bæði lög-regluna hér að sjá svo um að hann fengi heimildina til þess að hann gæti framkvæmt þetta verk.

Ég hafði samband við útlendingaeftirlitið strax morguninn eftir, en náði ekki sambandi við þennan fulltrúa en lét liggja ströng skilaboð fyrir honum um það að tilkynna það strax til lögreglunnar í Sigöldu að handtaka mennina. Síðan frétti ég það á miðvikudagskvöldið, þann 11. ágúst, að þessi skilaboð hefðu komist til skila og þeir hefðu verið teknir fastir við blikksmiðastörf.

Næst kemur það, að sama kvöldið 11. ágúst, hringir Guðmundur Pétursson, sem var þá yfirmaður Brown Boveri í Sigöldu og spyr mig, hvað ég meini með þessum aðgerðum að vera að stoppa Þjóðverjana.

Ég tilkynnti honum það, að þeir hafi ekki atvinnuleyfi og það séu hreinar línur að þeir fái ekki að vinna þarna á staðnum.

Hann spyr mig þá, hvort ég hafi sveina í blikksmiði til að skaffa í staðinn. Ég segi, að þeir séu fyrir hendi og hann megi senda þyrlu eftir þeim þessvegna.

Ég var búinn að tryggja Félag blikksmiða fyrirfram í þessu sambandi. Þessari spurningu átti ég von á og var gott samstarf á milli sveinafélagsins og meistarafélagsins í þessum efnum.

Sveinn A. Sæmundsson var búinn að lofa mér því, að ef þetta kæmi til, þá skyldi hann lána sveina fyrirvaralaust upp í Sigöldu, til þess að hann gæti hnekkst á Þjóðverjunum. En það var ekki málið, þeir vildu sveina, þegar þeir sáu að þeir gátu fengið þá og hann spurði, hvað væri næst í málinu.

Ég tilkynnti honum, að hann réði því, það væru þeir sem hefðu búið þetta mál til, en ekki við. Hann bað mig þá að ráða og ég sagði honum, að ég skyldi koma á fundum með réttum aðilum, ef hann kærði sig um.

Það er sem sagt með Félagi blikksmiða, Félagi blikksmiðjueigenda og Sambandi málm- og skipasmiða og þar yrði þetta mál rétt.

Ég sagðist skyldi reyna að koma þessum fundi á strax og hafa samband við hann aftur um kvöldið, ef það yrði hægt að koma þessum fundi á strax í fyrramálið.

Ég náði sambandi við alla þessa menn á miðvikudagskvöldið og fundurinn var ákveðinn kl. 11 á fimmtudagsmorguninn, þann 12. ágúst.

Ég tilkynnti Guðmundi Péturssyni að fundurinn yrði kl. 11 á fimmtudagsmorgun milli þessara aðila og ég skyldi hringja til hans eftir fundinn. Ég mætti fyrir hönd Félags blikksmiða og Sveinn A. Sæmundsson fyrir hönd Félags blikksmiðjueigenda og Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri f.h. Sambands málm- og skipasmiðja. Garðar Erlendsson mætti sem varamaður Sveins A. Sæmundssonar, vegna þess að

Sveinn var á förum á Norðurlandáþing, ásamt Guðjóni Tómassyni, þannig að okkur fannst rétt að Garðar kæmi strax inn í málið.

Á þessum fundi voru málin rædd og það var yfirlýst stefna Félags blikksmiðjueigenda og sambands þeirra að fullur stuðningur væri við Félag blikksmiða.

Ég tilkynnti Guðmundi Péturssyni þetta strax eftir fundinn og sagði honum, að ég myndi halda trúnaðarmannaráðsfund í Félagi blikksmiða þá um kvöldið og það yrði ekkert af þessu máli að fréttu fyrr en á föstudaginn.

Ég bað Samband málm- og skipasmiðja um bréfflegan stuðning sem þeir og gerðu.

Þeir sömdu bréf og afhentu mér, sem ég hafði með mér á trúnaðarmannaráðsfundinn, þann 12. ágúst.

„Félag blikksmiða  
c/o Kristján Ottósson,  
Skólavörðustíg 16,  
Reykjavík.

12.8.1976.

Samband málm- og skipasmiðja hefur borist staðfest vitneskja um að hingað til lands séu komnir Þjóðverjar til blikksmiðavinnu við Sigöldu, án atvinnuleyfa, á vegum fyrirtækisins Kessler und Luch, sem er undirverktaki hjá B.B.C.

Varðandi þetta mál vill S.M.S. taka fram eftirfarandi:

1. Að fyrirtækjunum Blikksmiðjunni h/f, Blikksmiðjunni Vogu h/f, og Blikk og stál h/f, bærust beiðnir um verðáætlanir í hluta þessarar blikksmiðavinnu, en sökum ófullnægjandi upplýsinga var óskað eftir frekari og betri upplýsingum um verkið, svo hægt væri að gera raunhæfar verðáætlanir í þau.

Einnig létu íslensku smiðjurnar í ljósi áhuga á samvinnu við þýsku fyrirtækin.

Hins vegar höfðu þýsku fyrirtækin, og/eða íslenska umboðsfyrirtækið ISOL, ekki fyrir því að svara fyrirspurnum íslensku smiðjanna.

2. Blikksmiðjurnar Blikksmiðjan h/f, Blikksmiðjan Vogur h/f, og Blikk og stál h/f, eru enn sem fyrr fúsar til samstarfs við þetta verk, þrátt fyrir framkomu þýsku fyrirtækjanna gagnvart þeim.

Í ljósi framanritaðs, viljum vér fara þess á leit við Félag blikksmiða að ekki verði heimiluð atvinnuleyfi fyrir starfsmenn þýsku fyrirtækjanna að uppsetningu eða annarri blikksmiðavinnu, heldur æskjum við þess að haft verði samband við framangreindar blikksmiðjur um þessi verk.

Virðingarfyllt,  
F.h. Sambands málm- og skipasmiðja  
Guðjón Tómasson (sign.)“

Á þessum trúnaðarmannaráðsfundi var samþykkt að senda eftirfarandi bréf til félagsmálaráðuneytisins:

„Félagsmálaráðuneytið,  
c/o herra fulltrúi Jón Ólafsson,  
Arnarhvoli.

Reykjavík, 12. ágúst 1976.

Í framhaldi af símtölum vorum síðustu daga, varðandi atvinnuleyfi til handa starfsmönnum Kessler und Luch að blikksmíði við Sigöldu, hefur trúnaðarmannaráð Félags blikksmíða tekið málið til afgreiðslu og er niðurstaðan eftirfarandi:

Félag blikksmíða leggst eindregið gegn áðurnefndum atvinnuleyfum,

1. í ljósi þess, að umrætt fyrirtæki lét menn sína hefja störf hér á landi, áður en það sótti um atvinnuleyfi þeim til handa,
2. íslenskir blikksmíðir eru meira en vel færir um að inna þau störf af höndum, er hér um ræðir,
3. og eru tilbúnir að hefja störf við áðurnefnda blikksmíðavinnu og vísum þar til hjálagðs ljósrits af bréfi Sambands málm- og skipasmíðja, d.s. 12.8.1976.

F.h. Félags blikksmíða,  
Kristján Ottósson, formaður (sign).“

Strax á föstudagsmorguninn 13. ágúst fór ég upp í félagsmálaráðuneyti kl. 8.30 og hafði meðferðis bréf frá Félagi blikksmíða, dagsett 12. ágúst 1976.

Ég afhenti það Jóni Ólafssyni, fulltrúa, ásamt ljósriti af bréfi dagsett 12. ágúst 1976, til Félags blikksmíða frá Sambandi málm- og skipasmíðja.

Jóni brá í brún, þegar hann sá þessi bréf, því að þetta var hlutur, er var að ske í fyrsta sinn síðan hann hóf störf í félagsmálaráðuneytinu að svona máli væri svarað bréflaga, sem sagt um umsókn um atvinnuleyfi.

Jón sagði, að nú væri málið algjörlega komið í hnút og Rudolf Sessner, sem er skrifstofustjóri Brown Boveri hér á Íslandi, hafði verið nýbúinn að tala við Jón og Jón sagðist ekki vilja tala við hann aftur og bað mig að hringja í hann. Og ég hringdi, en í símann svaraði Guðmundur Pétursson. Þá var hann kominn í bæinn. Ég tjáði honum, að ég sé staddur niður í félagsmálaráðuneyti hjá Jóni Ólafssyni og hafi verið að afhenda honum svar Félags blikksmíða, ásamt svari frá Sambandi málm- og skipasmíðja og rétti Jóni tólið.

Jón talaði við hann og var allbeiskur í símanum og sagði honum að þetta væri mál, sem þeir hefðu búið til og það væri þeirra að leysa það. Ég veit ekki hvað Guðmundur sagði við hann, en Jón byrsti sig enn meir

og sagði við hann, að ef hann ekki kynni þýsk lög, að þá gæti hann sagt honum hvað hefði skeð, ef þetta hefði átt sér stað í Þýskalandi.

Ef útlendingar hefðu komið inn í landið, hafið störf á sömu forsendum og þeir gerðu hér, þá hefðu þeir ekki eingöngu verið teknir fastir og fluttir úr landi, heldur hefðu þeir ekki einu sinni fengið að fylla út umsókn, hvað þá heldur að hún hefði verið tekin fyrir, þannig að þeir mættu þakka fyrir að vera ekki í böndum hér nú.

Eftir þetta símtal vildi Guðmundur tala við mig, þannig að ég tók við tólinu og hann spurði mig í annað sinn, hvað nú væri til ráða.

Ég sagði honum, eins og ég var búinn að segja honum áður, að ég skyldi gera allt sem ég gæti til að leysa málið, úr því að ég ætti þátt í því að það væri komið á stað, og sagði honum, ef hann vildi, þá skyldi ég reyna að koma á fundi með sömu aðilum aftur, þar sem þeir mættu Þjóðverjarnir, ég skyldi láta hann vita, hvenær fundurinn hæfist.

Næsta skref var það, að ég yfirgaf félagsmálaráðuneytið og gat komið á fundi í Sambandi málm- og skipasmiðja kl. 11 sama dag og tilkynnti honum það.

Þar voru mættir kl. 11 auk mín, Sveinn Sæmundsson, Garðar Erlendsson, Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri Sambands málm- og skipasmiðja. Við vorum mættir þarna fjórir Íslendingar úr málmiðnaðarsamtökunum, en hinum megin við borðið voru mættir Rudolf Sessner, Guðmundur Pétursson af hálfu Þjóðverjanna, og verkstjóri Samvirkjans í Sigöldu Guðbrandur Benediktsson.

Málin voru rædd þarna. Mönnum hitnaði í hamsi og það var farið allt aftur til 1973, þegar fyrst var boðið í þessi mannvirki í Sigöldu. Og þá kom í ljós, að þegar Kessler und Luch, undirverktakar hjá Brown Boveri, sem eru nú inni í verkinu. Þeir sendu gögn hingað til Íslands, en það ófullnægjandi að það var ekki hægt að gera endanlegt tilboð í verkið. En það kom í ljós, að það voru þrjár smiðjur, sem höfðu sent lausleg tilboð út. Það er Blikk og stál h/f, Blikksmiðjan h/f, og Blikksmiðjan Vogur h/f. Þetta var rekið ofan í Þjóðverjana þarna á staðnum. Þeim voru sýnd bréf, allt upp í fjögur fyrirsurnarbréf, sem voru send, en þeim var aldrei svarað.

Þjóðverjum var svarafátt, sögðust ekkert botna í þessu. Það kom fram þarna, að við sögðumst engin samskipti vilja hafa við Samvirkjann, hann væri rafverktakafyrirtæki og ætti ekkert að skipta sér af þessu máli. Sem sagt, við gerðum hreint fyrir okkar dyrum á þessu sviði.

Þegar málin voru þannig komin, þá sagði Guðmundur Pétursson, að hann sæi ekki annað en allar dyr væru lokaðar og það væri komin einokun á þetta. Við sögðum það ekki rétt vera, það væru 22 blikksmiðjur, sem þeir gætu snúið sér til og annaðhvort boðið þetta út eða beðið þá um að vinna verkið.

Þá kom hann með það, að það væri enginn tími til þess að bjóða þetta



út, þetta þyrfti að vinnast strax. Hann spyr þá, hvort þessar þrjár smíðjur, er buðu upphaflega í þetta 1973, vilji nú taka þetta verk að sér, — hvort þær vilji bjóða í verkið. Hann er svo harður, að hann spyr, hvort þær séu tilbúnar að mæta á fundi kl. 15.00 sama daginn, en þessi fundur, sem ég var að segja frá, stóð til kl. 14.00.

Það var allt gert til að leysa málið fyrir Þjóðverjana og þeir samþykktu að koma á fund kl. 15.00. Sveinn Sæmundsson lánaði skrifstofu sína fyrir þennan fund.

Á þennan fund átti að mæta Magnús Magnússon í Vogu, Ólafur Jóhannesson í Blikksmíðjunni h/f, og Garðar Erlendsson í Blikk og stál h/f, og Þjóðverjarnir.

Gögnin voru send með hraðboða frá Sigöldu, til þess að hægt væri að snúa sér að málinu og fundurinn hófst.

Og þar með var ég farinn út úr málinu að sinni, því nú leit út fyrir að þetta væri komið í höfn. En það skal tekið fram, að Guðbrandur Benediktsson hjá Samvirkjanum, sagði á fundinum, að Samvirkinn kæmi ekki nálægt þessu máli meira.

Það var ýmislegt fleira sagt þarna, meðal annars ummæli Þjóðverjanna að Íslendingar gætu ekki unnið þetta verk, — þeir væru eskimóar og annað slíkt.

Það furðulega var, að Guðbrandur staðfesti að þetta væri rétt með farið á Sigöldusvæðinu og það voru sterk rök fyrir okkur Íslendinga, að hann skyldi hafa staðfest að þetta væri rétt og Þjóðverjarnir gerðu ekki athugasemd við það.

Næst er, að Garðar Erlendsson hringir í mig á föstudagskvöldið og segir mér, að Þjóðverjarnir séu búnir að bjóða þeim í hádegismat að Sigöldu laugardaginn 14. ágúst, þ.e. daginn eftir.

Ég spyr, hvort ég sé ekki boðinn líka, en hann sagði, að ég væri ekki boðinn. En þeir Íslendingarnir mæltu með því að ég kæmi austur og töldu það eðlilegt.

Við mættum austur við Sigöldu kl. 12.10, ég, Garðar Erlendsson, Ólafur Jóhannesson og Magnús Magnússon.

Guðmundur Pétursson var ekki á svæðinu, þegar við komum, þannig að við hittum þessa Þjóðverja frá Kessler und Luch.

Þeir fara með okkur niður í stöðvarhús, sýna okkur fyrst kassana úti og við virðum þetta fyrir okkur, skoðum aðstæður í stöðvarhúsinu og kynnum okkur feikningar og samsetningaratriði, hvernig þeir hafa smíðað þetta upp á að setja það saman með tilliti til þess að smíðurnar geti boðið í þetta verk.

Guðmundur Pétursson kemur þarna um kl. 15.00 og vorum við þá á leið til Reykjavíkur, en okkur er boðið þarna upp á mat og hann gerir gott úr þessu öllu saman.

Hann spyr í lokin, hvort þeir vilji ekki senda menn strax á sunnudags-

kvöld austur, svo að hægt sé að byrja að vinna mánudaginn 16. ágúst.

Þeir segja, að það komi ekki til greina, því að þeir séu ekki búinir að taka þetta verk að sér og það sé ekki búið að semja um það.

Hann segir, að það hljóti að vera í lagi, því að það komi ekki til greina annað en að semja um þetta verk við þá. Og þeir segjast ekki halda áfram með tilboðið, nema því aðeins að þeir fái skriflega beiðni frá Brown Boveri um að þeir séu beðnir að bjóða í verkið.

Guðmundur Pétursson segist ekki vera tilbúinn með þetta bréf, en hér séu nóg vitni og þeir hljóti að taka það gilt, en bréf skuli hann senda.

Þrátt fyrir það neita þeir að senda menn, fyrr en búið er að ganga frá skriflegum samningi um verkið.

Með þetta fórum við í bæinn og ég fer aftur út úr málinu, en fylgist samt með því á bak við tjöldin.

Smíðjurnar voru tilbúnar með tilboðið á þriðjudegi 17. ágúst.

Mér var kunnugt um það, að Samvirkinn var á höttunum alls staðar á bak við tjöldin að leita sér að lepp til að leppa sig, svo að hann gæti verið inni í dæminu áfram.

Á miðvikudaginn 18. ágúst er ég búinn að komast að því, að Samvirkinn og Brown Boveri eru búin að semja við Blikkver og það stendur til að skrifa undir við Blikkver, án þess að nokkur aðili í blikksmiðastéttinni viti um.

Ég fer fram á fund með blikksmiðjueigendum á fimmtudaginn 19. ágúst, en þeir neita mér um að halda fundinn, þar sem þeir segjast ekki trúa því, að það verði skrifað undir við nokkurn nema þá (áðurnefndar þrjár smíðjur), því þeir eigi að mæta kl. 11.00 á föstudaginn 20. ágúst, á fund til þess að skrifa undir.

Ég segi: Þeir um það, en það komi í ljós. Ég hringi þá strax á fimmtudagskvöldið í Kristján Ingimundarson í Blikkver og spyr, hvort hann viti hvað hann sé að gera að taka sig út úr blikksmiða-blokkinni og svíkja stéttina. Og tók ég hann allharkalega í gegn í símanum. En það varð fátt um kveðjur. Síðan er hringt í mig föstudaginn 20. ágúst, í vinnuna í hádeginu, af Félagi blikksmiðjueigenda og mér sagt, að þeim hafi verið neitað um undirskrift og þeir viti það, að það sé búið að semja við Blikkver.

Þá biður Félag blikksmiðjueigenda mig að koma á fund, sem halda eigi þá um kvöldið.

Ég mæti hjá þeim á fundinum og þar er mættur samningamaður Samvirkjans, sem heitir Sigurður Oddsson, og Kristján Ingimundarson.

Það lá við, að þessi fundur færi upp í loft, því að Sigurður Oddsson var harður náungi og ætlaði að sprengja fundinn.

Á þessum fundi kom fram að Samvirkinn hafði gert samning við Brown Boveri 16. júlí 1975 um þetta verk.

Í samningnum, sem Blikkver gerði við Samvirkjann stóð eingöngu

það, að Blikkver ábyrgist að skaffa fagmenn í þetta verk við Sigöldu og kaupíð, sem þeir hafi, sé útseld vinna eins og hún er á hverjum tíma. Annað stóð ekki í samningnum, hann tók ekki að sér verkið, heldur tók hann að sér að skaffa menn í verkið.

Blikkver gerði þennan samning við Samvirkjann þrátt fyrir það, að á þessum tíma var hann aðeins með 1 svein í vinnu, en krafan frá Þjóðverjum var að sex sveinar kæmu nú þegar inn í verkið, því það átti að klárast á tveim mánuðum.

Hér birtist sá samningur:

### SAMVIRKI

Skemmuvegi 30 Kópavogi  
Sími 44566.

Brown, Boveri & Cie. A.G.  
Skiopholti 17, R.

Reykjavík 20.8.76/VÞ, 80.

Við staðfestum hér með samkomulag okkar frá því í gær, að fyrirtækið Blikkver h.f., Skeljabrekku 4, Kópavogi, leggi til tilskilda fagmenn til vinnu við loftstokkalagnir í Sigöldu.

Endanlegt kaup blikksmíðasveina vísast til nógildandi launaskrár.

Launaskrá:	Meðal tímakaup	(límt var yfir kaupíð)
	Yfirvinna framyfir	— —
	venjuleg yfirvinna	— —

(Samanber lið 14 í samningi okkar frá 16.7.75).

Vegna einfaldra stjórnunar kemur Samvirki fram sem meðsamningsaðili samnings okkar dagsettu 16.7.75. samkvæmt öllum gildum ákvæðum hans.

Brown Boveri & Cie A.G.  
Erection office Reykjavík.

Virðingarfyllst,  
Samvirki.

Guðmundur Pétursson (sign).

Blikkver h.f.

Kristján Ingimundarson (sign).

R. Jesté (sign).

Það næsta, sem skeður í málinu, er að sunnudaginn 22. ágúst boða ég til trúnaðarmannaráðsfundar og þar eru til umræðu málin, eins og þau lágu þá fyrir.

Fundargerðin er svo:

„Trúnaðarmannaráðsfundur í Félagi blikksmiða, haldinn að Skóla-vörðustíg 16, sunnudaginn 22. ágúst 1976.

Formaður setti fundinn.

Formaður skýrði frá gangi mála varðandi blikksmiðavinnu við Sigöldu eins og þau mál hafa gengið frá síðasta trúnaðarmannaráðsfundi.

Félag blikksmiða og Félag blikksmiðjueigenda hafa staðið saman frá upphafi þessa máls um að íslenskir blikksmiðir ynnu þetta verk, sem þar um ræðir.

Hins vegar hefur það nú gerst, að blikksmiðjan Blikkver hefur gert samning um þetta verk, án vitundar Félags blikksmiða og Félags blikksmiðjueigenda, þrátt fyrir það að þar starfar ekki nema einn blikksmiður. Þar að auki hefur komið í ljós, að með þessum verksamningi er það að leppa rafverktakafyrirtækið Samvirki.

Þegar tekið er tillit til þess, sem á undan er gengið í Sigöldumálinu, samþykkir trúnaðarmannaráð samhljóða að leyfa ekki framkvæmd á fyrrgreindu verki, nema íslenskir sveinar í blikksmiði framkvæmi það.

Trúnaðarmannaráð hvetur formann félagsins til að fylgjast með að framkvæmd þessa verks (við Sigöldu) verði í fullu samræmi við samþykkt trúnaðarmannaráðs.

Fundi slitið.

Auðunn Snorrason sign.

Hannes Alfonsson, sign.

Þorvaldur J. Sigmarsson sign.

Guðmundur Ólafsson sign.

Guðjón Brynjólfsson sign.

Ámundi Ámundason sign.

Hannes Erlendsson sign.

Guðmundur Jónatansson sign.

Kristján Ottósson sign.“

---

Þrátt fyrir neitun félags okkar gaf félagsmálaráðuneytið út atvinnuleyfi fyrir einn Þjóðverja og átti hann að hafa yfirstjórn með verkinu.

Það var aldrei meining okkar að hnekkja á Blikkveri h/f, en fyrirfram vissi ég að samstarfið við Þjóðverja myndi ekki ganga og hófst nú vinna af hálfu Blikkvers h/f, við Sigöldu og koma hér á eftir helstu punktar, þar sem ég bað Guðmund Jónatansson að gera dagbók, það gæti verið að við þyrftum á því að halda.

## Vinnusvæði Sigöldu.

Mánudaginn 23. ágúst 1976.

Fór ég, Guðmundur Jónatansson, ásamt Kristjáni Ingimundarsyni og Óskari Björnssyni, nema, upp að Sigöldu.

Byrjuðum störf eftir hádegi, ásamt Ástráði Magnússyni, en hann starfaði áður á sama svæði hjá rafverktakafyrirtækinu Samvirkinn.

Við vorum kynntir fyrir Þjóðverja frá þýska fyrirtækinu K.U.L., og okkur afhentar tvær teikningar af blásaraklefanum.

Þjóðverjinn fór strax að segja okkur fyrir verkum, en Kristján Ingimundarson tilkynnti og lét túlka yfir til hans, að hann væri ekki verkstjóri hér á staðnum.

Aðrar teikningar, er tilheyrðu þessu verki, voru í geymsluherbergi í kjallara hússins. Í þessu lagerherbergi voru ýmsir smáhlutir, er nota skyldi í þessu loftræstikerfi.

Fljótlega þurfti Kristján Ingimundarson að kvarta aftur undan ágengni Þjóðverjans og gera honum skiljanlegt að hann væri ekki starfsmaður hér á svæðinu og því síður verkstjóri.

Þjóðverjinn gekk það langt, að hann vildi ráða hvernig við héldum á verkfærum, sem sagt hvernig við bærum okkur til við vinnuna. Hann var mjög aðgangsharður og með óþolandi frekju.

Þriðjudaginn 24. ágúst.

Við hófum störf kl. 7.00 að morgni og þennan dag fór Kristján Ingimundarson suður til Reykjavíkur og kom ekki aftur á þetta vinnusvæði.

Þjóðverjinn hóf störf, eins og hann hefði fullt atvinnuleyfi, merkti fyrir götum á vegginn, þar sem setja átti tæki upp og fékk menn til að brjóta fyrir þeim.

Svona brot gátum við ekki þolað og áfram hélt stríðið. Við reyndum að halda áfram starfi við þessar aðstæður.

Við vorum að setja upp útiloftslöku og útiloftsrist og annað því tilheyrandi og unnum þessi störf eins og við erum vanir hér heima og tókum tillit til íslenskrar veðráttu, það er að segja með frágang á útiloftsristinni.

Þjóðverjinn varð óður af bræði er við fórum ekki eftir hans tilsögn, að okkur skildist í hvaða röð við ættum að vinna verkið. Hann gekk svo langt í sinni niðurlægingu í okkar garð að það lá við að hann væri að koma okkur í skilning um að við vissum svo lítið, að við vissum varla hvað snéri upp eða niður á okkur sjálfum.

Hann kallaði á Guðmund Pétursson hjá B.B.C., og kærði okkur fyrir honum, að við færum ekkert eftir því, sem hann segði okkur. Og það kom fram hjá Guðmundi Péturssyni að hann studdi Þjóðverjann í einu og öllu.

Við báðum Guðmund Pétursson að sjá svo um að við fengjum allar

teikningar yfir verkið (útboðslýsingu), verklýsingu og skrá yfir þá 27 kassa, er loftræstikerfið var í. Hver kassi er ca. 15 rúmmetrar. Hann tjáði okkur að Þjóðverjinn væri með þetta allt saman.

Við fórum niður í lagerherbergi og fórum að blaða í teikningum. Þjóðverjinn kom þá askvaðandi að okkur, reif af okkur þær teikningar er við vorum að skoða og gaf okkur í skyn, að hann ætti allt er hér væri inni og rak okkur út og læsti.

En við skildum það mikið, að hann benti okkur á að tala við Guðbrand Benediktsson, sem er verkstjóri Samvirkjans á staðnum.

Þjóðverjinn hirti og þær tvær teikningar, er við vorum áður búnir að fá og stóðum við því uppi teikningalausir.

Við snerum okkur þá til Guðbrands og fengum teikningar hjá rafvirkjum, er voru að vinna í húsinu. En þær reyndust vera óabyggilegar og með mörgum breytingum á, svo við treystum þeim ekki, enda reyndi Þjóðverjinn að ná þeim einnig af okkur, en gerði þó ekki nema eina tilraun og lögðum við þá niður vinnu þann dag kl. 17.00 vegna árekstra.

Miðvikudagur 25. ágúst.

Hófum störf að nýju strax að morgni og reyndum eftir megni að halda verkinu áfram.

Við báðum aftur um öll þau gögn, er við þurftum til að vinna verkið, en fengum ekki.

Guðmundur Pétursson krafðist þess að Þjóðverjinn yrði verkstjóri yfir okkur, en við höfnuðum því algjörlega. Þá var klukkan að verða 12.00 á hádegi og lögðum við niður vinnu það sem eftir var dags.

En Guðmundur Pétursson lofaði því að sjá svo um að við fengjum vinnufrið fyrir Þjóðverjanum, en gögnin fengjum við ekki.

Fimmtudagur 26. ágúst.

Hófum störf strax að morgni. Höfðum vinnufrið fyrir Þjóðverjanum, en lítil sem engin afkastageta, vegna þess að við höfðum engin gögn fengið yfir loftræstikerfið. Og þannig var okkur synjað um aðgang að lagernum áðurnefnda, en þar var geymt ýmislegt, er við þurftum að ná í viðvíkjandi framkvæmdina.

Síðdegis var störfum hætt og farið heim kl. 15.30 í helgarfrí.

Mánudagur 30. ágúst.

Vinna hafin strax að morgni og unnið allan daginn, svo mikið sem hægt var að vinna, því enn var okkur neitað um áðurnefnd gögn yfir loftræstikerfið. En þess skal getið, að Þjóðverjinn hélt fast við sína fyrri framkomu.

Priðjudagur 31. ágúst.

Vinna hafin kl. 7.00. Við báðum um lykil að lagernum, en okkur var neitað um hann og þar af leiðandi vorum við orðnir sama sem verkefnalausir og enn var Þjóðverjinn að áreita okkur.

Þá tilkynnti ég Guðmundi Péturssyni síðdegis þennan dag, að við

myndum ekki mæta til vinnu næsta dag á eftir, nema því aðeins að okkur yrði afhent öll gögn, er þyrfti til verksins, það er teikningar útbóðs og verklýsing og skráin yfir kassana, sem loftræstihlutirnir eru í.

Okkur var synjað um áður nefnd gögn, en Guðmundur Pétursson boðaði mig á fund kl. 8.00 að morgni næsta dag. En ég fékk ekki að vita um fundarefni né hverjir ættu að sitja þennan fund.

Ég tilkynnti þá Guðmundi Péturssyni, að ég ætlaði að tala til Reykjavíkur og hafa samband við mitt stéttarfélag og minn atvinnurekanda (Blikkver).

Og af þessu má sjá að lítið var um vinnuafköst þennan dag.

Seinna um kvöldið kom Guðmundur Pétursson til mín og bað mig í laumi að koma á fund þá strax, sem ég og gerði, en tók með mér Einar Gunnarsson, blikksmið. Þess skal getið, að Ástráður Magnússon hafði neitað að koma með okkur á þetta vinnusvæði í annað sinn og því kom Einar í hans stað.

Strax er á fundinn kom, voru fyrir Guðmundur Pétursson og yfirmaður B.B.C., Krats, ég kann ekki að skrifa hans rétta nafn.

Ég spurði strax, hvort ætti að afhenda okkur þau gögn, sem ég var margoft búinn að biðja um. Guðmundur Pétursson hafði orð á því, að hann sæi ekkert því til fyrirstöðu, en Þjóðverjarnir réðu. Hann spurði því Krats, hvort þeir vildu afhenda okkur gögnin, en hann þvertók fyrir það og gengum við þá út af fundinum.

Miðvikudagur 1. september.

Við mættum til vinnu að morgni kl. 7.00 og kl. 7.30 voru engin gögn komin í okkar hendur.

Pökkuðum við saman okkar dóti, stigum upp í okkar bifreið og ókum beint til Reykjavíkur til fundar við formann okkar stéttarfélags og okkar atvinnurekanda (Blikkver).

Hér hef ég aðeins dregið saman í stórum dráttum atburðarrás þessa vinnudaga og mætti hafa hana mjög fyllri, ef öll smáatriði væru tekin með.

Reykjavík, 1. september 1976.  
Guðmundur Jónatansson (sign).

Blikksmiðir voru í beinu sambandi við mig símleiðis á vissra tíma fresti, þegar þeir voru uppfrá í vinnu vð Sigöldu.

1. september, er þeir komu í bæinn, komu þeir beint til mín og við fórum saman í Blikkver h/f, og ég spurði Kristján Ingimundarson, forstjóra, hvort hann væri búinn að fá nóg eða ekki. Hann sagði svo vera og samþykkti að afhenda mér málið aftur til afgreiðslu, ef hún væri einhver til.

Þá hafði það komið fram að Samvirkinn og Þjóðverjarnir segðu að Guðmundur Jónatansson fengi ekki að koma inn á Sigöldusvæðið, vegna hörku sinnar í þessu máli.

Nú fór að hitna í kolunum. Samvirkjamenn reyndu að ná mér á fund, en ég neitaði og sagðist ekkert hafa við þá að tala, þeir rækju ekki blikksmiðju og væru þeir með blikksmiðaverk, þá væru þeir að brjóta iðnlöggjöfina og þeir skyldu halda sér á mottunni.

Síminn þagnaði ekki heima hjá mér. Ég komst að því, að hin málm-iðnaðarfélögin studdu Samvirkjann, en það virkaði sem styrkur innbyrðis í blikksmiðastéttinni.

Landsvirkjunarmenn kölluðu mig á fund og sögðu mér, að þeir gætu ekki skipt sér af málinu, meðan B.B.C. bæði þá ekki um það. Þeir lögðu hart að mér að ég færi með sáttatillögu á fund í mínu félagi, sem ég og gerði.

---

Fundargerð í trúnaðarmannaráði.

„Formaður setti fundinn.

Formaður bar fram eftirfarandi tillögu um sáttamiðlun frá Landsvirkjun.

— Trúnaðarmannaráð felur formanni félagsins að sjá svo um að þau tvö þýsku fyrirtæki, B.B.C. og K.U.L. biðjist formlega afsökunar og taki ummæli sín til baka, sem þeir höfðu í frammi að Guðmundur Jónatansson kæmi ekki aftur inn á Sigöldusvæðið. Þetta er algjört skilyrði fyrir því að K.U.L. fái að hafa sinn eftirlitsmann, sem þar er nú inni á Sigöldusvæðinu.

Auk þess er það skilyrði af hálfu trúnaðarmannaráðs að fyrrnefndur eftirlitsmaður tali ekki eitt einasta orð við þá blikksmiði, er koma til með að vinna á Sigöldusvæðinu.

Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum að öllum viðstöddum, en formaður sat hjá vegna tilkomu tillögunnar, sem hann skýrði fundarmönnum frá hver væru.

Eftirfarandi tillaga var borin upp:

— Trúnaðarmannaráð Félags blikksmiða samþykkir:

Að blikksmiðavinna við Sigöldu verði ekki hafin að nýju fyrr en núverandi eftirlitsmaður frá K.U.L. hefur yfirgefið vinnusvæðið við Sigöldu og ennfremur felur trúnaðarmannaráð formanni félagsins að sjá svo um, að þau tvö þýsku fyrirtækin B.B.C. og K.U.L. biðjist formlega afsökunar og taki ummæli sín til baka, sem þeir höfðu í frammi að Guðmundur Jónatansson kæmi ekki aftur inn á Sigöldusvæðið og er það algjört skilyrði þess að vinna geti hafist að nýju í blikksmiði við Sigöldu.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum af öllum viðstöddum.



Ennfremur felur trúnaðarmannaráð formanni að sjá svo um að hið fyrrnefnda blikksmiðaverk við Sigöldu verði eingöngu unnið af íslenskum sveinum í blikksmiði, eins og samþykkt var á trúnaðarmannaráðsfundi þann 22. ágúst 1976.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, einn sat hjá.

Þá styður trúnaðarmannaráð formann félagsins í öllum þeim aðgerðum, er hann kann að þurfa að grípa til með litlum fyrirvara til að fylgja eftir og sjá um að réttur félagsmanna og blikksmiðastéttarinnar sé í heiðri hafður.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að öllum viðstöddum.

Fundi slitið.

Konráð Ægisson (sign), Guðmundur Jónatansson (sign), Ástráður Magnússon (sign), Reynir Magnússon (sign), Hannes Erlendsson (sign), Auðunn Snorrason (sign), Ámundi Ámundason (sign), Þorvaldur J. Sigmarsson (sign), Kristján Ottósson (sign).“

Nú voru Samvirkjamenn orðnir svo heitvondir að þeir hótuðu að sækja mig í böndum, ef ég kæmi ekki á fund hjá þeim, — það var ekki látið sitja við orðin tóm.

Ég spurði lögfræðing Samvirkjans, hvort hann vissi hvað hann væri að gera. Ég lagði fyrir hann nokkrar spurningar og þá komst hann að því, að Samvirkjamenn höfðu ekki sagt honum allan sannleikann.

Eftir að hafa rætt við mig í síma nokkuð lengi, sagðist hann ætla að yfirgefa þetta mál.

Ég kallaði saman stjórn félagsins og haldinn var fundur.

„Stjórnarfundur haldinn í Félagi blikksmiða sunnudaginn 5. september 1976.

Formaður setti fundinn.

Stjórnin var sammála um að halda félagsfund þriðjudaginn 7. september 1976 og auglýsa fundinn í Ríkisútvarpinu.

Dagskrá fundarins:

Blikksmiðastörf við Sigöldu og þau vandamál, sem þar hafa komið upp í því verki, vegna B.B.C. og K.U.L.

Formanni falið að boða fundinn og útvega húsnæði.

Fundi slitið.

Konráð Ægisson (sign), Ástráður Magnússon (sign), Kristján Ottósson (sign).“

Samvirkjamenn sögðu, að ég hegðaði mér eins og einræðisherra og kröfðust að fá að sjá fundargerð félagsins strax, því það ætti að vera fundur hjá þeim B.B.C. og K.U.L. á morgun, mánudag 6. september kl. 11.

Ég sagðist eiga frí á sunnudögum og fór að heiman með fjölskylduna, svo þeir náðu ekki í mig.

Á mánudaginn 6. september, hringdu þeir í mig strax um morguninn og báðu mig um fundargerðirnar. Ég sagðist ekki svara neinu, nema það komi bréfleg beiðni.

Það stóð ekki á bréfinu, en nú var komin kergja í mig og ég fór að engu óðslega. Ég samdi útdráttinn og sendi hann í ábyrgðarpósti eingöngu til að tefja fyrir andstæðingnum.

Bréfið frá Samvirkjanum.

„Hr. form. Sveinafélags blikksmiða,  
Kristján Ottósson.

Kópavogi 5. september 1976

Þar sem trúnaðarmannaráð Sveinafélags blikksmiða hefur á fundi gert samþykktir sem varða vinnu nokkurra blikksmiða við Sigöldu, óskum við sem aðalverktakar eftir því að fá afrit af samþykktum þessum.

Nauðsynlegt er að þetta liggi fyrir á fundi við fulltrúa Brown Boveri og ráðgjafa verkfræðinga Samvirkis og undirritaðs, fyrir kl. 9.00 n.k. mánudag.

Virðingarfyllst,  
Ásgeir Ingólfsson (sign.)“

Útdráttur frá Félagi blikksmiða.

„Samvirki, Skemmuvegi 30, Kópavogi.

Félagi blikksmiða hefur borist bréf yðar, dagsett 5. þ.m. Hér með fylgir útdráttur úr fundargerðarbók Félags blikksmiða.“

„Trúnaðarmannaráðsfundur í Félagi blikksmiða, haldinn að Skólavörðustíg 16, sunnudaginn 22. ágúst 1976.

Þegar tekið er tillit til þess, sem að undan er gengið í Sigöldumálinu, samþykkir trúnaðarmannaráð samhljóða að leyfa ekki framkvæmd á fyrrgreindu verki, nema að íslenskir sveinar í blikksmiði framkvæmi það.“

„Trúnaðarmannaráðsfundur í Félagi blikksmiða haldinn að Skólavörðustíg 16, laugardaginn 4.9.1976.

Trúnaðarmannaráð Félags blikksmiða samþykkir að blikksmiðavinna við Sigöldu verði ekki hafin að nýju fyrr en núverandi eftirlitsmaður frá K.U.L. hefur yfirgefið vinnusvæðið við Sigöldu og enn fremur felur trúnaðarmannaráð formanni félagsins að sjá svo um, að þau tvö þýsku fyrirtækin B.B.C. og K.U.L. biðjist formlega afsökunar og taki ummæli sín til baka, sem þeir höfðu í frammi, að Guðmundur

Jónatansson kæmi ekki aftur inn á Sigöldusvæðið og er það algjört skilyrði þess að vinna geti hafist að nýju í blikksmiði við Sigöldu.

Ennfremur felur trúnaðarmannaráð formanni að sjá svo um að hið fyrrnefnda blikksmiðaverk við Sigöldu verði eingöngu unnið af íslenskum sveinum í blikksmiði, eins og samþykkt var á trúnaðarmannaráðs-fundi, þann 22. ágúst 1976.

Virðingarfyllst,  
F.h. Félags blikksmiða  
Kristján Ottósson, formaður (sign).“

Afrit sent:  
Brown Boveri & Cie A.G.  
Landsvirkjun.

Samvirkjamenn reyndu enn að ná mér á fund með svikum og prettum.

Þar kom, að ég lofaði að mæta, ef á fundinn mættu Þjóðverjarnir, Guðmundur Jónatansson blikksmiður og Sveinn A. Sæmundsson. Þeir lofuðu, að svo skyldi verða.

Ég kallaði þá strax til mín Svein og Guðmund og fórum við saman á fundinn. Kom þá í ljós, að þar voru svik í tafla og það ég Svein og Guðmund að ganga með mér út af fundinum og var það auðsótt.

Var ég þá búinn að skrifa bréf til Landsvirkjunar, sem ég færði ráðamönnum þar.

Landsvirkjun  
Suðurlandsbraut 14.

Reykjavík, 8. september 1976.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á félagsfundi í Félagi blikksmiða 7. september s.l.

(Útdráttur úr fundargerðabók Félags blikksmiða.)

Félagsfundur í Félagi blikksmiða, haldinn að Skólavörðustíg 16, þriðjudaginn 7. september 1976.

Samþykkir þær samþykktir, er trúnaðarmannaráð gerði þann 12. ágúst 1976 og 22. ágúst 1976, og þann 4. september 1976.

Einnig samþykkir fundurinn aðrar þær aðgerðir, er formaður hefur þurft að grípa til og felur honum að fylgja málinu eftir og finna leiðir til lausnar.

Virðingarfyllst,  
F.h. Félags blikksmiða  
Kristján Ottósson form. (sign).

Afrit sent:  
Brown Boveri & Cie A.G.  
Skiopholti 17, R.

Um morguninn 9. september 1976, kl. 9.00 hringdi Rögnvaldur Þorláksson verkfræðingur Landsvirkjunar til mín og sagði mér að B.B.C. og K.U.L. væru búin að boða komu sína á skrifstofu Landsvirkjunar kl. 10.00 og það hann mig að vera við síma milli kl. 11.00 og 12.00.

Klukkan 11.30 hringdi Rögnvaldur og það mig að koma á fund til sín, sem ég og gerði.

Þar sýndi hann mér bréf, sem B.B.C. og K.U.L. gáfust hreinlega upp í slagnum við Félag blikksmiða og það Landsvirkjun að taka þennan verkþátt og láta vinna hann í reikning.

—————  
 Sama dag móttók félagið eftirfarandi bréf frá Brown Boveri & Cie.

7. september 1976.

„Félag blikksmiða  
 Skólavörðustíg 16,  
 Reykjavík.

Herra Kristján Ottósson.

Við er til bréfs yðar, dagsett 6. september 1976 til Samvirki SVF, Skemmuvegi 30, Kópavogi, með afriti til Brown Boveri & Cie. A.G., varðandi vinnu blikksmiða við Sigölduvirkjun.

Í því skyni að greiða úr því erfiða máli, sem upp hefur komið varðandi uppsetningu á loftræstikerfi Kessler und Luch í Sigölduvirkjun, eru hér með tekin til baka þau tilmæli að Guðmundur Jónatansson blikksmiður yrði ekki sendur aftur til vinnu við þetta verk.

Fyrir hönd Brown Boveri & Cie., og Kessler und Luch.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Pétursson.“

Blikksmiðir í samtökunum urðu glaðir við þessi málalok. Hér hafði unnist mál, sem var ekki einungis stéttarlegs eðlis, heldur einnig þjóðhagslegt. Þarna er staðið á tveimur vígstöðvum, ef svo má til orða taka. Í fyrra lagi er hér um að ræða fagleg réttindi Íslendinga og þar með brotin á bak aftur yfirgangur erlendra aðila. Í öðru lagi er hér afhjúpuð ágengni íslenskra félagssamtaka að reyna að hrifsa undir sig fagvinnu, sem tvímælalaust tilheyrir öðrum en þeim, og viðhafa ýmiskonar leppmennsku.

Það er því ekki að furða að blikksmiðir bóki eftirfarandi í lok málsins:

„Þar með var fullur sigur í höfn. Hið litla Félag blikksmiða hafði sigrað þá stóru með þrautseigju og samheldni og sem meira er vert, þessi sigur kom sem prófmál fyrir ókomna tíma.

Og þegar hefur sigurinn haft mikil áhrif á útboð.“

## *Trúnaðarmannaráð.*

Trúnaðarmenn félagsins hafa alls verið 35 á tímabili frá stofnun til 1977. Samkvæmt lögum hefur trúnaðarmannaráð samstarf með stjórn félagsins, svo að stjórnin tekur engar ákvarðanir í félagsmálum, án samráðs við það. En auk þess er verksvið trúnaðarmanna í verksmiðjunum. Stundum hefur trúnaðarmannaráð boðað til funda, einkum í sambandi við efnahagsmál eða í vinnudeilum.

Á meðan félagið var fámennnt og raunar fyrstu tvo áratugi þess, þurftu sömu mennirnir að sitja í mörgum nefndum samtímis. Af því má tíðum sjá, hversu geysimiklum tíma menn eyddu í félagsstörf.

Í fljótu bragði má nefna störfin í 12 til 14 nefndum; auk venjulegra og nauðsynlegra fundastarfa: Heiðmerkurnefnd, prófnefnd, 1. maí-nefnd, trúnaðarmannaráð, skemmtinefnd, endurskoðendur, fánanefnd, hússtjórnarnefnd, sumarbústaðalandsnefnd, gerfismiðanefnd, fulltrúar sendir á Alþýðusambandsþing, málm- og skipasmíðaðing, í Iðnráð, þá verkfallsnefndir, úthlutunarnefndir styrkja, auk allra samningsnefndafunda árlega.

Eftirtaldir menn hafa setið í trúnaðarmannaráði: Jón Rögnvaldsson 15 ár, Ásgeir Matthíasson 14, Bjarni Helgason 13, Helgi Hannesson 12, Bjarni Ólafsson 10, Knud Petersen 8, Guðjón J. Brynjólfsson 7, Magnús Magnússon 5, Kristófer Kristófersson 5, Reynir Magnússon 5, Ástráður Magnússon 4, Konráð Ægisson 4, Kjartan Guðmundsson 3, Sigurður Ottósson 3, Paul M. Hansen 3, Einar Finnbogason 3, Ámundi Ámundason 3, en tvö ár hafa setið í ráðinu hver: Oddur Guðmundsson, Þórður Sveinbjörnsson, Hörður Helgason, Hannes Alfonsson, Hermann Ragnarsson, Lárus Lárusson, Eyjólfur Georgsson og Svanberg Guðmundsson.

Þá hafa eftirgreindir félagar setið eitt ár hver þeirra í trúnaðarráði: Finnboi júlíusson, Valur Hlíðberg, Einar Ágústsson, Georg Jónsson, Helgi Jóhannesson, Ingiberg Guðbjartsson, Ragnar Þ. Guðbjartsson, Helgi Pálsson, Guðmundur Sigurpálsson, Karl Hjartarson.

## *Stjórn og forustumenn.*

Á öðrum fundi Félags blikksmiða, hinn 12. júní 1935, var kosin *fyrsta stjórn* félagsins:

Kristinn Vilhjálmsson, formaður  
 Ásgeir Matthíasson, ritari  
 Helgi Hannesson, gjaldkeri  
 Ingibergur Stefánsson, varamaður  
 Jón Rögnvaldsson og Vilhjálmur Húnfjörð, endurskoðendur

- 1936** 18. janúar.  
Kristinn Vilhjálmsson, formaður  
Ásgeir Matthíasson, ritari  
Helgi S. Hannesson, gjaldkeri  
Vilhelm Davíðsson, varamaður  
Jón Rögnvaldsson og Vilhjálmur Húnfjörð, endurskoðendur
- 1937** 31. janúar.  
Guðmundur Jóhannsson, formaður  
Ásgeir Matthíasson, ritari  
Helgi S. Hannesson, gjaldkeri  
Vilhelm Davíðsson, varamaður  
Jón Rögnvaldsson og Vilhjálmur Húnfjörð, endurskoðendur
- 1938** 5. febrúar.  
Guðmundur Jóhannsson, formaður  
Ásgeir Matthíasson, ritari  
Vilhelm Davíðsson, gjaldkeri  
Kristinn Vilhjálmsson, varamaður  
Vilhjálmur Húnfjörð og Jón Rögnvaldsson, endurskoðendur
- 1939** 29. janúar.  
Guðmundur Jóhannsson, formaður  
Ásgeir Matthíasson, ritari  
Vilhelm Davíðsson, gjaldkeri  
Kristinn Vilhjálmsson, varamaður  
Jón Rögnvaldsson og Helgi Vigfússon, endurskoðendur
- 1940** 13. janúar.  
Guðmundur Jóhannsson, formaður  
Ásgeir Matthíasson, ritari  
Vilhelm Davíðsson, gjaldkeri  
Kristinn Vilhjálmsson, varamaður  
Helgi Vigfússon og Pétur Kristinsson, endurskoðendur
- 1941** 27. febrúar.  
Guðmundur Jóhannsson, formaður  
Ásgeir Matthíasson, ritari  
Björgvin Ingibergsson, gjaldkeri  
Helgi Vigfússon og Pétur Kristinsson, endurskoðendur
- 1942** 5. febrúar.  
Guðmundur Jóhannesson, formaður

Ásgeir Matthíasson, ritari  
 Björgvin Ingibergsson, gjaldkeri  
 Kristinn Vilhjálmsón, varamaður  
 Helgi Vigfússon og Pétur Kristinsson, endurskoðendur

1943 20. janúar.

Guðmundur Jóhannsson, formaður  
 Ásgeir Matthíasson, ritari  
 Kristinn Vilhjálmsón, gjaldkeri  
 Vilhjálmur Húnfjörð, varamaður  
 Helgi Vigfússon og Pétur Kristinsson, endurskoðendur

1944 19. febrúar.

Ásgeir Matthíasson, formaður — Guðmundur Jóhannsson  
 baðst undan endurkosningu sem formaður, þar eð hann tæki  
 að sér að verða verkstjóri og myndi ganga í verkstjórafélagið  
 hjá vélsmiðjunum.

Vilhjálmur Húnfjörð, ritari  
 Kristinn Vilhjálmsón, gjaldkeri  
 Helgi Vigfússon, varamaður  
 Pétur Kristinsson og Helgi Vigfússon, endurskoðendur

1945 25. febrúar.

Ásgeir Matthíasson, formaður  
 Vilhjálmur Húnfjörð, ritari  
 Helgi Vigfússon, gjaldkeri  
 Bjarni Helgason, varamaður  
 Jón Rögnvaldsson og Helgi Hannesson, endurskoðendur

Félagar í Félagi blikksmiða 31. október 1945 voru:

Ásgeir Matthíasson, fæddur 1904

Jón Rögnvaldsson, f. 1906

Helgi Hannesson, f. 1908

Bjarni Ólafsson, f. 1912

Vilhjálmur Húnfjörð, f. 1898

Björgvin Ingibergsson, f. 1916

Helgi Vigfússon, f. 1891

Sigurþór Þórðarson, f. 1904

Oddur Guðmundsson, f. 1918

Kristinn Rögnvaldsson, f. 1918

Bjarni Helgason, f. 1916

Kristinn Vilhjálmsón, f. 1912

Kristófer Kristófersson, f. 1917

- 1946** 14. febrúar.  
Ásgeir Matthíasson, formaður  
Bjarni Helgason, ritari  
Helgi Vigfússon, gjaldkeri  
Björgvin Ingibergsson, varamaður  
Jón Rögnvaldsson og Helgi Hannesson, endurskoðendur
- 1947** 13. febrúar.  
Ásgeir Matthíasson, formaður  
Bjarni Helgason, ritari  
Helgi Vigfússon, gjaldkeri  
Björgvin Ingibergsson, varamaður (allir endurkjörnir).  
Helgi Hannesson og Jón Rögnvaldsson, endurskoðendur
- 1948** 13. febrúar.  
Sveinn A. Sæmundsson, formaður  
Bjarni Helgason, ritari  
Björgvin Ingibergsson, gjaldkeri  
Helgi Vigfússon, varamaður  
Jón Rögnvaldsson og Helgi Hannesson, endurskoðendur
- 1949** 4. mars.  
Sveinn A. Sæmundsson, formaður  
Bjarni Helgason, ritari  
Björgvin Ingibergsson, gjaldkeri  
Helgi Vigfússon, varamaður  
Helgi Hannesson og Jón Rögnvaldsson, endurskoðendur
- 1950** 24. febrúar.  
Magnús Thorvaldsson, formaður  
Bjarni Helgason, ritari  
Helgi Vigfússon, gjaldkeri  
Magnús Magnússon, varamaður  
Helgi Hannesson og Jón Rögnvaldsson, endurskoðendur
- 1951** 14. febrúar.  
Magnús Thorvaldsson, formaður  
Bjarni Helgason, ritari  
Magnús Magnússon gjaldkeri  
Jón Rögnvaldsson og Helgi Hannesson, endurskoðendur
- 1952** 21. febrúar.  
Þórður Sveinbjörnsson, formaður



Finnbogi Júlíusson, ritari  
Magnús Magnússon, gjaldkeri  
Jón Rögnvaldsson, varamaður  
Jón Rögnvaldsson og Helgi Hannesson, endurskoðendur

**1953** 12. febrúar.

Þórður Sveinbjörnsson, formaður  
Finnbogi Júlíusson, ritari  
Magnús Magnússon, gjaldkeri  
Kjartan Guðmundsson og Jón Rögnvaldsson, varamenn  
Helgi Hannesson og Hörður Helgason, endurskoðendur

**1954** 18. febrúar.

Finnbogi Júlíusson, formaður  
Bjarni Helgason, ritari  
Magnús Magnússon, gjaldkeri  
Kjartan Guðmundsson og Jón Rögnvaldsson, varamenn  
Helgi Hannesson og Hörður Helgason, endurskoðendur

**1955** 14. febrúar.

Kjartan H. Guðmundsson (fráfarandi formaður hafði ekki gefið kost á sér).  
Magnús Magnússon, gjaldkeri  
Ólafur A. Jóhannesson, ritari  
Hörður Helgason og Jón Rögnvaldsson, varamenn  
Helgi Hannesson og Georg Jónsson, endurskoðendur

**1956** 18. febrúar.

Kjartan H. Guðmundsson, formaður  
Ólafur Á. Jóhannesson, ritari  
Magnús Magnússon, gjaldkeri  
Hörður Helgason og Jón Rögnvaldsson, varamenn  
Helgi Hannesson og Georg Jónsson, endurskoðendur

**1957** 19. febrúar.

Magnús Magnússon, formaður  
Hörður Helgason, ritari  
Ólafur Á. Jóhannesson, gjaldkeri  
Bjarni Helgason og Jón Rögnvaldsson, varamenn  
Helgi Hannesson og Þórður Sveinbjörnsson, endurskoðendur

**1958** 15. febrúar.

Magnús Magnússon, formaður

Bjarni Helgason, ritari  
Ólfur A. Jóhannesson, gjaldkeri  
Jón Rögnvaldsson og Kjartan Guðmundsson, varamenn

**1959** 21. febrúar.

Magnús Magnússon, formaður  
Bjarni Helgason, ritari  
Ólfur A. Jóhannesson, gjaldkeri  
Jón Rögnvaldsson, Einar Finnbogason og (Sigurður Guðbrandsson), varamenn  
Þórður Sveinbjörnsson og Ásgeir Matthíasson, endurskoðendur

**1960** 19. febrúar.

Magnús Magnússon, formaður  
Guðjón J. Brynjólfsson, ritari  
Ólafur A. Jóhannesson, gjaldkeri  
Einar Finnbogason og Þórður Sveinbjörnsson, varmenn  
Ásgeir Matthíasson og Þórður Sveinbjörnsson, endurskoðendur

**1961** 4. mars.

Magnús Magnússon, formaður  
Guðjón J. Brynjólfsson, ritari  
Ólafur A. Jóhannesson, gjaldkeri  
Helgi Pálmason og Sigurður Ottósson, varamenn  
Sigurður R. Guðbrandsson og Ásgeir Matthíasson, endurskoðendur

**1962** 3. mars.

Magnús Magnússon, formaður  
Guðjón J. Brynjólfsson, ritari  
Ólfur A. Jóhannesson, gjaldkeri  
Sigurður Ottósson og Ingiberg Guðbjartsson, varamenn  
Sigurður R. Guðbrandsson og Ásgeir Matthíasson, endurskoðendur

**1963** 23. febrúar.

Magnús Magnússon, formaður  
Guðjón J. Brynjólfsson, ritari  
Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
Hannes Adolfsson og Sigurður Ottósson, varamenn  
Sigurður R. Guðbrandsson og Ásgeir Matthíasson, endurskoðendur

- 1964** 2. mars.  
Hannes Alfonsson, formaður. (Magnús Magnússon baðst undan endurkosningu)  
Guðjón J. Brynjólfsson, ritari  
Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
Magnús Magnússon og Paul Bjarni Hansen, varamenn  
Ásgeir Matthíasson og Sigurður Guðbrandsson, endurskoð-  
endur
- 1965** 13. mars.  
Hannes Alfonsson, formaður  
Guðjón J. Brynjólfsson, ritari  
Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
Magnús Magnússon og Paul Bjarni Hansen, varamenn  
Ásgeir Matthíasson og Ragnar Guðlaugsson, endurskoð-  
endur
- 1966** 19. mars.  
Hannes Alfonsson, formaður  
Guðjón J. Brynjólfsson, ritari  
Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
Ragnar Þ. Guðlaugsson, fyrsti varamaður  
Ásgeir Matthíasson og Ingiberg Guðbjartsson, endurskoð-  
endur
- 1967** 8. mars.  
Hannes Alfonsson, formaður  
Ragnar Guðlaugsson, varaformaður  
Guðjón J. Brynjólfsson, ritari  
Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
Hermann Ragnarsson, meðstjórnandi  
Ásgeir Matthíasson og Ingiberg Guðbjartsson, endurskoð-  
endur
- 1968** 30. mars.  
Hannes Alfonsson, formaður  
Ragnar Þ. Guðlaugsson, varaformaður  
Hermann Ragnarsson, ritari  
Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
Guðjón J. Brynjólfsson, meðstjórnandi  
Ásgeir Matthíasson og Ingiberg Guðbjartsson, endurskoð-  
endur



*Stjórn félagsins 1967 — 1969. Aftari röð: Ragnar Guðlaugsson, varaformaður, Guðjón Brynjólfsson, ritari, Hermann Ragnarsson, meðstjórnandi. Fremri röð: Hannes Alfonsson, formaður og Hörður Jóhannsson, gjaldkeri.*

**1969** 28. mars.

Hannes Alfonsson, formaður  
 Hermann Ragnarsson, ritari  
 Ragnar Þ. Guðlaugsson, varaformaður  
 Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
 Guðjón J. Brynjólfsson, meðstjórnandi  
 Ingiberg Guðbjartsson og Ásgeir Matthíasson, endurskoð-  
 endur

**1970** 2. apríl.

Hannes Alfonsson, formaður  
 Hermann Ragnarsson, ritari  
 Ámundi Ámundason, varaformaður  
 Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
 Guðjón J. Brynjólfsson, meðstjórnandi  
 Ásgeir Matthíasson og Ingiberg Guðbjartsson, endur-  
 skoðendur.



*Stjórn félagsins 1971. Talið frá vinstri: Ámundi Ámundason, meðstjórnandi, Willy Petersen, ritari, Hannes Alfonsson formaður, Hörður Jóhannsson, gjaldkeri, Kristján Ottósson, varaformaður.*

- 1971** 25. mars.  
 Hannes Alfonsson, formaður  
 Kristján Ottósson, varaformaður  
 Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
 Willy Petersen, ritari  
 Ámundir Ámundason, meðstjórnandi  
 Ásgeir Matthíasson og Ingiberg Guðbjartsson, endur-  
 skoðendur.
- 1972** 25. mars.  
 Kristján Ottósson, formaður  
 Hannes Alfonsson, varaformaður  
 Willy Petersen, ritari  
 Hörður Jóhannsson, gjaldkeri  
 Ingiberg Guðbjartsson, meðstjórnandi  
 Ásgeir Matthíasson og Hermann Ragnarsson, endur-  
 skoðendur
- 1973** 28. mars.  
 Kristján Ottósson, formaður  
 Hannes Alfonsson, varaformaður  
 Hörður Jóhannsson, gjaldkeri



*Stjórn félagsins 1975 á fertugasta afmælisári félagsins. Fremri röð frá vinstri: Kristján Ottósson, formaður, Ástráður Magnússon, varaformaður. Aftari röð frá vinstri: Jónas Bergmann meðstjórnandi, Reynir Olgeirsson, gjaldkeri, Auðunn Snorrason, ritari.*

Jón Kr. Gunnarsson, ritari  
 Willy Petersen, meðstjórnandi  
 Ámundi Ámundason og Ingiberg Guðbjartsson, endur-  
 skoðendur

**1974** 4. apríl.

Kristján Ottósson, formaður  
 Jón Kr. Gunnarsson, varaformður  
 Auðunn Snorrason, ritari  
 Reynir Olgeirsson, gjaldkeri  
 Jónas Bergmann, meðstjórnandi  
 Ámundi Ámundason og Ingiberg Guðbjartsson, endur-  
 skoðendur.

**1975** 6. apríl.

Kristján Ottósson, formaður  
 Ástráður Magnússon, varaformaður  
 Reynir Olgeirsson, gjaldkeri  
 Jónas Bergmann, meðstjórnandi

- Vilhelm Guðmundsson, varamaður  
 Ámundi Ámundason og Guðjón J. Brynjólfsson, endurskoðendur
- 1976** 21. mars.  
 Kristján Ottósson, formaður  
 Ástráður Magnússon, varaformaður  
 Auðunn Snorrason, gjaldkeri  
 Karl Hjartarson, ritari  
 Konráð Ægisson, meðstjórnandi  
 Ámundi Ámundason og Guðjón J. Brynjólfsson, endurskoðendur. Til vara Vilhelm Guðmundsson.
- 1977** 10. mars.  
 Kristján Ottósson, formaður  
 Þorvaldur J. Sigmarsson, varaformaður  
 Auðunn Snorrason, ritari  
 Hannes Erlendsson, gjaldkeri  
 Guðmundur Jónatansson, meðstjórnandi  
 Ámundi Ámundason og Guðjón J. Brynjólfsson, endurskoðendur. Til vara Vilhelm Guðmundsson.
- 1978** 29. mars.  
 Kristján Ottósson, formaður  
 Þorvaldur J. Sigmarsson, varaformaður  
 Auðunn Snorrason, ritari  
 Hannes Erlendsson, gjaldkeri  
 Eyjólfur Þ. Georgsson, meðstjórnandi  
 Jón Kr. Gunnarsson og Guðjón Brynjólfsson, endurskoðendur. Til vara Vilhelm Guðmundsson
- 1979** 8. apríl.  
 Kristján Ottósson, formaður  
 Þorvaldur J. Sigmarsson, varaformaður  
 Auðunn Snorrason, ritari  
 Hannes Erlendsson, gjaldkeri  
 Eyjólfur Þ. Georgsson, meðstjórnandi  
 Jón Kr. Gunnarsson og Guðjón J. Brynjólfsson, endurskoðendur. Til vara Vilhelm Guðmundsson
- 1980** 16. apríl.  
 Kristján Ottósson, formaður  
 Þorvaldur J. Sigmarsson, varaformaður  
 Sigurður Jónas Jónsson, ritari  
 Agnar Berg Sigðursson, gjaldkeri



*Stjórn Félags blikksmiða á 45 ára afmæli félagsins 1980. Talið frá vinstri standandi: Agnar Berg Sigurðsson, gjaldkeri, Friðbjörn Steinsson, meðstjórnandi, Þorvaldur J. Sigurðsson, varaformaður. Sitjandi: Kristján Ottósson, formaður, Sigurður Jónas Jónsson, ritari.*

**Friðbjörn Steinsson, meðstjórnandi**  
Jón Kr. Gunnarsson og Guðjón J. Brynjólfsson, endurskoðendur. Til vara Vilhelm Guðmundsson



## **LÖG** **Félags blikksmiða**

### ***Nafn félagsins og tilgangur***

#### 1. gr.

Félagið heitir „Félag blikksmiða“ starfssvæði félagsins er: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Álftanes, Hafnarfjörður, Mosfellssveit, Kjalarnes- og Kjósahreppur.

Félagið er í Alþýðusambandi Íslands.

#### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sameina alla blikksmiði á félagssvæðinu í eitt félag, sem með ötulur starfi berjist fyrir því, er verða má til hagsbóta fyrir þá, svo sem hækkun kaupgjalds, auknum réttindum og bættum vinnuskilyrðum í samráði við A.S.Í.

#### 3. gr.

Félagið beitir sér einnig fyrir því að komast í sem nánast samband við önnur félög iðnaðarmanna í Reykjavík, eftir því sem þörf krefur og hagkvæmt þykir á hverjum tíma.

### ***Stjórn félagsins og störf.***

#### 4. gr.

- a) Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Ef ritari eða gjaldkeri forfallast, skal meðstjórnandi gegna stöðu þeirra. Skal stjórnin kosin á aðalfundi ár hvert og skal þá enn fremur kjósa 2 reikningsendurskoðendur og einn til vara.
- b) Á aðalfundi félagsins skulu kosnir fjórir menn í trúnaðarmannaráð. Trúnaðarmannaráð hefur vald til þess að taka ákvörðun um, hvenær hefja skuli vinnustöðvanir og hvenær þeim skuli aflétt.

Í trúnaðarmannaráði eiga sæti stjórn félagsins og 4 fullgildir félagsmenn kosnir til eins árs í senn á aðalfundi félagsins. Aðalfundur kys einnig 4 menn til vara, sem taka sæti í forföllum aðalmanna.

Trúnaðarmannaráðsfundur er lögmættur, ef meirihluti meðlima þess er mættur. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarmannaráðs og ritari félagsins ritari þess. Formaður kveður það til funda með þeim hætti, sem hann telur heppilegastan.

Ákvarðanir um að hefja verkfall eða aflétta því eru lögmættar og

bindandi fyrir félagið og meðlimi þess, ef a.m.k. 3/4 hlutar greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannafundi hafa samþykkt þær.

Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman meðlimi trúnaðarmannaráðs, þegar önnur félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tók á að ná saman félagsfundi og ræður úrslitum í slíkum málum einfaldur meirihluti fundar. Skulu ákvarðanir slíkra funda færast í gerðabók félagsstjórnar, enda bornar undir álit næsta félagsfundar sem aðrar ráðstafanir félagsstjórnar milli funda.

- c) Aðalfund skal halda fyrir 15. dag febrúar ár hvert.
- d) Stjórnin ber fulla ábyrgð á eigum félagsins.
- e) Reikningsár félagsins er almanaksárið.

5. gr.

Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár.

6. gr.

Formaður hefur eftirlit með því að stjórnin ræki skyldur sínar. Hann kallar saman stjórnarfundum er honum finnst þörf. Skyld er stjórninni að varðveita öll bréf, send og móttækin og önnur skilríki, er varða félagið eða störf þess. Á aðalfundi skal stjórnin gefa fáorða en greinilega skýrslu um störf félagsins.

7. gr.

Ritari skrásetur í fundarbók félagsins stuttorða en greinilega skýrslu um það, sem fram fer á fundum félagsins og undirritar hana ásamt formanni. Hann sér um bréfaskriftir fyrir stjórnina, birtir félagsmönnum bréf, tilkynningar og þess háttar. Ritari heldur félagaskrá.

8. gr.

Gjaldkeri varðveitir sjóði félagsins, hann greiðir reikninga, annast færslu sjóðbókar og höfuðbókar og semur ársreikninga sjóðanna fyrir 1. janúar ár hvert. Peningaeign félagsins skal ávöxtuð á sem hagkvæm-astan hátt, í banka með ríkisábyrgð. Ef til mála gæti komið ávöxtun fjár á annan hátt en hér er greint, og öll stjórnin því fylgjandi, skal leita fullnaðarsamþykkis með skriflegri allsherjaratkvæðagreiðslu og þarf 3/4 greiddra atkvæða til þess að sú ávöxtun sé heimil.

9. gr.

Formaður skal ávísa öllum reikningum, er rekstri félagsins við koma.

## *Inntökuskilyrði.*

### 10. gr.

- a) Rétt til upptöku í félagið hefur hver sá, er vinnur að blikksmiði, hafi hann lokið fullum námstíma og leyst af hendi prófsmíði. Þó geta verkstæðiseigendur ekki orðið félagsmenn, ef þeir hafa einn eða fleiri menn í þjónustu sinni.
- b) Heimilt er að taka í félagið, sem aukameðlimi, blikksmiði, sem búsettir eru utan félagssvæðis þess, en vinna á félagssvæðinu. Blikksmiðir, sem flytja af félagssvæðinu, en vinna áfram á því, skulu áfram vera aðalmeðlimir.

Erlenda blikksmiði, sem atvinnuleyfi hafa til sex mánaða eða meir í senn, án endurnýjunar.

Blikksmiðanemar, sem lokið hafa námstíma, skulu vera aukameðlimir, þar til þeir hafa lokið sveinsprófi í iðninni.

- c) Aukameðlimir greiða fullt félagsgjald, hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins, en ekki atkvæðisrétt. Auk þess njóta þeir sjóða félagsins til jafns við aðra félagsmenn, nema öðruvísi sé ákveðið í sjóðsreglum.
- d) Aukameðlimir hafa forgangsrétt til vinnu næst fullgildum félagsmönnum og njóta allra þeirra kjara og réttinda, sem samningar eða kauptaxtar félagsins ákveða.

Trúnaðarmannaráð getur sett frekari reglur um aukameðlimi á hverjum tíma.

## *Gjöld félagsins og fjármál.*

### 11. gr.

Hver félagsmaður skal greiða iðgjald til félagsins vikulega sem nemur einni dagvinnustund sveins á fyrsta árs kauptaxta eins og hann er hverju sinni.

Vikugjald skal standa á heilum tug.

Sá sem hefur verið gerður félagsrækur fyrir skuldir getur ekki orðið félagi aftur fyrr en hann hefur greitt skuld sína að fullu.

Af tekjum félagsins skal greiða kostnað þann við rekstur félagsins, sem ekki er greiddur af sjóðum innan þess.

Tekjuafgangi að loknu reikningsári skal skipta á milli sjóða félagsins eftir ákvörðun aðalfundar.

Þó skal 1,25% iðgjald atvinnurekenda renna óskipt til viðkomandi sjóða, 1% til sjúkra- og styrktarsjóðs og 0,25% til orlofssjóðs.

### 12. gr.

- a) Ef félagsmaður skuldar fyrir 3 mánuði eða meira missir hann fél-

agsréttindi sín og öðlast þau ekki aftur fyrr en hann hefur greitt skuld sína að fullu.

- b) Sé félagsmaður veikur, atvinnulaus, stundi nám eða sé yfir 65 ára, ber honum ekki að greiða féalgsgjöld, enda sýni hann fullnægjandi skilríki þar að lútandi.
- c) Geti félagsmaður ekki skilað meir en 1/2 dagvinnu sveina, vegna heilsuleysis, falla félagsgjöld hans niður.

#### 13. gr.

- a) Nú starfar félagsmaður við óskylda atvinnu og hefur framfæri sitt þar af. Þá missir hann tillögu- og atkvæðisrétt í kaupmálum og kaupdeilum félagsins.
- b) Án samþykkis félagsins er félagsmönnum óheimilt að vinna með utanfélagsmönnum að iðninni.

#### 14. gr.

Af félagstekjum skal greiða allan kostnað svo sem fundahúsaleigu, pappír og prentkostnað, svo og önnur útgjöld, sem samþykktir félagsins hafa í för með sér, en aldrei má stjórnin taka fé til annarra útgjalda án samþykkis lögmæts félagsfundar, nema óhjákvæmilegt sé, og skal hún þá fá samþykki næsta fundar á eftir, fyrir fjárgreiðslunni.

### *Fundarhöld*

#### 15. gr.

Fundir eru lögmætir, ef þeir eru boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara, bréflaga, með auglýsingu í útvarpi eða blöðum. Aðalfundur og sá fundur, er kýs fulltrúa á sambandsþing, skal boðaður með tveggja sólarhringa fyrirvara.

Fundi skal halda einu sinni í mánuði á tímabilinu október til maí að þeim mánuðum meðtöldum, og á öðrum tímum eftir því sem þörf krefur. Þó er stjórninni skylt að kalla saman félagsfund, að fenginni skriflegri áskorun minnst 3 félagsmanna og tilgreindu fundarefni. Félagfundur er lögmætur og ályktunarfær, ef löglega hefur verið til hans boðað, með auglýsingu eða bréflaga, án tillits til þess, hve margir eru mættir. Á félagsfundum ræður afl atkvæða úrslitum nema öðruvísi hafi verið ákveðið með fundarsamþykkt, og skal atkvæðagreiðsla vera leynileg, ef óskað er.

### *Ýmis ákvæði*

#### 16. gr.

- a) Skylt er félagsmönnum að vinna að þróun og viðgangi félagsins,

- sýna því fullan trúnað og styðja það og stjórn þess í öllu því, er horfir til heilla og hagsbóta á hverjum tíma.
- b) Hver félagsmaður er skyldur til þess að gegna hverju því starfi í þágu félagsins, sem félagsfundur felur honum, nema þær ástæður séu fyrir hendi, sem félagsfundur tekur gildar.
  - c) Óheimilt er félagsmönnum að vinna yfirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu á fundadögum félagsins, þó er formanni í samráði við trúnaðarmann félagsins á viðkomandi vinnustað heimilt að veita undanþágu, ef þeir telja slíkt nauðsynlegt. Kaup það, sem félagsmaður innvinnur sér þrátt fyrir ákvæði þetta, er kræft í sjúkrasjóð félagsins.

#### 17. gr.

Úrsögn úr félaginu getur átt sér stað, sé úrsegjandi skuldlaus við félagið. Skal hún vera skrifleg og afhendast formanni. Sá, er segir sig úr félaginu, skal láta félagsskirteini sitt fylgja úrsögninni.

Enginn getur þó sagt sig úr félaginu, eftir að félagið hefur ákveðið að búa sig undir kaupdeilu eða eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið ákveðin og þar til deilunni er aflýst. Eins er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf meðlima félaga innan Alþýðusambandsins, er lagt hafa niður vinnu vegna deilu.

Óski félagsmaður, sem fer úr félaginu, eftir að vera hluttaki í sjóðum félagsins, er honum það heimilt gegn þeim gjöldum, sem ákveðin verða á aðalfundi ár hvert.

#### 18. gr.

Komi fram tillaga um að lækka árgjöld félagsmanna eða lögbinda félagið við annað félagasamband, þarf til þess sama atkvæðamagn og um lagabreytingar.

#### 19. gr.

Lögum þessum má breyta á lögmaetum fundi í félaginu hvenær sem er, ef breytingin hefur áður verið rædd á lögmaetum félagsfundi, en minnst viku millibil skal þó vera milli þeirra funda, sem breytingartilögurnar eru ræddar á. Allar breytingartillögur skulu lagðar fram við fyrri umræðu, en atkvæðagreiðslur skulu fara fram við síðari umræðu. Allar breytingartillögur skulu vera skriflegar. Breytingar á lögnum ná því aðeins gildi, að þær séu samþykktar með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, og koma þá fyrst til framkvæmda, er stjórn Alþýðusambands Íslands hefur staðfest þær.

## FUNDARSKÖP

### Félags blikksmiða

#### 1. gr.

Formaður, eða í forföllum hans annar úr stjórninni, setur fundi og stjórnar þeim. Í fundarbyrjun skal hann tilkynna þau mál, sem eru á dagskrá fundarins.

Vilji fundarstjóri taka þátt í umræðum, frekar en fundarstjórn hans krefur, skal hann víkja úr sæti og fela öðrum félagsmanni fundarstjórn á meðan.

#### 2. gr.

Eftir að fundur hefur verið settur, skal ritari lesa fundargerð síðasta fundar. Skal fundargerðin síðan borin undir fundinn til samþykktar og undirrituð af formanni og ritara.

#### 3. gr.

Inntöku nýrra félaga, ef einhverjir eru til staðar, ber að framkvæma á undan dagskrárliðum.

#### 4. gr.

Fundarstjóri skal gefa mönnum kost á að taka til máls í þeirri röð, sem þeir biðja um orðið. Ræðumaður skal standa meðan hann flytur mál sitt. Skal hann halda sér við það mál, sem til umræðu er og forðast ósæmilegt orðbragð.

Óheimilt er fundarmönnum að vera með samtöl eða grípa framí á fundum.

#### 5. gr.

Ekki má, nema með leyfi fundarstjóra, lesa upp skrifað eða prentað mál, annað en tillögur eða nefndarálit, er snerta það mál, sem til umræðu er.

Fundarstjóri skal lýsa tillögum í þeirri röð, er þær berast.

Dragist umræður úr hófi fram getur hver fundarmaður sem er borið fram tillögu um að takmarka ræðutíma.

#### 6. gr.

Allar tillögur skulu bornar fram skriflega. Tillaga skal vera undirrituð af flutningsmanni eða mönnum, ef fleiri en einn flytja tillöguna.

Sé beðið um að skipta sundur tillögu, sker fundarstjóri úr, hvort gjört skuli, en það er því aðeins heimilt að haldist geti ljósar og sjálfstæðar tillögur.

Heimilt er að bera fram dagskrártillögu, sé það gert skal hún vera rökstudd. Dagskrártillögu er ekki heimilt að ræða.

Tillögur skulu bornar fram í þeirri röð, sem þær berast.

Breytingartillögu við breytingatillögu skal ekki taka til greina.

7. gr.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, nema fundarsköp eða lög félagsins ákveði annað.

8. gr.

Kosning í nefndir eða aðrar trúnaðarstöður skal fara fram skriflega. Sé stungið upp á jafnmörgum og eiga að vera í nefnd, lýsir fundarstjóri þá kjörna. Séu fleiri tilnefndir, skal kjósa á milli þeirra, sem í kjöri eru og hljóta þeir kosningu, sem flest hafa atkvæði.

Sá, er flest fær atkvæði við nefndarkjör, skal kalla nefndina saman. Sé nefnd sjálfkjörin eða atkvæði jöfn, ræður stafrófsröð. Nefndir kjósa sér formann og framsögumann.

9. gr.

Hljóti tveir eða fleiri menn jöfn atkvæði, þegar kosið er til trúnaðarstarfa, skal kjósa aftur milli þeirra. Fáir þeir þá enn jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

Allar kosningar eru bundnar, nema annað sé tekið fram í lögum félagsins.

10. gr.

Atkvæðagreiðslur skulu fara fram með handauppréttingu eða leynilega, óski einhver þess, nema annað sé ákveðið í lögum félagsins.

11. gr.

Atkvæðaseðill er ógildur, ef nöfn fleiri eða færri manna eru á honum en kjósa skal.

12. gr.

Óski einn eða fleiri fundarmenn leynilegra kosninga eða atkvæðagreiðslu, skulu þær fara fram skriflega.

13. gr.

EKKI er hægt að neita fundarmanni sérstakrar bókunar, óski hann þess.

14.

Rísi deila á félagsfundi um skilning á fundarsköpum úrskurðar fundarstjóri.

15. gr.

Óheimilt er fundarmanni að fara af fundi án samþykkis fundarstjóra.

16. gr.

Fundarsköpum þessum má breyta á hvaða lögmætum félagsfundi sem er, ef breytingin hefur áður verið rædd á lögmætum fundi.

Fundur sá, sem samþykkir breytingu fundarskapa, ákveður hvenær hún gengur í gildi.

### *Sjúkra- og styrktarsjóður*

Sjúkra og styrktarsjóður Félags blikksmiða var stofnaður 29. janúar 1943. Sjóðurinn óx fljótlega miðað við hvað félagið var fátænnt.

Í samningunum 28. apríl 1955 varð samkomulag um að atvinnurekendur greiddu 1% af útborguðu kaupi blikksmiða í sjúkra og styrktarsjóð félagsins.

Hefur hann því eflst mjög síðan og greiðir nú styrki í allt að 6 mánuði á ári hverju, samkvæmt reglugerð sjóðsins. Einnig er greitt úr sjóðnum til félagsmanna sé félagi orðin 65 ára og hættur vinnu.

### **REGLUGERÐ** *Sjúkra- og styrktarsjóðs* *Félags blikksmiða*

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjúkra- og styrktarsjóður Félags blikksmiða og er eign þess.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi Félags blikksmiða í slysa- og sjúkdómstílfellum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) 1% af skattskyldu kaupi sveina, sem atvinnurekendur greiða.
- b) Tekjur samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
- c) Tekjur samkvæmt 16. gr. c-liðs laga Félags blikksmiða.
- d) Gjafir, áheit og aðrar tekjur.

4. gr.

Allir félagsmenn Félags blikksmiða sem starfa að blikksmiði sem



aðalatvinnu, eru meðlimir sjóðsins, enda skuldi þeir ekki iðgjald til félagsins þegar styrkbeiðni berst.

#### 5. gr.

Greiðslum úr sjóðnum skal haga þannig: Fyrstu vikuna eftir að félagsmaður missir kaups vegna slysa- eða sjúkdómstílfella greiðist enginn styrkur, en síðan sem hér segir:

1. Einhleypur maður 23% á viku, í allt að 10 vikum.
2. Hjón 30% í allt að 12 vikum, auk þess greiðist 6% á hvern skylduómaga, sem hinn slasaði eða veiki hefur á framfæri sínu. Prósenttölur þessar miðast við hæsta vikukaup um hver áramót, samkvæmt samningi við Félag blikksmiðjueigenda.

Njóti hinn slasaði eða veiki dagpeninga frá almannatryggingum eða öðrum, lækkar styrkur úr sjóðnum þannig, að samanlagður styrkur fari ekki fram úr 2/3 samningsbundins fastakaups.

#### 6. gr.

Nú deyr félagsmaður áður en styrktímabilinu, 12 vikum, er lokið, er stjórn sjóðsins þá heimilt að halda áfram greiðslum til aðstandenda hins látna, þar til styrktímabilið er útrunnið.

#### 7. gr.

Rétt til styrks úr sjóðnum skal sanna með læknisvottorði.

#### 8. gr.

Umsóknir um styrk skulu áritaðar af formanni félagsins.

#### 9. gr.

Styrkurinn greiðist í lok gjaldskyldrar viku, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari.

Vikuleg endurnýjun er skilyrði fyrir framhaldsgreiðslu.

#### 10. gr.

Rétt til styrks úr sjóðnum hefur hver sá, sem hefur greitt fullt gjald til sjóðsins og félagsins næstliðna 3 mánuði eða meir.

#### 11. gr.

Styrkur greiðist ekki til þeirra félagsmanna, sem:

- a) sökum vanrækslu hafa ekki greitt til félagsins í 3 mánuði eða meir, félagsmaður öðlast þó full réttindi á ný 3 mánuðum eftir að hann hefur greitt áfallin gjöld að fullu,
- b) halda óskertu kaupi.

Ef farsótt gengur, sem gerðar eru opinberar ráðstafanir gegn, heim-

ilast stjórn sjóðsins að láta alla sjúkrastyrki niður falla.

Enginn getur fengið styrk úr sjóðnum fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því er hann fékk styrk síðast.

#### 12. gr.

Sé félagi orðinn 65 ára og hann hættur að vinna skal hann njóta eftirlauna sem hér segir:

Hjón, 4% af árslaunum sveins á 3 ára kauptaxta, eins og það er um hver áramót, samkvæmt samningi við Félag blikksmiðjueigenda. Viðbótargreiðslur fyrir hvert barn á framfæri styrkþega innan 16 ára aldurs 1/2% af sömu upphæð.

Einstaklingur 3.000 kr. lægra en hjón.

Til að félagi njóti þessara réttinda, þarf hann að hafa verið félagi með fullum réttindum í minnst 90 mánuði. Vinni félagi eftir 65 ára aldur eitt-hvað, t.d. hálf t. ár, nýtur hann aðeins helmings styrksins meðan það varir, en um leið og hann hættir alveg fær hann fullan styrk.

#### 13. gr.

Aldrei skal ganga nær eignum sjóðsins en svo að eign hans sé minni en kr. 1.000.000.oo. Miðað við síðasta ársuppgjör.

#### 14. gr.

Gjöld sjóðsins önnur en um getur í 5. og 12. gr. eru greiðslur sem nema 25% af rekstrarkostnaði Félags blikksmiða og sjóðum innan þess.

#### 15. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á eignum hans.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins og lagðir fram á aðalfundi félagsins ár hvert til staðfestingar.

#### 16. gr.

Reglugerð þessari má breyta á lögmætum fundi hvenær sem er, enda sé auglýst í fundarboði, að reglugerðarbreyting sé til umræðu.

### *Vinnudeilusjóður*

Vinnudeilusjóður var stofnaður 30. maí 1962 og hefur sjóðurinn komið í góðar þarfar, þegar félagið hefur staðið í vinnudeilum.

Fyrsti verkfallsstyrkurinn var veittur úr félagsjóði 7. janúar 1941.

**REGLUGERÐ**  
**fyrir Vinnudeilusjóð**  
**Félags blikksmiða**

Sjóðurinn heitir: Vinnudeilusjóður Félags blikksmiða, og er eign þess.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Félags blikksmiða kr. 38.561.16.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi Félags blikksmiða í verkföllum og verkbönum.

4. gr.

Stjórn Félags blikksmiða hefur á hendi stjórn sjóðsins og annast styrkveitingar hverju sinni, eftir nánari ákvörðun félagsfundar eða trúnaðarmannaráðsfundar.

Reikninga sjóðsins skal leggja fyrir aðalfund Félags blikksmiða á sama hátt og aðra reikninga félagsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur Félags blikksmiða endurskoða reikninga Vinnudeilusjóðs.

5. gr.

Rétt til styrks úr sjóðnum hafa allir félagsmenn Félags blikksmiða, sem eru fullgildir félagsmenn og hafa greitt félaginu fullt mánaðargjald þrjá mánuði samfelt áður en vinnudeila hefst, og hafa lagt niður vinnu vegna deilunnar og hafa ekki launatekjur við önnur störf.

Allar styrkveitingar og styrkbeiðnir skal færa í gerðabók sjóðsins, og má engan styrk greiða nema stjórn sjóðsins hafi staðfest greiðsluna með undirskrift sjóðsstjórnar í gerðabók sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru tiltekin hluti af árlegum tekjum Félags blikksmiða, samkvæmt ákvörðun aðalfundar, svo og vaxtatekjur og aðrar tekjur, sem til kunna að falla.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka með ríkisábyrgð, fasteignaskuldaþréfum eða fasteign, sem félagið á eða kann að eignast að nokkru eða öllu leyti.

7. gr.

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi Félags blikksmiða og

skal reglugerðarbreytinga getið í fundarboði.

Til reglugerðarbreytingar þarf sama atkvæðamagn og til breytinga á lögum félagsins.

### *Orlofssjóður*

Orlofssjóður félagsins var stofnaður eftir samningaviðræður við atvinnurekendur 20. maí 1969.

Var samið um að atvinnurekendur greiddu 0,25% af útborguðu kaupiblikksmiða í orlofssjóð.

Orlofssjóður hefur vaxið og dafnað, og á sjóðurinn 6 hektara lands í landi Klausturhóla í Grímsneshreppi og er að byggja þar tvö sumarhús fjórutíu fermetra hvort.



*Tvö orlofshús í byggingu vorið 1980 í landi félagsins að Klausturhólum, Grímsnesi í baksýn má sjá Kálfatinda.*

## **REGLUGERÐ**

### **Orlofssjóðs Félags blikksmiða**

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Orlofssjóður Félags blikksmiða. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í þeim tilgangi er hér greinir: Að eignast orlofsheimili, sjálfstætt eða í sameign með öðrum sjóðum félagsins.

3. gr.

Sjóðsfélagar eru allir félagar í Félagi blikksmiða.

4. gr.

Stjórn Félags blikksmiða skal fara með stjórn sjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Félags blikksmiða.

6. gr.

1. Tekjur sjóðsins eru 0,25% af skattskyldu kaupum sjóðsfélaga og greiðist af atvinnurekendum.
2. Tekjur af orlofsheimili.
3. Tekjur samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta sem annað fé Félags blikksmiða.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu lesnir upp og ræddir á aðalfundi Félags blikksmiða.

9. gr.

Til breytinga á reglugerð þessari þarf samþykki aðalfundar.

10. gr.

Sjóðurinn skal styrkja með viku dvöl á orlofsheimili þá sjóðsfélaga, er sökum vanheilsu eða aldurs hafa ekki getað stundað fulla vinnu.

Bl.sm. deild ADALVERKTAKAR, Kefl. f.v.	1	1	1	10	4	3	1	2	5	1	2	1	5	4	1	1	1	1	18	66														
Bl.sm. BJARNA OLAFSSONAR, H/F, R.																																		
Bl.sm. BJARNA OLAFSSONAR, H/F, R.																																		
Bl.sm. AGOSTAR GUDJONS, Kefl.																																		
Bl.sm. B.J., Seifossi																																		
Bl.sm. AXEL WALFRÖM, Hvergerði																																		
Bl.sm. AXEL WALFRÖM, Hvergerði																																		
Bl.sm. BLIKK & STÁL, H/F, Rvk.																																		
Bl.sm. BLIKK, Rvk.																																		
Bl.sm. BLIKKIDJAN S/F, Garðabæ																																		
Bl.sm. BLIKKIDJAN H/F, Rvk.																																		
Bl.sm. BLIKKVER, H/F, Kópavog.																																		
Bl.sm. BLIKKVER, H/F, Kópavog.																																		
Bl.sm. BREIDFJÖRÐS, Bl.sm. H/F, R.																																		
Bl.sm. EIRENDAR, Isfirði																																		
Bl.sm. GLOFAXI, Rvk.																																		
Bl.sm. GRETTIR, Rvk.																																		
Bl.sm. GUDM. HALLGRÍMS, Akron.																																		
Bl.sm. GYLFA, H/F, R.																																		
Bl.sm. HAFNARFJARÐAR, Hornfirði																																		
Bl.sm. J.B.P., Rvk.																																		
Bl.sm. KR. MIKKELSSON, Olafst.																																		
Bl.sm. LOGI, Rvk.																																		
Bl.sm. MAGNÚSAR THORVALDSEN Borgarnesi																																		
Bl.sm. NÝJA BLIKKIDJAN H/F, R.																																		
Bl.sm. deild ÓDDA, Akureyri																																		
Bl.sm. RASVERK S/F, Hornaf.																																		
Bl.sm. REYKJAVÍKUR, Rvk.																																		
Bl.sm. SÖRL, Hvalsveit																																		
Bl.sm. VALTER KN., Isfirði																																		
Bl.sm. VARM, Akureyri																																		
Bl.sm. VARM H/F, Rvk.																																		
Bl.sm. VOGUR, H/F, Kópavog.																																		
SAMTALS																																		
Sveinar	2																																	
S. úr öðrum féli.	1	1	1	5	2	2	3	1	1	1	1	1	3	3	1	1	1	1	4	27														
Nemar		1	1	8	1	4	2	1	3	2	5	3	8	1	1	1	1	1	8	49														
Verkstjófar				2	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	2	13														
Meistarar	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	25														
Lagmenn	1/4			1										1/4					2	6-1/2														
Hjálpmenn	3	1	1	10	2	3	2	4	2	2	10	1	3	4	1	3	1	4	1	4														
Bísfjóri	1/4			1															1	3-1/4														
Iðjufélik																				7														
Ræsting				1																														
Á teininiofu	1/2			2	1			1																										
Á skrifstofu	1/4			3	1/2	1/2	1	1/2	1	2	1/2	1/2	1	1	1/2	1/2	1	1/3	21/2	16-7/12														
Skrifstofustjóri																			1	21/4														
Frómvæðastí.				2	1															6														
Forsjóri	1/6																																	
SAMTALS	8 <sup>5</sup> / <sub>12</sub>	2	2	3	4	3	1	45	5	12 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	15	3	14	41/2	12/4	22	51/2	12 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	10 <sup>1</sup> / <sub>4</sub>	17	1	3	31/4	12 <sup>1</sup> / <sub>4</sub>	17 <sup>1</sup> / <sub>7</sub>	51/2	5	61/2	1	3 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	0	49 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	308	6 <sup>1</sup> / <sub>84</sub>

FÉLAG BLIKKSMIDA  
c/o Krárfjón Ötöngan  
Barmahlíð 41, Rvk.  
S. 24157

31. des. 1979

Niðurröðun starfsmanna í blikksmiðjum eftir starfsheimum 31. desember 1979. Skýrsla sem þessi hefur verið unnin af formanni Félags blikksmiða árlega frá árinu 1972.

### III. KAFLI

## Félag blikksmiðjueigenda

### *Stofnfundur*

Forystumenn í blikksmiði hér á landi eru runnir upp í iðninni, fyrst sem nemar og síðan sveinar. Þá hafa margir sveinar gerst meistarar og stofnað eigin fyrirtæki. Þetta er hið almenna, en þó eru fyrirtæki, sem ólærðir menn eiga, en meistarar stjórna.

Á áratugnum milli 1930 og 1940 var mikil félagsleg hreyfing í þjóðfélaginu meðal verkamanna og iðnaðarmanna. Á þeim áratug voru stofnuð milli 30 og 40 stéttarfélög. Meðal þeirra var Félag blikksmiða.

Það var vitanlega upphafsverkefni Félags blikksmiða að ræða við vinnuveitendur um kaup og kjör og aðstöðu við vinnuna. Vinnuveitendur skildu, að tími stéttarfélaga var genginn í garð og í flestum stéttum var samið um starfið, hagsmuni verkamanna og iðnaðarmanna, öryggi og kauptryggingu.

Stofnfundur Félags blikksmiða í Reykjavík var 25. maí 1935, en tveimur árum seinna höfðu blikksmiðjueigendur undirbúið samtök og héldu stofnfund þriðjudaginn 6. júlí 1937. Samtökin hlutu nafnið Félag blikksmiðjueigenda í Reykjavík.

Þessi fundur var vel undurbúinn. Á honum voru lögð fram drög að félagslögum og gert ráð fyrir viðræðum við Félag blikksmiða, auk stjórnarkosningar.

Formaður félagsins var kjörinn Jón Bjarni Pétursson og meðstjórnendur Haraldur Andrésson og Sigurður H. Jónsson. Þeir skiptu með sér verkum, Haraldur varð ritari og Sigurður gjaldkeri.

Varastjórnendur voru kosnir Agnar Breiðfjörð og Kristinn Pétursson. Og endurskoðendur Einar Pálsson og Jón Stefánsson, Agnar Breiðfjörð til vara.

Að kosningum loknum var rætt um aðalverkefnið, sem fyrir lægi, en það var að hafa samband við Félag blikksmiða og semja við það um kaupgjald og kjör blikksmiða á félagssvæðinu. Var stjórninni falið þetta verkefni.

Lögin, sem stofnfundurinn samþykkti, voru svohljóðandi:

1. gr.

Félagið heitir Félag blikksmiðjueigenda í Reykjavík.

## 2. gr.

Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal félagsmanna, stuðla að menningu og menntun blikksmiðastéttarinnar og gæta hagsmuna þeirra.

## 3. gr.

Inntöku í félagið getur hver sá fengið, sem er eigandi að blikksmiða-vinnustofu og starfar við hana, og hefur sent skriflega inntökubeiðni til félagsstjórnarinnar, ásamt inntökugjaldi. Þá er inntökubeiðnin hefur verið samþykkt á lögsmætum félagsfundum, er umsækjandi löglegur félagsmeðlimur með fullum réttindum.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, kosnir skriflega á aðalfundi til eins árs í senn, formaður, gjaldkeri og ritari. Einnig skal kjósa tvo varastjórnendur, tvo endurskoðendur og einn til vara. Enginn er skyldur að vera í stjórn meira en tvö ár í senn.

## 5. gr.

Stjórnin heldur gerðabók yfir allar fundasamþykktir á stjórnar- og félagsfundum, samkvæmt fundasköpum félagsins.

## 6. gr.

Gjaldkeri innheimtir öll gjöld til félagsins og kvittar fyrir. Hann gjörir glögga reikninga yfir tekjur og gjöld þess og ávaxtar sjóði þess í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands. Eigi má hann greiða gjöld úr félagsjóði, nema ávísað sé af formanni og ritara.

## 7. gr.

Félagsárið er almanaksárið.

## 8. gr.

Inntökugjald í félagið er kr. 50.00, er greiðist samkvæmt 3. gr. félagslaganna. Árstíllag skal vera kr. 10.00 — og er gjalddagi þess 1. júlí ár hvert. Atkvæðis- og tillögurétt í félaginu hafa þeir einir, sem eru skuldlausir við það.

## 9. gr.

Aðalfundur skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert og hefur hann æðsta vald í öllum félagsmálum, innan þeirra takmarka, er lög þess ákveða.

Aðalfundur skal boða með 6 daga fyrirvara og er hann lögsmætur, ef meir en helmingur félagsmanna mætir.



Verkefni aðalfundar eru þessi:

- I. Formaður leggur fram skýrslu um starf félagsins á umliðnu ári.
- II. Gjaldkeri leggur fram til samþykktar endurskoðaða reikninga félagsins.
- III. Kosin stjórn samkvæmt 4. gr. félagslanganna.
- IV. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin og fyrir fundinum liggja
- V. Lagabreytingar eru því aðeins lögmætar, að þær séu samþykktar af 3/4 fundarmanna.

10. gr.

Auk aðalfundar skal halda félagsfundi, þegar þörf krefur, eða ef 3 félagsmenn æskja þess, og eru fundir lögmætir, ef meir en helmingur félagsmanna mætir. Meiri hluti atkvæða ræður samþykktum á félagsfundum.

11. gr.

Til kaupgreiðslusamninga skal kjósa sérstaka nefnd. Fullnaðarsamningsvald hefur hún ekki, nema það hafi verið samþykkt með 3/4 hlutum lögmætra félaga.

12. gr.

Lögum þessum, ásamt fundasköpum, má aðeins breyta á aðalfundi, enda hafi þess sérstaklega verið getið í fundarboðinu.

13. gr.

Hætti félagið að starfa, skal skuldlausum eignum þess ráðstafað á félagsfundi.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi á stofnfundinum, þegar allir stofnendur hafa undirskrifað þau. Allir þeir, er síðar ganga í félagið, skulu einnig undirskrifa lög þessi.

Undir þessi lög skrifuðu á stofnfundinum: Jón B. Pétursson, Haraldur Andrésson, Sigurður H. Jónsson, Ingibergur Stefánsson, Agnar Breiðfjörð, Einar Einarsson, Einar Pálsson.

Viku seinna, hinn 21. júlí 1937, var haldinn annar fundur félagsins. Mörg verkefni voru fyrir hendi. Á fundinum voru mættir allir stjórnarmeðlimir, ásamt tveimur félagsmönnum.

Formaður tilkynnti, að samningar við Félag blikksmiða væru þegar fullgerðir og undirritaðir. Þeir voru á þessa lund:

SAMNINGUR  
milli Félags blikksmiðjueigenda í Reykjavík  
og  
Félags blikksmiða í Reykjavík.

1. gr.

Lágmarkskaup fullgildra sveina sé kr. 1.65 á klst. í dagvinnu og lágmarkskaup nýsveina fyrsta ár eftir sveinspróf sé kr. 1.55 á klst. í dagvinnu.

2. gr.

Dagvinna telst frá kl. 7 að morgni til kl. 6 að kvöldi, eða ef byrjað er kl. 8 að morgni, til kl. 7 að kvöldi, alla virka daga vikunnar, nema laugardaga til kl. 12 eða 13 eftir því sem byrjað er.

3. gr.

Eftirvinna greiðist með kr. 2.25 um klst., og telst frá því að dagvinna hættir til kl. 23, nema á laugardögum til kl. 18. Nætur og helgidagavinna greiðist með kr. 3.00 um klst. Helgidagar teljast allir helgir dagar þjóðkirkjunnar, ennfremur sé sumardagurinn fyrsti, 17. júní og 1. desember frídagur frá hádegi. 1. maí sé ekki unnið á verkstæðunum.

4. gr.

Kaffítími sé tvisvar á dag, 15 mínútur hvort sinn, án frádráttar frá kaupum.

5. gr.

Peir félagsmenn, sem unnið hafa á sama verkstæði í 12 mánuði, skulu fá 6 virka daga sumarfrí með fullum launum. Aðrir skulu fá sumarfrí í hlutfalli við unnin mánaðarfjölda á samningsárinu. Þó skal minnst miðað við 6 mánaða vinnu. Sumarfrí séu gefin á tímabilinu 15. júní til 1. september.

6. gr.

Heimilt er félagsmönnum að vinna ákvæðisvinnu fyrir verkstæðin, að fengnu leyfi stjórnar Félags blikksmiða.

7. gr.

Vanti verkstæði mann vegna aðkallandi vinnu og geti Félag blikksmiða ekki útvegað svein, skal verkstæðiseiganda heimilt að taka aðstoðarmann (samkv. 15. gr. núgildandi laga).

8. gr.

Í slysa- og sjúkratilfellum, sem orsakast við vinnu eða af henni, greiði

viðkomandi verkstæði kaup samkv. 1. gr. í allt að 10 daga á ári. Slysa- og sjúkdómstilfelli skulu sönnuð með læknisvottorði.

9. gr.

Hafi félagsmaður unnið minnst 3 mánuði samfleytt á sama verkstæði, skal uppsagnarfrestur af beggja hálfu vera 7 dagar.

10. gr.

Allir starfandi sveinar á verkstæðunum skulu vera meðlimir í Félagi blikksmiða, enda skal félagið engar hömlur setja við því, að sérhver sveinn í iðninni, sem ekki er blikksmiðjueigandi, geti fengið inngöngu í félag þeirra. Sömuleiðis skuldbinda meðlimir Félags blikksmiða sig til þess að vinna eingöngu að fagvinnu sinni hjá verkstæðiseigendum þeim, sem eru meðlimir í Félagi blikksmiðjueigenda, enda setji Félag blikksmiðjueigenda engar hömlur við því, að sérhverjum blikksmiðjueiganda sé frjálst að ganga í félag þeirra.

11. gr.

Ágreiningur út af samningi þessum skal útkljáður af gerðardómi þriggja manna og skal hvor aðili tilnefna einn mann í dóminn, síðan kjósa þessir tveir menn oddamanninn, en komi þeir sér ekki saman um hann, tilnefnir lögmaðurinn í Reykjavík hann. Dómur sá, sem gerðarmenn kveða upp, sker úr ágreiningsefnum til fullnustu.

12. gr.

Samningur þessi gildir frá 15. júlí til næsta árs og framlengist hann ár frá ári, ef hvorugur aðili segir honum upp með tveggja mánaða fyrirvara, þó þannig, að samningnum verði ekki sagt upp frá öðrum tíma árs en 15. júlí.

Gjört í Reykjavík þ. 15. júlí 1937.

---

Á þessum sama fundi var stjórninni falið að „semja verðlagsskrá fyrir framleiðsluvörur meðlima félagsins.“

### *Samvinna félaganna.*

Áður en lengra er haldið, skal hér minnst á samvinnu Félags blikksmiðjueigenda og Félags blikksmiða. Það mun einstætt í íslenski atvinnu- og iðnsögu að vinnuveitendur og launþegar í sömu grein taki saman höndum um félagssögu beggja aðila til birtingar í sama riti.

Þetta segir sína sögu. Að riti þessu standa saman annarsvegar meist-



*Sigurður Hólmsteinn Jónsson blikksmiðameistari, sem lengst hefur starfað í stjórn félagsins, eða allt frá stofnun þess 1937 til og með 1975 eða alls 39 ár, þar af formaður í 27 ár, auk margra annarra trúnaðarstarfa. (Sjá blikksmiðatal)*

arar og verksmiðjueigendur og hinsvegar sveinafélagið í iðninni. Hafa báðir aðilar kosið sameiginlega ritnefnd að verkinu.

Svo sem að líkum lætur er saga beggja félaganna nátengd, svo að í báðum tilvikum eru sömu málín til umræðu og frásagnar. Þó er þar margt á mismunandi hátt. Hagsmunir beggja eru að flestu leyti sameiginlegir, svo er til dæmis að taka um verkefni og atvinnurekstur, ennfremur um íslensk réttindi um að vinna á þessu sviði sé í höndum innlendra aðila, en ekki fengið erlendum mönnum í hendur.

Í þessu sambandi skal aðeins minnst á tvö mál: Blikkkassasmíði Kassagerðar Reykjavíkur og Sigöldumálið.

Þessi félög hafa átt og eiga í sífelldum störfum saman, bæði um samninga um kaup og kjör og félagslega afstöðu á ýmsum tímum. Á þessum sviðum hafa orðið árekstrar af og til, stundum svo að sundur hefur dregið verulega með aðilum. Og nokkrum sinnum hafa orðið verkföll. En jafnan hefur komið til samkomulags á þeim skilningi að um beggja hag sé að ræða.

## Um verðlagsskrá.

Á öðrum fundi félagsins var rætt um nauðsyn þess að semja verðlagsskrá yfir framleiðsluvörur verkstæðanna. Á þriðja fundi félagsins, sem var haldinn hinn 28. september sama haustið, lagði stjórnin fram verðlagsskrá, sem hún hafði samið og sent félögum til athugunar.

Talsverðar umræður urðu um verðlagsskrána. Að lokum var hún samþykkt, eins og hún fer hér á eftir með 4 atkv. gegn einu atkv. :

Tímakaup í dagvinnu	pr. klst.	kr.	2.50
Tímakaup í eftirvinnu	pr. klst.	kr.	4.00
Galv. járn í heilum plötum		pr. kg.	1.00
Galv. járn niðurskorið		pr. kg.	1.20
Bandajárn í búntum	pr. kg.	kr.	1.25
Bandajárn í búntum eða	pr. kg.	kr.	1.50
Látún í plötum	pr. kg.	kr.	5.00
Eir í plötum	pr. kg.	kr.	6.00
Látún niðurskorið	pr. kg.	kr.	6.00
Eir niðurskorið	pr. kg.	kr.	7.00
Zink í plötum	pr. kg.	kr.	2.50
Niðurskorið	pr. kg.	kr.	3.00
Aluminiumpulötur	pr. kg.	kr.	10.00
Aluminiumpulötur niðurskorið	pr. kg.	kr.	12.00
Dósablikk pr. plata		kr.	2.00
Dósablikk J 2 x		kr.	2.50
Dósablikk J 3 x		kr.	3.00
Dósablikk J 4 x		kr.	4.00
Dósablikk D 3 x		kr.	5.00
Dósablikk D 4 x		kr.	6.00
Blandað tin. Hreint tin.			
Þakgluggar, án plötu, ásettir:			
Opnir gluggar 40x60 sm.	pr. stk.	kr.	28.00
Opnir gluggar f. skífu 40x60	pr. stk.	kr.	32.00
Opnir gluggar, skiftir 55x90	pr. stk.	kr.	36.00
Opnir gluggar f. skífu 55x90	pr. stk.	kr.	42.00
Þakgluggar lokaðir, án plötu:			
Þakgluggar 40x60 sm	pr. stk.	kr.	19.00
Þakgluggar f. skífu 40x60 sm	pr. stk.	kr.	20.00
Þakgluggar 55x90	pr. stk.	kr.	24.00
Verðið er miðað við nr. 24; + 5% nr. 22; + 10% nr. 20.			
Þakrennur:			
20 sm. venjuleg gerð	pr. m.	kr.	1.85
22 sm venjuleg gerð	pr. m.	kr.	2.10
25 sm. venjuleg gerð	pr. m.	kr.	2.35

25 sm. kantaðar	pr. m.	kr.	2.55
30 sm. kantaðar	pr. m.	kr.	2.90
35 sm. kantaðar	pr. m.	kr.	3.25

Verðið er miðað við nr. 24, nr. 22 + 10%, nr. 26 + 20%.

Rennubönd:

F. 20 sm renna	pr. stk.	kr.	0.75
F. 22 sm renna	pr. stk.	kr.	0.85
F. 25 sm renna	pr. stk.	kr.	1.00
F. 25 sm kantaðar	pr. stk.	kr.	1.00
F. 30 sm kantaðar	pr. stk.	kr.	1.15
F. 35 sm kantaðar	pr. stk.	kr.	1.30

Verðið er miðað við 1“ nr. 8 úr 1“ nr. 6, kr. 0.20 meira pr. stk.

Rör:

2“ sívöl	pr. m.	kr.	1.65
2 1/2 sívöl	pr. m.	kr.	1.85
3“ sívöl	pr. m.	kr.	2.00
3 1/2“ sívöl	pr. m.	kr.	2.25
4“ sívöl	pr. m.	kr.	2.50
5x8 sm köntuð	pr. m.	kr.	2.50
5x10 sm köntuð	pr. m.	kr.	2.60
6x10 sm köntuð	pr. m.	kr.	2.70
7x10 sm köntuð	pr. m.	kr.	2.80
10x15 sm köntuð	pr. m.	kr.	3.50

Verð á rörum miðað við nr. 26 + 5%, nr. 24 + 10% nr. 22.

Þakrennustútar og endar,	pr. stk.	kr.	1.00
Rennuvinklar	pr. stk.	kr.	3.00 til 5.00
Hné sívöl	pr. stk.	kr.	1.00 til 1.25
Hné köntuð	pr. stk.	kr.	1.25 til 1.50
Rörhespur sívalar	pr. stk.	kr.	1.00 til 1.25
Rörhespur kantaðar	pr. stk.	kr.	1.25 til 1.50

Pensluker.

30 lítra	pr. stk.	kr.	9.00
40 lítra	pr. stk.	kr.	10.00
50 lítra	pr. stk.	kr.	11.00
60 lítra	pr. stk.	kr.	12.00
70 lítra	pr. stk.	kr.	14.00

Verðið er miðað við nr. 24; úr nr. 22 + 10%, úr nr. 20 + 25%.

Kjöljárn og sökkuljárn	pr. kg.	kr.	1.20
Líkkistur með lokum	pr. stk.	kr.	50.00
Zinkkistur með lokum	pr. stk.	kr.	95.00
Lifrarbræðslupottar úr blikki		kr.	130.00
Eldhólf með tilheyrandi		kr.	50.00
Reykrör 4“ úr sv. nr. 20	pr. stk.	kr.	5.50

Reykrör 5“ úr sv. nr. 20	pr. stk.	kr.	6.50
Til skípa:			
Teih.pottur 44x33x35 sm.	pr. stk.	kr.	26.00
Teih.pottur stærri tegund	pr. stk.	kr.	30.00
Gufusuðupottur	pr. stk.	kr.	13.00
Ristar vírlagðar	pr. stk.	kr.	7.50
Sívalur pottur	pr. stk.	kr.	19.50
Uppþvottabalar	pr. stk.	kr.	15.00
Tarinur	pr. stk.	kr.	10.50
Brauðbakkar	pr. stk.	kr.	6.50
Togarakatlar f. kaffi	pr. stk.	kr.	21.00
Togarakatlar f. te	pr. stk.	kr.	22.00
Steikarapönnur logs.	pr. kg.	kr.	2.00
Öskufötur f. skip	pr. stk.	kr.	18.00

„Í tilboðinu sé farið eftir verðskránni, en sé verðið ekki í henni, skal efni reiknað eftir útsöluverði.“

Ábyggilegum föstum viðskiptavinum, sem notið hafa afsláttar frá verði áður en verðskrá þessi gengur í gildi, má gefa allt að 10% afslátt frá verðurskurði, að vinnu þó undanskilinni, enda sé hægt að sanna að þeir hafi notið slíkra hlunninda áður. Sama gildir um minnst 2000.00 kr. viðskipti á ári.

Gegn staðgreiðslu eða greiðslu við fyrstu framvísun reiknings, er heimilt að gefa viðskiptamanni allt að 5% af reikningsupphæðinni, að vinnu þó undanskilinni.“

## Verðskrá 1. september 1980





## FÉLAG BLIKKSMÍÐJUEIGENDA



Bl. 1

Verðlisti Nr.


## Pakrennur:

Nr.	1	Sívöl gerð 21x200-600 sm.pr.m.	kr.	1.735.-
	2	" " 25x200-600 sm. "	" "	2.150.-
	3	Köntuð " 25x200-600 sm. "	" "	3.125.-
	4	" " 30x200 sm. "	" "	3.585.-
	5	" " 35x200 sm. "	" "	4.025.-


## Pakrennubönd:

	Nr. 6	Sívöl gerð 21 sm.	pr.stk.	" 1.370.-
	7	" " 25 sm.	" "	1.500.-
	8	Köntuð " 25 sm.	" "	1.645.-
	9	" " 30 sm.	" "	1.850.-
	10	" " 35 sm.	" "	1.995.-

## Pakrennugaflar:

	Nr. 11	Sívöl gerð 21 sm.(ásettir) "	" "	3.020.-
	12	" " 25 sm. " "	" "	3.180.-
	13	Köntuð " 25 sm. " "	" "	3.395.-
	14	" " 30 sm. " "	" "	3.660.-
	15	" " 35 sm. " "	" "	3.785.-
	16	Sívöl gerð 21 sm.(lausir) "	" "	585.-
	17	" " 25 sm. " "	" "	710.-
	18	Köntuð " 25 sm. " "	" "	710.-
	19	" " 30 sm. " "	" "	780.-
	20	" " 35 sm. " "	" "	845.-

## Pakrennustútar:



	Nr. 21	Sívöl gerð 2" $\beta$ (fsettir) "	" "	2.975.-
	22	" " 2½" $\beta$ " "	" "	3.210.-
	23	" " 3" $\beta$ " "	" "	3.450.-
	24	" " 4" $\beta$ " "	" "	3.695.-
	25	Köntuð " 5x8 sm. " "	" "	3.695.-
	26	" " 6x10 sm. " "	" "	3.775.-
	27	Sívöl gerð 2" $\beta$ (lausir) "	" "	695.-
	28	" " 2½" $\beta$ " "	" "	850.-
	29	" " 3" $\beta$ " "	" "	970.-
	30	" " 4" $\beta$ " "	" "	1.165.-
	31	Köntuð " 5x8 sm. " "	" "	1.165.-
	32	" " 6x10 sm. " "	" "	1.240.-







## FÉLAG BLIKKSMÍÐJUEIGENDA



## Steinrennustútar:

			Verð	+ sölusk.
	33	Sífvöl gerð 2", 2½", 3"	pr. stk. kr.	3.705.-
	34	Köntub " 5x8, 6x10 sm.	" "	4.425.-



## Altanstútar kóniskir:

	Nr. 35	Sífvöl gerð 2", 2½", 3"	" "	6.110.-
	36	" " með rist	" "	7.815.-
	37	" " " /vör	" "	9.125.-
	38	Köntub " 5x8, 6x10 sm.	" "	7.220.-
	39	" " með rist	" "	9.255.-
	40	" " " " /vör	" "	14.215.-



## Þakrennuvínklar:

	Nr. 41	Sífvöl gerð 21x30x30 sm.	" "	9.305.-
	42	" " 25x30x30 sm.	" "	11.395.-
	43	Köntub " 25x30x30 sm.	" "	11.965.-
	44	" " 30x30x30 sm.	" "	12.855.-
	45	" " 35x30x30 sm.	" "	13.700.-

## Niðurfalls-og loftþípur:

	Nr. 46	Sífvöl gerð 2" ø	pr. m.	"	2.225.-
	47	" " 2½" ø	" "	"	2.360.-
	48	" " 3" ø	" "	"	2.750.-
	49	" " 4" ø	" "	"	2.955.-
	50	" " 5" ø	" "	"	3.465.-
	51	" " 6" ø	" "	"	3.800.-
	52	Köntub " 5x8 sm.	" "	"	2.910.-
	53	" " 6x10 sm.	" "	"	3.285.-

## Hné:

	Nr. 54	Sífvöl gerð 2"x15x15 sm.	pr. stk.	"	3.685.-
	55	" " 20x15 sm.	" "	"	3.825.-
	56	" " 30x15 sm.	" "	"	4.110.-
	57	" " 40x15 sm.	" "	"	4.395.-
	58	" " 2½"x15x15 sm.	" "	"	3.830.-
	59	" " 20x15 sm.	" "	"	3.980.-
	60	" " 30x15 sm.	" "	"	4.290.-
	61	" " 40x15 sm.	" "	"	4.596.-
	62	" " 3"x15x15 sm.	" "	"	4.090.-
	63	" " 20x15 sm.	" "	"	4.255.-



## FÉLAG BLIKKSMIDJUEIGENDA

Hné: (framh.)		Verð + sölusk.	
Nr. 64	Sívöl gerð 3"x30x15 sm.	pr. stk. kr.	4.590.-
65	" " 40x15 sm.	" "	4.925.-
66	" " 4"x15x15 sm.	" "	4.305.-
67	" " 20x15 sm.	" "	4.485.-
68	" " 30x15 sm.	" "	4.845.-
69	" " 40x15 sm.	" "	5.200.-
70	" " 5"x15x15 sm.	" "	4.535.-
71	" " 6"x15x15 sm.	" "	4.565.-
72	Köntuð " 5x8x15x15 sm.	" "	4.670.-
73	" " 20x15 sm.	" "	4.850.-
74	" " 30x15 sm.	" "	5.210.-
75	" " 40x15 sm.	" "	5.565.-
76	" " 6x10x15x15 sm.	" "	5.140.-
77	" " 20x15 sm.	" "	5.325.-
78	" " 30x15 sm.	" "	5.690.-
79	" " 40x15 sm.	" "	6.050.-
<b>Beygjur 90° (5 líðir):</b>			
Nr. 80	Sívöl gerð 4"	" "	16.125.-
81	" " 5"	" "	16.870.-
82	" " 6"	" "	17.650.-
<b>Beygjur 45° (3 líðir):</b>			
Nr. 80a	Sívöl gerð 4"	" "	11.960.-
81a	" " 5"	" "	12.580.-
82a	" " 6"	" "	13.540.-
<b>Hespur:</b>			
Nr. 83	Sívöl gerð 2", 2½" (múrhaka)	" "	1.785.-
84	" " 3", 4" " "	" "	1.890.-
85	" " 2", 2½" (skotn.)	" "	1.445.-
86	" " 3", 4" " "	" "	1.575.-
87	Köntuð " 5x8 sm. (múrhaka)	" "	2.050.-
88	" " 6x10 sm. " "	" "	2.150.-
89	" " 5x8 sm. (skotn.)	" "	1.710.-
90	" " 6x10 sm. " "	" "	1.785.-



## FÉLAG BLIKKSMIDJUEIGENDA

## Pakpluggar:

Verð + sölusk.



91	Opnanl.	40x60 sm.m/plötu	pr.stk.kr.	73.000.-
92	"	55x90 sm.	" "	90.995.-
93	Lokaðir	40x60 sm.	" "	50.585.-
94	"	55x90 sm.	" "	64.655.-

## Pakventlar:



Nr. 95	Sívöl gerð	2",3" m/plötu	" "	24.685.-
96	"	" 4",5" "	" "	24.925.-
97	"	" 6",8" "	" "	29.275.-
98	"	" 10",12" "	" "	35.315.-
99	"	" 2",3" lausir	" "	15.990.-
100	"	" 4",5" "	" "	16.805.-
101	"	" 6",8" "	" "	20.930.-
102	"	" 10",12" "	" "	26.835.-

## Veðurhlífur:



Nr.103	Köntub gerð	10x10x5 sm.	" "	9.990.-
104	"	" 15x15x8 sm.	" "	13.675.-
105	"	" 20x20x10 sm.	" "	14.620.-
106	"	" 30x30x15 sm.	" "	20.230.-
107	"	" 40x40x20 sm.	" "	24.280.-

## Sorprör:



Nr.108	Sívöl gerð	30 sm.Ø	pr.m.	" 12.210.-
109	"	" 35 sm.Ø	" "	14.015.-
110	"	" 40 sm.Ø	" "	19.890.-
111	Lokstútur	30 sm.ásettur	pr.stk.kr.	17.345.-
112	Hné	30-40 sm. (vinna)	" "	17.345.-
113	Toppstykki	með stút	" "	10.705.-

## Skorib og bœgt járn:

















Nr.114	Kúlukjölur	6"x 6"	pr.m.	" 2.760.-
115	Borðakjölur	6"x 6"x 1"	" "	3.015.-
116	Kverkjárn	15 x 15 sm.	" "	2.760.-
117	"	25 x 25 sm.	" "	4.375.-
118	Kantjárn	rifl. 25 sm.	" "	2.085.-
119	"	" 33 sm.	" "	2.730.-
120	Ýmsar gerðir		pr.kg.	" 1.710.-



# VELAG BLIKKSMIÐJUEIGENDA

Eir

Þakrennur:		" E i r "		Verð + sölusk.	
	125	Sívöl gerð	21x200 sm.	pr.m.	kr. 6.580.-
	126	" "	25x200 sm.	" "	7.990.-
	127	Köntuð	" 25x200 sm.	" "	8.855.-
	128	" "	" 30x200 sm.	" "	10.260.-
Þakrennubönd:					
	Nr. 129	Sívöl gerð	21 sm.	pr.stk.	" 2.880.-
	130	" "	" 25 sm.	" "	3.305.-
	131	Köntuð	" 25 sm.	" "	3.690.-
	132	" "	" 30 sm.	" "	4.025.-
Þakrennugaflar:					
	Nr. 133	Sívöl gerð	21 sm.	" "	3.755.-
	134	" "	" 25 sm.	" "	3.780.-
	135	Köntuð	" 25 sm.	" "	4.505.-
	136	" "	" 25 sm.	" "	4.770.-
	137	" "	" 30 sm.	" "	5.120.-
Þakrennustútar:					
	Nr. 138	Sívöl gerð	2"Ø	" "	4.165.-
	139	" "	" 2½"Ø	" "	4.750.-
	140	" "	" 3"Ø	" "	5.145.-
	141	Köntuð	" 5x8 sm.	" "	5.840.-
	142	" "	" 6x10 sm.	" "	6.260.-
Þakrennuvínklar:					
	Nr. 143	Sívöl gerð	21 sm. (vinna)	" "	14.455.-
	144	" "	" 25 sm. "	" "	17.565.-
	145	Köntuð	" 25 sm. "	" "	18.430.-
	146	" "	" 30 sm. "	" "	19.835.-
Niðurfallsþpur:					
	Nr. 147	Sívöl gerð	2"	pr.m.	" 5.720.-
	148	" "	" 2½"	" "	7.030.-
	149	" "	" 3"	" "	7.780.-
	150	Köntuð	" 5x8 sm.	" "	8.435.-
	151	" "	" 6x10 sm.	" "	10.125.-
Hné:					
	Nr. 152	Sívöl gerð	2", 2½", 3" (vinna)	stk.	" 6.400.-
	153	" "	" 5x8, 6x10 sm.	" "	7.765.-
Hespur:					
	154	Sívöl gerð	2"-3"	" "	1.620.-
	155	Köntuð	" 5x8, 6x10 sm.	" "	2.020.-





## FELAG BLIKKSMIDJUEIGENDA



Eir

EIR

## Steinrennustútar:

			Verð	+ sölual.
	156	Sífvöl gerð 2",2½",3"	pr.stk.kr.	5.655.-
	157	Köntuð " 5x8,6x10 sm.	" "	6.675.-

## Altanstútar kóniskir:

Nr.				
	158	Sífvöl gerð 2",2½",3"	" "	8.590.-
	159	" " með rist	" "	10.570.-
	160	" " " " /vör	" "	11.855.-
	161	Köntuð " 5x8,6x10 sm.	" "	10.180.-
	162	" " með rist	" "	11.990.-
	163	" " " " /vör	" "	14.180.-

### *Blikkassmiði Kassagerðar Reykjavíkur.*

Þess er að geta, að Kassagerð Reykjavíkur fór að smíða blikkassa undir fisk til útflutnings. Þar eð blikksmiðir töldu vafasamt að Kassagerðin hefði rétt til slíkrar framleiðslu, enda væri hér farið inn á rétt blikksmiðaiðnarinnar, leituðu þeir til yfirvalda um málið og óskuðu að fá úr því skorið, hvort þessi vinna tilheyrði blikksmiði eða ekki.

Bæði félögin stóðu sameiginlega að þessu máli. Leitað hafði verið m.a. til lögreglustjóra og beðið um álit hans.

Á öðrum fundi Félags blikksmiðjueigenda, hinn 21. júlí 1937, var tilkynnt að bréf hefði borist frá lögreglustjóra varðandi „blikkassamiði Kassagerðar Reykjavíkur.“

Var Sigurður H. Jónsson kosinn í nefnd, til þess að starfa með Félagi blikksmiða og ræða við atvinnumálaráðherra um málið.

Um haustið skrifuðu félögin sameiginlega eftirfarandi bréf til atvinnumálaráðherra. Í bréfinu er að miklu leyti rakin forsaga málsins.

„Í tilefni af tilkynningu lögreglustjórans í Reykjavík til Félags blikksmiðameistara, dags. 13. júlí 1937, senda Félag blikksmiðjueigenda í Reykjavík og Félag blikksmiða s.st. í sameiningu hinu háa atvinnumálaráðuneyti eftirfarandi:

Við lítum svo á, að Kassagerð Reykjavíkur, fyrst og fremst, en síðan líka Landssamband iðnaðarmanna hafi gefið ráðuneytinu mjög rangar og villandi upplýsingar viðvíkjandi máli því, sem hér um ræðir.

Um blikkfóðrun trékassa hefur alls ekki verið talað um við okkur og því enginn ágreiningur um það orðið, hvort öðrum en blikksmiðum sé það heimilt. En um smíði á þeim blikkkössum, sem notaðir eru undir fisk til útflutnings og blikksmiðir hafa smíðað hingað til, finnst okkur að koma ekki til greina annað en blikksmiðir vinni við, eins og áður.

Kassar þessir eru eingöngu smíðaðir með verkfærum þeim, sem blikksmiðir hafa notað frá fyrstu tíð og eru þeirra aðalverkfæri. Blikkassararnir eru alveg sjálfstæðir og lausir við trékassann og gengið er frá þeim loftþéttum eftir að fiskurinn hefur verið settur í þá. Trékassinn er aðeins settur utan um blikkassann honum til hlífðar.

En eigi aftur á móti að úrskurða þessa vinnu frá stétt okkar, vegna þess að framleiðsla á umgetnum blikkkössum sé í hundraða eða þúsunda tali, þá megum við nú þegar búast við því að starf það, sem starf stétt okkar hefur heyrt til og gert að lífsstarfi sínu, verði fengið í hendur hverjum, sem vill taka að sér framleiðslu á hverjum einstökum hlut fyrir sig með ófaglærðu fólki.

Okkur finnst, að við höfum fulla ástæðu til að efast um að stjórn Landssambands iðnaðarmanna hafi, eins og hún tekur fram í bréfi sínu, fengið upplýsingar um framleiðslu á blikkkössum þessum í Noregi og Svíþjóð, en í Noregi er þetta hliðstæðast.

Það eru því vinsamleg tilmæli okkar til ráðuneytisins, að það leiti ábyggilegra upplýsinga um tilhögun á þessu erlendis og þá fyrst og fremst í Noregi.

Okkur er það ráðgáta, hvers vegna stjórn Landssambands iðnaðarmanna hefur algjörlega gengið fram hjá okkur með tilhlutun í máli þessu, sem varðar okkur hvað mest allra, en vonandi fáum við einhverja leiðréttingu og það sem fyrst.“

Hinn 26. febrúar 1938 var komið svohljóðandi svar frá atvinnumálaráðuneytinu:

„Með skírskotun til bréfs Félags blikksmiðameistara og Félags blikksmiða, dagsett 9. september 1937, viðvíkjandi smíði blikkkassa undir fisk til útflutnings, sendist hér með afrit af bréfi frá fulltrúa Vilhjálmi Finsen, dagsettu 26. f.m. þar sem upplýst er um atriði þau, sem um er spurt í áður nefndu bréfi félaganna.“

Bréf frá fulltrúa Vilhjálmi Finsen:

„Með tilvísun til bréfs hins háa atvinnumálaráðuneytis, dags. 21. september, um smíði blikkkassa undir fisk í Noregi, leyfi ég mér hér með að tilkynna, að það eru engin föst ákvæði í Noregi um smíði slíkra kassa. Þeir kassar, sem Norðmenn nota undir fisk, eru ýmist búnir til af blikksmiðum eða blikkumbúðaverksmiðjum, eftir því hvort ódýrara er í hvert sinn. Er ég um daginn var í Bergen, spurðist ég fyrir um þetta atriði í Fiskeri-directorotet og fékk það svar, að blikkkassagerð þessi væri ekki talin blikksmiðavinna (fagvinna) í Noregi.“

### *Um efniskaup.*


Það var brátt eftir stofnun félagsins, að rætt var um efniskaup fyrir smiðjurnar. Í styrjaldarbyrjun, haustið 1939, barst félaginu bréf frá Félagi blikksmiða, þar sem þeir ræddu um horfur í atvinnumálum og efniskaup fyrir iðnina. Einnig ræddu þeir um afstöðu sína til vinnu og þar með, að ólærðir hjálparmenn væru ekki látnir vinna á verkstæðunum, ef sveinar hefðu ekki atvinnuöryggi af þeim sökum.

Var formanni falið að „hafa tal af formanni Félags blikksmiða um mál þetta og kalla síðan aftur saman fund um það.“

Á fundi 19. september 1939 var samþykkt að tilkynna Félagi blikksmiða að ákveðið væri „að hjálparmenn yrðu ekki látnir vinna á verkstæðunum eftir 30. september 1939, um óákveðinn tíma.“

Var rætt um „að allir félagsmenn hefðu vakandi auga á tækifærum til efniskaupa.“

Á næstu vikum leitaði stjórn félagsins fyrir sér um sameiginleg efniskaup. Og 15. september gaf stjórnin skýrslu um athuganir á efniskaupum. Tilboð höfðu borist í efni af galvaniseruðu járn og dósablikki



Sýnishorn af lásasamsetningum

frá O. Johnsson & Kaaber, Elding h.f. og Ingólfi Espólin. Þá höfðu verið athuguð efniskaup frá Belgíu, en sá var hængur á, að þar eins og víða í Evrópu, var komið útflutningsbann á slíkar vörur.

Sótt var um gjaldeyrisleyfi sameiginlegt fyrir smiðjurnar. Gekk treglega að fá leyfi, en loks fengust 38 þúsund krónur fyrir öll verkstæðin. Var upphæðinni þannig skift milli verkstæðanna:

Blikksmiðja J. B. Péturssonar	Kr. 10.862
Nýja blikksmiðjan	kr. 12.420
Blikksmiðja Reykjavíkur	kr. 8.615
Blikksmiðja Agnars Breiðfjörðs	kr. 4.250
Blikksmiðjan Grettir	kr. 2.220
Samtals	kr. 38.367

Á styrjaldararunum var tíðum erfitt að fá nægjanlegt efni til vinnslu í smiðjunum. En ekki tók betra við upp úr stríðinu.



Málið var oft rætt á fundum félagsins. Og þegar komið var fram í ársbyrjun 1948 var greint frá erfiðleikunum í sambandi við fjárhagsráð. Kom þá jafnvel fram rödd um það, „hvort ekki væri rétt og nauðsynlegt að loka verkstæðunum, meðan ástandið væri slíkt.“

Þar eð synjun hafði komið frá fjárhagsráði, var samþykkt á fundi 14. apríl 1949 að fela stjórninni að halda málinu uppi og fara enn á fund viðskiptanefndar og tjá henni að lokun stæði fyrir dyrum og þá lægi fyrir að iðngreinin legðist niður.

Stjórnin fór á fund viðskiptanefndar, en skýrði frá því á fundi í félaginu, að „útlitið væri svart.“ Þeim hefði þó verið ráðlagt að sækja aftur um gjaldeyri fyrir efni „strax fyrir 1. maí.“

Hinn 6. mars 1949 var rætt „um hið alvarlega ástand með hráefni til iðnaðar vors,“ eins og það er orðað í fundargerðarbókinni.

Á þessum fundi var skýrt frá ástandinu í iðninni tvö undangengin ár.

„Árið 1947 fékk enginn af meðlimum okkar nokkurt leyfi innflutning- eða gjaldeyrisleyfi fyrir nokkurri járnplötu eða öðru efni, sem atvinna okkar byggist á, annað en lítillsháttar af dósablikki.“


„Árið 1948 hafa meðlimir okkar fengið leyfi, sem hér segir:

Nýja blikksmiðjan	kr. 37.500
Blikksmiðjan Grettir	kr. 48.000
Blikksmiðja Reykjavíkur	
Blikksmiðja Guðm. Breiðfjörðs	kr. 50.000
Blikksmiðja J.B. Péturss.	
Litla blikksmiðjan	kr. 15.000
Blikksmiðja V. Húnfjörð	kr. 9.000
Blikksmiðjan Dvergasteinn	kr. 15.000

Auk þess fengu allar smiðjurnar sameiginlega 20 þúsund króna leyfi fyrir lóðningartini.“

„Sem dæmi um hve iðnaður okkar hefur dregist saman, vegna skorts á hráefni, getum við upplýst, að fækkun manna á verkstæðum er sem hér segir:

	Árið 1948 Starfsm.:	Í ársbyrjun 1949, starfsmenn:
Nýja blikksmiðjan	36	28
Blikksmiðjan Grettir	28	23
Blikksmiðja Guðm. Breiðfjörðs	15	9
Blikksm. J.B. Péturss.	15	9
Litla blikksmiðjan	7	4
Blikksmiðja V. Húnfjörð	4	2
Blikksmiðjan Dvergasteinn	9	5
Blikksmiðja Reykjavíkur	12	4
Alls	126	84



*Sýnishorn af samsetningu með slaghnoðum*

Af þessu er ljóst, hversu þetta er ófullnægjandi fyrir oss, enda höfum við orðið að sæta því að kaupa hér innanlands hvaða efni sem fánlegt hefur verið, ýmist af kaupmönnum eða vélaverkstæðum með fyllsta út-söluverði þeirra.

En afkoma okkar byggist meðal annars á því að bæði efni og vinna fáist með lágsta innkaupsverði.

Nú liggja fyrir nefndinni umsóknir frá meðlimum vorum, sem verða til þess að bæta um fyrst um sinn, ef samþykktar verða. Enda treystum við yður til að verða við óskum okkar í þessu efni, svo að iðnaður okkar dragist ekki enn óhæfilega saman eða leggist niður að mestu.“

Þetta var í meginatriðum bréf til fjárhagsráðs. Kosnir voru til þess að fylgja bréfinu eftir til fjárhagsráðs Sigurður H. Jónsson, Agnar Breiðfjörð og Alexander Guðjónsson.

Tæpum hálfum mánuði síðar, eða 28. mars, var tilkynnt á fundi félagsins, að fjárhagsráð hefði úthlutað leyfum kr. 100.000.00, sem ættu að skiptast milli smiðjanna, en talað hafði verið um að reyna að fá kr. 150.000.00 til úthlutunar, minna dygði ekki. En 20. maí var skýrt frá því að samþykktar hefðu verið kr. 175.000.00, er skipta skyldi milli smiðjanna.

Var nú rætt um skiptingu fjárens milli smiðjanna, en menn voru ekki sammála um skiptinguna, svo að fresta varð ákvörðun í tvo daga.

Á fundi 22. maí mættu fulltrúar frá öllum smiðjunum. Umræður urðu allmiklar um skiptingu leyfa og járnsins milli verkstæða, en var þó útkljáð í samlyndi.

Leið svo fram til hausts 1949. Þá urðu enn erfiðleikar út af sömu málum, enda mátti segja, að sú lausn, sem fékkst hverju sinni, var aðeins til bráðabirgða, Jafnframt þessum málum var til umræðu verðlagning á hlutum og vörum félagsmanna. Snemma á árum hafði félagið samið verðskrá fyrir félagsmenn, en nokkrir agnúar komu í ljós, þar eð talið var að verðlagningarákvæði hefðu ekki verið haldin sem skyldi. Verðskráin var oft til umræðu á fundum félagsins, bæði eftir breytinguna á kaupgjaldssamningum og einnig eftir verðbreytingum á efni. Sótti félagið í slíkum tilfellum til verðlagsstjóra um álagningu á vinnu eftir gerða samninga.

Viðvíkjandi úthlutun efnis og leyfa tilkynnti fjárhagsráð, að hinar nýju verksmiðjur „þyrftu að fá rekstrarleyfi, til þess að þær gætu fengið innflutningsleyfi fyrir efni.“


Haustið 1950 var oft rætt um hlutfallslega skiptingu efnis milli smiðjanna. Þetta var viðkvæmt hagsmunamál, svo að samkomulag um skiptingu efnis, sem stjórnin fékk samþykkt snemma hausts, var tekið til endurskoðunar á fundi 13. desember 1950, eftir að tillögur lágu fyrir frá 8 smiðjum. (Frá Glófaxa og Vogu komu ekki tillögur).

Var á fundinum rætt um að „gera meðaltal af tillögum þeim, sem borist höfðu.“ Var það samþykkt.

Eftir þeirri skiptingu, skyldi smiðjunum úthlutað efni og leyfum, sem hér segir:

Blikksmiðja J.B. Péturssonar	17,38%
Nýja blikksmiðjan	16,56%
Blikksmiðja Reykjavíkur	12,70%
Breiðfjörðs blikksmiðja	12,62%
Grettir	12,50%
Dvergasteinn	8,00%
Litla blikksmiðjan	7,83%
Vilhjálmur Húnfjörð	5,50%
Glófaxi	3,48%
Vogur h.f.	3,37%

Þessi skipting var með hliðsjón af starfsmannafjölda í smiðjunum. Miklar umræður voru um reglurnar. Samhliða þessu var um það rætt, að nauðsynlegt væri að athuga, hvort allir þeir, sem væru að smíða hluti úr blikki, hefðu réttindi til þess. Þá var samþykkt að skora á félagsmenn „að láta allt efni, sem vinnustofurnar eru aflögufærar með, ganga til þeirra smiðja sem efni vantar, frekar en að selja það hinum og öðrum utan félagsskaparins.“



*T stykki, sívalt er sýnir handverk gömlu meistaranna.*

Í ársbyrjun lágu fyrir tillögur verðlagsstjóra til fjárhagsráðs um álagningarreglur hjá ýmsum fyrirtækjum. Kom í ljós, að samkvæmt þessum tillögum yrði álagning á vinnu 5% lægri hjá blikksmiðum en hjá vélsmiðjum, er höfðu haft sömu álagningu og áður.

Formaður Félags blikksmiðjueigenda hafði spurt verðlagsstjóra, hvers vegna þessi mismunur væri á álagningu hjá þessum iðnum.

Verðlagsstjóri svaraði, að hann hefði álitnið blikksmiði hafa minni kostnað af skrifstofuhaldi o.fl. og þyrftu því ekki eins mikla álagningu og vélsmiðjur, en kvaðst þó fús til að taka ábendingum.

Samþykkt var að „smiðjurnar reyndu að gefa skýrslu um kostnað % á vinnu og koma þeim til formanns eftir nokkra daga.“

Á árinu 1950 hafði verið sótt um efnisleyfi fyrir kr. 1.205.000, „en alls verið greitt á árinu fyrir efni kr. 702.974.“

Á aðalfundi 1952 var rætt um verðskrána og efniskaup. Agnar Breiðfjörð benti á að „nokkuð væri farið að bera á því, að járnsmiðjur væru farnar að framkvæma blikksmiði og taldi nauðsynlegt að reyna að ná samkomulagi við þær um að ganga ekki inn á blikksmiðaiðninna.“

Þá var þess getið á fundi í júní 1952, er rætt var um verðskrána, að undirboð ættu sér stað á vörum, sem blikksmiðjur framleiddu. Var t.d. sagt frá því að verslun Helga Magnússonar seldi þakglugga á lægra verði en smiðjurnar. Málið var rætt fram og aftur og talað um að smiðjurnar lækkuðu verðið til samræmis við verslun Helga Magnússonar. Var málinu síðan vísað til stjórnarinnar, sem skyldi athuga hvaða afstöðu skyldi taka um verð og framleiðslu.

### ***Samstaða og samheldni.***

Verðlagsskrá hafði verið samin um verk félagsmanna og hluti á þriðja fundi félagsins, 28. september 1937. En ekki leið á löngu að í ljós kom að verðskráin var ekki haldin af sumum félagsmönnum. Á 15. fundi fél-

agsins var málið til umræðu og nefnd kosin til að athuga málið. Allmiklar umræður voru tíðum um verðskrána enda var hún endurskoðuð af og til.

Nefnd til að endurskoða lög félagsins var kjörinn snemma árs 1950. Á aðalfundi 27. febrúar 1950, lagði nefndin fyrir fundinn allviðtækar breytingar á lögnum. Bjarni Pétursson gerði grein fyrir tillögnum og skýrði þær. Síðan var hver grein borin undir atkvæði og þær voru allar samþykktar með samhljóða atkvæðum.

Lögin eru birt á öðrum stað í frásögninni um félagið.

Félagið hafði á þessu ári sótt um leyfi til efniskaupa að upphæð kr. 531.000.00, en fékk samtals leyfi að upphæð kr. 241.000.00, er skiptist þannig:

Járnleyfi frá Póllandi	kr.	175.000.00
Tinleyfi frá Bretlandi	kr.	15.000.00
Saltsýruleyfi frá Bretlandi	kr.	1.000.00
Blikkleyfi frá U.S.A.	kr.	50.000.00

Ný verðskrá var samþykkt á fundi 6. mars 1950.

Reynt var að finna reglur til að skipta eftir efni milli smiðjanna. Gekk þetta nokkuð seint og erfiðlega. Tillaga kom um að skipta efninu eftir hundraðstölu, en hins vegar þótti mörgum rétt að skipta efninu eftir starfsmannafjölda. Eftir miklar umræður um þetta atriði, ákvað fundurinn að smiðjurnar sendu greinargerð til stjórnarinnar fyrir þörfum sínum.

### *Frá Málm- og skipasmiðjum.*

Félag blikksmiðjueigenda gekk í Samband Málm- og skipasmiðja, S.M.S. við stofnun þess.

Guðjón Tómasson, framkvæmdastjóri Sambands Málm- og skipasmiðja, mætti á fundum félagsins á árunum 1974 og 1975. Hann skýrði ýmis sameiginleg mál, efnahagsmál og kjarasamninga.

Einnig greindi hann frá þremur skipulagsskrám fyrir félög og sambandið, sem þá væru nýkomnar út.

Mörg sameiginleg mál félaganna voru tíðum á dagskrá, enda létti sambandið í ýmsu störfum á félögnum og styrkti þau á opinberum vettvangi.

### *Nefndir og fulltrúastörf.*

Iðnráð.

Kristinn Pétursson var í Iðnráði fyrir félagsins hönd frá 1938 til

1949. Agnar Breiðfjörð var frá 1950 til 1964. Hörður Helgason var kosinn 1970. Ólafur Jóhannesson var kosinn 1971.

Verðskrárnefnd.				
Bjarni Kristinsson	var kosinn	16	sinum	
Sigurður H. Jónsson	—	—	18	—
Benedikt Ólafsson	—	—	6	—
Sveinn A. Sæmundsson	—	—	1	—
Útboðsnefnd				
Hörður Helgason	var kosinn	8	sinum	
Sveinn A. Sæmundsson	—	—	8	—
Garðar Erlendsson	—	—	6	—
Jónas Haukur Einarsson	—	—	5	—
Ólafur Jóhannesson	—	—	5	—
Benedikt Ólafsson	—	—	1	—
Sverrir Einarsson	—	—	1	—
Iðnþing.				
Sigurður H. Jónsson	—	—	8	—
Hörður Helgason	—	—	1	—
Laganefnd.				
Hörður Helgason	var kosinn	2	sinum	
Finnbogi Júlíusson	—	—	1	—
Ingibergur Stefánsson	—	—	1	—
Sveinn A. Sæmundsson	—	—	1	—
Sigurður H. Jónsson	—	—	1	—
Skemmtinefnd.				
Georg Jónsson	var kosinn	3	sinum	
Magnus Thorvaldsson	—	—	3	—
Hörður Helgason	—	—	3	—

Iðnfræðslufulltrúi var Ólafur Jóhannesson kosinn tvisvar sinnum.

Fundur ekki bókaðir í félaginu frá 28. október 1943 til 7. febrúar 1946.

### *Samband málm- og skipasmiðja.*

Á fundi félagsins 21. janúar 1973 var rætt um stofnun „sambands nokkurra félaga, það er bifreiðaverkstæða, blikksmiðja, dráttarbrauta, skipasmiðastöðva, málmsteypa, vélsmiðja og annarra málmíðnaðarfyrirtækja og skyldi það heita: Samband málm- og skipasmiðja.“

Lesin voru upp lög sambandsins.

Formaður „upplýsti að starfsfé væntanlegs sambands myndi verða á sjöttu milljón króna, þar af þyrfti Félag blikksmiðjueigenda að borga um 10%, en lágmarksgjald hveftrar smiðju yrði kr. 10.000.00.“

Innganga í sambandið var samþykkt.

Fulltrúi til sambandsins var kosinn: Sveinn A. Sæmundsson, til vara Sigurður H. Jónsson og Garðar Erlendsson.

Á fyrsta þingi Sambands málm- og skipasmiðja voru kosnir 6. september 1973: Sveinn A. Sæmundsson, Sigurður H. Jónsson, Garðar Erlendsson, Pétur Kristinsson og Gylfi Konráðsson.

### *Atvinnumál.*

Undir árslok 1952 barst Félagi blikksmiðjueigenda bréf frá Ráðningarstofu Reykjavíkur, er fjallaði aðallega um atvinnuástand og atvinnuhorfur í blikksmiðaiðninni.

Samþykkt var að svara bréfinu á þá leið „að ekki væri um neitt verulegt atvinnuleysi að ræða ennþá.“

Í svarinu minnti félagið á þann háska, sem öllum iðnaði stafaði mikil hætta af, en það var innflutningur erlendra vara. Segir í bréfinu að „vinna bæri að því með öllum ráðum, að ekki væri fluttar inn vörur, sem verkstæðin hefðu unnið og gætu unnið.“

Á árinu 1955 voru allmiklar umræður um vinnu nema í iðninni og um hjálparmenn. Í bréfi frá Félagi blikksmiðja í ársbyrjun 1955 var farið fram á hækkað kaup nemenda og „eftir sínum skilningi væru meistarar skyldir til að taka nema á hvern svein og hjálparmenn mættu aldrei vera fleiri en nemendur.“

Síðar á árinu var mál þetta rætt ítarlega, um eftirvinnu á verkstæðunum, um hjálparmenn o.fl. kom þá fram óánægja út af því að hjálparmönnum væri greitt jafnhátt kaup og sveinum, eins og ætti sér stað á einu verkstæði. Var talið nauðsynlegt að verkstæðin fengju félagaskrá yfir blikksmiði, til þess að geta fylgst með atvinnunni.


Á aðalfundi 11. júní 1956 voru umræður um verðskrána.

Formaður „upplýsti, að stjórnin hefði sannanir fyrir því að verðskráin hefði ekki verið haldin. Það hefði verið gefinn 10 — 13% afsláttur og það hjá þeim aðila, sem fyndist verðskráin aldrei of há.“

Beindi formaður þessum orðum til Ingibergs Stefánssonar.

Ingibergur „kvaðst hafa gefið gömlum viðskiptavinum 10% afslátt, ef um mikil viðskipti væri að ræða, sagðist hafa haldið að það væri ekki brot á verðskránni. — Að lokum lofaði hann að halda verðskrána og gefa ekki prósentur framar“, segir í fundargerð.

Umræður um þetta urðu miklar. Þá var einnig rætt um að Hafnfirðingar hefðu látið Helga Magnússon kaupmann selja þakglugga upp á



*Fyrr á árum voru hússkreytingar algengar og höfðu blikksmiðir veg og vanda af mörgum þessara skreytinga, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.*

prósentur. Skýrt var frá því, að Hafnfirðingar hefðu verið boðaðir á þennan fund, en þeir mættu ekki.

Upp úr þessu voru rædd ýmis atriði, sem snertu kaupgjald og vinnu-tilhögun, svo sem um ákvæðisvinnu.

Hinn 19. ágúst 1968 var tilkynnt bréf frá verðlagsstjóra, þar sem hann tilkynnir að álagning sé gefin frjáls.



## *Erlendir iðnaðarmenn o.fl.*

Blikksmiðastéttin hafði í ýmis horn að líta í sambandi við innflutning og vinnu erlendra á Íslandi. Félag blikksmiða hafði verið þar á verði. Og Félag blikksmiðjueigenda þyrfti í mörgum tilfellum að eiga í útistöðum vegna þeirra mála. Menn fóru tíðum krókaleiðir, til þess að brjóta niður reglur og réttindi stéttarinnar. Þó að ekki sé bókað allt um slík samskipti, þá er vitað að oft var talsvert um slík átök.

Maður í Vestmannaeyjum, sem ekki hafði meistararéttindi til að reka iðnina, setti upp blikksmiðju í Eyjum. Þegar gerðar voru athugasemdir við þetta, veifaði maðurinn ráðherrabréfi, þar sem honum eru veitt meistararéttindi í blikksmiði í Eyjum.

Þannig veitti ráðuneyti oft leyfi til atvinnuréttar „algjörlega í óþökk blikksmiða.“

Danskur blikksmiður kom hingað til lands og vann á vegum húsa-meistara ríkisins við kennaraskólabyggingu.

Málið var rætt á fundi í félaginu. Var það samhljóða álit félagsmanna, að hver og einn útlendur maður, „sem hér dvelur til vinnu, hefði atvinnuleyfi.“

Var mönnum þungt í sinni, út af þeirri framkomu forustumanna þjóðarinnar að brjóta niður réttindi stéttarinnar. Var stjórninni falið að knýja fram breytingu í þessu máli.

Þessi danski smiður vann bæði við kennaraskólann og byggingu Háteigskirkju.

Félagið samþykkti, að „félagar í F.B.Í.R. vinni ekki með erlendum fagmönnum í iðninni, nema með því eina móti að atvinnuleyfi viðkomanda sé veitt út á einhverja vinnustofu félagsmanna.“


Og enn voru fleiri tilfelli áþekk þessu.

Á aðalfundi félagsins 1964 upplýsti formaður, að farnar hefðu verið krókaleiðir við útvegum atvinnuleyfa fyrir erlenda blikksmiði, en ekki verið leitað umsagnar sveina- eða meistarafélagsins.

## *Um námskeið og fleira.*

Árið 1962 var rætt um það í félaginu að reynt yrði að koma upp námskeiðum fyrir nema í iðninni. Sagt var frá suðuskóla í Svíþjóð, þar sem nemendum iðnaðarins er kennd suða og samsetning ýmissa málmtegunda. Var kosin nefnd í sambandi við þetta mál og skyldi hún athuga iðnfræðslu hér í Iðnskólanum. Nefndina skipuðu Finnþogi Júlíusson, Vilhelm Davíðsson og Magnús Thorvaldsson.

Á árinu 1964 var samþykkt að leggja fram 2 þúsund krónur, og stjórninni heimilað að hafa framlagið meira, til þess að kaupa hlutabréf í „sýningasamtökum atvinnuveganna.“



*Fyrr á árum smíðuðu blikksmiðir mikið af hagnýtum áhöldum til heimilisnota eins og þessi kolafata sýnir.*

Rætt var um starffræðsludag í iðnaðinum. Einnig var rætt um kennsluvélar og tillaga kom fram að gerð skyldi áætlun til vélakaupa og kennslu.

Og á aðalfundi 11. maí 1967 var frá því skýrt að kennsla í rafsuðu og logsuðu hefði farið fram á árinu. Þátttakendur voru 20.

Rædd var á þessum árum kennsla í Iðnskólanum. Var hún gagnrýnd, einkum teiknikennslan.

Á aðalfundi 1971 var rætt um að „leggja til kennsluvélar í Iðnskólann.“

Ólafur Jóhannesson, Bjarni Kristinsson og Sveinn A. Sæmundsson voru kjörnir í nefnd til framkvæmda í málinu. Skyldi framlag vera eftir starfsmannafjölda í smiðjunum. Og enn var rætt um væntanlegar kennsluvélar á næsta aðalfundi, 1972.

Ólafur Jóhannesson sagði á aðalfundi 1973, að „eitthvað meira þyrfti að gera til kynningar í fagi okkar.“ Hann hafði farið með nokkra unga menn „í heimsókn í Blikksmiðjuna Vog og hafði það gefist sérlega vel.“

Nokkru síðar ræddi Magnús Thorvaldsson um ný efni, sem væru að ryðja sér til rúms. Sagði hann að plast væri meira og minna að taka við af blikki. Þetta efni brennur ekki, en bráðnar í hita. Sveinn A. Sæmundsson „upplýsti að þeir í Vogu hafi þegar unnið úr slíku efni.

### ***Um Efta aðild.***

Á árunum um 1970 voru umræður hér á landi um Efta eða efnahagsbandalagið í Vestur-Evrópulöndum. Þær þjóðir, sem voru í efnahagsbandalaginu tengdust á ýmsan hátt, einkum á sviði efnahagsmála og tollar voru rýmkaðir milli félagslanda. Sú rýmkun þýddi að erlendar vörur lækkuðu hér í verði og samkeppnin við innlandan iðnað yrði harðari en fyrr. Það, sem á móti kæmi um sölu íslenskra vara á

erlendum vettvangi yrði væri lítill ávinningur, þar sem útflutningur landsmanna í iðnaðarvörum var tiltölulega lítill.

Málið var mikið rætt í félögum svo sem annarsstaðar. Á aðalfundi félagsins í maí 1970 var gerð samþykkt um að kjósa skyldi nefnd „til könnunar með verkefnaskiptingu, verðlag og eins hvað við munum eiga í vændum hvað Efta-aðild snertir.“

Í nefndina voru kosnir: Hörður Helgason, Bjarni Kristinsson og Sveinn A. Sæmundsson.

Fleira kom hér til í sambandi við framleiðslu og verðlag. Rætt hafði verið um „blikksmiði með stórvirkum véllum.“ Sigurður Hólmsteinn sagði frá því, að Svíar hefðu farið inn á þá braut, að ein verksmiðja framleiddi ákveðna hluti, þakrennur o.fl., einungis fyrir blikksmiðjur til að vinna úr. Rætt var um „samvinnu á breiðum grundvelli um þessar vélar og aðrar, ef til kæmi.“

Sveinn A. Sæmundsson kvað málið vera komið á það stig, að „við ættum að stofna innkaupasamband.“

Virtust allir fundarmenn vera sammála um sameiginleg efniskaup, en um hinar „stórvirku vélar“ urðu nokkuð skiptar skoðanir.

Samþykkt var að kjósa nefnd „til þess að leggja drög að stofnun innkaupasambands. „Í nefndina voru kjörnir: Sveinn A. Sæmundsson, Bjarni Kristinsson, Hörður Helgason, Sigurður H. Jónsson og Agnar Breiðfjörð.

Innan félagsins hafði komið upp nokkur kurr vegna þess að verksmiðjur seldu hluti og verk með misjöfnu verði og ekki í samræmi við samþykktan útboðstaxta félagsins. Talið var nauðsynlegt að „lagfæra hinn mikla mismun, sem oft væri á tilboðum.“

Félagið hafði t.d. Svein A. Sæmundsson og Hörð Helgason til þess að gera útreikninga viðvíkjandi tilboðum „í loftræstinga- og hitalagnir.“


Árið 1968 ræddi Sveinn A. Sæmundsson á fundi um „tillögur um inngöngu í ýmis alþjóðabandalög.“ „Vildi hann beina því til félagsmanna að athuga nánara samstarf og sérhæfingu verkstæðanna, til þess að geta tekið á móti væntanlegri samkeppni erlendis frá.“

„Orð í tíma töluð,“ sagði formaður.

Þá voru lesnir upp taxtar yfir útselda vinnu hinna ýmsu verkstæða. Og lagt var til að komið yrði á jafnaðarverði á útseldri vinnu.

Hinn 15. mars 1973 skrifuðu 15 blikksmiðjueigendur undir svohljóðandi skuldbindingu:

„Fundur í Félagi blikksmiðjueigenda, haldinn í Garðastræti 41, 15. mars 1973 samþykkir að standa sameiginlega að þeim útsölutaxta, sem hefur verið reiknaður út og lagður fram sem bráðabirgða útsölutaxti unz viðeigandi ákvörðun verðlagsstjóra liggur fyrir.“



Ýmsar gerðir hamarshausa, sem notaðir eru við blikksmiði.

### Vinnuveitendasamband Íslands.

Á aðalfundi félagsins 31. maí 1954 voru lesin upp fjögur bréf frá Félagi blikksmiða. Þau voru um uppsögn samninga, lagfæringar á samningum, og sagt var frá samstarfi Félags blikksmiða, járníðnaðarmanna og bifvélavirkja og samstöðu þessara félaga í „við hönd farandi samningagerð félaganna.“

Eftir umræður um málið var stjórn félagsins gefið „fullt umboð til að semja við Félag blikksmiða.“

Þá gat formaður þess, „að það væri æskilegt að félagið gengi í Vinnuveitendasamband Íslands, meðal annars vegna þess að það og Alþýðusamband Íslands væru nú orðið aðalsamningsaðilar um kaup og kjör.“

Á fundi hinn 13. desember 1954 var rætt um blikksmiðadeild innan Sameinaðra verktaða.

Var þá lesið bréf Félags blikksmiðjueigenda frá 12. september, svoljóðandi:

„Sameinaðir verktakar, Reykjavík.

Þar sem félag okkar og stétt hefur þrífaldlega orðið þess vör, að

unnin er blikksmíðavinna á Keflavíkurflugvelli af hinum og þessum, sem ekki tilheyrir blikksmíðaiðninni og líka þar sem við höfum frétt, að Hamilton félagið, sem hefur rekið og rekur ennþá blikksmíðju á flugvellinum sé á förum þaðan og þannig færðist veruleg blikksmíðavinna á hendur Íslendinga, þá æskjum við þess að gerast deild innan verktakanna. Æskjum við svars við fyrstu hentugleika.

22. september 1954.

Virðingarfyllst,

Félag blikksmíðjueigenda, Reykjavík.“

Formaður skýrði frá því, að félagið væri búið að fá jákvætt svar við þessari beiðni.

Þá var stjórnin búin að fá samin lög fyrir deildina. Samþykkt var á fundinum að „fela Sveini Sæmundssyni að grennslast eftir, hvort einhverjir meistarar og sveinar myndu hafa áhuga og ástæðu til að ganga í deildina.“

Þá var samþykkt að halda endanlegan stofnfund hið fyrsta (eftir tvo daga).

Á næsta aðalfundi, 28. febrúar 1955, mætti Björgvin Sigurðsson, fulltrúi frá Vinnuveitendasambandi Íslands og „upplýsti menn um tilgang og lög félagsins og um nauðsyn þess, að samtökin væru þar eins almenn og í Alþýðusambandinu. Gjöld til Vinnuveitendasambandsins miðast við útborguð vinnulaun, undanskilin skrifstofu- og eigin laun.“

Samþykkt var að fresta að ganga í Vinnuveitendasamband Íslands.

Á fundinum var rætt um að kæra störf, er blikksmíðum tilheyri, en væru unnin af öðrum. Var þar um að ræða faglega vinnu á flugvellinum. Þótti rétt og nauðsynlegt að Félag blikksmíðjueigenda fengi alla faglega vinnu á velli, en „vatnsvirkjar höfðu tekið að sér blikksmíðavinnu eftir að við vorum samþykktir sem deild innan Sameinaðra verktaka“, segir í fundargerð.

Liðu svo næstu missiri, að rætt var um að félagið gengi í Vinnuveitendasambandið, en var jafnan frestað.

Á árinu 1959 var Keflavíkurmálið tíðum til umræðu, þar eð ekki höfðu náðst fram kröfur um rétt blikksmíða til starfa þar í sinni grein.

Á fundi 29. maí 1959 var kosin nefnd til þess að athuga málið nánar. Þá voru samþykktar vítur á þá, sem vildu setja fleyg á milli meðlima félagsins í Keflavíkurmálinu. Einnig var þá kosin nefnd, til þess að athuga lög Vinnuveitendafélagsins.

Málið var til umræðu um sumarið á fundum 2. júní og 10. júní. Ekkert hafði þokast í samkomulagsátt um rétt blikksmíða. Og á fundinum 10. júní var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Fundur haldinn 10. 6. 1959 samþykkir, að þar sem upplýst er að

blikksmiðavinna er hafin á Keflavíkurflugvelli á vegum Járniðnaðar- og pípulagninga verktaka Keflavík h/f, án þess að lögformlegir aðilar séu þar starfandi, felur fundurinn stjórn félagsins að hlutast til um að verkið sé stöðvað nú þegar.“

Og í september var skýrt frá því, að „send hefði verið kæra vegna meintra lögbrotu á Keflavíkurflugvelli.“


Á aðalfundi 21. marz 1961 er frá því skýrt, að málið væri úr sögunni, eftir að þetta hefði verið tekið fyrir á Landssambandsþingi.

Félagið hafði gengið í Landssamband iðnaðarmanna á aðalfundi 1959.


Á fundi 6. desember 1971 var rætt um inngöngu í Vinnuveitendasamband Íslands og var samhugur manna almennt að ganga í sambandið.

Á aðalfundi félagsins 26. maí 1972 var svo skýrt frá því, að 22. febrúar 1972 hefði verið lögð fram beiðni félagsins um upptöku í Vinnuveitendasamband Íslands. Og 16. maí var „félagið samþykkt sem meðlimur í samtökum þeirra.“

Á aðalfundi félagsins 14. apríl 1973 var svo bókað: — „Innganga félags okkar í Vinnuveitendasamband Íslands var staðfest með bréfi, dagsettu 16. maí 1972.“



*Myndin sýnir gamlan vélknúinn hníf, eins og sjá má voru þessi verkfæri mjög fyrirferðarmikil og sterk.*



*Beygjuvélar voru einfaldar að sjá, en hagnýtni þeirra var mikil í höndum kunnáttumanna.*

### ***Blikksmiðasamband Norðurlanda***

Rætt hafði verið um kynningu við samhliða iðnaðarfélög á Norðurlöndum. Af flestum félagsmönnum var talinn fengur að komast í samband við þau. Var unnið að málinu.

Í aprílmánuði 1973 barst félaginu bréf rá Svíþjóð, þar sem Félag blikksmiðjueigenda var boðin aðild að Sambandi blikksmiðjueigenda Norðurlanda.

Var samþykkt inngöngubeiðni í Samband blikksmiða á Norðurlöndum. Jafnframt voru kjörnir fulltrúar félagsins til þess að fara utan og mæta á þingi Norðurlandasambandsins, þeir Sveinn A. Sæmundsson og Sigurður Hólmst. Jónsson.

Á fundi félagsins 6. september 1973 skýrði Sigurður H. Jónsson frá ferð þeirra Sveins til Norðurlanda. Fóru þeir til Gautaborgar og Stokk-hólms. Sáu þeir þar vélar og framleiðslu ýmiskonar, svo sem á áli og stáli. Einnig sáu þeir kveikingu á áli með áltini. Þá voru þeir við setningu þings Sambands Norðurlanda, hinn 31. júní. Einnig heimsóttu þeir skrifstofur. Um 700 fyrirtæki eru í sambandinu, meðaltal starfsmanna á verkstæði eru þar 5,3.

Hörður Helgason hafði einnig verið þarna á ferð og kynnt sér „plast-húðaðar þakrennur“, sem hann hefði nú fengið umboð fyrir.

Á þessum fundi kynnti Agnar Breiðfjörð „framleiðslu á niðurfalls-pípum með nýrri gerð.“

Á fundi nokkru síðar bað Sigurður H. Jónsson um heimild „til þess að mega bjóða kollegum okkar á Norðurlöndum á okkar fund.“

Var það samþykkt.

### *Blikksmiðadeild.*

Blikksmiðadeild hafði verið stofnuð innan Sameinaðra verktaka. Frá því segir svo í fundargerð Félags blikksmiðjueigenda 16. desember 1954: „Flestir blikksmiðjueigendur hafa staðið að þeirri stofnun, ásamt nokkrum sveinum úr Félagi blikksmiða: Þórði Sveinbjörnssyni, Magnúsi Magnússyni, Oddi Guðmundssyni, Kristófer Kristóferssyni og Ágústi Guðmundssyni.“

Hinn 10. janúar 1958 var á fundi rætt um „blikksmiðju, sem rekin er á Keflavíkurflugvelli af Íslenzkum verktökum. Þar vinnur einn Bandaríkjamaður og þótti ekki hlíta öðru, en smiðja þessi væri rekin undir stjórn meistara, þar eð hún heyrði að öllu leyti undir íslenzk lög.

Nokkrar umræður höfðu farið fram um málið, en ekki verið að fullu afgreitt.“

### *Styrktarsjóður.*

Árið 1975 lagði Sveinn A. Sæmundsson fram tillögu um að stofnaður yrði Styrktarsjóður Félags blikksmiðjueigenda. Las hann upp tillögu um reglugerð fyrir sjóðinn. Var hún samþykkt.

Í sambandi við stofnun sjóðsins var rætt um að styrkja þá menn, sem sæktu fundi erlendis eða ráðstefnur, einnig var talið rétt og nauðsynlegt að styrkja þá menn, sem þrúfaldlega væru „við samningasetur.“



## Ný lög fyrir félagið.

Eftir tólf ára starf félagsins voru samþykkt á aðalfundi 27. febrúar 1950 endurskoðuð lög félagsins. Þau voru á þessa lund:

### 1. gr.

Félagið hetir Félag blikksmiðjueigenda í Reykjavík, skammstafað F.B.Í.R. Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal félagsmanna, stuðla að menningu og menntun blikksmiðastéttarinnar og gæta hagsmuna hennar.

### 3. gr.

Inntöku í félagið getur hver fengið, sem er eigandi blikksmiðjuvinnu-stofu í Reykjavík eða nágrenni, starfar við hana, hefur meistararéttindi, og hefur sent skriflega inntökubeiðni til félagsstjórnarinnar.

Þá er inntökubeiðnin hefur verið samþykkt á lögmætum félagsfundi, inntökugjaldið greitt og lög félagsins undirskrifuð, er umsækjandi lög-  
legur félagsmaður.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, gjaldkeri og ritari. Skulu þeir kosnir skriflega á aðalfundi. Skal formaður kosinn fyrst og sér í lagi. Síðan skulu hinir tveir kosnir í einu. Verkaskiptingu þeirra ákveður stjórnin sjálf. Þetta fyrirkomulag gildir við kosningu stjórnar í fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi. Eftir það skal aðeins kosinn einn maður í stjórn á ári hverju. Fer útdráttur þeirra fram hvert árið, þar til því fyrirkomulagi er náð, að einn verði kosinn árlega. Einnig skal kjósa 2 varastjórnarmenn, 2 endurskoðendur og 1 til vara. Enginn skal skyldur til að vera í stjórn lengur en eitt kjörtímabil (3 ár) í senn.

### 5. gr.

Stjórnin heldur gerðabók yfir allar fundarsamþykktir á stjórnar- og félagsfundum.

### 6. gr.

Gjaldkeri innheimtir öll gjöld til félagsmanna og kvittar fyrir. Hann gerir glögga reikninga yfir tekjur og gjöld þess og ávaxtar sjóð þess í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands. Eigi má hann greiða úr félagssjóði, nema ávísað sé af formanni og ritara.

### 7. gr.

Félagsárið er almanaksárið.

## 8. gr.

Inntökugjald í félagið er kr. 250.00, er greiðist samkvæmt 3. gr. félagslaganna.

Árgjald skal vera kr. 50.00.

Atkvæðis- og tillögurétt í félaginu hafa þeir einir, sem eru skuldlausir við það.

## 9. gr.

Aðalfundur skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert og hefur hann æðsta vald í öllum félagsmálum, innan þeirra takmarka, er lög þess ákveða. Aðalfundur skal boða skriflega með 6 daga fyrirvara, og er hann lögmætur, ef meir en helmingur félagsmanna mætir.

Verkefni aðalfundar eru þessi:

- I. Formaður leggur fram skýrslu um starf félagsins á umliðnu ári.
- II. Gjaldkeri leggur til samþykktar endurskoðaða reikninga félagsins.
- III. Kosin stjórn samkvæmt 4. gr. félagslaganna.
- IV. Önnur mál, er upp kunna að vera borin og fyrir fundinum liggja. Lagabreytingar eru því aðeins lögmætar, að þær séu samþykktar af 3/4 fundarmanna.

## 10. gr.

Auk aðalfundar skal halda félagsfundi, þegar þörf krefur, eða ef 5 félagsmenn æskja þess, og eru fundir lögmætir, ef meira en helmingur félagsmanna mætir. Meiri hluti atkvæða ræður samþykktum á félagsfundum í almennum félagsmálum. Í beinum hagsmunamálum vinnustofanna, svo sem kaupgjaldsmálum, verðlagsmálum (skiftingu efnisleyfa) og hliðstæðum málum, skal eitt atkvæði gilda fyrir hverja vinnustofu, er fulltrúi hennar fer með, en atkvæðis- og tillögurétt hafa allir félagsmenn jafnt á félagsfundum að öðru leyti.

## 11. gr.

Til kaupsamninga skal kjósa sérstaka nefnd. Fullnaðarsamningsvald hefur hún ekki, nema það hafi verið samþykkt með 3/4 hlutum lögmætra félaga.

## 12. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda hafi þess sérstaklega verið getið í fundarboði.

## 13. gr.

Hætti félagið að starfa, skal af skuldlausum eignum þess stofnaður Ekknasjóður blikksmiðjueigenda í Reykjavík og nágrenni.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri lög félagsins.

Undir lögin skrifa: — Sigurður Hólmsteinn Jónsson. — Agnar Breiðfjörð. — Benedikt Ólafsson. — Björgvin Ingibergsson. — Vilhjálmur J. Húnfjörð. — Vilhelm Davíðsson. — Ingibergur Stefánsson. — Alexander Guðjónsson. — J. B. Pétursson. — Tryggvi Sveinbjörnsson. — Ragnar Þ. Guðlaugsson. — Sveinn A. Sæmundsson. — Hörður Helgason. — Georg Jónsson. — Ágúst Guðjónsson. — Einar Pálsson. — Jónas Einarsson. — Ólafur H. Jóhannesson. — Finnbogi Júlíusson. — Jes. Ág. Jónsson.

*Nýjustu félagslögin.*

Á áratugnum 1950 til 1960 voru félagslögin oft til umræðu milli félagsmanna. Ýmsar athugasemdir voru gerðar við þau. Á sjöunda áratugnum var málið einnig til umræðu og á árinu 1967, hinn 25. maí, voru þau samþykkt í eftirfarandi formi. Endurskoðunarnefnd félagslaganna skipuðu Hörður Helgason, Sveinn A. Sæmundsson og Sigurður Hólmsteinn Jónsson.

## 1. gr.

Félagið heitir Félag blikksmiðjueigenda, skammstafað F.B. Félagssæði þess er allt landið, en lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal félagsmanna, stuðla að menningu og menntun blikksmiðastéttarinnar og gæta hagsmuna blikksmiðjanna í landinu.

## 3. gr.

Inngöngu í félagið getur hver sá fengið, sem sendir skriflega inntöku-beiðni til félagsstjórnarinnar og uppfyllir eftirtalin skilyrði:

A. Eru forsvarsmenn og eigendur blikksmiðju, án tillits til þess, hvort þeir eru blikksmiðameistarar eða ekki, enda reki þeir fyrirtæki sitt á löglegan hátt og starfi við það.

B. Allir blikksmiðameistarar, sem jafnframt eru eigendur að blikksmiðju og vinni við hana.

Samkvæmt grein þessari skiptast félagsmenn í tvo hópa og er annarsvegar um hreinan faglegan hóp að ræða, en hinsvegar um rekstrarsjónarmiðshóp, og skal þetta vera þannig í framkvæmd, að annarsvegar eru raunverulegu blikksmiðjurnar í landinu félagsmeðlimurinn og skilar þá skriflega til stjórnar hver það er, sem fer með umboð fyrir viðkomandi

smiðju og má aðeins tilnefna einn og fer hann með umboð í öllum rekstrarmálum, svo sem kaupgjalds- og verðlagsmálum. Hinsvegar er um faglegan hóp að ræða, sem fer með öll fagleg mál, og hafa þar setu allir meðlimir félagsins, sem hafa meistaráréttindi, án tillits hversu margir eru frá hverri smiðju. Þegar inntökubeiðni hefur verið samþykkt á lögsmætum félagsfundum, inntökugjaldið greitt og lög félagsins undirrituð er umsækjandi löglegur félagsmaður.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður, gjaldkeri og ritari. Skulu þeir kosnir skriflega á aðalfundi, þó þannig, að aðeins sé kosinn einn á ári og sitja þeir þrjú í stjórn í þrjú ár. Umboð stjórnarmanna innan stjórnar falla niður á hverjum aðalfundi og verður því stjórnin að byrja á að skifta með sér verkum eftir hvern aðalfund. Einnig skal kjósa tvo varastjórnendur, tvo endurskoðendur og einn til vara. Enginn er skyldur að vera í stjórn lengur en eitt kjörtímabil (3 ár) í senn.

#### 5. gr.

Stjórnin heldur gerðabók yfir allar fundasamþykktir á stjórnar- og félagsfundum.

#### 6. gr.

Gjaldkeri innheimtir öll gjöld félagsins og kvittar fyrir. Hann gjörir löggga reikninga yfir tekjur og gjöld þess.

#### 7. gr.

Félagsárið er almanaksárið.

#### 8. gr.

Inntökugjald í félagið er kr. 1.000.00, er greiðist samkvæmt 3. gr. félagslaganna. Árgjald skal vera kr. 500.00. Atkvæðis- og tillögurétt í félaginu hafa þeir einir, sem eru skuldlausir við það.

(Á framhaldsaðalfundi, þ.e.a.s. aðalfundi í félaginu, haldinn 15. maí 1968, var samþykkt tillaga um hækkun félagsgjalda úr kr. 500.00 í kr. 1.000.00, en félagið sé jafnframt látið greiða kostnað aðalfundar.)

#### 9. gr.

Aðalfundur skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert og hefur hann æðsta vald í öllum félagsmálum, innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða. Aðalfundur skal boða skriflega með sex daga fyrirvara og er hann lögsmætur, ef meira en helmingur félagsmanna mætir.

Ef ekki mætir tilskilinn fjöldi félagsmanna, er stjórninni heimilt að

boða til aðalfundar aftur innan tíu daga og er hann þá lögmætur, hversu margir sem mæta, þó ekki til lagabreytinga, verkefnis o.s.frv.

Verkefni aðalfundar eru þessi:

- I. Formaður leggur fram skýrslu um starf félagsins á liðnu ári.
- II. Gjaldkeri leggur fram til samþykktar endurskoðaða reikninga félagsins.
- III. Kosin stjórn samkvæmt 4. gr. félagslaganna.
- IV. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin og fyrir fundinum liggja. Lagabreytingar eru því aðeins lögmætar, að þær séu samþykktar af 3/4 fundarmanna.

#### 10. gr.

Auk aðalfundar skal halda félagsfundi, þegar þörf krefur, eða ef 5 félagsmenn æskja þess, og eru fundir lögmætir, ef meira en helmingur félagsmanna mætir. Meiri hluti atkvæða ræður samþykktum á félagsfundum í almennum félagsmálum. Í beinum hagsmunamálum vinnustofanna, svo sem kaupgjaldsmálum, verðlagsmálum (skiftingu efnisleyfa) og hliðstæðum verkum, skal eitt atkvæði gilda fyrir hverja vinnustofu, er fulltrúi hennar fer með.

#### 11. gr.

Til kaupsamninga skal kjósa sérstaka nefnd. Fullnaðarsamningsvald hefur hún ekki, nema það hafi verið samþykkt með 3/4 hlutum lög-mætra félagsmanna.

#### 12. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda hafi þess verið sér-staklega getið í fundarboði.

#### 13. gr.

Hætti félagið að starfa, skal af skuldlausum eignum þess stofnaður Ekknasjóður blikksmiðjueigenda á landinu.

#### 14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri lög félagsins.

*Stjórnir og endurskoðendur.*

Stjórnir Félags blikksmiðjueigenda frá stofnum þess til 1978.

Á stofnfundi félagsins 1937 var stjórnarkjör á þessa lund:

Jón Bjarni Pétursson formaður.

Sigurður Hómsteinn Jónsson gjaldkeri.

Haraldur Andrésson ritari.

Varastjórn:

Agnar Breiðfjörð. Kristinn Pétursson.

Endurskoðendur:

Einar Pálsson. Jón Stefánsson.

Stjórnarkjör 26. febrúar 1938:

Jón Bjarni Pétursson formaður.

Sigurður H. Jónsson gjaldkeri.

Haraldur Andrésson ritari.

Varastjórn:

Agnar Breiðfjörð. Kristinn Pétursson.

Endurskoðendur:

Einar Pálsson. Jón Stefánsson.

Stjórnarkjör 13. júní 1939:

Jón Bjarni Pétursson formaður.

Sigurður H. Jónsson gjaldkeri.

Haraldur Andrésson ritari.

Varastjórn:

Agnar Breiðfjörð. Kristinn Pétursson.

Endurskoðendur:

Einar Pálsson. Jón Stefánsson.

Stjórnarkjör 7. maí 1940:

Jón Bjarni Pétursson formaður.

Sigurður H. Jónsson gjaldkeri.

Haraldur Andrésson ritari.

Varastjórn:

Agnar Breiðfjörð. Kristinn Pétursson.

Endurskoðendur:

Einar Pálsson. Jón Stefánsson.

Árið 1941 enginn aðalfundur.

— 1942 enginn aðalfundur.

— 1943 enginn aðalfundur.

— 1944 enginn aðalfundur.

- 1945 enginn aðalfundur.
- 1946 enginn aðalfundur.
- 1947 enginn aðalfundur.

Stjórnarkjör 25. febrúar 1948:

Jón Bjarni Pétursson formaður.

Sigurður H. Jónsson gjaldkeri.

Haraldur Andrésen ritari.

Meðstjórnendur:

Agnar Breiðfjörð, Kristinn Pétursson.

Endurskoðendur:

Einar Pálsson, Jón Stefánsson.

Stjórnarkjör 21. marz 1949:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Agnar Breiðfjörð ritari.

Alexander Guðjónsson ritari.

Meðstjórnendur:

Einar Pálsson, Vilhjálmur Húnfjörð.

Endurskoðendur:

Jón Stefánsson, Ágúst Jónsson.

Stjórnarkjör 27. febrúar 1950:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.

Alexander Guðjónsson ritari.

Meðstjórnendur:

Einar Pálsson, Vilhelm Davíðsson.

Endurskoðendur:

Jón Stefánsson, Ágúst Jónsson.

Stjórnarkjör 26. febrúar 1951:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.

Alexander Guðjónsson ritari.

Meðstjórnendur:

Einar Pálsson, Vilhelm Davíðsson.

Endurskoðendur:

Jón Stefánsson, Jón Ág. Jónsson.

Stjórnarkjör 27. febrúar 1952:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.

Alexander Guðjónsson ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson, Vilhelm Davíðsson.  
Endurskoðendur:  
Jón Stefánsson, Ágúst Jónsson.

Stjórnarkjör 4. marz 1953:  
Sigurður H. Jónsson formaður.  
Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Vilhjálmur Húnfjörð ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson, Vilhelm Davíðsson.  
Endurskoðendur:  
Jón Stefánsson, Benedikt Ólafsson.

Stjórnarkjör 31. maí 1954:  
Sigurður H. Jónsson formaður.  
Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Vilhjálmur Húnfjörð ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson, Vilhelm Davíðsson.  
Endurskoðendur:  
Benedikt Ólafsson, Ingibergur Stefánsson.

Stjórnarkjör 28. febrúar 1955:  
Sigurður H. Jónsson formaður.  
Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Vilhjálmur Húnfjörð ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson, Vilhelm Davíðsson.  
Endurskoðendur:  
Benedikt Ólafsson, Ingibergur Stefánsson.

Stjórnarkjör 11. júní 1956:  
Sigurður H. Jónsson formaður.  
Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Vilhjálmur Húnfjörð ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson, Vilhelm Davíðsson.  
Endurskoðendur:  
Benedikt Ólafsson, Ingibergur Stefánsson.

Stjórnarkjör ekki, enginn aðalfundur 1957.





*Stjórn Félags blikksmiðjueigenda árin 1958—1964. Talið frá vinstri: Agnar Breiðfjörð gjaldkeri, Sigurður Hólmsteinn Jónsson formaður, Benedikt Ólafsson ritari.*

Stjórnarkjör 20. júní 1958:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Einar Pálsson. Vilhelm Davíðsson.

Endurskoðendur:

Sveinn A. Sæmundsson. Ingibergur Stefánsson.

Enginn aðalfundur 1959.

Stjórnarkjör 25. október 1960:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson. Sveinn A. Sæmundsson.  
Endurskoðendur:  
Hörður Helgason. Ingibergur Stefánsson.

Stjórnarkjör 21. marz 1961:  
Sigurður H. Jónsson formaður.  
Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson. Sveinn A. Sæmundsson.  
Endurskoðendur:  
Hörður Helgason. Ingibergur Stefánsson.

Stjórnarkjör 27. febrúar 1962:  
Sigurður H. Jónsson formaður.  
Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson. Sveinn A. Sæmundsson.  
Endurskoðendur:  
Hörður Helgason. Ingibergur Stefánsson.

Stjórnarkjör 25. marz 1963:  
Sigurður H. Jónsson formaður.  
Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson ritari.  
meðstjórnendur:  
Einar Pálsson. Sveinn A. Sæmundsson.  
Endurskoðendur:  
Hörður Helgason. Ingibergur Stefánsson.

Stjórnarkjör 31. ágúst 1964:  
Sigurður H. Jónsson formaður.  
Agnar Breiðfjörð gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson ritari.  
Meðstjórnendur:  
Einar Pálsson. Sveinn A. Sæmundsson.  
Endurskoðendur:  
Hörður Helgason. Ingibergur Stefánsson.

Stjórnarkjör ekki 1965, 1966, enginn aðalfundur.



*Stjórn Félags blikksmiðjueigenda árin 1967—1975. Talið frá vinstri: Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri, Sigurður Hólmsteinn Jónsson formaður, Benedikt Ólafsson ritari.*

Stjórnarkjör 11. maí 1967:  
 Sigurður H. Jónsson formaður.  
 Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.  
 Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Hörður Helgason. Jónas Haukur Einarsson.

Endurskoðendur:

Ágúst Jónsson. Garðar Guðmundsson.

Stjórnarkjör 15. maí 1968:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Hörður Helgason. Haukur Einarsson.

Endurskoðendur:

Ingibergur Stefánsson. Garðar Erlendsson.

Stjórnarkjör 6. júní 1969:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Hörður Helgason. Jónas Haukur Einarsson.

Endurskoðendur:

Ingibergur Stefánsson. Garðar Erlendsson.

Stjórnarkjör 23. maí 1970:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Hörður Helgason. Jónas Haukur Einarsson.

Endurskoðendur:

Ingibergur Stefánsson. Garðar Erlendsson.

Stjórnarkjör 8. október 1971:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Hörður Helgason. Jónas Haukur Einarsson.

Endurskoðendur:

Garðar Erlendsson. Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 26. maí 1972:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Jónas Haukur Einarsson. Valdimar Jónsson.

Endurskoðendur:

Garðar Erlendsson. Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 14. apríl 1973:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Jónas Haukur Einarsson. Valdimar Jónsson.

Endurskoðendur:

Garðar Erlendsson. Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 11. maí 1974:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Valdimar Jónsson. Kristján Ingimundarson.

Endurskoðendur:

Garðar Erlendsson. Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 26. apríl 1975:

Sigurður H. Jónsson formaður.

Sveinn A. Sæmundsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:

Valdimar Jónsson. Þorsteinn Sigurðsson.

Endurskoðendur:

Garðar Erlendsson. Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 10. apríl 1976:

Sveinn A. Sæmundsson formaður.

Valdimar K. Jónsson gjaldkeri.

Benedikt Ólafsson ritari.

Meðstjórnendur:  
Hörður Helgason, Sverrir Einarsson.  
Endurskoðendur:  
Garðar Erlendsson, Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 14. maí 1977.  
Sveinn A. Sæmundsson, formaður.  
Valdimar K. Jónsson, gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson, ritari.  
Meðstjórnendur:  
Hörður Helgason, Þorsteinn Sigurðsson.  
Endurskoðendur:  
Garðar Erlendsson, Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 22. apríl 1978.  
Sveinn A. Sæmundsson, formaður.  
Valdimar K. Jónsson, gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson, ritari.  
Meðstjórnendur:  
Hörður Helgason, Þorsteinn Sigurðsson.  
Endurskoðendur:  
Garðar Erlendsson, Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 22. júní 1979.  
Sveinn A. Sæmundsson, formaður.  
Valdimar K. Jónsson, gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson, ritari.  
Meðstjórnendur:  
Hörður Helgason, Þorsteinn Sigurðsson.  
Endurskoðendur:  
Garðar Erlendsson, Georg Jónsson.

Stjórnarkjör 16. maí 1980.  
Sveinn A. Sæmundsson, formaður.  
Valdimar K. Jónsson, gjaldkeri.  
Benedikt Ólafsson, ritari.  
Meðstjórnendur:  
Kristján Ingimundarson, Þorsteinn Sigurðsson.  
Endurskoðendur:  
Garðar Erlendsson, Georg Jónsson.



*Stjórn Félags blikksmiðjueiganda á 45 ára afmælisári þess 1980. Talið frá vinstri: Valdimar K. Jónsson gjaldkeri, Sveinn A. Sæmundsson formaður, Benedikt Ólafsson ritari.*

Á 40 ára afmæli félagsins voru 4 stofnendur eftir á lífi og voru þeir gerðir að heiðursfélögum en þeir eru:

Sigurður Hólmsteinn Jónsson

Agnar G. Breiðfjörð

Einar Pálsson

Ingibergur Stefánsson.

Það segir sig sjálfst að á liðlega 43 ára tímabili hefur margt gerst sem ekki verður tíundað í þessari bók, en þó eru nokkur atriði, sem ekki verður komist hjá að láta geymast á spjöldum sögunnar.

Það eru einkum tvö mál, sem segja má að marki tímamót hvert á sinn hátt, hið fyrra er svokallað Sigöldumál, er var þannig tilkomið að Þjóðverjar smíðuðu loftræstikerfi í stöðvarhús Sigölduvirkjunar og ætluðu síðan að koma með uppsetningarmenn frá Þýskalandi án atvinnuleyfa, auk þess sem þeir höfðu samvinnu við aðra fagmenn en blikksmiði á staðnum. Sveinar og meistara sameinuðust um að stöðva þessi vinnubrögð og lauk því svo að verkið var tekið af Þjóðverjum og samið við 4 smiðjur, Vog, Blikkver, Blikksmiðjuna h/f., og Blikk og Stál h/f., um verkið, sem leystu það af höndum fljótt og vel.

Það er ólíklegt að stjórnvöld reyni slíkt í annað sinn enda ætti það að vera metnaðarmál þeirra sem sjá um stórframkvæmdir að öll vinna sem framkvæmd er hér á landi sé unnin af íslenskum fagmönnum sé þess nokkur kostur.

Hitt málið er nokkuð annars eðlis. Þar var um að ræða að fá viðurkenningu á blikksmiðafaginu þegar samin var ný byggingarreglugerð, það hafði sem sé gleymst að blikksmiði væri þáttur í húsbyggingum, en með sameiginlegu átaki sveina og meistara tókst að koma í veg fyrir að réttur blikksmiða væri fyrir borð borinn í núgildandi byggingarreglugerð.

Eflaust mætti telja fleiri atriði sem upp hafa komið, en verður sleppt hér, en í jafn hraðri uppbyggingu og átt hefur sér stað hér á landi síðustu áratugi og verða mun enn um sinn, má ekki loka augunum fyrir því að sífellt er þörf að fylgjast með þróun þessara mála einkum er tekur til nýrra efna er leysa járn og aðra málma af hólmi.



